# Fornleifaskráning á Seltjarnarnesi



Elín Ósk Hreiðarsdóttir og Rúnar Leifsson

Fornleifastofnun Íslands

FS305-05221

Reykjavík

2006

*Forsíðumyndin er af Nesstofu og túngarði sem afmarkar tún að vestan. Milli Nesstofu og túngarðs sést móta fyrir ógreinilegum fornleifum í túni. Myndina tók Garðar Guðmundsson úr lofti.*

© Fornleifastofnun Íslands 2006

Bárugötu 3

101 Reykjavík

Sími: 551 1033

Fax: 551 1047

Netfang: fsi@instarch.is

Heimasíða: www.instarch.is

## Efnisyfirlit

**1. INNGANGUR ........ 5**

**2. UM FORNLEIFASKRÁNINGU OG LÖGGJÖF ........ 7**

**3. FYRRI RANNSÓKNIR Á SELTJARNARNESI ........ 9**

*Heildstæðar rannsóknir á Seltjarnarnesi* ........ 9
*Svæðisbundnar rannsóknir í og við Nes* ........ 10
*Aðrar svæðisbundnar rannsóknir á Framnesinu* ........ 14

**4. BYGGÐASAGA ........ 17**

**5. FORNLEIFASKRÁ ........ 25**

*GK-221 Lambastaðir* ........ 27
*GK-222 Hrólfskáli* ........ 36
*GK-223 Bakki* ........ 43
*GK-224 Nes við Seltjörn* ........ 51
*GK-225 Grótta* ........ 102
*GK-226 Bygggarður* ........ 107
*GK-227 Mýrarhús* ........ 114
*GK-228 Eiði* ........ 129

**6. FORNLEIFAR OG BYGGÐ ........ 135**

*Bæjarhólar, bæjarstæði og býli* ........ 135
*Útihús og túngarðar* ........ 138
*Tún og túngarðar* ........ 140
*Mannvirki tengd sauðfjárrækt (utan heimatúna)* ........ 143
*Sjóminjar* ........ 145
*Leiðir* ........ 147
*Vatnsból* ........ 148
*Herminjar* ........ 148

**7. VERNDUN OG KYNNING MINJA Á SKRÁNINGARSVÆÐINU ........ 153**

**HEIMILDASKRÁ ........ 161**

**HNIT Í LANDSHNITAKERFI (ISN 93) ........ 167**

**MINJAKORT FYRIR SELTJARNARNES ........ 171**

# 1. Inngangur

Í þessari skýrslu er gerð grein fyrir niðurstöðum fornleifaskráningar í landi Seltjarnarnesbæjar. Fornleifaskráning á Seltjarnarnesi stendur á gömlum merg en sveitarfélagið var eitt það allra fyrsta á landinu sem lét gera fornleifaskráningu, um 1980. Sú skráning leiddi í ljós um 60 minjastaði á Seltjarnarnesi og var gefin út fjölrituð skýrsla um hana 1995.

Á síðustu 25 árum hefur mikið vatn runnið til sjávar í minjavernd og fornleifafræði og eru þeir staðlar og viðmið sem nú eru notuð í skráningu mun ítarlegri en þau viðmið sem notuð voru um 1980. Því var svo komið að sú skráning þótti ekki lengur fullnægjandi þar sem aðeins höfðu verið skráðir valdir minjastaðir, þeir voru ekki hnitsettir og upplýsingar um þá voru oft af skornum skammti. Sökum þessa ákvað umhverfisnefnd Seltjarnarness að láta gera nýja skráningu, sem uppfyllti þær kröfur sem nú eru gerðar.

Síðsumars 2005 höfðu forsvarsmenn umhverfisnefndar Seltjarnarness samband við Fornleifastofnun Íslands og fóru þess á leit að stofnunin tæki að sér aðalskráningu á fornleifum innan marka Seltjarnarnesbæjar.

Við upphaf verks var áætlað að á Seltjarnarnesi myndu leynast talsvert fleiri fornleifar en komið höfðu í ljós í eldri skráningu eða um 180. Verkið hófst á s.k. svæðisskráningu þar sem farið var yfir allar tiltækar heimildir, bæði eldri fornleifaskrá og aðrar ritheimildir sem ekki höfðu verið skoðaðar í fyrri umferð. Svæðisskráninguna gerði Sædís Gunnarsdóttir. Eftir að svæðisskráningu lauk var hafist handa við vettvangsvinnu. Hún stóð yfir allt frá nóvemberbyrjun 2005 og fram í lok febrúar 2006. Skráðir voru allir þeir minjastaðir sem þekktir voru á nesinu og hverjum stað gefið sérstakt skráningarnúmer. Því voru ekki skráðar saman minjaþyrpingar eins og stundum er gert. Þetta var gert í þeim tilgangi að reyna að hafa skráninguna sem þægilegasta fyrir þá sem hana þyrftu að nota. Samtals leiddi aðalskráning á Seltjarnarnesi í ljós 324 minjastaði, tæplega tvöfalt fleiri staði en gert var ráð fyrir í upphafi.

Vettvangsvinnuna unnu fornleifafræðingarnir Elín Ósk Hreiðarsdóttir, sem skráði fornleifar í landi lögbýlanna Ness, Bygggarðs, Mýrarhúsa og Lambastaða, og Rúnar Leifsson, sem skráði fornleifar í landi Eiðis, Hrólfsskála, Bakka og Gróttu. Elín hafði ennfremur um yfirumsjón með verkinu, skrifaði skýrslu og sá um kortagerð.

Við vettvangsskráningu voru tekin viðtöl við staðkunnuga og gengið á alla minjastaði, þeir hnitsettir og teiknaðir upp ef rústir var að sjá. Auk þess voru samdar ítarlegar lýsingar á hverjum stað fyrir sig.

Efnisskipan í þessari skýrslu er svipuð og í öðrum skýrslum um skráningu fornleifa. Á

eftir inngangi er kafli um fornleifaskráningu þar sem m.a. er gefið yfirlit um löggjöf og aðferðir við fornleifaskráningu (2. kafli). Í kjölfar hans fylgir kafli um fyrri rannsóknir á fornleifum á Seltjarnarnesi (3. kafli). Í fjórða kafla er síðan að finna sögu byggðar á Seltjarnarnesi en á eftir honum kemur svo sjálf fornleifaskráin (5. kafli). Í henni er skrá um allar þekktar fornleifar á Seltjarnarnesi, upplýsingar um staðsetningu, lýsing og myndefni ef einhverjar leifar sáust. Í 6. kafla er samantekt um helstu minjaflokka á nesinu en í þeim 7. er fjallað um minjavernd á Seltjarnarnesi og settar fram tillögur um kynningu fornminja og frekari rannsóknir á þeim.

Skrásetjarar vilja þakka öllum þeim sem aðstoðuðu við skráninguna. Fulltrúar umhverfisnefndar veittu upplýsingar og lögðu til gögn og starfsfólk Seltjarnarnesbæjar leysti greiðlega úr öllum fyrirspurnum. Sérstakar þakkir fá þó allir þeir heimildamenn sem aðstoðuðu skrásetjara, enda var þeirra hjálp ómetanleg.

## 2. Um fornleifaskráningu og löggjöf

Hátt á aðra öld er liðið síðan skráning fornleifa hófst á Íslandi en þó er enn langt í land að til sé heildstæð skrá um fornleifar á Íslandi. Á síðustu áratugum 19. aldar voru margir minjastaðir kannaðir á vegum Hins íslenzka fornleifafélags, einkum staðir sem á einn eða annan hátt tengdust fornsögum og sögu þjóðveldisins. Eftir aldamótin 1900 dró úr fornleifakönnun á vegum félagsins og var þráðurinn ekki tekinn upp að nýju fyrr en um og eftir 1980.

Skoðanir manna á því hvað teljast fornleifar hafa breyst mikið á þessum tíma. Byggingar sem voru hversdaglegar fyrir hundrað árum eru nú orðnar minjar um horfna lífshætti. Skilningur hefur vaknað á nauðsyn þess að skrá upplýsingar um slíkar minjar og vernda þær fáu sem eftir eru fyrir komandi kynslóðir. Nauðsynlegra upplýsinga um gerð og ástand fornleifa er aðeins hægt að afla með vettvangsathugun, og við það er venjulega átt með hugtakinu fornleifaskráning. Til þess að vettvangsathugun komi að fullu gagni verður þó fyrst að taka saman ýmiskonar upplýsingar, bæði skriflegar og munnlegar, sem vísa á minjastaði og geta gefið vísbendingar um hlutverk mannvirkjaleifanna. Slík heimildakönnun er nauðsynlegur undirbúningur undir vettvangsathuganir en hún getur líka skilað sjálfstæðum niðurstöðum. Nægilegar heimildir eru til, til að gefa grófa mynd af fjölda, eðli og ástandi minja á ákveðnum svæðum, og skipuleg heimildaúttekt í því skyni getur komið að gagni við skipulagsgerð jafnt sem minjavernd og rannsóknir. Af þessum ástæðum hefur Fornleifastofnun Íslands á undanförnum árum unnið að þróun aðferða við fornleifaskráningu sem fela í sér að skráningunni er skipt í þrjú afmörkuð stig og eru þar höfð til viðmiðunar hin þrjú stig skipulagsvinnu. Svæðisskráning er gerð fyrir svæðisskipulagsgerð, aðalskráning fyrir aðalskipulagsgerð og deiliskráning fyrir deiliskipulagsgerð. Svæðisskráning felst í öflun heimilda um fornleifar á viðkomandi skipulagssvæði og söfnun gagna sem gefa margvíslegar vísbendingar um menningarminjar. Markmið svæðisskráningar er að gefa heildaryfirlit um ástand og eðli menningarminja á skipulagssvæðinu, finna og skilgreina svæði og staði sem eru sérstaklega athyglisverðir eða í sérstakri hættu og vera undirbúningur undir aðalskráningu fornleifa. Aðalskráning felst í vettvangsvinnu og miðar að því að staðsetja og kortleggja einstaka minjastaði og lýsa þeim á skipulegan hátt. Deiliskráning er síðan nákvæmari úttekt á litlu svæði og er unnin samhliða áætlanagerð um endanlega ráðstöfun jarðnæðis.

Á undanförnum árum hafa verið gerðar breytingar á löggjöf um verndun fornleifa og

hefur eftirlit með framkvæmd laganna verið aukið. Samkvæmt 10. grein þjóðminjalaga (nr. 107, 2001), eru allar fornleifar á Íslandi friðhelgar: „Fornleifum má enginn, hvorki landeigandi, ábúandi né nokkur annar, spilla, granda né breyta, ekki heldur hylja þær, laga né aflaga né úr stað flytja …“ Er þessi fornleifakönnun í anda þeirra markmiða sem sett hafa verið þessari löggjöf. Mat á áhrifum framkvæmda á fornleifar gerir kröfur um fjölþætta athugun á heimildum og vettvangsrannsókn, enda er skilgreining á fornleifum í þjóðminjalögum víðtæk. Til fornleifa teljast hvers kyns leifar fornra mannvirkja og annarra staðbundinna minja sem menn hafa gert eða mannaverk eru á, svo sem:

> a. búsetulandslag, byggðaleifar, bæjarstæði og bæjarleifar ásamt tilheyrandi mannvirkjum og öskuhaugum, húsaleifar hvers kyns, svo sem kirkna, bænahúsa, klaustra og búða, leifar af verbúðum, naustum, verslunarstöðum og byggðaleifar í hellum og skútum;
> b. vinnustaðir þar sem aflað var fanga, svo sem leifar af seljum, verstöðvum, bólum, mó gröfum, kolagröfum og rauðablæstri;
> c. gömul tún- og akurgerði, áveitumannvirki og leifar eftir veiðar til sjávar og sveita;
> d. gamlir vegir, stíflur, brýr, vatnsvöð, varir, hafnir og bátalægi, slippir, ferjustaðir, kláfar, vörður og vitar og önnur vega- og siglingamerki ásamt kennileitum þeirra;
> e. virki og skansar og önnur varnarmannvirki;
> f. gamlir þingstaðir, meintir hörgar, hof og vé, brunnar, uppsprettur, álagablettir og aðrir staðir og kennileiti sem tengjast siðum, venjum, þjóðtrú eða þjóðsagnahefð;
> g. áletranir, myndir eða önnur verksummerki af manna völdum í hellum eða skútum, á klettum, klöppum eða jarðföstum steinum og minningarmörk í kirkjugörðum;
> h. haugar, dysjar og aðrir greftrunarstaðir úr heiðnum eða kristnum sið;
> i. skipsflök eða hlutar úr þeim.
>
> Minjar 100 ára og eldri teljast til fornleifa, en heimilt er þó að friðlýsa yngri minjar.

Það er skýrt af þessari skilgreiningu að fornleifar eru ekki aðeins öll mannvirki heldur einnig staðir sem á einn eða annan hátt tengjast menningu og atvinnuvegum, hvort heldur sem er vöð eða álagablettir. Þessari skilgreiningu er fylgt við hefðbundna fornleifaskráningu.

# 3. Fyrri rannsóknir á Seltjarnarnesi

Saga Seltjarnarness er löng og merkileg. Það þarf því e.t.v. ekki að koma á óvart að miklar rannsóknir sem lúta að sagnfræði og fornleifafræði hafi verið gerðar á svæðinu. Á síðustu 30 árum hafa fjölmargir fræðimenn beint athygli sinni að Seltjarnarnesi, ýmist sem heild eða að einstaka jörðum og/eða minjastöðum. Þar sem afmörkuð svæði hafa verið rannsökuð hefur athyglinni undantekningarlaust verið beint að Framnesinu, nánar tiltekið þess hluta nessins sem nær austur að Þvergarði.[1] Þar sem um auðugan garð er að gresja í rannsóknum á Seltjarnarnesi var hér valin sú leið að gera fyrst grein fyrir þeim rannsóknum á nesinu sem beinast að svæðinu í heild en fjalla síðar um rannsóknir í Nesi og á öðrum afmörkuðum svæðum á Framnesinu.

***Heildstæðar rannsóknir á Seltjarnarnesi***

Fyrstu ítarlegu úttektina á landnámi og byggðarþróun á Seltjarnarnesi gerði Ólafur Lárusson. Árið 1936 birtist eftir hann greinin „Hversu Seltjarnarnes byggðist" þar sem hann fjallaði um landnám og byggðarþróun á Seltjarnarnesi og í Reykjavík.[2] Úttekt Ólafs var greinargott yfirlit um líklega þróun byggðar á nesinu en um hana verður fjallað nánar í næsta kafla. Björn Teitsson fjallaði einnig um svipað efni í grein sinni „Byggð í Seltjarnarneshreppi hinum forna" sem birtist í *Safni til sögu Reykjavíkur* árið 1974. Báðir eiga Ólafur og Björn það sameiginlegt að nota heimildir sagnfræðinnar og örnefni til að reyna að varpa ljósi á sögu byggðar.

Á sjötta áratug 20. aldar tók Ari Gíslason tók saman skrá um örnefni á nesinu og afréttarlandi þess á vegum Örnefnastofnunar. Önnur örnefnaskrá var tekin saman nokkru síðar, eða 1976, af Guðrúnu S. Magnúsdóttur.

Árið 1978 vann Guðrún Einarsdóttir, landafræðinemi við Háskóla Íslands, lokaverkefni um örnefni á Seltjarnarnesi. Verkefnið beindist að því að greina og staðsetja örnefni á Seltjarnarnesi og tók Guðrún viðtöl við fjölda heimildamanna á nesinu. Í kjölfar ritgerðar Guðrúnar var ráðist í útgáfu af örnefnakorti þar sem loftmynd af Seltjarnarnesi var notuð sem grunnur og öll helstu örnefni merkt inn. Guðrún sá um vinnslu kortsins en Rótarýklúbbur Seltjarnarnes kostaði verkefnið og sá um útgáfuna.

---

[1] Rétt er að geta þess að það sem er hér og víðar í skýrslunni nefnt Framnes er vestari hluti Seltjarnarness, þ.e. svæðið vestan Þvergarðs en austanvert nesið nefnt Innnes eins og gert er í úttekt Guðrúnar Einarsdóttir á örnefnum á nesinu. Stundum er hins vegar allt Seltjarnarnes nefnt Framnes og þá oft í samhengi við hinn forna Seltjarnarneshrepp sem var miklu stærri en það svæði sem hér er til umfjöllunar.

[2] Ólafur Lárusson. 1936 og Ólafur Lárusson. 1944.

Árið 1980 var Seltjarnarnes í hópi fyrstu sveitarfélaga landsins sem lét gera fornleifaskráningu í landi sínu. Skráninguna gerði Ágúst Ó. Georgsson og leiddi hún í ljós 61 minjastað. Skráning var varðveitt í handriti en árið 1995 kostaði bærinn úrvinnslu verksins. Um hana sá Birna Gunnarsdóttir, fornleifafræðingur og kom hún út á skýrsluformi sama ár.

Á aldarafmæli hreppsnefndar Seltjarnarness, árið 1975, var ákveðið að láta skrifa og gefa út sögu hreppsins. Árið 1978 var Heimir Þorleifsson, sagnfræðingur, ráðinn til verksins og vann hann það í hjáverkum á næstu árum. *Seltirningabók,* ítarleg úttekt á sögu byggðar á nesinu kom svo út árið 1991.

Rétt fyrir aldamótin 2000 lauk danski sagnfræðingurinn Christina Folke Ax cand. mag. ritgerð sinni í sagnfræði við Kaupmannahafnarháskóla. Viðfangsefnið var menningarmunur á Íslandi í lok 18. aldar og var rannsóknarsvæðið Seltjarnarnes. Christina fór í gegnum margvíslegar heimildir um íbúa á Seltjarnarnesi á þessu skeiði, s.s. skiptagjörðir, dómabækur og manntöl og notaði þær upplýsingar sem hún fékk þaðan til að varpa ljósi á daglegt líf og menningarmun sem hún taldi hafa verið á nesinu á þessu skeiði. Árið 2002 birtist útdráttur úr ritgerð hennar sem grein í *Sögu*, tímariti Sögufélagsins.[3]

Þær rannsóknir sem hér hafa verið upptaldar eiga það sameiginlegt að beinast að öllu Seltjarnarnesi eða jafnvel stærra svæði. Á undanförnum áratugum hafa þó flestar þær rannsóknir sem gerðar hafa verið á sögu og fornleifafræði Seltjarnarness einskorðast við afmörkuð svæði innan hins svonefnda Framness. Flestar eru þessar rannsóknir fornleifafræðilegar og oftast hafa þær beinst að stórbýlinu Nesi. Hér verður gerð grein fyrir helstu rannsóknum á síðustu árum.

### *Svæðisbundnar rannsóknir í og við Nes*

Miklar rannsóknir hafa verið gerðar í Nesi við Seltjörn á undanförnum árum þó að flestar þeirra hafi verið í smáum stíl, oftast fjarkannanir ýmiskonar og prufuskurðir. Hér verður getið þeirra helstu.

Árið 1979 var unnið að hitaveitulögn við Nesstofu. Þá komu menn niður á mannabein og kölluðu til fornleifafræðing. Guðmundur Ólafsson kom á staðinn, teiknaði upp afstöðu beinafundarins og gerði stutta lýsingu á honum. Hitaveitulögnin lá fast sunnan við Neströð frá Nesstofu og fram hjá norðurjaðri lóðar við Neströð 7. Auk beinagrindanna þriggja sem fundust skammt norðan við lóðamörk Nestraðar sáust í skurðinum grjóthleðslur á tveimur stöðum. Í sama skurði kom í ljós öskuhaugur um 20 m austan við Nesstofu. Skurðinn vegna

[3] Við þessa grein var stuðst hér. Sjá Ax, Christina Folke. 2002.

hitaveitunnar var þegar búið að grafa þegar Guðmundur kom á svæðið þannig að hlutverk hans var aðeins að skrá það sem fyrir augu bar og lýsa.

Í ágúst 1980 var aftur komið niður á mannabein um 6 m vestan við suðvesturhúshorn íbúðarhúss við Neströð 7 og þremur árum síðar var komið niður á allmikið af beinum á 1-1,5 m dýpi í norðvesturhorni lóðarinnar nr. 68 við Nesbala. Ekki var þó ljóst hvort um manna- eða dýrabein var að ræða í síðara tilvikinu en hvorugur þessara funda var rannsakaður.[4]

Árið 1982 var grafinn lítill könnunarskurður í gólf Nesstofu. Umfangsmeiri rannsókn var gerð árið 1989 þegar Seltjarnarnesbær fjármagnaði könnun á mannvistarlögum við Nesstofu. Hún fólst í þremur prufuskurðum sem teknir voru í bæjarhól Ness. Umsjón með verkinu hafði Vilhjálmur Örn Vilhjálmsson en dýrabeinafræðingarnir Thomas McGovern og Thomas Amarosi unnu einnig að uppgreftrinum. Grafnir voru tveir prufuskurðir austan við Nesstofu og einn vestan hússins. Austan stofunnar var annars vegar komið niður á leifar veggja og gólflaga á tæplega 1 m dýpi. Þessar leifar voru taldar leifar þess torfbæjar sem stóð í Nesi áður en Nesstofa var byggð. Hins vegar var komið niður á umfangsmikinn öskuhaug. Mannvistarlög á þessum slóðum reyndust a.m.k. 2,5 m á dýpt og þau elstu frá 10. öld. Safn dýrabeina úr öskuhaugnum benti til að sjávarfang hafi verið ríkjandi fæða í Nesi allt frá fyrstu tíð en fiskbein voru yfir 90% af beinasafninu frá síðmiðöldum.[5]

Í Nestúni eru nokkur óvenjuleg gerði sem hafa vakið athygli fornleifafræðinga. Árið 1993 gróf Kristinn Magnússon fornleifafræðingur í eitt af hringmynduðu gerðunum sem er að finna í Nestúni. Hann komst að því að gerðið væri sannarlega manngert en að öðru leyti var lítið hægt að segja um hlutverk þess. Rannsóknin leiddi einnig í ljós að gerðið var byggt með einfaldri torfhleðslu skömmu eftir að landnámsgjóskan féll. [6]

Á árunum 1994-1997 fóru fram talsvert umfangsmiklar rannsóknir í Nesi á vegum bæjarins.

Árið 1994 gerðu þeir Sigurjón Páll Ísaksson og Þorgeir S. Helgason jarðsjármælingar austan við Nes sem kostaðar voru af Rótarýklúbbi Seltjarnarness. Mælingarnar voru gerðar þar sem talið var að vænta mætti kirkju og kirkjugarðsleifa og sömuleiðis á hringlaga gerðum sem eru víða í túni Ness vestan við Nesstofu. Helstu niðurstöður mælinganna voru þær að sterkar vísbendingar fengust um staðsetning kirkju og tveggja annarra rústa 40-50 m austan við Nesstofu og að grafir væru þar líklega að finna á nokkuð stóru svæði umhverfis.[7]

---

[4] Upplýsingar um þessa fundi báða eru úr Orri Vésteinsson. 1995a: 4-5 en einnig var rætt við Birgi Þórarinsson í sambandi við beinafund við Nesbala 58.
[5] Sjá bæði Amarosi et. al. 1994 og Amarosi, Thomas, Thomas H. McGovern. 1990.
[6] Kristinn Magnússon. 1995.
[7] Sjá Sigurjón Páll Ísaksson og Þorgeir S. Helgason. 1994. Ári síðar gáfu þeir félagarnir út aðra skýrslu þar sem

Fornleifastofnun Íslands vann rannsóknir fyrir Seltjarnarnesbæ sumrin 1995-1996. Fyrra árið fór fram nákvæm uppmæling á fornlegum gerðum í túni Ness. Túnin, gerði og aðrar þústir voru þá einnig hæðarmæld nákvæmlega. Niðurstöður uppmælinganna komu út í skýrsluformi sama ár þar sem gerð var grein fyrir helstu niðurstöðum og stutt lýsing á helstu fornleifum í túni fylgdi með.[8] Sama sumar var grafinn könnunarskurður austan við Nesstofu og könnunarhola í túninu rétt innan við túngarð. Sýni voru tekin úr þessum skurðum og voru þau notuð til að meta ástand jarðvegs og varðveisluskilyrði jurta og dýraleifa í Nesi. Niðurstöðurnar voru þær að varðveisluskilyrði í jarðvegi í kringum Nesstofu væru góð fyrir fjölda þeirra fundaflokka sem geta veitt mikilsverðar upplýsingar við fornleifauppgröft.[9] Niðurstöður prufuskurðanna staðfestu vísbendingar um staðsetningu kirkjunnar og kirkjugarðs í Nesi en leyfi lóðareiganda Nestraðar 7 fékkst ekki fyrir því að grafa skurðinn inn fyrir lóðarmörk þar sem talið er að kirkjan hafi staðið og óljóst má sjá móta fyrir rúst. Í skurðinum fundust leifar sjö grafa og þótti ljóst að mjög þétt hefði verið grafið í suðvesturhluta garðsins þar sem skurðurinn var tekinn.[10] Niðurstöður uppgraftarins og sögulega úttekt á staðsetningu kirkju og kirkjugarðs birti Orri Vésteinsson, stjórnandi rannsóknarinnar, sama ár í *Árbók hins íslenzka fornleifafélags*.[11]

Eftir að rannsóknum í Nesi lauk sumarið 1995 tók Orri Vésteinsson saman tillögur um rannsóknir og kynningu á menningarminjum í Nesi fyrir Seltjarnarnesbæ þar sem stungið var upp á leiðum sem mætti fara til að rannsaka minjar á Seltjarnarnesi frekar og gera þær aðgengilegar fyrir gesti og gangandi.[12]

Árið 1996 kostaði Seltjarnarnesbær áframhaldandi rannsóknir í Nesi. Ákveðið var að taka prufuskurði á þremur stöðum í túninu: Í túngarð, í aflanga tóft rétt austan bæjarhóls og í eitt af hringlaga gerðunum norðvestan við bæjarhól. Auk þessa voru teknar níu prufuholur í gerðin. Uppgrefti stjórnaði Orri Vésteinsson. Auk uppgraftar var ákveðið að láta reyna á fosfatgreiningu, frjókornagreiningu og viðnámsmælingu til að leita svara við spurningum um aldur og hlutverk mannvirkjanna og voru jarðborssýni tekin á 10 m millibili yfir stóran hluta túns til fosfatgreiningar. Ásamt stafsmönnum Fornleifastofnunar Íslands unnu þau Matthildur B. Stefánsdóttir (fosfatrannsóknir), Kolbeinn Árnason (sem tók hitanæmar myndir af túninu)

niðurstöður jarðsjármælinga voru bornar saman við uppgröft frá 1995. Sjá Sigurjón Páll Ísaksson og Þorgeir S. Helgason. 1995b.

8 Adolf Friðriksson og Orri Vésteinsson. 1995.

9 Garðar Guðmundsson. 1995.

10 Orri Véseteinsson. 1995a.

11 Sjá Orri Vésteinsson. 1995c.

12 Sjá Orri Vésteinsson. 1995b.

og Finnur Pálsson (sem gerði radarmælingu á sniðum) að rannsóknum í Nesi þetta ár.[13] Um viðnámsmælingar sáu þau Garðar Guðmundsson og Birna Gunnarsdóttir.[14]

Niðurstöður skurðanna leiddu í ljós að aflanga mannvirkið var ekki skáli eða hús eins og áður hafði verið giskað á, heldur tveir samsíða garðar. Ekki reyndist unnt að tímasetja þá. Túngarðinn reyndist heldur ekki unnt að tímasetja en talið var að bæði hann og gerðið sem grafið var í væru forn og líklega ekki byggð löngu eftir að landnámslagið féll. Rannsóknir sumarið 1996 gáfu ekki óyggjandi niðurstöður um hlutverk hringlaga mannvirkjanna en styrktu þó frekar kenningar um að þau hafi verið byggð í tengslum við jarðrækt af einhverju tagi. Prufuskurðirnir leiddu í ljós að a.m.k. sex gerðanna í túninu virtust af sömu gerð og frá svipuðum tíma. Ljóst þótti að mannvirkin væru hvorki hýbýli manna né skepnuhús en ekki var hægt að gera upp á milli hvort líklegast væri að þau hefðu verið notuð til geymslu fyrir hey eða annan forða, verið notuð til kornræktunar eða e.t.v. þjónað hlutverki í ræktun og uppbyggingu túnsins.

Niðurstöður fosfatrannsókna voru að fosfatmagn í túninu við Nesstofu væri, á heildina litið, hátt og óreglulegt og yfirleitt meira eftir því sem mælingarnar fóru neðar í jarðveginn. Fosfatgildi var einnig að jafnaði hátt við gerðin í túninu og endurspeglar því hvar líklegast má telja að mannvistarleifar sé að finna í túninu.

Þær vísbendingar sem viðnámsmælingar gáfu voru að hæstu gildin komu fram í jöðrum mælingasvæðisins þar sem túngarður sást á yfirborði en leiddu ekki í ljós skýrar vísbendingar um áður óþekkt mannvirki undir sverði.

Frá því 1996 hefur lítið verið um fornleifarannsóknir í Nesi. Guðmundur Ólafsson fornleifafræðingur gerði þó litla rannsókn þar árið 1997 vegna skipulags og aftur árið 2000 vegna minnismerkis um kirkju við Nesstofu sem þá var unnið við að setja upp. Fljótlega eftir aldamótin 2000 gerði enskur doktorsnemi, Timothy John Horsley, viðnámsmælingar í túni Ness. Niðurstöður þeirra mælinga hafa ekki birst á prenti.[15] Auk þess sem hér hefur verið nefnt má nefna að Margrét Hermanns Auðardóttir gerði athugun við suðurenda Nesstofu vegna jarðvegskönnunar Seltjarnarnesbæjar árið 2004.[16] Fornleifafræðingar voru einnig kvaddir að Nesstofu sumarið 2005 þegar skipt var um jarðveg við Nesstofu og í ljós kom steinlögð stétt umhverfis húsið.

[13] Niðurstöður Finns og Kolbeins er að finna í viðauka í þessari skýrslu:Hildur Gestsdóttir og Orri Vésteinsson. 1996. Niðurstöður Matthildar komu út í sérstakri skýrslu sjá Matthildur Bára Stefánsdóttir. 1996.

[14] Sjá Birna Gunnarsdóttir. 1996.

[15] En Horsley minnist þó á þær í doktorsritgerð sinni. Sjá Horsley, T. J. 2004. (bls. 229).

[16] Sjá Guðmundur Ólafsson. 1997 og 2000 og Margrét Hermanns Auðardóttir. 2004b.

Auk þeirra fjölmörgu fornleifarannsókna sem hér hefur verið minnst á í og við Nes er rétt að geta þess að allt frá árinu 1979 hafa hin fornlegu gerði í Nestúni verið viðfangsefni ljósmyndara og hafa myndir af gerðunum verið teknar úr lofti nokkrum sinnum.

Björn Rúriksson tók fyrstur myndir af gerðunum árið 1980 og aftur 1985. Guðmundur Ólafsson fornleifafræðingur tók í millitíðinni einnig loftmyndir af svæðinu. Árið 1985 tóku Landmælingar Íslands myndir af gerðunum úr lofti á innrauða filmu. Síðan þá hafa fleiri spreytt sig á myndatökum af svæðinu. Garðar Guðmundsson tók myndir af gerðunum þegar snjóföl lá yfir þeim árið 1993 og síðast tóku þeir Þorgeir S. Helgason og Tryggvi Þorgeirsson myndir af gerðunum 1995. Myndirnar og stutt umfjöllun um fyrri myndatöku og sögu gerðanna birtust í *Árbók hins íslenzka fornleifafélags* sama ár.[17]

### *Aðrar svæðisbundnar rannsóknir á Framnesinu*

Þó að Nes og heimatún þess hafi oftast verið miðpunktur athygli fræðimanna á undanförnum áratugum, hafa minni rannsóknir verið gerðar á fleiri stöðum á Framnesinu. Oftast var þó raunin sú að fornleifafræðingar voru kallaðir til eftir að komið var niður á mannvistarleifar við framkvæmdir. Þetta var t.d. raunin árið 1981 þegar öskuhaugur kom í ljós undir sverði þar sem unnið var að hitaveituframkvæmdum vestan götunnar Sefgarða, á milli býlisins Nýjabæjar og Nýjabæjarvarar. Haugurinn reyndist 80 sm þykkur þar sem mest var og var að mestu myndaður úr móösku. Í honum fundust margskonar leifar dýrabeina, en auk þess þykkt lag af skeljum. Niðurstaða könnunarinnar var að haugurinn væri líklega yngri en frá 1500; e.t.v. frá 17. eða 18. öld.[18]

Árið 1992 könnuðu þeir Guðmundur Ólafsson og Kristinn Magnússon snið Þvergarðs en framkvæmdir við húsgrunn við Valhúsabraut höfðu skemmt garðinn og skilið eftir opið snið þvert á hann þar sem greina mátti gjóskulög. Á þessu vakti Jóhann Helgason athygli og í kjölfarið kostaði bærinn rannsókn fornleifafræðinga á sniðinu. Niðurstöður þeirra voru að garðurinn hefði líklega verið byggður á 11.-12. öld þó að miðaldalagið sem notað var til að aldursgreina garðinn hafi einnig legið undir hleðsluna á einum stað. Það þýðir að mögulegt er að garðurinn hafi ekki verið hlaðinn fyrr en um miðja 13. öld.[19]

---

17 Sigurjón Páll Ísaksson og Þorgeir S. Helgason. 1995a.
18 Guðmundur Ólafsson. 1981.
19 Guðmundur Ólafsson og Kristinn Magnússon. 1992.


FRAMNES SELTJARNARNESS:
Staðsetning hluta þeirra
rannsókna sem talað er um í kaflanum
Rannsóknir Margrétar Hermanns Auðardóttur í Byggarðsvör
Rannsókn Guðmundar Ólafssonar í öskuhaug nálægt Nýjabæ
Rannsókn Guðmundar Ólafssonar, Kristins Magnússonar og Jóhanns Helgasonar í sniði Þvergarðs
Rannsóknir á vegum Fornleifastofnunar Íslands 1995-1996 í gerði, þústir og til afmörkun kirkjugarðs
Rannsóknir Vilhjálms Arnar Vilhjálmssonar í bæjarhól Ness
Rannsókn Kristins Magnússonar í hringlaga gerði
Beinafundir
0
200
400
metrar

Jóhann Helgason gerði síðar sjálfur rannsóknir á sniðinu og lét greina þau gjóskulög sem fundust þar. Hann komst að þeirri niðurstöður að elsti hluti garðsins væri hlaðinn talsvert fyrir 1226/1227 (Miðaldalagið) og taldi að garðurinn hafi a.m.k. ekki verið byggður síðar en á 11. öld. Taldi Jóhann að þær leifar miðaldagjósku sem fundust í torfi garðsins sanni að garðurinn hafi verið endurbyggður eftir að lagið féll.[20]

Nýlegustu fornleifarannsóknirnar sem gerðar hafa verið á Seltjarnarnesi hafa beinst að Bygggarðsvör. Upphaf þeirra rannsókna var að umhverfisnefnd Seltjarnarness setti á fót vinnuhóp um endurgerð bátavarar við Bygggarð. Tilefnið var að minnast þeirrar umfangsmiklu sjósóknar sem stunduð var á Seltjarnarnesi frá fornri tíð. Í kjölfarið vann hópurinn tillögur að undirbúningi og framkvæmd slíkra framkvæmda og réði þá Kristinn Magnússon fornleifafræðing og Víglund Kristjánsson hleðslumann til að koma með hugmyndir að útfærslu þeirra hugmynda er fram höfðu komið. Þeir settu fram hugmyndir um staðsetningu mannvirkja og útlit þeirra en fljótlega varð ljóst að ef byggja ætti upp sjávarmannvirki á þessum slóðum þyrfti fyrst að hafa jarðvegsskipti á stóru svæði.[21] Í kjölfar tillagnanna var Margrét Hermanns Auðardóttir, fornleifafræðingur, ráðin til að grafa könnunarskurði á svæðinu, áætla umfang mannvistarleifa, hlutverk og aldur. Niðurstöður Margrétar voru að við Byggarðsvör væri að finna minjar tengdar sjósókn frá 16.-17. öld auk eldri óræðra mannvistarleifa. Hún komst einnig að þeirri niðurstöðu að siginn torfgarður sem var á svæðinu væri byggður á fyrri hluta 10. aldar. Margrét varaði við þeim jarðvegsskiptunum sem ráðgerð voru í Bygggarðsvör þar sem þau myndu skemma þær fornleifar sem þar væru fyrir. Enn hefur ekki orðið framhald á rannsóknum í Bygggarðsvör eða uppbyggingu hennar.[22]

Þær fjölbreyttu rannsóknir sem hér hefur verið getið gefa hugmynd um þann áhuga sem í bæjarfélaginu er á að kanna sögu Seltjarnarness og vekja á henni athygli. Fornleifaskráningin sem unnin var veturinn 2005-2006 getur vonandi orðið grunnur að frekari rannsóknum á sögu og byggðarþróun á nesinu.

---

[20] Jóhann Helgasson. 1995.
[21] Sjá *Bygggðarsvör á Seltjarnarnesi*. 2003 og Kristinn Magnússon. 2003.
[22] Margrét Hermanns Auðardóttir. 2005.

# 4. Byggðasaga

Til að geta sett niðurstöður fornleifaskráningar í fræðilegt samhengi er nauðsynlegt að hafa hugmynd um sögu byggðar á svæðinu sem er til rannsóknar. Byggðasaga er einn sá grunnur sem áætlanir um frekari rannsóknir, t.d. uppgrefti, ættu að byggja á. Vitneskja um sögu byggðar eykur líkur á að rannsóknarefni fornleifafræðinga séu mótuð og þar af leiðandi fáist markvissari niðurstöður. Heimildir sem nýtast við ritun byggðasögu eru t.d. fornrit, þ.e. Landnáma, Sturlunga og Íslendingasögur, fornbréfasafn, tölur um dýrleika jarða og upplýsingar um staðsetningu kirkna og bænhúsa. Almennt er álitið að bæir, þar sem kirkjur eða bænhús stóðu, hafi byggst snemma, enda hafi þau almennt verið stofnsett fljótlega eftir árið 1000. Þá eru kuml óræk sönnun um forna byggð. Einnig koma bæjanöfn að góðu gagni þegar á að reyna að ákvarða í hvaða röð jarðir hafi byggst, sem og landamerki.

Ólíkt stórum hluta landsins hefur þegar verið ritað talsvert um byggðasögu Seltjarnarness. Árið 1936 birtist greinin „Hversu Seltjarnarnes byggðist" eftir Ólaf Lárusson í *Landnámi Ingólfs* og átta árum síðar í ritgerðasafni hans *Byggð og sögu*. Björn Teitsson gerði einnig ítarlega grein fyrir sama efni í grein sinni „Byggð í Seltjarnarneshreppi hinum forna" sem birtist í *Safni til sögu Reykjavíkur* sem gefin var út 1974. Fyrir áhugasama um sögu og þróun byggðar á Seltjarnarnesi má einnig benda á *Seltirningabók* sem út kom 1991 en þar er að finna ítarlegar upplýsingar um upphaf byggðar á nesinu og þróun hennar allt fram á síðustu ár og grein Orra Vésteinssonar í ráðstefnuriti íslenska Söguþingsins frá 1997 þar sem hann fjallar m.a. um Nes í grein sinni *Íslenska sóknarskipulagið og samband heimila á miðöldum.*

Sökum þess að töluvert hefur verið fjallað um byggðarsögu Seltjarnarness er hér markmiðið að draga saman helstu staðreyndir um landnám og byggðarþróun á nesinu sem þegar hafa verið settar fram en jafnframt nota fornleifaskráningu og þær fornleifarannsóknir sem gerðar hafa verið á nesinu allt fram á síðustu ár til að bæta við myndina og dýpka skilning á byggðarþróuninni. Hér er mest stuðst við grein Ólafs Lárussonar enda hefur flest sem um landnám og byggðarsögu á Seltjarnarnesi fram að þessu byggt á úttekt hans.

Sú umfjöllun sem hér fylgir um byggðasögu Seltjarnarness, eins og reyndar skýrslan í heild, afmarkast við mörk Seltjarnarness eins og þau eru í dag. Heitið Seltjarnarnes er því notað yfir kaupstaðarlandið eins og það er nú en ekki hinn forna Seltjarnarneshrepp sem náði yfir allt nesið sem liggur á milli Kollafjarðar og Skerjafjarðar og til fjalla.

Enginn vafi leikur á því að jörðin Nes er landnámsbýli þess svæðis sem nú er kallað

Seltjarnarnes. Ólafur Lárusson rökstuddi í úttekt sinni á landnámi og byggðarþróun á Seltjarnarnesi að Nes hafi byggst upp fljótlega eftir landnámi í Reykjavík. Á undanförnum áratugum hafa fornleifarannsóknir verið gerðar í Nesi og styðja þær hugmyndir um að Nes hafi byggst mjög snemma, fljótlega eftir að landnámsgjóskan féll. Rannsóknir á Þvergarði og á garði við Bygggarðsvör sýna að þessir garðar voru byggðir snemma eða á 10.-11. öld. Aldur Þvergarðs bendir til að þegar á 11. öld hafi verið komið a.m.k. eitt býli á Innnesi. Ekkert er vitað um hlutverk garðsins í Bygggarði þó að tilgáta hafi verið sett fram um að hann hafi tengst byggræktun.[23] Ekki er þó óhugsandi að sá garður gæti verið landamerki, eða byggður til að girða af heimatún Bygggarðs enda má ætla að Bygggarður hafi verið eitt af fyrstu býlunum sem byggðust úr landi Ness.

Samkvæmt kenningum Ólafs Lárussonar var Nes í upphafi lakari jörð en Reykjavík. Ness er fyrst getið í heimildum um 1200 en þá er kirkja á jörðinni. Fyrsti nafngreindi ábúandinn í Nesi var Hafurbjörn Styrkársson sem skv. heimildum átti ættir að rekja til Ingólfs Arnarssonar og bjó í Nesi um 1280. Af heimildum má sjá að sonur Hafurbjarnar og sonarsonur hafa búið í Nesi eftir hans dag og voru þeir allir í heldri manna tölu. Af heimildum má því ætla að í Nesi hafi verið ríkmannlega búið á 13. öld. Lítið er hins vegar vitað um eigendur Ness frá 14. öld og fram að siðaskiptum þegar jörðin var orðin eign Skálholtsstóls. Ólafur segir að það megi sjá af heimildum að Nes hefur verið höfuðból alls hins gamla Seltjarnarness, a.m.k á 13.-14. öld og er lítil ástæða til að draga þá túlkun í efa.

Frá fornleifafræðilegu sjónarmiði er ekki augljóst af hverju Nes ætti endilega að hafa byggst á eftir Reykjavík. Örnefnið ‘Nes’ gæti vel verið frumlegra og myndi hafa hæft vel fyrsta býlinu á nesinu sem báðar jarðirnar eru á. Nes var dýrari jörð en Reykjavík á seinni öldum (120 hundruð á móti 100 hundruðum) og kirkjan í Nesi var miklu betur eignum búin en sú í Reykjavík. Hvernig sem því hefur verið varið er ekki ástæða til að ætla að langt hafi liðið milli þess sem jarðirnar tvær byggðust, og verður e.t.v. aldrei hægt að skera úr um það.

Kirkjumáldagi frá 14. öld sýnir að þá var Neskirkja mjög vel stærð og voru eignir hennar dæmigerðar fyrir kirkjur á stórbýlisjörðum. Frá þeim tíma geta heimildir þriggja jarða sem byggst hafa út frá Nesi. Það eru Eiði, Bakki og Bygggarður. Í máldaga kirkjunnar kemur fram að hún á: „...þriðjunginn í heimalandi [Ness] með rekum, skógum og afréttum, Eiðslandi, Bakka og Bygggarði“ Þetta orðalag má túlka á tvenna vegu. Annars vegar sem svo að kirkjan eigi jarðirnar þrjár í heild en hins vegar hún eigi þriðjung af þeim öllum. Ólafur kýs að túlka það sem svo að Neskirkja eigi þriðjung úr jörðunum þremur. Þetta segir hann benda til þess

[23] Sjá Margrét Hermanns Auðardóttir. 2005.

að þessar jarðir hafi byggst út úr Neslandi eftir að kirkjunni var gefinn þriðjungur jarðarinnar og því sé hlutfallsleg eign kirkjunnar í býlunum sú sama og í heimajörðinni. Hins vegar má spyrja hvort ekki sé allt eins líklegt að hjáleigurnar þrjár gætu einmitt hafa verið komnar í byggð þegar kirkjunni var gefið landið og hún fengið hluta af hjáleigunum eins og af heimajörðinni.

Þessar vangaveltur er vart hægt að leiða til lykta að svo stöddu en ef við fylgjum kenningu Ólafs má gera ráð fyrir að jarðirnar þrjár hafi verið byggðar eftir miðja 11. öld (1056 í fyrsta lagi í biskups tíð Ísleifs Gissurarsonar) en fyrir miðja 14. öld. Ólafur gerir ekki tilraun til tímasetja upphaf býlanna frekar. Eins og áður segir benda rannsóknir á Þvergarði til að garðurinn hafi a.m.k. verið byggður á 11. öld og samkvæmt því mætti ætla að á þeim tíma hafi býli á Innnesinu, Eiði og/eða Lambastaðir, þegar verið í byggð. Garðlag frá 10. öld við Bygggarðsvör þarf ekki endilega að tengjast byggð þar en ekki er ólíklegt að hann tengist fyrstu búsetu á jörðinni. Hafi stórbýlið Nes verið einrátt á nesinu fram á seinni hluta 11. aldar eða jafnvel allt fram til miðrar 14. aldar sé það harla óvenjulegt. Eðlilegra er að áætla að úr landi landnámsjarðarinnar Ness hafi á strax á 10. öld byggst annað býli á Innnesinu (Eiði eða Lambastaðir) og jafnvel Bygggarður eða Bakki. Hugsanlegt er að á fyrstu öldum hafi þessar jarðir legið undir Nes – verið hjáleigur þaðan. Eftir að kirkja var byggð í Nesi hefur Nesbóndinn gefið henni þriðjung úr landi sínu með rekum og afrétt og úr öllum afbýlunum þremur sem þá voru í byggð, eða býlin í heild sinni.

Ólafur Lárusson heldur því fram að áður en umræddar jarðir byggjast frá Nesi hafi ein jörð þegar verið byggð úr Neslandi. Þetta er jörðin Lambastaðir, nálægt merkjum við Reykjavík. Á Lambastaði er fyrst minnst í rituðum heimildum um 1500 en Ólafur telur þó að bærinn sé mjög gamall. Ástæðan er sú að Neskirkja átti engan hlut í jörðinni. Ólafur telur nafnið einnig benda til hás aldurs því að mannsnafnið Lambi sé ekki þekkt eftir lok sögualdar. Með þessum rökum heldur hann því fram að Lambastaðir séu næstelsta býlið í Nessókn og hafi byggst á 10. eða snemma á 11. öld. Við þessa röksemdafærslu Ólafs er ýmislegt að athuga. Í fyrsta lagi má segja að hafi Lambastaðir verið fyrsta jörðin sem byggðist úr landi Ness megi ætla að Þvergarður hafi verið byggður til að marka landamerki þessara tveggja jarða mjög snemma. Samkvæmt því hlyti Eiði að vera byggt úr landi Lambastaða en þá er erfitt að skýra hvers vegna Neskirkja átti þriðjung úr landi Eiðis. Í öðru lagi má benda á að þau rök Ólafs sem snúa að bæjarnafninu Lambastaðir eru mjög veik og kemur þar tvennt til. Rannsóknir á bæjarnöfnum hafa sýnt að oftast má ætla að bæir sem bera einkvæð náttúrunöfn séu að jafnaði eldri en þeir bæir sem bera mannanöfn og endinguna “staðir”. Samkvæmt því má ætla að landnámsbær innnessins sé Eiði fremur en Lambastaðir. Hins vegar má benda á að

e.t.v. er líklegra að Lambastaðir séu kenndir við lömb fremur en mannsnafnið Lambi. Björn Teitsson hefur sett fram þá tilgátu að Lambastaðir hafi byggst upp á rústum lambhúss, líklega á 14. eða 15. öld.[24] Björn gerir þó enga tilraun til að skýra hvers vegna kirkjan átti ekki hlut í Lambastöðum líkt og í hinum hjáleigunum þremur.

Ef litið er á örnefni lögbýlanna á Seltjarnarnesi má sjá að auk Ness eru tveir bæir sem bera náttúrunöfn og samkvæmt örnefnakenningu mætti ætla að þeir væru eldri en hinir sem bera samsett heiti. Þetta eru Bakki og Eiði.[25] Bæjarheitið Bygggarður bendir til að þar hafi verið garður um byggrækt áður en jörðin byggist upp en athygli vekur að af þeim jörðum sem hafa byggst upp á Seltjarnarnesi á eftir Nesi er Bygggarður hæst metin eða á 30 hdr og gæti

| | **Fyrst byggt skv. Ólafi Lárussyni** | **Fyrst getið í ritheimild** | **Dýrleiki 1686 hdr** | **Hjáleigur 1703** |
|---|---|---|---|---|
| **Nes +** | 9.-10.öld | 1200 | 120 | 13 hjáleigur |
| Lambastaðir | 10-11.öld | Um 1500 | 20 | 2 hjáleigur |
| Bakki | 11.-14.öld | Lok 14. aldar | 20 | ------------- |
| Bygggarður | 11.-14.öld | Lok 14. aldar | 30 | 4 hjáleigur |
| Eiði | 11.-14. öld | Lok 14. aldar | 16 2/3 | -------------- |
| Hrólfsskáli | 16. öld | 1584 | 8 1/3 | -------------- |
| Mýrarhús | Um 1600 | Um 1630 | 12 ½ | ------------- |

*Hjáleigubyggð, dýrleiki og fyrstu heimildir um bæi í Nessókn*

það bent til að jörðin sé á meðal elstu bæja þó rétt sé að ítreka að munurinn á dýrleika er ekki mikil. Það sem einna helst styður kenningu Ólafs um háan aldur Lambastaða, auk kirkjumáldagans, eru selstöður nessins. Aðeins tvö býli á nesinu, höfuðbýlið Nes og Lambastaðir, áttu selstöðu svo vitað sé. Í Jarðabók Árna og Páls kemur fram að Lambastaðir áttu selstöðu undir Selfjalli en Nes í Seljadal. Önnur býli á nesinu áttu ekki sérstakrar selstöður í upphafi 18. aldar og má vera að þannig hafi það alltaf verið. Þetta mætti auðveldlega túlka í þá átt að ítök Lambastaða hafi verið meiri en hinna býlanna á nesinu og jörðin þá elst á eftir Nesi.

Að samanlögðu er erfitt að fullyrða nokkuð um hvaða býli byggðist fyrst á eftir Nesi. Margar vísbendingar benda til að Eiði, Bygggarður og Bakki byggist fljótlega upp, líklega strax á 10. öld eða á fyrri hluta þeirrar 11. Hvort mögulegt er að Lambastaðir hafi byggst upp á undan býlunum þremur skal ósagt látið. Hvað sem segja má um nákvæman byggingatíma

[24] Björn Teitsson. 1974,: 87.
[25] Rétt er þó að geta þess að Grótta er einnig einkvætt náttúrunafn. Býlið var hjáleiga frá Nesi í JÁM 1703 en saga þess nær þó lengra aftur.




*Elstu jarðir Seltjarnarness. Samkvæmt JÁM voru Bygggarður og Bakki í óskiptu heimalandi Ness. Landamerki milli þeirra jarða byggjast því fyrst og fremst á heimildum um landnýtingu bæjanna á seinni öldum.*

býlanna er ljóst að á 14. -15. öld eru greinilega auk Ness, að minnsta kosti fjögur býli í Nessókn.[26]

Þegar skoðaðar eru þær upplýsingar sem tiltækar eru um byggð á Seltjarnarnesi fram að siðaskiptum vekur athygli að ekkert bænhús er í sókninni þó að algengt hafi verið að bænhús væru á öðru til þriðja hverju lögbýli frá fyrstu öldum. Þetta bænhúsaleysi má e.t.v. að hluta skýra með smæð sóknarinnar en ekki er ólíklegt að yfirburðir Ness í dýrleika, landgæðum og stærð spili einnig inni í og Nes hafi einfaldlega frá upphafi borið höfuð og herðar svo langt yfir aðra bæi í sókninni að ekkert hinna lögbýlanna hafi nokkru sinni náð valdastöðu innan hreppsins.

Síðla á 15. öld eða snemma á þeirri 16. eignaðist Skálholtsstóll Nes en um siðaskipti (miðja 16. öld) lét stóllinn Nes og Eiði, sem þá var greinilega orðin sjálfstæð jörð, af hendi til konungs í skiptum fyrir aðrar jarðir.

Talið er Mýrarhús hafi verið byggð um 1600 en býlið varð lögbýli um 1700. Í

[26] Rétt er að geta þess að Heimir Þorleifsson virðist telja að Bakki, Bygggarður og Eiði byggist allar á 14.-15. öld sbr. Heimir Þorleifsson. 1991,87.




*Lögbýli og hluti hjáleigna á Seltjarnarnesi um 1700. Bláu þríhyrningarnir eru hugmyndir um mögulega staðsetningu þriggja af þeim fjórum hjáleigum sem eru nú óstaðsetjanlegar í landi Ness og einnar af þeim þremur hjáleigum sem ekki er lengur hægt að staðsetja í landi Bygggarðs.*

Jarðabók Árna og Páls kemur fram að í Nessókn voru samtals 37 bústaðir og 158 íbúar 1703. Af þessum 37 bústöðum voru sjö lögbýli, 19 hjáleigur en fjórir bústaðir af öðrum toga (tómthús, húsmennskubýli o.s.frv.). Flestar af hjáleigum og tómthúsum á Seltjarnarnesi voru nafngreindar en Ólafur giskar á að þau býli sem höfðu nafn hafi verið eldri en þau sem ekkert höfðu. Flestra nafngreindu býlanna er getið í fyrsta sinn í Jarðabók Árna og Páls og því erfitt

| | **Eigandi 15. öld** | **Eigandi 16. öld** | **Eigandi 1703** |
|---|---|---|---|
| **Nes +** | Bændur og Neskirkja→Skálholt | Skálholtstóll→konungur | konungseign |
| Lambastaðir | Bændur? | Skálholtsstóll→konungur→bændur | konungseign |
| Bakki | Bændur og/eða Neskirkja | Bændur og/eða Neskirkja | Neskirkja |
| Bygggarður | Bændur og/eða Neskirkja | Bændur og/eða Neskirkja | Neskirkja |
| Eiði | Bændur og/eða Neskirkja | Bændur og/eða Neskirkja→Skálholtsstóll→konungur | konungseign |
| Hrólfsskáli | ------------------ | Skálholtsstóll→konungur→bændur | konungseign |
| Mýrarhús | ------------------ | -------------------- | konungseign |

*Eigendur jarða í Nessókn á 15.-18. öld*

að rekja sögu þeirra lengra aftur. Ólafur gerir þó tilraun til að ráða í heiti þeirra og geta sér þannig til um tilurð þeirra og byggingartíma. Hann telur ekki ástæðu til að ætla að nokkur

hjáleiganna sé eldri en frá 14. öld.

Þegar jarðabókin er gerð 1703 var engin jörð á Seltjarnarnesi bændaeign. Bakki og Bygggarður voru kirkjueignir en aðrar jarðir voru eign konungs. Eignarhald á flestum jörðum á Seltjarnarnesi hafi því færst frá bændum, sem virðast hafa átt meirihluta jarða á Seltjarnarnesi á 15. öld yfir á Skálholt og Viðeyjarklaustur, og síðar yfir til konungs.

Árið 1703 tilheyrðu lögbýlunum sjö á Seltjarnarnesi 19 hjáleigur. Langflestar hjáleigur tilheyrðu Nesi, enda sjást yfirburðir þess gagnvart öðrum býlum á svæðinu á dýrleika seint á 17. öld, en þá var Nes dýrari jörð en öll önnur lögbýli í sókninni samanlagt.

Að samanlögðu taldi Ólafur að helstu drættir byggðasögu Seltjarnarness væru ljósir þó að ritheimildir um svæðið væru heldur fátæklegar fram til 1400-1500. Hann segir ljóst að Reykjavík sé landnámsjörð alls hins forna Seltjarnarness en fljótlega eftir landnám hafi Nes byggst. Fram til loka 10. aldar telur Ólafur að Reykjavík hafa borið höfuð og herðar yfir Nes en hann telur Nes hafa náð undirtökum á svæðinu á 11. öld. Ástæður þess eru óljósar en þó telur Ólafur líklegast að 3-4 jarðir hafi á þeim tíma þegar verið byggðar út frá Reykjavík og það hafi þrengt að höfuðbólinu. Hann virðist telja hjáleigubyggð hefjast fyrir alvöru nokkru síðar í Nessókn sökum þess að þær hljóti að byggjast nokkru eftir að kirkjunni í Nesi var gefinn þriðjungur af landinu þar. Þessi röksemdafærsla er því höfuðatriði í umfjöllun Ólafs en ýmislegt hefur komið í ljós á síðustu áratugum sem gerir það að verkum að hana má draga í efa. Forn merkjagarður á Valhúsahæð bendir til byrjað hafi verið að skipta upp landi Ness fremur snemma. Þrátt fyrir að hjáleigubyggð yrði blómleg í Nessókn eins og í Reykjavík og e.t.v. á sama skeiði (ólíkt því sem Ólafur hélt fram) virðist Nes halda stöðu sinni sem höfuðból svæðisins allt fram á 18. öld þegar þéttbýlismyndun hefst í Reykjavík. Hvort sem Nesbóndinn skipti landi sínu niður af meiri kostgæfni eða að landkostir á nesinu voru einfaldlega betri til ábúðar þegar fram liðu stundir skal ósagt látið. Eftir stendur að Nesbændur ná til sín völdum og áhrifum á fyrstu öldunum eftir landnám og halda hlutverki sínu sem höfuðból Seltjarnarness hins forna allt fram til 18. aldar.

Þéttbýlismyndun hófst ekki fyrir alvöru á Nesi fyrr en eftir síðari heimstyrjöldina en hún átti sér þó talsverðan aðdraganda. Þegar jarðabók Árna og Páls var gerð voru 37 heimili á Seltjarnarnesi og 158 íbúar. Öll lögbýlin nema Nes og drjúgur hluti hjáleiganna voru mjög nærri sjó og þau býli sem stofnuð voru á 18., 19. og fram eftir 20. öld voru flest alveg við sjávarmál. Greinilegt er að nálægð við sjó var höfuðatriði sem haft var í huga við staðsetningu býlanna.

Heimilunum á Seltjarnarnesi virðist hafa fækkað talsvert á 18. öld og í upphafi 19. aldar voru þau 20 talsins en íbúatalan hélst óbreytt. Ekki er að sjá miklar breytingar á

íbúafjölda eða fjölda bústaða á nesinu á 19. öld en um 1900 hafði heimilum á nesinu aftur fjölgað og voru þau þá 35. Í kringum aldamótin 1900 var mikil útgerð stunduð frá Seltjarnarnesi en skútuútgerð lauk á fyrsta áratug 20. aldar og komu þar ýmsar ástæður til s.s. hafnleysi og aðstöðuleysi í landi.

Allt fram til 1925 voru flestir bústaðirnir reistir á gömlu hjáleigu- og tómthússtæðunum. Eftir 1925 hefst hinsvegar íbúðabyggð á Seltjarnarnesi á landi sem áður hafði verið nýtt til slægna og beitar. Eins og algengt er var sú þéttbýlisbyggð sem fyrst reis á Seltjarnarnesi blanda af bæjar- og sveitarmenningu. Húsin voru byggð við götur en útihús voru gjarnan á baklóðum og víða var sjósókn stunduð samhliða smávægilegum búskap. Þéttbýlismyndun á Seltjarnarnesi hófst austast á nesinu og fyrsta jörðin sem formlega var skipt undir íbúðahúsabyggð var Lambastaðir. Á árunum 1930-1940 reis þar íbúðarhúsahverfi. Á vestanverðu nesinu reis fyrst þéttbýli við götuna Tryggvastaðabraut, sem síðar var breytt í Lindarbraut. Byggðin sem þar reis var í upphafi sumarhús en mörgum þeirra var fljótlega breytt í heildsársbústaði.

Frá upphafi byggðar á Seltjarnarnesi og fram yfir aldamótin 1900 var þungamiðja nessins á Framnesinu, í höfuðbólinu Nesi og hjáleigum hennar. Á árunum 1914-1939 var rekið útgerðarfélag í Melshúsum og voru umsvif í kringum það mikil. Líklega hafa þau umsvif átt sinn þátt í því að byggðamynstur á svæðinu tók að breytast eins mikið og raunin var og þungamiðja nessins að færast austur.

Í síðari heimstyrjöldinni voru umsvif hersins mikil á Seltjarnarnesi. Mest voru þar 4-5 braggahverfi; á og við Valhúsahæð þar sem lang stærsta braggahverfið (Grotta Camp) reis ásamt miklum eftirlits- og varnarstöðvum, í Suðurnesi og í Bollagörðum (RN Fixed Defence Statio) þar sem einnig voru eftirlitsstöðvar, hjá Hæðarenda (Boulogne Camp) og við Sæból (Sabol Camp) í Lambastaðahverfi. Ólíkt því sem víða gerðist í þéttbýli hér á landi í stríðslok myndaðist ekki íslenskt braggahverfi á Seltjarnarnesi. Ástæðan var sú að hreppsnefnd krafðist þess að braggarnir væru rifnir og fjarlægðir. Eina undantekningin frá þessu voru braggar í Hæðarenda sem þá tilheyrði Reykjavík. Þar var braggabyggð allt til 1970.

Hinn nýi Seltjarnarneshreppur varð formlega til í ársbyrjun 1948. Íbúar í honum voru um 500 og flestir þeirra bjuggu í Lambastaðahverfi þó einnig væri allþétt búseta á vestanverðu nesinu. Árið 1974 fékk Seltjarnarnes kaupstaðarréttindi og voru íbúar þá tæplega 2500, flestir í Stranda-, Nes- og Melhúsahverfi. Á síðustu þrjátíu árum hefur íbúatalan næstum tvöfaldast og byggð er nú þétt á öllu nesinu austan Ness.[27]

[27] Úttekt um þróun byggðar á nesinu á 20. öld er byggð á Heimi Þorleifssyni. 1991 og Guðrúnu Einarsdóttur.

# 5. Fornleifaskrá

Í skráningarkerfi Fornleifastofnunar hefur hver sýsla skammstafað heiti (ÁR, SÞ o.s.frv.) og hver jörð hefur þriggja stafa númer. Miðað er við jarðaskiptingu eins og hún kemur fyrir í Jarðatali Johnsens frá 1847 og byggir tölusetning jarðanna á því. Skipting jarða um miðja 19. öld ræður ekki aðeins númerum í skránni heldur er miðað við hana þegar ákvarðað er hvaða jörð ákveðnir minjastaðir tilheyra. Hverjum minjastað er gefin kennitala sem er þriggja stafa númer sem hengt er við sýslutákn og jarðarnúmer (dæmi: GK-224:001). Fornleifaskrá hverrar jarðar hefst á stuttu yfirliti yfir skiptingu jarðarinnar, eignarhald hennar og matsverð, og einnig er gefin stutt lýsing á náttúrufari og búskaparaðstæðum og sléttun túna. Þar á eftir kemur listi yfir fornleifar sem fundist hafa heimildir um.

Í skránni fær hver minjastaður eina grein og er framsetning upplýsinganna stöðluð. Í fyrstu línu hverrar greinar eru grunnupplýsingar auðkennisnúmer, sérheiti, tegund, hlutverk og hnattstaða. Á eftir auðkennisnúmeri kemur sérheiti hennar ef eitthvert er og síðan tegund. Með tegundarflokkun er leitast við að skilgreina hvers eðlis fornleifin er, þ.e. hvort um er að ræða mannvirki af einhverju tagi sem enn sést, og þá hverskyns (t.d. tóft, garðlag eða varða), mannvirki sem vitað er um en er horfið (heimild, örnefni) eða fornleif sem ekki hefur verið mannvirki (álagablettur, sögustaður eða nátttröll). Allir fornleifastaðir eru greindir til tegundar en hlutverk þeirra er ekki alltaf hægt að ákvarða. Á eftir hlutverki kemur hnattstaða minjastaðarins í gráðum og mínútum. Mæling hnattstöðu er gerð með GPS staðsetningartækjum (stillingin WGS 84) og er mælt í miðju

*Dæmi um skráningu á dæmigerðum minjastað*


**BO-104:025** *Gömlugömluhús* tóft beitarhús 64°29.404N 21°57.216V

"Við það sund rétt við gamla veginn er einstakur klettur, Grautarklettur [104:023]... Upp af Grautarkletti eru gamlar húsarústir, sem nefndar eru Gömlugömluhús. Þar voru fjárhús endur fyrir löngu," segir í örnefnalýsingu. Rústir sem passa við þessa lýsingu eru 230 m austur af Grautarkletti en um 2,8 km NNA af bæ 001.

Vestan undir litlu og lágu klapparholti með hundaþúfu efst. Í kring eru hálfgrónir melar og mýrarsund til skiptis, sundurgrafin af smálækjum.

Þessar rústir eru ekki jafn ellilegar og hefði mátt vænta af lýsingunni og nafninu. Leifar sjást af tveimur samstæðum, aflöngum húsum sem snúa austur-vestur með dyr í vestur. Stærð alls 12 x 10 m og er milliveggur þykkari en útveggirnir. Veggjahæð er mest um 0,7 m en veggir eru mikið hrundir inn. Sér samt víða í grjót í þeim. Hvorki vottar fyrir görðum né hlöðu eða heygarði.

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:** Ö-Höfn, 6-7


1978.

hvers minjastaðar. Áætlað frávik frá miðju sé ekki meira en 10 metrar að meðaltali. Þar sem getur um „heimild um...“ t.d. útihús, þá er átt við að eingöngu eru til heimildir um staðinn, en minjar hafa ekki fundist á vettvangi við skrásetningu. Þó engar minjar hafi fundist, er engu að síður tekin hnattstaða staðarins ef unnt hefur verið að ákvarða hann á grundvelli fyrirliggjandi upplýsinga með um 50 metra fráviki.

Í annarri línu hefst lýsing minjastaðar oftast á tilvitnun í fyrirliggjandi heimildir en síðan er staðsetningu hans lýst. Þar á eftir kemur oft lýsing á aðstæðum og síðast lýsing á mannvirkinu sjálfu ásamt með öðrum upplýsingum sem við eiga.

Í næstsíðustu línu er lagt mat þá hættu sem minjastaðurinn kann að vera í. Hættustig eru eftirfarandi: 1) engin hætta, 2) hætta og 3) stórhætta. Þeir minjastaðir sem eru fjarri byggð og öllu því umróti sem hugsanlega gæti skemmt þá teljast ekki í hættu. Minjar á eða við svæði þar sem framkvæmdir eiga sér stað teljast í hættu ef hugsanlegt er talið að þeim verði rótað. Sem dæmi um slíka staði má telja fornleifar í túni en þær teljast í hættu vegna þess umróts sem fylgir ábúð og búskap og minjastaðir sem eru á svæði þar sem framtíðar landnotkun er óráðin. Í stórhættu teljast minjastaðir þar sem miklar líkur teljast á að stöðum kunni að verða raskað vegna áætlaðs eða fyrirsjáanlegs umróts. Sem dæmi um slíka staði má nefna minjastaði sem eru á skipulagssvæði þéttbýlis, inni í skógræktarreitum, innan áhrifasvæðis stórframkvæmda eða sem uppblástur ógnar.

Gerð er grein fyrir hver er hættuorsök hverju sinni. Þá er í síðustu línu getið heimilda ef einhverjar eru, oft með skammstöfunum, en úr þeim er leyst í heimildaskrá aftast í skýrslunni.

## *GK-221 Lambastaðir*

Á jörðina er fyrst minnst **um 1500** í skrá um landamerki milli Víkr á Seltjarnarnesi (Reykjavíkr), Örfæriseyjar, Eiðs og Lambastaða. Skrifað um 1570 (Bessastaðabók). Þar segir: "þadann og vestur j griot gard firir svnnann eidz tiornn og ofan þar sem gardvrinn geingvr sydvr j sio firir avstan lambastadi" DI VII 458.
**Þann 10. mars 1553** er minnst á Lambastaði í staðfestingarbréfi Kristjáns konungs þriðja á veitingu þeirra jarða er Páll Hvítfeldr hafði lagt skólameistaranum í Skálholti. Þar segir: "Wii , Christiann etc. giiöre alle witherligt. att eptherthij oss elskelige Pouell Huitfeld. wor mannd oc thiennere. haffuer epther wor beffalling vdlaugd thette eptherschreffne goedtzs. paa vort lannd Islannd liggenndis. til scholemesters wnderhollning til Schalotzs(!) domkyrcke.... Lampestadom iiij köer." DI XII 524.
**3. júlí 1556** eru Lambastaðir meðal þeirra jarða sem færast úr eignarhaldi Skálholtsstóls og yfir til konungs í skiptum fyrir Bjarnanesjarðir sbr. "sub Anno gratiæ 1556. faustudaginn næstan eptter visitatio Mariæ j Skalholltti. vorum vier j hia saum og heyrdum aa ad Knut Steinsson konunglig Maiestatis liensmann yfer Island giordi suoddan skiptti og byting vid herra Gijsla Jonsson. huer þa var settur af kongligu valldi yfer Skalholltt og Skalholltzsticktti til ad stiorna og regera heilax religionis vegna. ad eptter þui konunglig Maiestatis jinnsigludu brieffui sem vpp var lesid a alþingi. ad þær iarder sem Skalholltz domkirkia atti a Seltiarnarnesi og Alttanesi. hueriar ad voru j þad mund atta ad taulu hueriar ad suo heita. Nes. skilldinganes. Eidi. Lambastader. Eyuindarstader. Suidholltt. Skogtiaurn og Brecka. skylldu þessar iarder falla til kongdomsins med kugilldum og árligri afgiptt." DI XIII 139.
**1703:** Dýrleiki óviss, konungseign. "Munnmæli eru að af þessari jörð sje til forna, so em hjáleiga, bygð jörðin Hrólfsskáli, en sann á því vita menn ekki," JÁM III, 235. Hjáleigur 1703: Tjarnarhús, Melshús og voru þá báðar í byggð. Afbýli 1916: Melshús, Melstaður, Sanitas og Vegamót. Í Seltirningabók segir (bls. 103): "Um 1865 var jörðin seld undan Lambastöðum og hún þá talin vera 5 hundruð eða fjórðungur af verði heimajarðarinnar."




**1703:** "Túnið brýtur sjór mjög til skaða. Engjar eru öngvar. Útgángur hættur og voveiglegur fyrir mógröfum til stórmeina." JÁM III, 234. 1916: Tún 3,1 teigar (9,9 dagsl.). Túnið sléttað og greiðfært, garðar 2090 m2.

**GK-221:001** *Lambastaðir* bæjarhóll bústaður 64°08.806N 21°59.063V
Íbúðarhús Lambastaða, sem merkt er inn á túnakort frá 1916, var byggt 1901 og stendur enn. Það er timburhús á steinsteyptum grunni með kjallara. Húsið er nú Lambastaðabraut 10 og er við götuna þar sem hún beygir til vesturs.


*GK-221:001: Hestasteinn að húsabaki á Lambastöðum, horft beint niður að vörinni og húsunum upp haf henni. Horft til suðausturs.*

Timburhús á steinsteyptum grunni, byggt fast við núverandi gangstétt. Suðvestan og suðaustan við húsið er baklóð í halla niður að sjó.
Ekki er hægt að tala um eiginlegan bæjarhól á þessum stað. Reyndar hallar landi frá íbúðarhúsinu niður (til suðurs) að sjó og gatan Lambastaðabraut liggur sömuleiðis upp dálitla brekku (til norðurs) áður en komið er að íbúðarhúsinu. Umhverfi er hins vegar búið að gjörbreyta á þessum slóðum þar sem þétt íbúðarhúsabyggð hefur risið. Eins og von er með bæ sem horfið hefur í þéttbýli er nær ógjörningur að leggja mat á það frá yfirborði hvort uppsafnaðar mannvistarleifar kunni að reynast undir sverði á Lambastöðum eða í næsta nágrenni. Líklegt verður þó að teljast að svo kunni að vera. Í bakgarði íbúðarhússins á Lambastöðum er hestasteinn. Steinninn er rúmlega 1 m á lengd, 0,5 m á breidd en 0,3-0,4 m á hæð. Hann er ferhyrndur með rúnuðum hornum. Í steininum eru tvær járnlykkjur og á einum stað skarð sem virðist manngert.
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar
**Heimildir:** Túnakort 1916

**GK-221:002** heimild um útihús 64°08.792N 21°59.078V
Um 12 m SSA við Lambastaði 001 var útihús samkvæmt túnakorti frá 1916. Efsti hluti útihúsanna, sem af túnakortinu að dæma voru stór útihúsasamstæða, var um 15 m ofan við fjöru. Á þessum slóðum er nú bakgarður Lambastaða (nú íbúðarhús nr. 10 við Lambastaðabraut). Þar er sléttuð grasflöt í halla að sjó. Útihúsið hefur að hluta horfið undir íbúðarhús sem er sambyggt íbúðarhúsinu nr. 10. Engin ummerki útihúsanna sjást nú á yfirborði.
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar
**Heimildir:** Túnakort 1916

**GK-221:003** *Lambastaðavör* heimild um lendingu 64°08.779N 21°59.105V
Lambastaðavör er merkt inn á túnakort frá 1916. Í örnefnaskrá segir: "Aðeins austan við bæinn [001] var Lambastaðavör." Vörin hefur verið tæpum 50 m SSV við bæ 001, beint fram af timburskýli með tveimur burstum sem er við sjávarsíðuna. Að skýlinu liggja brautir fyrir báta. Grýtt fjara. Upp af henni er bátaskýli grafið inn í barðið og þar upp af er slétt grasflöt í halla upp að íbúðarhúsinu.

Nokkuð djúpt er beint fram af fram af bátaskýlinu. Vörin var skráð í Fornleifaskráningu á Seltjarnarnesi sem gerð var um 1980 og var þar númer 59. Í skránni segir: "Lambastaðavör. Ofan við hana er lítið timburhús með tveimur burstum og liggja þangað brautir fyrir tvo báta."
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar
**Heimildir:** Túnakort 1916; Ö-Seltjarnarnes GSM, 1; Fornleifaskráning á Seltjarnarnesi ÁÓG, 23

**GK-221:004** *Lambastaðasel* heimild um sel
1703: "Selstöðu þykjast nokkrir heyrt hafa jörðinni eignaða þar sem heitir undir Selfjalli og kallað er Lambastaðasel," segir í jarðabók Árna og Páls. Selið er nú utan þess svæðis sem tilheyrir Seltjarnarneskaupstað og var því ekki skráð. Samkvæmt þeim upplýsingum sem hægt er að sjá á heimasíðunni Ferli (www.ferlir.is) sjást tóftir selsins ennþá undir Selfjalli, sem er fyrsta fjallið, á hægri hönd þegar keyrt er til austurs frá Reykjavík.

Selið er ofan Lækjarbotna, nærri læk sem þar rennur, norðvestan við Selfjall. Samkvæmt Ómari Smára Ármannssyni, sem heldur úti heimasíðunni www.ferlir.is og er þaulkunnugur á Reykjanesi sjást enn rústir á þessum slóðum þó að eitthvað rask hafi átt sér stað á þessum slóðum og ný hús verið byggð. Samkvæmt honum

var víða hætt að hafa í seli um 1870 á þessum slóðum
**Heimildir:** JÁM III, 233, www.ferlir.is og bréf frá Ómari Smára Ármannssyni til Elínar Óskar Hreiðarsdóttur, dagsett 16. mars 2006.

**GK-221:005** heimild um lendingu 64°08.777N 21°59.105V
1703: "Heimræði er árið um kring og lending í lakara lagi, gánga þó skip ábúanda eftir hentugleikum. Kóngsskip hefur hjer til forna gengið fjögra manna far, en þó skjaldan [svo]. Verbúð fylgdi því engin, en ábúandi hýsti háseta. Inntökuskip aldrei eður mjög sjaldan," segir í jarðabók Árna og Páls. Ekki er nákvæmlega vitað hvar lending Lambastaða var um aldamótin 1700 þegar Árni og Páll rita jarðabók sína en ekki er ólíklegt að hún hafi verið á svipuðum slóðum og hún var síðar (sjá 003).
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar
**Heimildir:** JÁM III, 234

**GK-221:006** *Tjarnarhús* bæjarstæði bústaður 64°08.745N 21°58.860V
"Tiarnarhus, hjáleiga. Jarðardýrleiki er óviss," segir í jarðabók Árna og Páls frá 1703. "Lambastaðatjörn var austnorðaustur af bænum [001]. Við vestari enda hennar var Tjarnarhús, hjáleiga frá Lambastöðum, skammt austur af húsinu. Þar voru rústir, svo að Kjartan [Einarsson heimildarmaður fæddur 1914] mundi til. Síðasti ábúandi fórst 1898," segir í örnefnaskrá. Í Seltirningabók segir um sama býli: "Tjarnarhús. Þau stóðu milli Lambastaða og sjávar og eru fyrst nefnd 1703, þá sem hjáleiga frá Lambastöðum. Fylgdu þau lengst af þeirri jörð, en um 1865 keypti Ólafur í Mýrarhúsum þau ásamt Melshúsum [007]. Hjáleigan verðist ekki hafa alltaf verið í byggð á 18. öld, t.d. ekki um miðja öldina en hins vegar mestalla 19. öld,". Nú er umhverfi á þessum slóðum gjörbreytt. Tjörnin sjálf hvarf árið 1953 og nú hafa verið byggð íbúðarhús þar sem Tjarnarnhús voru. Síðustu íbúðarhús í Tjarnarhúsum voru rifin um 1902 samkvæmt Seltirningabók. Á þeim slóðum sem Tjarnarhús voru eru nú eftirfarandi hús við Tjarnarstíg: eitt tvíbýlishús (nr. 16 og 18) og tvö einbýlishús nr. 20 og 22. Húsin eru nálega þar sem Tjarnarstígur beygir til VNV.
Engar minjar sjást nú um býlið enda allt umhverfi gjörbreytt á þessum slóðum.
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar
**Heimildir:** JÁM III, 234; Ö-Seltjarnarnes GSM, 2; Seltirningabók, 101 og 103

**GK-221:007** *Melshús* bæjarstæði bústaður64°08.893N 21°59.259V"Melshus, önnur hjáleiga. jarðardýrleiki er óviss," segir í jarðabók Árna og Páls frá 1703. "Melshús voru hjáleiga frá Lambastöðum [001], stóðu nokkru vestar. Þar var mikil útgerð og fiskverkun á dögum Thors Jensen, en hann keypti bæði hluta af Lambastaða- og Hrólfsskálalandi og lagði til Melshúsa," segir í örnefnaskrá. Í Seltirningabók er getið um býlið. Þar segir: "Óljóst er um búsetu í Melshúsum á 18. öld, en hins vegar var alltaf búið þar á 19. öld. Um 1865 var jörðin seld undan Lambastöðum og hún þá talin vera 5 hundruð eða fjórðungur af verði heimajarðarinnar." Tvö hús eru merkt inn á túnakort frá 1916 sem Melshús. Sjálft íbúðarhúsið var austan við götu sem áður lá á milli húsanna en útihúsasamstæða (sjá 029) var vestan hennar. Samkvæmt túnakortinu voru aðeins um 5 m á milli íbúðarhússins og útihúsasamstæðunnar og þar á milli lá gata (sjá 022). Melshús voru neðan (suðvestan) við íbúðarhús númer 7 við Sólbraut en ofan (norðaustan) við íbúðarhús númer 6 og 8 við Sæbraut. Samkvæmt túnakorti frá 1916 var tún Melshúsa 4,3 teigar og garðar 2400m2. Auk bæjar og útihúsasamstæðu (sjá 029) er merkt bryggja (023), fiskhús (024) og þurrkunarreitur (025). "Á árunum 1914-1939 rak Thor Jensen kúabú í Melshúsum og útgerðarfélag hans, Kveldúlfur, rak fiskverkun á hluta jarðarinnar. Voru gerðir miklir fiskreitir, lagðar sporbrautir og reist fiskþvottahús, blautfiskjarhús og verkafólkshús. Öll þessi hús voru komin 1917 og árið 1930 hafði lifrarbræðslustöð bætt við. Tvær bryggjur fyrir uppskipunarbáta voru gerðar, en fiskurinn var fluttur á þeim úr Reykjavíkurhöfn," segir í Seltirningabók. Á ljósmynd sem tekin var af Melshúsum í ágúst 1940




og birtist í bókinni Ísland í hers höndum má sjá að þá hafa verið 3,7 þumlunga loftvarnarbyssur við bæinn. Á ljósmyndinni má sjá tvær af átta byssum samkvæmt myndatexta.
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar
**Heimildir:** JÁM III, 234; Ö-Seltjarnarnes GSM, 2; Seltirningabók, 103-5, Túnakort 1916 og Ísland í hers höndum, 86.

**GK-221:008** heimild um leið 64°08.749N 21°58.785V
"Með sjónum var Lambastaðagrandi. Um hann var alfaraleið á suðurhluta nessins," segir í örnefnaskrá. Svæðið milli Tjarnar og sjávar (þ.e. norðan sjávar en sunnan Tjarnar) var kallað Lambastaðagrandi. Um miðja 20. öld var tjörnin fyllt og því er ekki grandi á þessum stað lengur en örnefnið hefur haldist um svæðið upp frá sjó vestan við íbúðarhús við Nesveg 105. Engin ummerki sjást nú um leið á þessum slóðum. Um er að ræða stutt svæði milli bakgarða húsa við Tjarnarstíg og sjávar.
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar
**Heimildir:** Ö-Seltjarnarnes GSM, 1

**GK-221:009** *Oddhóll* þjóðsaga huldufólksbústaður 64°08.920N 21°58.954V
"Oddhóll var grjóthóll í Lambastaðamýrinni, þar sem Stóri-Ás stendur nú. Huldufólkstrú var á honum," segir í örnefnaskrá. Grjóthólnum var líklega rutt út þegar íbúðarhúsið Kolbeinsstaðir, sem síðar fékk nafnið Stóri-Ás, var byggt. Á stríðsárunum var rekin veitingakrá fyrir hermenn á Kolbeinsstöðum. Á sama stað Stóri-Ás er íbúðarhús við Suðurmýri númer 42b. Steinsteypt íbúðarhús á tveimur hæðum og með risi er nú á þeim stað sem Oddhóll var áður. Íbúðarhúsið stendur fjær götunni Suðurmýri en önnur hús við götuna.
Íbúðarhúsið Kolbeinsstaðir var fyrst byggt árið 1925. Þegar það var reist var byggt við það útihús.
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar
**Heimildir:** Ö-Seltjarnarnes GSM, 1-2 og Seltirningabók, 98-99.

**GK-221:010** *Sanitas* heimild um 64°08.902N 21°59.043V
"Fyrsta gosdrykkjaverksmiðjan á landinu, Sanitas, stóð aðeins utar [en Oddhóll 009], sunnan við Nesveg," segir í örnefnaskrá. Í Seltirningabók er fjallað um verksmiðjuna. Þar segir: " Í landi Melshúsa, nálægt Hreppsveginum [Nesvegi 224:101] var 1905 reist hús fyrir gosdrykkjaverksmiðjuna Sanitas. Hún hóf starfsemi sína 30.

nóvember þar ár og var rekin í þessu húsi til 1916. ... Eftir brottflutning verksmiðjunnar var húsið notað sem íbúðarhús þar í nokkur ár, en síðan var það flutt yfir veginn og nefnt Teigur. Þetta var timburhús með viðbyggingu, 7,6x8,8 m." Verksmiðjan var, eins og áður kom fram, byggð úr landi Melshúsa GK-221:007. Til er túnakort frá 1916 þar sem verksmiðjan er sýnd. Þá var túnið kringum verksmiðjuna 0,06 teigar. Verksmiðjan var nálægt horni Skerjabrautar og Nesvegar.
Á þessum slóðum er nú raðhús (Skerjabraut 2-8) en Sanitas var milli þess og Skerjabrautar. Samkvæmt túnakortinu frá 1916 var verksmiðjan um 30 m vestan við þáverandi Nesveg 224:101. Engin merki sjást nú um verksmiðjuna.
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar
**Heimildir:** Túnakort 1916; Ö-Seltjarnarnes GSM, 1; Seltirningabók, 106

**GK-221:011** heimild 64°08.726N 21°58.665V
"Næst vestan við Skildinganesland tók við fyrst hluti af Víkurlandi. Verður því sleppt hér, nema frá því má segja, að Vík átti heim að grjótgarði, sem var fyrir sunnan Lambastaði," segir í örnefnaskrá. Ekki er alveg ljóst af lýsingu þessari hvort umræddur garður hefur verið merkjagarður á merkjum Víkur og Lambastaða en það er þó afar sennilegt. Hnit voru tekið á mörkum jarðanna. Þar eru nú bæjarmörk Seltjarnaress en engin ummerki sjást um fornan garð enda umhverfi nú gjörbreytt á þessum slóðum. Garðurinn hefur verið vestan við íbúðarhús númer 105 við Nesveg og legið nálega þar sem nú eru íbúðarhús við Sörlaskjól, milli Nesvegar og sjávar.
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar
**Heimildir:** Ö-Seltjarnarnes AG, 3

**GK-221:012** *Melstaður* bæjarstæði bústaður 64°08.934N 21°59.172V
"Melstaður. Þar var járnklætt timburhús, reist um aldamót í stað torfbæjar," segir í Seltirningabók. Melstaður var afbýli úr Melshúsum GK-221:007. Á túnakorti frá 1916 eru merkt inn tvö hús í landi Melstaðar (sjá einnig 021). Þá var tún 0,8 teigar og garðar 1600 m2. Samkvæmt túnakorti frá 1916 var Melstaður um 100 m VNV við Sanitas 010 en um 110 m norðan við Melshús 007. Inn á túnakortið eru skráð tvö aðskilin hús en ekki er ljóst hvort þeirra er íbúðarhúsið og hvort er útihúsasamstæða. Það austara, sem hér er skráð, er þó líklegra til að hafa verið íbúðarhús. Við það var sambyggður kálgarður. Húsið hefur verið nálægt garðamörkum milli Selbrautar 7 og 9. Þar sem Melstaður var eru nú stæðileg einbýlishús með lóðum umhverfis. Engin ummerki sjást um húsið.
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar
**Heimildir:** Túnakort 1916; Seltirningabók, 106

**GK-221:013** *Vegamót* hús bústaður 64°08.785N 21°58.612V
"Árið 1903 var reist húsið Vegamót í Lambastaðalandi á mörkum Reykjavíkur og Seltjarnarness. Það var seinna flutt norður á lóðina og er nú hluti af Vegamótum II," segir í örnefnaskrá. Vegamót var þurrabúð byggð úr landi Lambastaða árið 1903. Bærinn er merktur inn á túnakort frá 1916. Þá voru tún Vegamóta 0,02 teigar, allt sléttað. Kálgarður 350 m2. Eldra bæjarstæði Vegamóta telst nú til fornleifa. Nú eru tvö steinsteypt íbúðarhús kölluð Vegamót, þ.e. Litlu-Vegamót eða Vegamót II annars vegar og Vegamót I. Vegamót I er hús nr. 100 við Nesveg. Það er




steinsteypt og var byggt 1932. Nú er rekin fiskbúð í hluta hússins. Vegamót II er eldra íbúðarhúsið sem að stofni er frá 1903 en margsinnis hefur verið byggt við húsið og því breytt, auk þess sem um 1930 var byggð hæð undir gamla húsið og því lyft upp á hana. Húsið er nú nr. 102 við Nesveg. Hús, sem að stofni er elsta Vegamótahúsið, stendur enn. Það er bárujárnklætt timburhús.
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar
**Heimildir:** Túnakort 1916; Ö-Seltjarnarnes GSM, 1

**GK-221:014** *Melskot* bæjarstæði býli

"Melskot er tómthús, sem aðeins hefur verið í byggð í örfá ár í kringum 1785. ... Horfin 1786," segir í Seltirningabók. Melskot var horfið síðla á 18. öld og staðsetning þess er því alveg týnd.
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar
**Heimildir:** Seltirningabók, 106

**GK-221:015** heimild um kálgarð 64°08.816N 21°59.080V
Kálgarður var um 4 m vestan við Lambastaði 001 samkvæmt túnakorti frá 1916. Garðurinn hefur verið milli bæjarins (íbúðarhússins við Lambastaðabraut 10 sem er gamli Lambastaðabærinn 001) og Lambastaðabrautar 8. Þar sem garðurinn var er að mestu leyti steinsteypt plan milli húsa en hann hefur þó náð inn á grasflöt sem er við Lambastaðabraut 10. Samkvæmt túnakorti frá 1916 hefur garðurinn verið nálega 16 X 16 m stór.
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar
**Heimildir:** Túnakort 1916

**GK-221:016** heimild um kálgarð 64°08.807N 21°59.045V
Samkvæmt túnakorti frá 1916 var kálgarður tæpum 10 m austan við Lambastaði 001. Hann hefur verið þar sem nú er bakgarður hússins Helgafells (byggt 1935) sem er suðaustan við götuna Lambastaðabraut þar sem hún beygir til norðvesturs.Baklóð. Garðurinn hefur verið nálægt lóðamörkum, í suðvesturhorni lóðarinnar. Stuttur hryggur er nálægt horninu en óljóst hvort hann sé ummerki um kálgarðinn eða einungis merki um síðari tíma garðyrkju. Samkvæmt túnakorti hefur garðurinn verið nokkuð stór eða um 24 X 20 m. Samkvæmt því mætti ætla að hann hefði náð yfir stærstan hluta lóðar Helgafells frá suðausturhorni.
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar
**Heimildir:** Túnakort 1916

**GK-221:017** heimild um kálgarð 64°08.798N 21°59.089V
Samkvæmt túnakorti frá 1916 var kálgarður í halla að sjó um 12 m SSV við Lambastaði 001. Jónína Helgadóttir man eftir gerðinu en á milli þess og útihúss 002 var stutt, aðeins göngustígur niður að sjó. Rennislétt grasflöt er nú á þessum slóðum (bakgarður Lambastaðabrautar 10). Svæðinu hallar að sjó. Garðurinn hefur, samkvæmt túnakorti frá 1916, verið um 32 m á lengd en rúmlega 20 m á breidd. Hann virðist hafa náð alveg að fjöru.
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar
**Heimildir:** Túnakort 1916

**GK-221:018** heimild 64°08.784N 21°59.097V
Inn á túnakort frá 1916 er merkt gerði. Það var fast neðan (SSV) við útihús 002, milli þeirra og sjávar. Vör 003 var beint neðan við gerðið og því ekki ólíklegt að gerðið hafi verið einhvers konar naust enda lágu brautir fyrir báta upp úr fjörunni á þessum stað. Gerðið hefur verið þar sem bátaskýli úr timbri er nú, grafið inn í bakkann. Engin merki gerðisins sjást nú.
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar
**Heimildir:** Túnakort 1916

**GK-221:019** heimild um kálgarð 64°08.763N 21°58.996V
Um 110 m ASA við Lambastaði 001 var stór kálgarður við sjávarmál samkvæmt túnakorti frá 1916. Samkvæmt túnakortinu var garðurinn innan við 20 m vestan við Tjörn sem var þurrkuð upp um miðbik 20. aldar. Gerðið hefur verið þar sem nú er bakgarður íbúðarhúss númer 10 við Tjarnarstíg. Baklóð íbúðar. Á lóðinni er um 10 m langur hryggur sem er 2-3 m breiður og á fleiri stöðum í nágrenninu eru nokkrar ójöfnur. Ekki er óhugsandi að þar sé að finna leifar kálgarðsins. Samkvæmt túnakorti var gerðið ferhyrnt og um 30 m á kant.
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar
**Heimildir:** Túnakort 1916

**GK-221:020** heimild um leið 64°08.833N 21°58.991V
Samkvæmt túnakorti frá 1916 lá vegur frá Nesvegi 224:101 heim að Lambastöðum 001. Samkvæmt túnakortinu var vegurinn um 140 m langur og hugsanlega hefur verið eitthvert mannvirki á/í veginum um 70 m frá Lambastöðum 001, um miðbik leiðarinnar að Nesvegi 224:101. Þar er merktur agnarsmár kassi inn á túnakort nálega þar sem nú er íbúðarhús númer 13 við Lambastaðabraut. Engin ummerki eru um eldri veg á þessum slóðum en Lambastaðabraut er á svipuðum stað og eldri gatan lá.
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar
**Heimildir:** Túnakort 1916

**GK-221:021** *Melstaður* heimild um útihús 64°08.933N 21°59.176V
Melstaður var afbýli úr Melshúsum GK-221:007. Á túnakorti frá 1916 er merkt inn tvö hús í landi Melstaðar (sjá einnig 012). Þá var tún 0,8 teigar og garðar 1600m2. Samkvæmt túnakorti frá 1916 var Melstaður um 100 m

VNV við Sanitas 010 en um 110 m norðan við Melshús 007. Inn á túnakortið eru skráð tvö aðskilin hús en ekki er ljóst hvort þeirra er íbúðarhúsið og hvort er útihúsasamstæða. Það vestara, sem hér er skráð, hefur þó líklega verið útihússamstæða. Húsið hefur verið nálægt garðamörkum milli Selbrautar 7 og 9. Þar sem Melstaður var eru nú stæðileg einbýlishús með lóðum umhverfis. Vestara húsið, sem hér er skráð, virðist samkvæmt túnakorti frá 1916 hafa verið samsett úr fjórum einingum. Engin ummerki sjást nú um húsið.
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar
**Heimildir:** Túnakort 1916

**GK-221:022** heimild um leið 64°08.887N 21°59.078V
Frá Nesvegi 224:101 lá gata fram hjá Sanitas 010 og áfram til vesturs og síðan suðvesturs um hlaðið á Melshúsum 007 og áfram að þurrkunarreit 025. Efsti hluti leiðarinnar var stutt noraðn við Skerjabraut gerir nú en annars lá hann að mestu um íbúðarhúsahverfi þar sem nú eru göturnar Sel- Sól- og Sæbraut. Engin ummerki sjást nú um götuna.
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar
**Heimildir:** Túnakort 1916

**GK-221:023** *Melshúsabryggja* heimild um bryggju 64°08.916N 21°59.462V
"Á árunum 1914-1939 rak Thor Jensen kúabú í Melshúsum og útgerðarfélag hans Kveldúlfur, rak fiskverkun á hluta jarðarinnar. Voru gerðir miklir fiskreitir, lagðar sporbrautir og reist fiskþvottahús, blautfiskjarhús og verkafólkshús. Öll þessi hús voru komin 1917..." segir í Seltirningabók. Bryggja var nálega beint fram af botnlanga Selbrautar. Bryggjan var úr tré og er merkt inn á túnakort frá 1916. Undirstöður bryggjunnar eru enn greinilegar í undir sjávarborði. Bryggjan var beint neðan við hús nr. 86 við Selbraut (neðsta húsið á þessum slóðum). Önnur bryggja sem ásamt þessari var nefnt Melshúsabryggja var um 250 m suðaustan við þessa bryggju (sjá 026). Stórgrýttur varnargarður hefur nú verið reistur við sjávarmálið á þessum slóðum. Af loftmynd má greina að bryggjustoðirnar ná 50-60 m út í sjó og samkvæmt túnakorti var bryggjan rúmir 60 m á lengd. Þau mannvirki sem byggð voru fyrir 1916 eru hér öll skráð í fornleifaskránna, jafnvel þó þau nái ekki 100 ára aldri og teljist því ekki enn friðhelgar fornleifar skv. skilgreiningu laga
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar
**Heimildir:** Túnakort 1916, Seltirningabók, 104 og litaloftmynd

**GK-221:024** heimild 64°08.913N 21°59.453V
"Á árunum 1914-1939 rak Thor Jensen kúabú í Melhúsum og útgerðarfélag hans Kveldúlfur, rak fiskverkun á hluta jarðarinnar. Voru gerðir miklir fiskreitir, lagðar sporbrautir og reist fiskþvottahús, blautfiskjarhús og verkafólkshús. Öll þessi hús voru komin 1917..." segir í Seltirningabók. Inn á túnakort frá 1916 er merkt fiskhús um 160 m vestan við Melshús 012. Fiskhúsið hefur verið um 5 m austan við bryggjuna 023. Á þessum stað er eins konar stallur í sjóvarnargarðinn, beint neðan (SSV) við íbúðarhús nr. 86 við Selbraut (neðsta íbúðarhúsið í götunni). Gengið er út á stallinn úr bakgarði íbúðarhússins. Engin ummerki um fiskhúsið sjást nú. Þau mannvirki sem byggð voru fyrir 1916 eru hér öll skráð í fornleifaskránna, jafnvel þó þau nái ekki 100 ára aldri og teljist því ekki enn friðhelgar fornleifar skv. skilgreiningu laga.
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar
**Heimildir:** Túnakort 1916 og Seltirningabók 104

**GK-221:025** þúst 64°08.914N 21°59.423V
"Á árunum 1914-1939 rak Thor Jensen kúabú í Melhúsum og útgerðarfélag hans Kveldúlfur, rak fiskverkun á hluta jarðarinnar. Voru gerðir miklir fiskreitir, lagðar sporbrautir og reist fiskþvottahús, blautfiskjarhús og verkafólkshús. Öll þessi hús voru komin 1917..." segir í Seltirningabók. Inn á túnakort frá 1916 er merkt e.k. gerði sem var þurrkunarreitur. Það var um 5 m austan við fiskhús 024 og náði að sjávarmáli. Þurrkunarreiturinn var í bakgarði íbúðarhúss nr. 17 við Sæbraut. Í garðinum er hryggur sem er um 16 langur norðaustur-suðvestur en frá honum liggur annar hryggur suðaustur-norðvestur í 18-20 m. Hæð hryggjanna er um 0,4 m og ekki er ólíklegt að undir sverði leynist frekari leifar af gerðinu. Samkvæmt túnakorti var gerðið um 14 X 30 m stórt árið 1916. Þau mannvirki sem byggð voru fyrir 1916 eru hér öll skráð í fornleifaskránna, jafnvel þó þau nái ekki 100 ára aldri og teljist því ekki enn friðhelgar fornleifar skv. skilgreiningu laga.
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar
**Heimildir:** Túnakort 1916 og Seltirningabók, 104

**GK-221:026** mannvirki bryggja 64°08.817N 21°59.250V

"Á árunum 1914-1939 rak Thor Jensen kúabú í Melhúsum og útgerðarfélag hans Kveldúlfur, rak fiskverkun á hluta jarðarinnar. Voru gerðir miklir fiskreitir, lagðar sporbrautir og reist fiskþvottahús, blautfiskjarhús og verkafólkshús. Öll þessi hús voru komin 1917..." segir í Seltirningabók. Í tengslum við útgerðina voru byggðar tvær bryggjur og sjást leifar þeirra beggja enn (sjá líka 023). Suðaustari bryggjan er 230-240 m suðaustan við þá nyrðri. Hún liggur út í sjó milli íbúðarhúss nr. 2 við Hamarsgötu og húss nr. 1 við Sæbraut. Malarstígur liggur út að sjó á þessum slóðum.

Stórgrýttur sjóvarnargarður er í fjörunni.

Bryggjan er steinsteypt og er um 35 m löng en 9-10 m breið. Þau mannvirki sem byggð voru fyrir 1916 eru hér öll skráð í fornleifaskránna, jafnvel þó þau nái ekki 100 ára aldri og teljist því ekki enn friðhelgar fornleifar skv. skilgreiningu laga



*GK221:026: Leifar bryggjunnar sjást ennþá greinilega, horft til suðvesturs*

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar
**Heimildir:** Túnakort 1916 og Seltirningabók 104

**GK-221:027** tóft 64°08.722N 21°58.682V

Um 70 m SSV við götuna Nesveg, fast vestan við merki Reykjavíkur og Seltjarnarness er hringlaga þúst. Þústin gæti hugsanlega verið leifar af gömlu mannvirki en ekki er óhugsandi að hún sé af síðari tíma mannvirki.






*GK-221:027: Tóftin sem er rétt við lóðamörk Nesvegar 105, horft til ANA*

Tóftin er um 10 m norðan við sjávarmál, stutt SSV við bakgarð húss nr. 107 við Nesveg en fast VNV við íbúðarhús nr. 105 við Nesveg. Tóftin er hringlaga og um 11 m í þvermál. Norðurhlið tóftarinnar er skýrust en að sunnan er tóftin niðurgrafin. Op er á austurvegg en svo virðist garðlag liggja frá tóftinni og til vesturs í a.m.k. 22 m.
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**GK-221:028** heimild 64°08.905N 21°59.413V

"Á árunum 1914-1939 rak Thor Jensen kúabú í Melhúsum og útgerðarfélag hans Kveldúlfur, rak fiskverkun á hluta jarðarinnar. Voru gerðir miklir fiskreitir, lagðar sporbrautir og reist fiskþvottahús, blautfiskjarhús og verkafólkshús. Öll þessi hús voru komin 1917..." segir í Seltirningabók. Rúmum 30 m ASA við Melhúsabryggju 023 er merkt mannvirki inn á túnakort frá 1916. Hvaða hlutverki mannvirkið gegndi kemur ekki fram á túnakortinu en þar segir "veggir (steyptir) við sjó". Mannvirkið var í suðurhluta lóða við íbúðarhús 5 til 15 við Sæbraut. Eftir mannvirkinu miðju gekk mjó braut eða vegur, hugsanlega sporbrautin sem getið er í Seltirningabók. Mannvirkið var fast ofan við sjávarmál þar sem nú er sjóvarnargarður og lóðamörk húsa við Sæbraut. Það hefur verið gríðarstórt eða 35-40 m á breidd en um 150 m á lengd. Veggir þess sjást víða í bakgörðum húsanna, t.d. við húshorn Sæbrautar 15 þar sem hnit var tekið. Hugsanlega hefur mannvirkið verið þurrkunarreitur líkt og 025. Ekki er víst að mannvirkið

**Heimildir:** Túnakort 1916 og Seltirningabók, 104

**GK-221:029** heimild um fjós 64°08.894N 21°59.265V
"Á árunum 1914-1939 rak Thor Jensen kúabú í Melhúsum..." segir í Seltirningabók. Samkvæmt túnakorti frá 1916 voru útihús um 5 m frá Melshúsum 007 og var gata þar á milli og áfram að sjó (sjá 022). Útihúsin voru byggð úr a.m.k. þremur einingum og snéru SSA-NNV. Samkvæmt Seltirningabók rak Thor Jensen kúabú í Melhúsum á þeim tíma sem túnakortið var teiknað og loftmynd frá 1930 má sjá að þá (Seltirningabók, 106) var umfangsmikil, steinsteypt útihúsasamstæða á sama stað og var hún fjós. Það er því líklegast að samstæðan sem sýnd er á túnakorti hafi verið fjósbygging. Húsið hefur verið á milli húsa númer 6 og 8 við Sæbraut, nærri lóðamörkum milli húsa númer 7 og 9 við Sólbraut. Bakgarður í einbýlishúsabyggð. Á lóð húss nr. 9 við Sólbraut er upphleyptur hryggur. Hann er L-laga, aflíðandi og rennisléttur og gæti verið seinni tíma skjólgarður en ekki er útilokað að hann sé leifar af eldra mannvirki. Hann er u.þ.b. 6 m langur en beygir svo og liggur í 3 m til viðbótar. Stærri armur er samsíða lóðamörkum við Sæbraut 8.
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar
**Heimildir:** Túnakort 1916 og Seltirningabók, 105

**GK-221:030** heimild um kálgarð 64°08.791N 21°58.621V
Kálgarður var áður aftan við bæinn Vegamót 013. Hann er merktur inn á túnakort frá 1916 innan við 5 m norðvestan við bæinn. Þar sem kálgarðurinn var er nú þétt íbúðarhúsabyggð við Grænumýri. Kálgarðurinn hefur horfið í íbúðahúsabyggð. Af túnakortinu að dæma hefur kálgarðurinn verið nokkuð stór eða um 25 X 20 m. Hann var óreglulegur í lögun. Samkvæmt merkingu á túnakortinu mætti frekar ætla að kálgarðsreiturinn hafi ekki verið með hlöðunum garði umhverfis
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar
**Heimildir:** Túnakort 1916

**GK-221:031** heimild um leið 64°08.906N 21°59.072V
Inn á túnakort Melshúsa, Melsstaðar og Sanitas frá 1916 er merkt gata sem lá frá aðalgötunni 022 að Melhúsum við Sanitas 010 og að Melstað 012. Gatan lá frá Sanitas, nálægt horni Nesvegar og Skerjabrautar og skáhallt til norðvesturs, þar sem raðhús við Selbraut eru nú og hefur endað við Melstað 012, þar sem nú er malbikuð gata (Selbraut). Engin ummerki götunnar sjást enda er nú á þessum slóðum þétt íbúðarhúsabyggð. Af túnakortinu að dæma hefur gatan verið um 100 m löng en hún virðist ekki hafa verið eins greinileg (eða upphlaðin) eins og 022.
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar
**Heimildir:** Túnakort 1916

**GK-221:032** *Sabol Camp* heimild um herminjar 64°08.784N 21°58.754V
Á stríðsárunum voru umsvif hersins á Seltjarnarnesi mikil. Þar risu samtals fimm hverfi eða kampar hersins, mjög misstór þó. Eitt þessara hverfa var í Lambastaðalandi. Í Seltirningabók segir: "Loks ber að geta kanadískrar sveitar, sem bar nafnið Caperon Highlanders of Ottawa. Hún var staðsett í Sabol Camp, þ.e. við Sæból í Lambastaðahverfi (Alabaster Force Location Statement No.11 frá 19. des. 1940)." Hverfið hefur verið á milli Sæbóls (Nesbrautar 105) og lítillar tjarnar ofan við sjávarkambinn, suðaustan við götuna Tjarnarstíg.7. Á þessum slóðum er nú íbúðahúsabyggð og bakgarðar.
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar
**Heimildir:** Seltirningabók, 39-40.

## *GK-222 Hrólfskáli*

**1703:** Konungseign.
Jarðarinnar fyrst getið í jarðabók frá **um 1584**. Þá kemur fram að konugur seldi Hrólfsskála og Lambstaði fyrir þriðjung í Reykjavík. Í Jarðabókinni er Hrólfsskáli "hálfbýli kallað, því það hefur ekki fyrirsvar haft nema að helmingi mót lögbýlisjörðum inn til tveggja næstliðinna ára. Jarðadýrleiki er óviss." "Munnmæli eru að af þessari jörð [Lambastöðum] sje til forna, so em hjáleiga, bygð jörðin Hrólfsskáli, en sann á því vita menn ekki," JÁM III, 235-6
**1703**: "Túnin brýtur og fordjarfar sjáfargángur, so að ei er húsum óhætt. Engjar eru öngvar. Útigángur enginn og haglaust um sumur." JÁM III, 237.




**1916:** Tún austara býlis 3,2 teigar, garðar 2300m2. Tún á vestara býli 2,8 teigar, garðar 1700m2. "Túnið allt sléttað, nema mýrlendi bletturinn og litlar blettir stórgrýttir. Utantúns kálg. stór og túnblettur lítill - talinn með." Túnakort 1916.

**GK-222:001** *Hrólfsskáli* bæjarhóll bústaður 64°08.977N 21°59.722V




Bæjarhús Hrólfsskála (I) stóðu á seinni öldum á því svæði sem nú er austan Steinavarar 10 og vestan Hrólfsskálavarar 3, en á milli þessara tveggja húsa eru 50 metrar. Síðasti torfbærinn í Hrólfsskála stóð að líkindum á þýfðum og grónum bletti milli Steinavarar 10 og Hrólfsskálavarar 3, milli malbikaðs bílaplans að sunnan og götunnar Suðurstrandar að norðan. En síðasta bæjarhúsið í Hrólfsskála var timburhús byggt 1880. Það var reist norðan við síðasta torfbæinn, en nú liggur Suðurströnd yfir stæði timburhússins. Þar sem timburhúsið stóð áður er nú malbikuð gata og gangstétt (Suðurgata). Þar suður af er þýfður og gróinn blettur milli tveggja íbúðarhúsa, Steinavarar 10 og Hrólfsskálavarar 3 og sunnan þýfða blettsins er malbikað bílaplan Hrólfsskálavarar.

Svæðið sem íbúðarhús Hrólfsskála stóðu áður á er nú mikið raskað sökum vegagerðar og bygginga og því er ekki hægt að greina þar bæjarhól. Þó er afar líklegt að undir sverði á hinum þýfða bletti milli Steinavarar 10 og Hrólfsskálavarar 3 leynist fornleifar og að þar sé bæjarstæðið minnst raskað. Yngsta íbúðarhúsið í Hrólfsskála var timburhús reist 1880 fyrir norðan síðasta torfbæinn. Timburhúsið var flutt á Suðurnesin árið 1949, nánar tiltekið inn í Voga. Síðasti torfbærinn var í notkun samhliða timburhúsinu og stóð í það minnsta fram yfir 1887, en samkvæmt heimildamanni stóð hann að líkindum undir þaki fram í byrjun 20. aldar. Hleðslugrjót úr grunni timburhússins var nýtt til að hlaða undir heimreið Steinavarar 10 þar sem nú búa afkomendur ábúenda í Hrólfsskála.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** Túnakort 1916; Seltirningabók, 113

**GK-222:002** *Hrólfskáli II* hús bústaður 64°08.963N 21°59.611V



*GK-222:002: Íbúðarhúsið að Hrólfsskálavör 7, fyrrum Hrólfskáli II. Horft til norðurs.*

Á túnakorti frá 1916 sést að Hrólfsskáli er tvíbýli. Í Seltirningabók segir að jörðin hafi orðið að tvíbýli milli 1867 og 1904, en samkvæmt heimildamanni var Hrólfsskáli II reistur á 19. öld. Húsið stendur enn og er íbúðarhús að Hrólfsskálavör 7. Hrólfsskáli II var um 90 m austur af Hrólfsskála I (001). Á blaðsíðu 112 í Seltirningabók er Hrólfsskáli II kallaður 'vesturhús'. Sú nafngift er þó undarleg þar sem Hrólfsskáli II var austan við Hrólfsskála I.

Hrólfsskáli II er nú íbúðarhús með grónum garði sem stendur inni í þéttri bæjarmynd.

Húsið stendur enn og talsvert hefur verið byggt við það í seinni tíð. Gamli hluti hússins, sá sem upphaflega nefndist Hrólfsskáli II,

er sá vestasti og er tvílyft timburhús.
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar
**Heimildir:** Túnakort 1916; Seltirningabók, 112

**GK-222:003** heimild um útihús 64°08.985N 21°59.720V
Samkvæmt túnakorti frá 1916 var útihús um 4 m norður frá Hrólfsskála I (001). Undir malbikuðum vegi og gangstétt (Suðurströnd). Útihúsið er löngu horfið og ekki er vitað hvaða hlutverki það gegndi.
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar
**Heimildir:** Túnakort 1916

**GK-222:004** heimild um útihús 64°08.984N 21°59.731V
Samkvæmt túnakorti frá 1916 var útihús 12 m NNV frá Hrólfsskála I (001) og 3 m VNV af útihúsi 003. Nú er malbikaður vegur og gangstétt (Suðurströnd) þar sem útihúsið var áður. Ekki sést til fornleifar.
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar
**Heimildir:** Túnakort 1916

**GK-222:005** *Vesturhús* heimild um bústað 64°08.975N 21°59.736V
Inn á túnakort frá 1916 er merkt hús, um 10 m norðvestur af bæjarstæði Hrólfsskála 001. Nú er steypt gangstétt og vegur þar sem Vesturhús stóð áður. Um er að ræða timburhús sem sést á túnakorti frá 1916 og á ljósmynd sem tekin var árið 1930 og birtist í Seltirningabók, bls. 111. Samkvæmt heimildamanni var bygging þessi íbúðarhús er kallaðist Vesturhús og var vestanmegin við íbúðarhús Hrólfsskála I frá 1880. Ruglingi veldur að á blaðsíðu 112 í Seltirningabók segir innan sviga að Hrólfsskáli II (nú Hrólfsskálavör 7) kallist 'vesturhús'. Sú nafngift á Hrólfsskála II verður að teljast hæpin því húsið stendur austan við bæjarstæði Hrólfsskála I. Hugsanlega má skýra þetta með því að Hrólfsskáli II hafi upphaflega staðið nokkra metra vestur af bæjarhúsinu og sé það hús sem hér um ræðir, en síðar meir hafi bæjarstæði Hrólfsskála II færst austar, þangað sem nú kallast Hrólfsskálavör 7.
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar
**Heimildir:** Túnakort 1916, Seltirningabók 111, 112

**GK-222:006** *Hrólfsskálavör* heimild um lendingu 64°08.920N 21°59.709V
1703: "Heimræði er árið um kring og lending góð, gánga skip ábúandans eftir hentugleikum. Kóngsskip eitt, fjögra manna far, hefur stundum gengið eitt um vertíð, og þó síðan Heidemann skildi við ekkert. Verbúð fylgir engin, og hýsti bóndinn skipshöfnina. Inntökuskip allskjaldan fyrir undirgift til ábúanda," segir í jarðabók Árna og Páls. Tvær varir eru merktar inn á túnakort frá árinu 1916 og er hér skráð sú eystri, sem kölluð er 'gömul vör' á túnakorti og hefur hún að líkindun verið skammt SSV af bakgarði Hrólfsskálavarar 4. Ekki er vitað hvort 'gamla vörin' á túnakortinu var í notkun í upphafi 18. aldar eða hvort hún sé hin sama og talað er um í JÁM. Samkvæmt túnakorti voru um 60 m á milli varanna veggja í landi Hrólfsskála. Stórgrýtt fjara sem tekur stöðugum breytingum því mikið landbrot á sér stað við ströndina. Ekki vottar lengur fyrir ruddri vör eða öðrum mannvirkjum.
**Hættumat:** engin hætta
**Heimildir:** JÁM III, 237; Túnakort 1916

**GK-222:007** *Hrólfsskálavör* heimild um lendingu 64°08.924N 21°59.791V
1703: "Heimræði er árið um kring og lending góð, gánga skip ábúandans eftir hentugleikum. Kóngsskip eitt, fjögra manna far, hefur stundum gengið eitt um vertíð, og þó síðan Heidemann skildi við ekkert. Verbúð fylgir engin, og hýsti bóndinn skipshöfnina. Inntökuskip allskjaldan fyrir undirgift til ábúanda", segir í jarðabók Árna og Páls. Tvær varir eru merktar inn á túnakort frá árinu 1916 og er hér skráð sú vestari. Ekki er vitað hvort vör þessi var í notkun í upphafi 18. aldar eða hvort hún sé hin sama og talað er um í JÁM, en 'gamla vörin' 006 er þó líklegri til að vera sú sama og nefnd er í jarðabók. "Hestasteinn (016) er einstakur steinn niður við Hrólfsskálavör," segir í örnefnaskrá. Vestari vörin sem merkt er á túnakortið hefur að líkingum verið beint niður (SSV) af Steinavör 10. Sendin og grýtt fjara sem tekur stöðugum breytingum því mikið landbrot á sér stað við ströndina. Ekkert sést til ruddrar varar né annarra mannvirkja á þessum slóðum. Vörin hefur verið í skjóli vestan við lítinn tanga er kallast Stóraklöpp. Pétur Sigurðsson fyrrum ábúðandi í Hrólfsskála hlóð á 20. öld skjólgarð (nr. 47.2 í Fornleifaskráningu ÁÓG) til að bæta lendinguna en hann hefur sjórinn nú brotið á nokkrum áratugum svo ekki sést lengur til.
**Hættumat:** engin hætta
**Heimildir:** JÁM III, 237; Túnakort 1916; Ö-Seltjarnarnes GSM, 2; ; Fornleifaskráning á Seltjarnarnesi ÁÓG, 20

**GK-222:008** *Nónbjörg* örnefni 64°08.937N 21°59.917V
"Nokkuð utan túns skagar grýtt nef fram í sjó, sem heitir Nónbyrgi. Hér voru gamlar rústir, og niður undan bæ

voru tvær nafnlausar varir [sjá 006-007], og niður í fjöru gríðarstór steinn, nefndur Hestasteinn (016), merki þess að landið hefur náð lengra fram, enda er hér sífellt landbrot," segir í örnefnaskrá AG. "Nónbjörg (ekki Nónbyrgi eins og stendur í skrá Ara Gíslasonar og á korti) eru klettar vestur af vörinni [007], eyktarmark frá Hrólfsskála," segir í örnefnaskrá GSM. Nónbjörg eru fast SV við Steinavör 6 og tilheyra bakgarði þess húss.
Grasigróinn bakgarður Steinavarar 6 sem markast að sunnan með nýjum, stórgrýttum sjávargarði sem nær niður að sjó. Landbrot er mikið á þessum slóðum og hefur nefið því eflaust breyst mikið frá því örnefnaskráin var tekin saman. Einungis nokkur ár eru síðan hinn stórgrýtti sjávargarður sem markar suðurmörk bakgarðs Steinavarar 6 var hlaðinn og var það gert af íbúum vegna mikils ágangs sjávar. Þegar Steinavör 6 var reist, var uppmokstur úr grunni hússins nýttur til að hækka og jafna nefið norðan hins nýja sjávargarðs og ekki er hægt að útiloka að þar undir leynist leifar hinna gömlu rústa sem minnst er á í örnefnaskrá AG. Þó ber að taka fram að heimildamaður sagði að engar fornleifar hefðu sést á Nónbjörgum áður en nefið var hækkað og ekki er ólíklegt að landbrot hafi eyðilagt rústirnar áður en landfyllingin kom til.
Ekki sést til neinna fornleifa á Nónbjörgum.
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar
**Heimildir:** Ö-Seltjarnarnes AG, 3; Ö-Seltjarnarnes GSM, 2

**GK-222:009** heimild um verbúð 64°09.153N 21°59.829V
"Svo er hér vestar (en Stóraklöpp) klettur með grasi á rétt við merkin, sem heitir Hundaþúfa. Þetta hefur trúlega fyrst verið verbúð," segir í örnefnaskrá AG. "Klöpp með grastó uppi í holtinu skammt frá gatnamótum Skólabrautar og Bakkavarar nefnist Hundaþúfa. Kjartan (Einarsson) segir, að þarna hafi aldrei verið verbúð, eins og Ari Gíslason telur," segir í örnefnaskrá GSM. Um 6 m ANA af horni Bakkavarar og Valhúsabrautar er lítill melhóll sem er eina kennileitið á þessum slóðum sem passar við lýsinguna á Hundaþúfu. Örnefnið er merkt 10-20 m suðvestar inn á 'Örnefni á Seltjarnarnesi' eftir Guðrúnu Einarsdóttur og lendir þar örskammt suðvestan við horn Bakkavarar og Valhúsabrautar, þar sem nú er bakgarður íbúðarhúss sem þar er nú risið og sést þar ekki til Hundaþúfu.



*GK-222:009: Lítill melhóll við horn Bakkavarar og Valhúsabrautar sem hugsanlega er svokölluð Hundaþúfa*

Lítill, grasivaxinn hóll á grónum en stórgrýttum mel. Hóllinn er um 25 m A-V x 15 m N-S að stærð og er hæstur um 2 m. Að norðan hverfur hóllinn undir girðingu og inn í garð húss við enda Valhúsabrautar. Í hólnum glittir í klöpp og einnig er í honum stórgrýti. Á miðjum hólnum er ójöfn og þúfótt lægð, um 5x5 m að stærð, sem hugsanlega gæti verið eftir eitthvert mannvirki en annað rask er þó mun líklegra sökum þess að íbúðarhús stendur fast við hólinn að norðan og líklegt er að stórgrýtið sem sjá má í hólnum sé rask eftir gröfu.
Hundaþúfa er rétt innan við 400 m frá sjó. Taka ber fram að þótt sá staður sem helst samsamast lýsingunni í örnefnaskrá sé hér skráður, þá er vel hugsanlegt að um annan stað sé að ræða sem nú væri horfinn undir byggð á svæðinu. Hvorki Heimir Þorleifsson, höfundur Seltirningabókar, né Sigurður Pétursson vissu nákvæmlega hvar Hundaþúfa væri (eða hefði áður verið væri hún nú horfin), né vissu til að þar hefði áður verið verbúð.
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar
**Heimildir:** Ö-Seltjarnarnes AG; Ö-Seltjarnarnes GSM, 2; Guðrún Einarsdóttir: Örnefni á Seltjarnarnesi

**GK-222:010** *Stekkur* heimild um stekk 64°09.062N 21°59.779V
"Ofan við Hrólfsskála var Stekkur, sem sést fyrir enn," segir í örnefnaskrá. Stekkurinn er merktur inn á örnefnakortið 'Örnefni á Seltjarnarnesi' sem unnið var af Guðrúnu Einarsdóttur árið 1978 og var hann miðaður eftir því korti inn á nútíma loftmynd. Tóftin var nálega þar sem nú er lítill gervigrasfótboltavöllur, 20 m vestur af Valhúsaskóla og um 160 m NNV af bæjarstæði Hrólfsskála.




Þar sem stekkurinn var áður er nú sléttuð skólalóð Valhúsaskóla. Á þeim bletti sem stekkurinn var er nú lítill gervigrasvöllur. Þegar fornleifin var skráð í desember 2005 voru byggingaframkvæmdir í gangi innan skólalóðarinnar, skammt suður af gervigrasvellinum, og mikið jarðrask þeim fylgjandi.

Ekki sést lengur til stekksins og hefur hann að líkindum horfið sökum framkvæmda á skólalóð Valhúsaskóla eftir 1980. Í örnefnalýsingu er talað um stekk en hann er fremur skammt frá bæ þannig að deila má um hvort réttara sé að kalla mannvirkið stekk eða kvíar. Tóftinni var lýst við fornleifaskráningu á Seltjarnarnesi árið 1980: "42.1 Stekkur, um 3 x 5 m að innanmáli, veggir um 1-1,5 m að þykkt og um 40 cm á hæð. Inngangur á skammhlið mót vestri. Stekkurinn mun vera allgamall en hann sést enn mjög greinilega. 42.2. Grjótgarður liggur frá suðurvegg stekkjarins. Garðurinn stefnir fyrst í norðaustur um 40 m, en síðan um 140 m í vestur. Hann er víðast um 1 m á breidd og 20 til 40 cm á hæð," segir í Fornleifaskráningu á Seltjarnarnesi, 18.
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar
**Heimildir:** Ö-Seltjarnarnes GSM, 2; Guðrún Einarsdóttir: Örnefni á Seltjarnarnesi; Fornleifaskráning á Seltjarnarnesi ÁÓG, 18.

**GK-222:011** *Fjósaklöpp* örnefni fjós 64°08.926N 21°59.916V
"Fjósaklöpp er lítil klöpp undan Nónbyrgi (008). Þar á að hafa verið fjós, en nú kemur hún upp um fjöru. Þetta er vestur af svonefndri Stóruklöpp. Svo er hér vestar klettur með grasi á rétt við merkin, sem heitir Hundaþúfa. Þetta hefur trúlega fyrst verið verbúð [sjá 009]," segir í örnefnaskrá AG. Kjartan Einarsson heimildamaður í skrá Guðrúnar S. Magnúsardóttur kannast ekki við nafnið Fjósaklöpp. Fjósaklöpp er að líkindum slétt klöpp í fjörunni um það bil 50 m VSV af Steinavör 6. Sæsorfin klöpp á annars stórgrýttri strönd. Klöppin sést einungis þegar fjarar og er sú líklegasta miðað við lýsingu í örnefnaskrá. Mikið landbrot er á þessum slóðum og ströndin tekur sífelldum breytingum og því er alls óvíst að klöppin sem hér er skráð sé umrædd Fjósaklöpp. Sigurður Pétursson heimildamaður kannast ekki við örnefnið Fjósaklöpp.
**Hættumat:** engin hætta
**Heimildir:** Ö-Seltjarnarnes AG, 3; Ö-Seltjarnarnes GSM, 2

**GK-222:012** heimild um leið 64°08.978N 21°59.684V
Inn á túnakort frá 1916 er merkt gata sem liggur frá túnmörkum í vestri til suðausturs en sveigir svo austur að bæjarstæði Hrólfsskála, um hlað bæjarins og síðan áfram til austurs út úr túni. Gatan lá að vestan til Bakka og að austan til Reykjavíkur. Þar sem leiðin var áður er nú malbikuð umferðargata, Suðurströnd. Undir malbikuðum vegi, Suðurströnd. Ekki sést til gatna á þessum slóðum.
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar
**Heimildir:** Túnakort 1916

**GK-222:013** heimild um kálgarð 64°08.978N 21°59.763V
Inn á túnakort frá 1916 eru merktir tveir kálgarðar sem sagðir eru tilheyra 'vesturbýli' (og er þá að líkindum átt við Hrólfsskála I). Hér er skráður sá nyrðri, en hinn er númer 015. Garðurinn hefur verið fast sunnan við Suðurströnd, um 14 m vestan við horn Suðurstrandar og innkeyrslu Steinavarar 10. Malbikaður vegur og gangstétt. Ekkert sést lengur til kálgarðsins.
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar
**Heimildir:** Túnakort 1916

**GK-222:014** heimild um kálgarð 64°08.970N 21°59.762V
Inn á túnakort frá 1916 er merktur kálgarður sem sagður er tilheyra 'austurbýli' (og er þar að líkindum átt við Hrólfsskála II). Garðurinn hefur verið á grónum bletti að baki Steinavarar 10, mitt á milli þess húss og Suðurstrandar að norðan. Þýfður blettur milli íbúðarhúss og umferðargötu, vaxinn háu grasi. Ekki sést til kálgarðs.
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar
**Heimildir:** Túnakort 1916

**GK-222:015** heimild um kálgarð 64°08.951N 21°59.737V



*GK-222:015: Leifar kálgarðs milli Hrólfsskálavarar 3 og Steinavarar 10. Horft til suðausturs*

Inn á túnakort frá 1916 eru merktir tveir kálgarðar sem sagðir eru tilheyra 'vesturbýli' (og er þar að líkindum átt við Hrólfsskála I). Hér er skráður sá syðri, en sá nyrðri er númer 013. Hluti kálgarðs þessa er enn í rækt innan girðingar Steinavarar 10, en leifar hlaðins skjólgarðs sem var í kringum kálgarðinn fyrr á tímum má enn finna á hinu gróna svæði milli Steinavarar 10 og Hrólfsskálavarar 3. Hlaðni garðurinn er 2 m norður af og liggur samhliða bílastæði í vesturenda Hrólfsskálavarar.
Bletturinn sem hlaðni garðurinn er á er alls um

50 m frá vestri til austurs. Tveimur metrum sunnan við hlaðna garðinn er malbikað bílaplan vestast í botnlangagötunni Hrólfsskálavör. Sá hluti kálgarðsins sem enn er í rækt, er rabbabarabeð í grónum bakgarði Steinavarar 10.

Á milli Steinavarar 10 og Hrólfsskálavarar 3 sér enn fyrir hlöðnum skjólgarði sem áður var í kringum hinn ræktaða reit. Garðurinn er 10 m langur frá austri til vesturs og um 1 m breiður. Hæst nær hleðslan í um 0,8 m hæð en er víðast nokkuð sokkin í umhverfi sitt. Greina má 4 umför og er garðurinn hlaðinn úr miðlungsstóru grjóti og er hann nokkuð mikið yfirgróinn. Í bakgarði Steinavarar 10, austan við íbúðarhúsið, er rabbabarareitur enn í rækt sem áður var hluti þessa kálgarðs og var honum plantað var af ömmu Sigurðar Péturssonar heimildamanns þegar bæjarhús Hrólfsskála 1 stóðu enn.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** Túnakort 1916

**GK-222:016** *Hestasteinn* heimild 64°08.924N 21°59.791V

"...og niður undan bæ voru tvær nafnlausar varir (006-007), og niður í fjöru gríðarstór steinn, nefndur Hestasteinn, merki þess að landið hefur náð lengra fram, enda er hér sífellt landbrot" segir í örnefnaskrá AG. "Hestasteinn er einstakur steinn niður við Hrólfsskálavör," segir í örnefnaskrá GSM. Hestastein er gefið sama hnit og Hrólfsskálavör 007 (vestari vörin á túnakorti Hrólfsskála) og er þar farið eftir upplýsingum á örnefnakorti Guðrúnar Einarsdóttur. Hestasteinn hefur líklega verið í fjörunni SSV af Steinavör 10. Sendin og grýtt fjara sem tekur stöðugum breytingum því mikið landbrot á sér stað við ströndina. Ekki sést til fornleifar. Heimildamaður kannaðist ekki við örnefnið og mikið landbrot hefur átt sér stað á þessum slóðum svo ekki er ólíklegt að Hestasteinn sé horfinn. Jafnframt hefur verið staflað stórgrýti á ströndina í því skyni að verjast ágangi sjávar á þeim slóðum sem Hestasteinn er sagður vera og því má vera að fornleifin hafi lent þar undir.

**Hættumat:** stórhætta, vegna landbrots

**Heimildir:** Ö-Seltjarnarnes AG, 3; Ö-Seltjarnarnes GSM, 2; Guðrún Einarsdóttir: Örnefni á Seltjarnarnesi

**GK-222:017** brunnur 64°08.960N 21°59.799V

Hlaðinn brunnur er um 10 m norðvestur af Steinavör 10. Brunnurinn er á um 10 m breiðum, grasigrónum bletti milli innkeyrslu Steinavarar 10 að suðaustan og sameiginlegu, malbikuðu bílaplani fyrir alla Steinavör að norðvestan.

Brunnurinn er hlaðinn úr meðalstóru og mosavöxnu grjóti. Hann er kringlóttur og 2x2 m að ummáli. Hleðslan stendur 0,8 m upp úr umhverfinu og er 3 umför. Brunnurinn var upphaflega um það bil 30 metrum norðar, en þegar Suðurströnd var lögð þurfti að færa hann. Efniviður úr eldri brunninum var notaður í þann nýrri og var það Pétur Sigurðsson fyrrum ábúandi í Hrólfsskála sem færði brunninn á fyrri hluta 20. aldar.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar



*GK-222:017: Hlaðinn brunnur norðvestur af Steinavör 10.*

**GK-222:018** mannvirki herminjar 64°08.942N 21°59.869V

Steinsteypt vélbyssuvígi/byrgi úr seinni heimstyrjöldinni er um 10 m SSV af Steinavör 6, fast við austurhluta Nónbjarga. Aftan við vélbyssuvígið var vélbyssustandur úr málmi sem var reistur til varnarn víginu í tíð ameríkana.

Byrgið er í grasigrónum bakgarði Steinavarar 6 og fast SSV við það er mjög stórgrýttur sjávargarður. Garðurinn var hlaðinn af íbúum Steinavarar 6 til að verja bakgarðinn og byrgið fyrir ágangi sjávar.

Byrgið er undir þaki. Það er ferhyrningslaga, um 3 m langt VNV-ASA og 2,5 m breitt NNA-SSV. Byrgið stendur um 1 m upp úr jörðu, en er niðurgrafið og er lofthæð inni í því 1,9 m. Skotbyrgið er steypt og hlaðið úr stórum steyptum



*GK-222:018: Vélbyssuvígi úr seinni heimsstyrjöldinni. Horft til norðausturs.*

múrsteinum. Inngangur er að NNA og 3 þrep liggja niður á gólf þess. Á SSV vegg, sem snýr að hafi, er rauf eða lítið op. Opið er 50 x 15 sm stórt þversum og er gert fyrir skotvopn.
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar
**Heimildir:** bréf frá Þór Whitehead, dagsett 3. apríl 2006.

**GK-222:019** brunnur 64°08.949N 21°59.873V
"46.2 Brunnur, brunndæla úr járni. Umhverfis hana var hlaðinn U-laga torfgarður með um 1,5 m háa veggir. Dælan sést enn, en veggurinn umhverfis hana er horfinn," segir í Fornleifaskráningu á Seltjarnarnesi. Brunndælan er 3 m suðvestur frá suðvesturvegg Steinavarar 6 og er í bakgarði þess húss. Brunnurinn er um 130 m VSV af bæjarstæði Hrólfsskála.


*GK-222:019: Brunndæla úr járni í bakgarði Steinavarar 10. Horft til vesturs.*

Dælan er á sléttri grasflöt í bakgarði Steinavarar 6.
Einu ummerki brunnsins er járndæla sem stendur upp úr annars sléttu umhverfi. Brunnurinn sjálfur er ekki hlaðinn upp líkt og brunnur 017.
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar
**Heimildir:** Fornleifaskráning á Seltjarnarnesi ÁÓG, 18

**GK-222:020** heimild um fjós 64°08.970N 21°59.713V
Inn á túnakort frá 1916 er merkt stórt útihús, um 8 m suður af íbúðarhúsi (GK-222:001). Samkvæmt heimildamanni var byggingin fjós og hlaða og stóð hún áður þar sem nú stendur íbúðarhúsið Hrólfsskálavör 3. Þar er nú íbúðarhús með vélgröfnum kjallara og sléttuðum garði.
Ekkert sést í dag til útihússins en byggingin sést á loftmynd frá um 1930 sem er á blaðsíðu 111 í Seltirningabók.
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar
**Heimildir:** Túnakort 1916; Seltirningabók, 111

**GK-222:021** mannvirki herminjar 64°09.180N 21°59.593V
Miklar leifar herminja er að finna víða á Valhúsahæð, bæði á suðaustanverðri og norðvestanverðri hæðinni. Leifar þess mannvirkis sem hér er lýst eru á norðvestanverðri hæðinni, á/við hæstu hæð Valhúsahæðar. Þar eru nokkrar herminjar í hnapp (sjá einnig 227:030-032 og 036-037). Það mannvirki sem hér er skráð er 8-9 m SSA við GK-227:030 á hæstu hæð Valhúsahæðar. Fast austan við mannvirkið er nýlegur, hringlaga skjólgarður. Valhúsahæð melur lítt gróinn melur. Gróður á melnum er gisinn og melurinn er víða sendinn. Ekki er eins mikið um stórgrýti og á norðvestanverðri hæðinni.

Á þessum stað er steyptur grunnur mannvirkis sem snýr ANA-VSV. SSV-gafl er lang skýrastur en veggir eru lágir og liggja frá báðum endum hans til ANA í um 4 m áður en þeir hverfa í gróður. Af gróðurfari má ætla að húsið hafi náð lengra til ANA.
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

## *GK-223 Bakki*

**1703:** "Backe, bygð í óskiftu heimalandi ness á Seltjarnarnesi og nú lögbýli kallað. Jarðardýrleiki er óviss." JÁM III, 238. Neskirkjueign.
**1397:** Neskirkja á: "Þridiunginn i Heimalandi ... Eidzlandi. Backa oc Byggardi." (DI IV 108-109) Sjálfstæð jörð a.m.k. frá 14. öld en átti óskipt land með Nesi og taldist hjáleiga þaðan í jarðab. 1760. Á Bakka er aftur minnst í Gíslamáldaga um Nes **1575**. Þar er aftur sagt að kirkjan í Nesi eigi þriðjung af heimalandi Bakka með rekum, skógum og afréttum (sbr. DI XV, 637).




**1703:** "Túnin brýtur sjáfargángur til stórskaða. Engjar eru öngvar. Útihagar öngvir nema í óskiptu heimajarðarinnar ness landi, og þó þröngvir." JÁM III, 238. 1916: Tún 2,2 teigar, garðar 1570m2.

**GK-223:001** *Bakki* bæjarhóll býli 64°09.066N 22°00.069V
"Talið er, að bærinn Bakki hafi áður staðið við tjörn þá, sem við hann er kennd og kölluð Bakkatjörn," segir í Seltirningabók. "Steinhúsið á Bakka sem nú er hluti af húsinu Bakkavör 2" segir ennfremur í sömu bók. Ekki er ósennilegt, sérstaklega ef túnakort er borið saman við loftmynd, að bærinn hafi áður staðið um 60 m suðvestar en Bakkavör 2, líklega fast sunnan við Suðurströnd, þar sem nú er innkeyrsla og bílaplan við hús Slysavarnarfélagsins. Samkvæmt Seltirningabók var steinhúsið að Bakkavör 2 reist 1926, en eldra bæjarhús stóð að hluta fram til 1967 og var nýtt sem áhaldahús Seltjarnarneshrepps. Síðasta íbúðarhúsið á Bakka stendur enn og kallast í dag Bakkavör 2 og er í þéttbyggðri og gróinni götu. Nokkuð er búið að byggja við Bakkavör 2, en upphaflega húsið hefur verið tvílyft steinhús. Þar sem líkur eru á að eldri íbúðarhús á Bakka hafi áður staðið samkvæmt túnakorti hafa talsverðar framkvæmdir og jarðrask átt sér stað svo ekkert sést til fornleifa þar. Á þeim slóðum er nú slétt malarplan við hús Slysavarnarfélagsins og malbikuð innkeyrsla að því húsi. Jafnframt hefur farið fram nokkur landfylling vegna hafnarframkvæmda fast sunnan og vestan gamla bæjarstæðisins.
Steinhúsið að Bakkavör 2 er reisulegt steinhús sem talsvert er búið að byggja við í seinni tíð, en ekkert sést til eldri bygginga vegna mikils rasks innan fyrrum marka jarðarinnar.
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar
**Heimildir:** Seltirningabók, 112 og 117; túnakort 1916

**GK-223:002** *Bakki* heimild um býli 64°09.322N 22°00.942V
"Talið er, að bærinn Bakki hafi áður staðið við tjörn þá, sem við hann er kennd og kölluð Bakkatjörn," segir í Seltirningabók. Alls er óvíst hvar við Bakkatjörn bæjarstæði Bakka hefur áður verið, en líklegast er að bærinn hafi verið sunnan við Bakkatjörn því norðan hennar er land sem tilheyrir Nesi. Grasivaxið og þýft svæði milli Bakkatjarnar að norðan og fjöru að sunnan, þvert yfir svæðið frá austri til vesturs liggur malbikaður vegur og gangstígur.

Enginn veit hvar við Bakkatjörn bærinn hefur verið. Hvergi á svæðinu vottar fyrir sérstökum ójöfnum

eða grósku sem gæti bent til mannvistarleifa undir sverði, en þess ber þó að geta að svæðið er allt þýft og gróið háu grasi sem gæti dulið aldagamlar mannvistarleifar.
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar
**Heimildir:** Seltirningabók, 112

**GK-223:003** heimild um útihús 64°09.048N 22°00.131V
Inn á túnakort frá 1916 er merkt útihús, um 8 m suðaustur af íbúðarhúsi (eldra bæjarstæði 001). Þar sem áður var útihús frá Bakka er nú sléttað malarplan og malbikaður vegur. Ekkert sést til leifa útihússins.
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar
**Heimildir:** Túnakort 1916

**GK-223:004** *Vesturvör* heimild um lendingu 64°09.053N 22°00.191V
1703: "Heimræði er árið um kring og lending góð, gánga skip ábúandans eftir hentugleikum," segir í jarðabók Árna og Páls. "Vör, sem nefndist Austurvör (005) var í Bakkalandi en framhlutinn í Hrólfsskálalandi. Miklu betri lending var þó í Vesturvör, sem hafði skjól af svonefndri Vararklöpp vestan við hana. Hún var í daglegu tali nefnd Klöppin. Bakki stóð á milli varanna," segir í örnefnaskrá. Vesturvör er um 60 m NNV af húsi Slysavarnarfélagsins. Ekki er fullvíst að Vesturvör sé lendingin sú sem talað er um í jarðabók Árna og Páls.



*GK-223:004: Vesturvör, horft til suðvesturs.*

Vörin hefur í seinni tíð verið nýtt af Slysavarnarfélaginu. Nokkuð mikil landfylling hefur átt sér stað í og við vörina og m.a. er búið að gera brimgarð í kringum lendinguna. Einhvertíma fyrr á árum hefur vörin verið steypt í botninn til að auðvelda aðkomu báta, þ.e. steypt plata liggur skáhallt niður að sjó. Þessi steypta plata er þó brotin mjög og sprungin í dag og hefur aðgangi að henni verið lokað með stórum grjótbjörgum. Núverandi lending er flotbryggja 15 m vestar. "44 Vesturvör er horfin undir uppfyllingu," segir í Fornleifaskráningu á Seltjarnarnesi. Það sést til vararinnar þó hún hafi breyst mikið frá því að örnefnaskrá var tekin saman, m.a. hefur hún verið steypt í seinni tíð.
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar
**Heimildir:** Túnakort 1916; Ö-Seltjarnarnes GSM, 3; Fornleifaskráning á Seltjarnarnesi ÁÓG, 3, 18; JÁM III, 238

**GK-223:005** *Austurvör* heimild um lendingu 64°09.007N 22°00.111V
1703: "Heimræði er árið um kring og lending góð, gánga skip ábúandans eftir hentugleikum," segir í jarðabók Árna og Páls. "Vör, sem nefndist Austurvör var í Bakkalandi en framhlutinn í Hrólfsskálalandi," segir í örnefnaskrá. Austurvör er horfin undir fyllingu og því er ekki hægt að staðsetja hana nákvæmlega, en hún er líklega undir landfyllingunni við sjávargarðinn suðvestur af húsi Slysavarnarfélagsins. Vörin er undir landfyllingu og stórgrýttum sjávargarði. Ekki sést lengur til Austurvarar því hún er horfin undir landfyllingu.
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar
**Heimildir:** ÁÓG 21.8.1980; Ö-Seltjarnarnes GSM, 3; Fornleifaskráning á Seltjarnarnesi ÁÓG, 18; JÁM III, 238

**GK-223:006** *Bakkakot* hús bústaður 64°09.155N 22°00.196V
"Bakkakot voru nokkru vestar [en Vælugerði 009]. Þau voru þrjú [006-008], eitt þeirra stendur enn [1976]," segir í örnefnaskrá. Þetta hús stendur enn og ber götuheitið Unnarbraut 32," segir í Seltirningabók. Húsið stendur nú við Unnargötu, en snýr skáhallt við önnur hús í götunni. Í dag er Unnarbraut 32 í raun tvö hús, gamla steinhúsið og norðvestan við það mun yngra steypt íbúðarhús og eru þau tengd saman með millibyggingu. Steinhúsið er tvílyft með kjallara og er önnur hæð undir risi.

Á túnakorti frá 1916 sést að tún í Bakkakoti voru nær 0,05 teigar, garðar 1800m2 (ræktað frá Nýabæ). Tún í Bakkakorti fjær 0.28 teigar, garðar 600m2 [ræktað frá Bygggarði). "Um aldamótin 1900 voru að sögn Jóhanns Eiríkssonar þrjú íbúðarhús í Bakkakoti og þar áttu heima sex fjölskyldur. Ekki er þó víst, að þær hafi

allar verið þar samtímis. Húsin voru þessi: ... 2. Steinhús úr tilhöggnum grásteini, talið reist á árunum 1870-80. Þar bjuggu þrjár fjölskyldur ... Þetta hús stendur enn og ber götuheitið Unnarbraut 32," segir í Seltirningabók
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar
**Heimildir:** Ö-Seltjarnarnes GSM, 3; Túnakort 1916; Seltirningabók, 117-118

**GK-223:007** *Steinsholt* bæjarstæði bústaður 64°09.134N 22°00.044V
"Bakkakot voru nokkru vestar [en Vælugerði 009]. Þau voru þrjú [006-008], eitt þeirra stendur enn [006]," segir í örnefnaskrá. "Um aldamótin 1900 voru að sögn Jóhanns Eiríkssonar þrjú íbúðarhús í Bakkakoti og þar áttu heima sex fjölskyldur. Ekki er þó víst, að þær hafi allar verið þar samtímis. Húsin voru þessi: ... 3. Torfbær (nefndur Steinsholt frá 1903), sem Þórarinn Jónsson sjómaður byggði skömmu fyrir aldamótin og bjó í ásamt konu sinni Ingifríði Pétursdóttur. Þau voru þar til 1909," segir í Seltirningabók. Fyrrum staðsetning Steinsholts var mæld inn á loftmynd með viðmiðun við afstöðu þess við Bakkakot 006 á túnkorti frá 1916. Þar sem Steinsholt hefur að líkindum áður verið er nú þétt byggð, hús með kjallara og malbikaðar götur.
Ekki sést tangur né tetur af Steinshúsi í þéttri bæjarmynd Unnarbrautar
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar
**Heimildir:** Ö-Seltjarnarnes GSM, 3; Seltirningabók, 117-118; Túnakort 1916

**GK-223:008** *Pálshús* bæjarstæði bústaður 64°09.188N 22°00.246V
"Bakkakot er fyrst nefnt árið 1840 og þá sem tómthús frá Bakka, en var þó í landi Ness," segir í Seltirningabók. "Bakkakot voru nokkru vestar [en Vælugerði 009]. Þau voru þrjú [006-008], eitt þeirra stendur enn [006]," segir í örnefnaskrá. "Um aldamótin 1900 voru að sögn Jóhanns Eiríkssonar þrjú íbúðarhús í Bakkakoti og þar áttu heima sex fjölskyldur. Ekki er þó víst, að þær hafi allar verið þar samtímis. Húsin voru þessi: 1. Timburhús, portbyggt með risi, stundum kallað Pálshúsið. Þar bjuggu tvær fjölskyldur," segir í Seltirningabók. "Um aldamót var býli, sem nefndist Pálshús, byggt þar sem nú er Miðbraut 1. Bletturinn, sem fylgdi því, nefndist Pálsblettur," segir í örnefnaskrá. Fjölbýlishús, stórt sexbýli með kjallara, stendur nú þar sem Pálshús stóð áður. Allt í kring eru malbikaðir vegir og þétt byggð. Ekkert sést til Pálshúss í dag. Á túnakorti 1916 kemur fram að tún í Bakkakoti nær er 0,05 teigar, garðar 1800m2 (ræktað frá Nýjabæ), en tún í Bakkakorti fjær er 0.28 teigar, garðar 600m2 [ræktað frá Bygggarði).
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar
**Heimildir:** Ö-Seltjarnarnes GSM, 3; Túnakort 1916; Seltirningabók, 117-118

**GK-223:009** *Vælugerði* örnefni 64°09.099N 22°00.149V
"Vælugerði nefndist slétt brekka með rennsléttri klöpp í túninu ofan við Bakka. Hún var þar sem nú er Unnarbraut 2. Þarna hraktist aldrei hey. Engar tóftir voru þar," segir í örnefnaskrá GSM. "Norður af húsinu, sem nú er, var áður kringlótt gerði, sem hét Vælugerði. Þarna hraktist aldrei hey. Nú er grjóthrúga á þessum góða stað," segir í örnefnaskrá AG. Malbikaðar götur og þétt byggð er nú á þessum slóðum. Ekki sést til grjóthrúgunnar norðan Unnarbrautar 2, þar er nú malbikuð gata og þar fyrir norðan Unnarbraut 1. Ekki sést lengur til gerðisins né grjóthrúgunnar.
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar
**Heimildir:** Ö-Seltjarnarnes GSM, 3; Ö-Seltjarnarnes AG, 3

**GK-223:010** heimild 64°09.007N 22°00.111V
"45.3 Bolli var klappaður í sjóbarða klöpp vestan megin í Austurvör [005], en sést ekki lengur enda er vörin horfin," segir í Fornleifaskráningu á Seltjarnarnesi. "Vör, sem nefndist Austurvör var í Bakkalandi en framhlutinn í Hrólfsskálalandi," segir í örnefnaskrá. Vörin er undir landfyllingu og sjávargarði úr stórgrýti. Ekki er vitað nákvæmlega hvar bollin var og ekki fannst heimildamanður sem mundi eftir honum.
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar
**Heimildir:** ÁÓG 21.8.1980;Fornleifaskráning á Seltjarnarnesi ÁÓG, 18

**GK-223:011** heimild um varnargarð 64°09.007N 22°00.111V
"45.2 Sjávargarður, um 10-15 m langur og 1-1,5 m á hæð, var ofan við Austurvör [005]. Sennilega hefur verið gengið ofan í vörina við austurenda garðsins. Garðurinn sést ekki lengur," segir í Fornleifaskráningu á Seltjarnarnesi. Ekki er hægt að staðsetja garðinn nánari en gert var í eldri fornleifaskráningu. Sléttað malarplan á svæði Slysavarnarfélagsins þar sem talsverð landfylling hefur farið fram. Ekki sést lengur til garðsins.
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar
**Heimildir:** ÁÓG 21.8.1980;Fornleifaskráning á Seltjarnarnesi ÁÓG, 18

**GK-223:012** gryfja herminjar 64°09.251N 21°59.781V
Miklar leifar herminja er að finna víða á Valhúsahæð, bæði á suðaustanverðri og norðvestanverðri hæðinni. Leifar skotgrafarinnar frá seinni heimstyrjöldinni sem hér er lýst er á norðvestanverðri hæðinni. Skotgröfin er 60

m SSV af landamerkjastein GK-224:140 og 13 m vestur af vesturhorni fótboltavallar. Skotgröfin er í grasigrónum mel. Fast suðvestan við gröfina er gamall vegslóði sem liggur NV-SA.

Mannvirkið var skráð í fornleifaskráningu frá 1980 og er númer 39.1 í skráningunni. Í henni segir: "Skotgröf, um 1 m á breidd og 1,6 m á dýpt, veggir hlaðnir úr grjóti. Liggur nokkurn veginn í hálfhring, en þvert á hann kemur löng og mjó gryfja, um 19 m á lengd og 1 m á dýpt og breidd. Lítil merki sjást um veggjagrjót í þessari gryfju en líklegt má telja að veggir hafi verið hlaðnir," Skotgröfin er íbjúg og er einna helst lík banana í laginu. Þvert á skotgröfina við norðurenda hennar gengur löng og mjó gryfja sem snýr austur-vestur. Skotgröfin er um 6 m löng, 1 m breið og snýr norður-suður. Skotgröfin er 1,5 m djúp. Hún er hlaðin úr miðlungsstóru grjóti og greina má 8 umför. Lítið sem ekkert virðist hafa verið steypt á milli steinanna. Gröfin sem snýr þver á enda skotgrafarinnar er um 18 m löng, en er mun grynnri og mjórri en hlaðna skotgröfin. Vesturhluti grafarinnar er um 1 m djúpur og 0,5 m breiður en austurhlutinn líkist einna helst kindaslóða og er um 0,2 m djúpur og 0,2 m breiður.



*GK-223:012: Teikning af hlaðinni skotgröf á Valhúsahæð frá seinni heimsstyrjöld.*

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar
**Heimildir:** ÁÓG 13.8.1980;Fornleifaskráning á Seltjarnarnesi ÁÓG, 16

**GK-223:013** *Litla Bakkakot* heimild um býli
"Árið 1870 var talað um tómthús nálægt Bakka, sem nefnt var Litla Bakkakot," segir í Seltirningabók. Nákvæm staðsetning Litla Bakkakots er nú óþekkt en líklegast er þó að bærinn sé einn hinna þriggja Bakkakota 006-008. Litla Bakkakot er hugsanlega hið sama og húsið sem stendur enn við Unnarbraut 32 og kallast Bakkakot (006). Hús það snýr skáhallt við önnur hús í götunni. Í dag er Unnarbraut 32 í raun tvö hús, gamla steinhúsið og norðvestan við það mun yngra steypt íbúðarhús og eru þau tengd saman með milli byggingu. Steinhúsið er tvílyft með kjallara og er önnur hæð er undir risi.

Ekki er fullvíst hvar Litla Bakkakot hefur verið. Heimir Þorleifsson sagði engan geta sagt til um það í dag, en Kristinn Einarsson telur mjög líklegt að um eitt Bakkakota (006-008) sé að ræða. Ef svo er þá er líklegast að átt sé við Bakkakot það sem stendur enn við Unnarbraut 32, enda er það hið eina sem ekki ber annað nafn en 'Bakkakot' og vitað er að það var byggt á svipuðum tíma og talað er um 'Litla-Bakkakot', eða um 1870. Þó er einnig möguleiki að við sé átt torfbæinn Steinsholt, en hann var nær Bakka en Unnarbraut 32 er nú og fékk ekki nafngiftina 'Steinsholt' fyrr en árið 1903.
**Heimildir:** Seltirningabók, 117-118; túnakort 1916

**GK-223:014** heimild um kálgarð 64°09.045N 22°00.134V
Inn á suðurenda túnakorts frá 1916 eru merktir þrír samtengdir kálgarðar, um 4 m suður af gamla bæjarstæði Bakka 001. Þeir hafa líklega verið nálægt norðaustur jaðri malarplansins sem umlykur hús Slysavarnarfélagsins, um 22 m norðaustur af húsi Slysavarnarfélagsins. Sléttað malarplan. Ekki sést lengur til kálgarðanna.
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar
**Heimildir:** Túnakort 1916

**GK-223:015** heimild um útihús 64°09.146N 22°00.170V
Inn á túnakort frá 1916 er merkt útihús rúmlega 150 m norður af gamla bæjarstæði Bakka 001, við norðurenda götu þeirrar er liggur norður frá Vesturvör 004. Það hefur líklega verið fast norðaustan við Unnarbraut 17. Unnarbraut er þéttbyggð og gróin gata. Útihúsið er horfið.
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar
**Heimildir:** Túnakort 1916

**GK-223:016** heimild um kálgarð 64°09.148N 22°00.198V
Þrír samtengdir kálgarðar eru merktir inn á túnakort frá 1916, fast vestur af útihúsi 015. Þeir hafa verið hér um bil á miðri götu milli Unnarbrautar 19 og Unnarbrautar 32. Þar sem kálgarðarnir voru áður er nú gróin gata, Unnarbraut, sem er malbikuð og þéttbyggð húsum að norðan og sunnan. Kálgarðarnir eru horfnir.
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar
**Heimildir:** Túnakort 1916

**GK-223:017** heimild um kálgarð64°09.167N 22°00.172V Inn á túnakort frá 1916 er merktur kálgarður, fast austan við Bakkakot 006 (Unnarbraut 32). Hann hefur verið nálægt norðausturhorni íbúðarhússins að Unnarbraut 30. Unnarbraut er þéttbyggð og gróin gata. Kálgarðurinn er vitanlega horfinn.
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar
**Heimildir:** Túnakort 1916

**GK-223:018** heimild um kálgarð 64°09.170N 22°00.212V
Inn á túnakort frá 1916 er merktur kálgarður, um 10 m NNV af Brekkukoti 006 (Unnarbraut 32). Kálgarðuinn hefur verið þar sem nú er bílskúr við Miðbraut 2. Búið er að byggja tvöfaldan bílskúr á þeim stað sem garðurinn var áður og jafnframt er þétt byggð allt í kring. Kálgarðurinn er horfinn undir byggð.
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar
**Heimildir:** Túnakort 1916

**GK-223:019** heimild um kálgarð 64°09.160N 22°00.236V
Inn á túnakort frá 1916 eru merktir þrír samtengdir kálgarðar rúmlega 20 m vestur af Bakkakoti 006 (Unnarbraut 32). Þeir hafa verið þar sem nú er gangstétt austur af Suðurströnd, fast vestan við enda girðingar á lóðamörkum Unnarbrautar 32 og Miðbrautar 2. Austast á svæðinu er þétt byggð en að vestanverðu er malbikuð gata, Suðurbraut, og þar vestan við er sléttaður gróinn blettur, sem nær niður að strönd.
Ekki sést lengur til garðsins.
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar
**Heimildir:** Túnakort 1916

**GK-223:020** heimild um kálgarð 64°09.194N 22°00.271V
Inn á túnakort frá 1916 er merktur kálgarður, fast norðvestur af Pálshúsi 008. Kálgarðurinn var þar sem nú er gangstétt austur af Suðurströnd og vestan við Miðbraut 1, um 3 m suður af austurinnkeyrslu Miðbrautar 1. Austast á svæðinu er þétt byggð en að vestanverðu er malbikuð gata, Suðurbraut, og þar vestan við er sléttaður gróinn blettur, sem nær niður að strönd. Kálgarðurinn er horfinn.
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar
**Heimildir:** Túnakort 1916

**GK-223:021** heimild um kálgarð 64°09.180N 22°00.264V
Inn á túnakort frá 1916 er merktur kálgarður, rúmlega 10 m suðvestur af Pálshúsi 008. Hann hefur verið nálægt því þar sem nú er nyrðra biðskyldumerkið á mótum Miðbrautar og Suðurstrandar. Þar sem kálgarðurinn var áður er nú malbikaður vegur og þar fyrir austan þétt byggð, en fyrir vestan er sléttuð grasflöt niður að sjó. Kálgarðurinn er horfinn.
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar
**Heimildir:** Túnakort 1916

**GK-223:022** heimild um traðir 64°09.190N 22°00.252V
Inn á túnakort frá 1916 er merkt 38 m löng tröð frá Pálshúsi 008 vestur að sjó. Eystri endinn hefur að líkindum verið fast vestur af tröppum aðalinngangs Miðbrautar 1, en vestari endinn hefur verið vestan Suðurstrandar og austan göngustígs sem þar er, um 38 m ASA af inngangi Miðbrautar 1. Þar sem tröðin var áður er nú malbikaður vegur, Suðurbraut, og fyrir vestan veginn er sléttuð grasflöt. Að líkindum hefur verið landfyllt á þessum slóðum því mun lengra er að sjó í dag en var árið 1916 þegar túnakortið var teiknað. Ekkert sést lengur til traðarinnar.
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar
**Heimildir:** Túnakort 1916

**GK-223:023** heimild um kálgarð 64°09.136N 22°00.016V
Inn á túnakort frá 1916 er merktur kálgarður fast norðaustur af Steinsholti GK-223:007. Þar sem kálgarðurinn var stendur nú hús við Unnarbraut 16. Unnarbraut er þéttbyggð og gróin gata. Ekki sést til fornleifar.
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar
**Heimildir:** Túnakort 1916

**GK-223:024** heimild um leið 64°09.066N 22°00.184V

Inn á túnakort frá 1916 er merkt 130 m löng gata sem lá frá Vesturvör 004 norður að útihúsi 015 (þar sem nú er Unnarbraut 17). Þar sem gatan lá áður er nú þétt byggð Unnarbrautar og malbikuð gata Suðurstrandar. Ekki sést til fornleifar.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** Túnakort 1916

**GK-223:025** *Gerði* gerði vörslugarður 64°09.256N 21°59.792V

"Uppi undir Þvergarði [GK-224:045], upp af Skólabraut 43, var svokallað Gerði. Þar mótaði fyrir hleðslu," segir í örnefnaskrá. Gerði sést enn. Norðvesturhluti garðsins hefst við skotgröfina (012) og liggur í vestur frá henni. Þaðan liggur garðurinn um 40 m til suðausturs og liggur framhjá tóftum 027 (í um 5 m fjarlægð vestur af nyrðri tóftinni). Loks er suðausturendi garðsins er 2 m norður af girðingu bakgarðs Valhúsabrautar 18. Garðurinn er á mosa-og grasivöxnum mel.



*GK-223:025: Gerði. Horft til vesturs.*

"39.4 Garðbrot. Frá skotgröfinni (nr. 39.1) liggja garðleifar, sem stefna fyrst u.þ.b. 30 m í NV, þá um 80 m í SV og loks 5-10 m í SA. Lítið sér nú eftir af þessum garði; víðast er hann sem örgrunn renna með grjóti í botninum, en sums staðar er grjótið eilítið hærra en landið umhverfis. Garður þessi er án efa s.k. Gerði sem talað er um í örnefnalýsingum Seltjarnarness," segir í Fornleifaskráningu á Seltjarnarnesi. Garðurinn hefst við skotgröfina og gengur vestur í um 25 m, þá sveigir hann og liggur til suðvestur í um 40 m, að síðustu sveigir garðurinn 6 m til suðausturs en hverfur svo sjónum og fellur inn í þýft umhverfið skammt norður af girðingu Valhúsabrautar 18. Um 7 m suðurvestur eftir hinum 40 m langa suðvesturhluta garðsins, er hann rofinn á rúmlega 2 m kafla með bílslóða sem liggur frá Valhúsabraut upp að fótboltavellinum á Valhúsahæð. Stærstur hluti garðsins er mjög siginn, og líkist einna helst "rennu með grjóti í" líkt og segir í Fornleifaskráningu ÁÓG. Það er einna helst sá hluti garðsins sem gengur 25 m vestur frá skotgröfinni sem rís upp yfir umhverfi sitt, þó einungis 0,2-0,3 m, og eru þó þar víða gloppur þar sem ekki er hægt að greina garðinn frá þýfðu umhverfinu. Ekki er ósennilegt að garður þessi hafi áður fyrr myndað ferhyrning og verið aðhald fyrir búfé.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** ÁÓG 13.8.1980;Ö-Seltjarnarnes GSM, 8; Fornleifaskráning á Seltjarnarnesi ÁÓG, 17

**GK-223:026** gryfja herminjar 64°09.274N 21°59.767V

Miklar leifar herminja er að finna víða á Valhúsahæð, bæði á suðaustanverðri og norðvestanverðri hæðinni. Leif þess mannvirkis sem hér er lýst er á norðvestanverðri hæðinni. Það er gryfja sem er um 13 m suðvestur af landamerkjastein GK-224:140

Gryfjan er algróin grasi.



*GK-223:026: Gryfjan fyrir miðri mynd er leif hernaðarmannvirkis á Valhúsahæð.*

Mannvirkið var skráð í fornleifaskráningu frá 1980 og er númer 38.1 í skráningunni. Í henni segir: "Stríðsminjar. Ferhyrnd gryfja, um 4 x 5 m á stærð og dýpst í miðjunni, um 1 m. Inngangur virðist hafa verið í suðurhorni." Gryfjan er um 4 x 3 m og snýr NA-SV. Í miðju er gryfjan um 1 m djúp. Engar hleðslur eru sjáanlegar í hliðum gryfjunnar og inngangur kann að hafa verið í suðurhorni.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar
**Heimildir:** Fornleifaskráning á Seltjarnarnesi ÁÓG, 16

**GK-223:027** tóftir herminjar 64°09.248N 21°59.822V

Miklar leifar herminja er að finna víða á Valhúsahæð, bæði á suðaustanverðri og norðvestanverðri hæðinni. Leifar þess mannvirkis sem hér er lýst eru á norðvestanverðri hæðinni. Rústirnar eru tvær og samtengdar með skurði. Nyrðri tóftin er um 80 m suðvestur af landamerkjastein (GK-224:140) og syðri tóftin er 2 m NNA af girðingu bakgarðs Valhúsabrautar 18.
Báðar tóftirnar eru algrónar. Þær eru á grasi grónum mel, en nokkuð er um stórgrýti í næsta nágrenni.
Mannvirkið var skráð í fornleifaskráningu 1980 og er númer 39.2 í skráningunni. Í henni segir: "Skotbyrgi? Ferhyrnd rúst, um 6 x 6 m. Veggir 0,3-0,4 m á hæð. Inngangur á norðausturhlið. Meðfram suðausturhlið og norðausturhlið liggur mjó og niðurgrafin renna sem heldur áfram um 6-7 m norður að rúst nr. 39.3. Rennan er um 1 m á dýpt og breidd. Hún er líklega skotgröf eða skjólgröf til að komast á milli nr. 39.2 og 39.3. 39.3. Stríðsminjar. Fallbyssubyrgi? Rúst 12 x 18 m. Hlaðið að innan úr grjóti sem haldið er saman með steinsteypu. Rústin skiptist í þrjú hólf og er innangengt á milli þeirra. Líklega skotbyrgi; stærðin gæti bent til þess að þetta hafi verið fallbyssubyrgi. 4-5 m SSV við rústina sést móta fyrir mjórri rennu með stefnuna SA-NV. Rennan er um 0,5 m á dýpt og breidd, og um 20 m löng," Rústirnar eru tvær sem fyrr segir og eru tengdar saman með einhverskonar skjólgröf. Nyrðri rústin er stærri, um 18 x 13 m og snýr norður-suður. Greina má í henni 3 hólf og 2 innganga. Norðvestasta hófið er grynnst, hugsanlega fullt af hruni. En hin tvö, að norðaustan og sunnan, eru mun greinilegri og í þeim báðum sést í grjóthleðslu með steypu á milli. Í hleðslunum eru 6 umför og er rústin hæst um 1,7 m. Gröfin sem tengir rústirnar er um 1 m á breidd og hátt í 1 m á dýpt. Syðri rústin er um 6 x 6 m að stærð og líkist helst ferhyrningi með mjög rúnnuð horn. Rústin er mest um 0,7 m há og hefur 1-2 hólf, en þau eru mun ógreinilegri en hólfin í nyrðri rústinni og er stærð þeirra nokkuð ógreinileg.



*GK-223:027: Tóftir hernaðarmannvirkja á Valhúsahæð.*

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar
**Heimildir:** Fornleifaskráning á Seltjarnarnesi ÁÓG, 16-17

**GK-223:028** gryfja herminjar 64°09.266N 21°59.764V

Miklar leifar herminja er að finna víða á Valhúsahæð, bæði á suðaustanverðri og norðvestanverðri hæðinni. Leifar þess mannvirkis sem hér er lýst eru á norðvestanverðri hæðinni. Gryfjan er fast suðaustan við Þvergarð GK-224:045, um 14 m sunnan við gryfju 025 og um 30 m SSV við landamerkjastein GK-224:140.
Holan er algróin og stórgrýti er kring.
Mannvirkið var skráð í fornleifaskráningu frá 1980 og er númer 38.2 í skráningunni. Í henni segir: "Stríðsminjar. Gryfja, um 14 m sunnan við rúst nr. 38.1 [081]. Stærð 1,5 x 1,5 m og dýpt u.þ.b. 0,5 m. Ofan í gryfjunni er steypuklumpur, og í kanti sést einnig í steinsteypu," Gryfjan er um 2 x 1 m og snýr NV-SA og er um 0,7 m á dýpt. Ekki sést lengur til steypu í gryfjunni, en ferhyrnd hola er í botni hennar. Holan í botni gryfjunnar er 0,4 x 0,4 m og 0,15 m djúp. Steypuklumpurinn sem talað er um í fornleifaskráningu frá 1980 gæti hafa verið í holu þessari.
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar
**Heimildir:** Fornleifaskráning á Seltjarnarnesi ÁÓG, 16

**GK-223:029** *Kippers Camp* heimild um herminjar 64°09.142N 22°00.098V

Samkvæmt Þór Whitehead sem talsvert hefur rannsakað umsvif hersins á Seltjarnarnesi í síðari heimsstyrjöldinni stóð lítill kampur í Bakkalandi, þar sem gatan Unnarbraut er nú. Þessi "kampur" var í tíð breta nefndur Kippers Camp en Þór hefur þær upplýsingar frá Friðþóri Eydal að hverfið hafi síðar, eftir komu ameríkana verið nefndur Tern Beach Camp. Engin ummerki sjást um kampinn en nú er í búðarhverfi á þessum slóðum.
Kampurinn var þar sem nú er malbikuð gata og íbúðahúsahverfi.
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** bréf frá Þór Whitehead, dagsett 3. apríl 2006.

*GK-224 Nes við Seltjörn*

**120 hdr. c. 1200**: Kirknaskrá Páls, DI XII, 9.
Í máldaga Þorlákskirkju á Skeggjastöðum á Ströndum frá **1367** er minnst á Neskirkju: "Nesia sysla lix. Nichulas kirkia a seltiarnarnese a sex manna messuklæde. allt annad suo sem Vilchinsbok jnne helldur" Hítardalsbók DI III, 220. Á Neskirkju er einnig minnst 1379 í máldaga Jónskirkju í Vík (Reykjavík). Þar segir "Jonskirkia j vik aa land alltt at seli. landsælding og selalatur j erfærisey. sælding j akvrey. rekann allann a kirkivsandi. fiordvng reka j mots vid nes. eyngey og lavgarnes. vtan seltiornn og lavgarlæk." DI III 340.
Til er máldagi Neskirkju frá **1397**. Þar segir: "Nichulaskirkia i Seltiarnarnesi a: fiordung veida j Ellidaaum. þridiunginn i Heimalanndi med rekumm skogumm oc afriettumm. Eidzlandi. Backa oc Byggardi. Half Krossvyk ad vidreka. Herkistader ad vidreka ollumm. Arland nedra. Þar skal vera prestur oc diakn," Máld. DI IV 108-109.
Frá árinu **1546** hefur varðveist bréf í fornbréfasafni um Neskirkju. Þar segir: "Eingeyar maldage Kirkian ä fiordung j öllum reka millum fossvogslækiar utan ad kirkiusande. og j seltiörn." DI VII 52.
**Árið 1546** kemur fram í Fornbréfasafni að Gizur biskup byggir Eyjólfi bónda P(áls)syni jörð dómkirkjunnar Nes á Seltjarnarnesi um þrenna tólf mánuði, með þeim greinum, er bréfið hermir. DI XI 527.
**3. júlí 1556** er Nes meðal þeirra jarða sem færast úr eignarhaldi Skálholtsstóls og yfir til konungsí skiptum fyrir Bjarnanesjarðir sbr. "sub Anno gratiæ 1556. faustudaginn næstan eptter visitatio Mariæ j Skalholltti. vorum vier j hia saum og heyrdum aa ad Knut Steinsson konunglig Maiestatis liensmann yfer Island giordi suoddan skiptti og byting vid herra Gijsla Jonsson. huer þa var settur af kongligu valldi yfer Skalholltt og Skalholltzsticktti til ad stiorna og regera heilax religionis vegna. ad eptter þui konunglig Maiestatis jinnsigludu brieffui sem vpp var lesid a alþingi. ad þær iarder sem Skalholltz domkirkia atti a Seltiarnarnesi og Alttanesi. hueriar ad voru j þad mund atta ad taulu hueriar ad suo heita. Nes. skilldinganes. Eidi. Lambastader. Eyuindarstader. Suidholltt. Skogtiaurn og Brecka. skylldu þessar iarder falla til kongdomsins med kugilldum og árligri afgiptt." DI XIII 139.
**1575:** "Kirkian ad Nese ä Seltiarnarnese. a Thriðiung i heimalande. med [rekum. Skögum. afrettum. Eijdzlandj Backa og Bijggarde. Hälf Krossavijk ad vidreka. Herkestader ad vidreka øllum. Arland nedra. Jtem fiordung veidar i Ellida Äm." Gíslamáldagar DI XV 637.
**26.5.1797:** Neskirkja aflögð; (PP, 110) [konungsbréf]. Bændaeign þar til 1397-1546, Þá Skálholtsstólseign en 1556 varð hún konungseign. Kirkjan í Nesi átti upphaflega þriðjung í heimalandi, Bakka, Bygggarði, Eiði og Árlandi [síðar Ártún] en hlutur hennar í heimalandi, Eiði og Árland voru tekin undan en 2/3 af Bakka og Bygggarði voru látin í staðinn og töldust þær kirkjujarðir að öllu frá því á 16. öld. Bakki og Bygggarður höfðu óskipt land við Nes fram á þessa öld. Nesjörðinni hafa upphaflega fylgt skógar og afréttir og mögulega selstaða þar sem heitir Nessel. Grótta var hjáleiga, fyrst getið 1547-52. Bakki talin hjáleiga í jarðab. 1760.
**1703** voru Nýibær, Jónshús, Gesthús, Þýskhús, Smiðshús, Móakot, Kot og Ráðagerði hjáleigur en heima við bæinn voru Bakrangur, Norðurbær, Jakobshús, Dugguhús og 1 ónafngr. tómthús. Seinna byggðust Knútsborg, Litlibær, Nýlenda og Bollagarðar og vel er hugsanlegt að þau hafi öll byggst upp á gömlum - bæjarstæðum eins og Jónshúss, Þýskhúss, Smiðshúss og Kots en staðsetning þessara býla er annars týnd. Nesi tilheyrði Akurey en í jarðab. 1803 er þar talin dúntekja og heyskapur. Nes var landlæknissetur frá 1760 til 1834.

Minnst er á Hafur-Björn sem bjó í Nesi í sambandi við landnám Ásbjörns Össurarsonar milli Hraunholtslækjar og Hvassahrauns í Landnámabók (H353) bls 395 ÍF I. Bærinn Nes virðist á fyrstu öldum jöfnum höndum nefndur Nes og Seltjarnarnes. Á Seltjarnarnes er minnst í nokkrum biskupasögum og Sturlungu en oft erfitt að skera úr um hvort átt er við allt Seltjarnarnes eða bæinn Nes þótt það síðarnefnda virðist oftar raunin. Seltjarnarnes er nefnt í Sturlungu (I. bindi, 184. kafla, bls. 253). Þar getur um atburði sem áttu að gerast **1216:** "En um vorið um stefnudaga fór Snorri suður á Seltjarnarnes og hafði tvær ferjur af Akranesi og fjóra tigu manna á hvorri. Þeir létu fáa eina sjá er þeir fóru suður að nesinu".

Af heimildum að dæma hefur Nes snemma verið ein af bestu jörðum landsins sbr.: "[1226]: Máldagi settr á alþingi, um osttoll til Viðeyjar klaustrs af Kjalarnes þingi. (Vottar að þessum máldaga voru m.a.:) Styrkár Sveinbjarnarson var merkr bóndi í Kjalarness þingi; hans ætt er talin í Landnámab. v, 14 : Ísl. s. I, 320, og var hann kominn af ætt Íngólfs landnámsmanns; sonr hans var Hafrbjörn í Seltjarnarnesi, sem hafði mest bú og bezta hýbýla skipan á Íslandi af bændum í sinni tíð (Árna bisk. s. kap. 26) DI I 495. Á Nes er minnist í víða í biskupasögu Árna biskup.
**1280**: "Nú því at hann [Árni biskup]rýmði fyrir herra Ásgrími fór hann heim í Skálaholt ok var þar stundum en stundum í Seltjarnarnesi ok með honum Ellisif Þorgeirsdóttir ór Holti, þess er fyrr er nefndr." Biskupasögur III, Árna Saga 58. kap. bls 83.
**1280-1281**: "Þann vetr var herra Loðinn ok með sveina sína í Seltjarnarnesi með fyrrnefndum Hafrbirni ok veitti hann allstórmannliga ok vóru þá kyrr ein tíðindi. Ok er vár kom fóru þeir Jón lögmaðr þann hlutalands sem ófarinn var um haustit, ok er dró at þingi bjogguz menn til ferðarinnar hverraf sínum heruðum. Herra Árni byskup reið ok til þings ok með honum mart lærðra manna en herra Loðinn ok allir handgengnir menn með honum." Biskupasögur III, Árna Saga 62. kap. Bls 86
(Svipaður texti er einnig í Sturlungasögu II í köflum 43 og 45 bls 810-811).
**1550:** Jtem komer Ion Grönlandt till en iiij manefar paa Seltenes wthen formandskop oc er her till skepet j tonde mell oc j tonde sijre oc mijn frj mand her Semen Gislessen fro Tolleüer Grimsen.

Fógetareikningar DI XII 184 Seltjarnarnes einnig nefnt í fógetareikningum árið 1548 DI XII 12

**16. apríl 1556**: Erindisbréf Knúts hirðstjóra Steinssonar B. Á íslenzku. 8. Vm skipte a Alfftaness jordum.
J attunda mata hefur Kong May. befalad Knute Steinssyne. ad taca til sijn allar þær jardir sem liggja ä Alfftanese og Seltiarnarnese er Skalhollt[s] stikte til heyrer. þo skal hann vtleggia aptur til jafnadar virdingar stiktinu so margar jardir og mikla rentu aff þeim sem vndir krununa liggia. Og Bæde j þessu sem odru leite Knutur Steinsson [kong maiestets gagnsemdar [og goda. epter hans fremstu magt og formegan. DI XIII 109




**1916** er tvíbýli á bænum. Tún austara býlisins 4,96 teigar auk 0,5 teiga í Einingu. Tún vestara býlis voru 7,98 teigar, 0,57 teigar í útgræðslu auk 0,6 teiga í Einingu. Garðar austara býlis voru 380 m2 heima en 970 m2 norður við sjó. Garðar vestara býlis 1040 m2, norður við sjó 1390m2.

**GK-224:001** *Nes við Seltjörn* bæjarhóll bústaður 64°09.465N 22°00.438V
Bæjarhóllinn í Nesi er við vesturendann á götunni Neströð og á honum stendur Nesstofa (b. 1761-63). Bæjarhóllinn er afar stæðilegur og er nálega á nesinu miðju, um 330 m frá norðurströnd nessins, 440 m frá austurströnd þess en tæpum 400 m frá suðurströndinni. Í Seltirningabók segir: "Fornleifarannsóknir benda til að byggð hafi hafist í Nesi á landnámsöld og þar hafi síðan verið búið við rausn. Í rituðum heimildum er Ness fyrst getið um 1200 og þá í kirknatali Páls biskups. Þar er þá risin kirkja og var hún helguð heilögum Nikulási. Hún var alkirkja og sóknarkirkja ytri hluta Seltjarnarness, Framnessins. Eini máldagi hennar frá því fyrir siðaskipti er Vilchinsmáldagi. Um siðaskipti var jörðin komin í eigu Skálholtsstóls, en síðar lenti hún undir konung. Frá siðaskiptum og fram til um 1760 sátu þar jafnan veraldlegir valdsmenn eða prestar. Árið 1760 var ákveðið að setja á stofn landlæknisembætti á Íslandi og fá þessum nýja embættismanni jörðina Nes til ábúðar. Á árunum 176-63 var reistur bústaður yfir landlækninn...." Nesstofa stendur ennþá en gamli bærinn var austan hennar, á bæjarhólnum. Hann stóð áfram, a.m.k. fram til 1800 skv. Seltirningabók.
Steinhúsið sem byggt var 1761-63 fyrir landlækni, Nesstofa, stendur enn á bæjarhólnum þar sem hann er hæstur og í kringum það er malarborið hlað. Gömul rotþró er á hólnum ASA við húsið. Sunnan undir honum voru lengi steinsteypt útihús á tveimur stöðum en þau hafa verið rifin. Í ANA hlið hólsins er Lyfjafræðisafn byggt upp úr gömlu útihúsi. Kirkjugarður 002 er á austurenda hólsins. Tún hefur verið sléttað og til skamms tíma slegið á

norður- og vesturhlið hólsins. Þétt íbúðahúsabyggð liggur inn í Nestún úr austri.



*Nesstofa og hús lyfjafræðinga, á vetrardegi í desember, horft til suðvesturs*

Bæjarhóllinn í Nesi er 100 X 105-125 m stór og snýr norðvestur-suðaustur. Árið 1989 voru gerðar takmarkaðar fornleifarannsóknir á bæjarhólnum. Grafnar voru tvær holur austan við stofuna og skurður vestan við hana. Komu þar í ljós mörg byggingarstig og mannvistarlög allt niður á 2,55 m frá yfirborði. Líkur benda til að í hólnum séu minjar um mannvist allt frá fyrstu byggð í Nesi eða um 900. Af dýpt mannvistarlaga má ráða að allur hóllinn ofan við 11,50 m.y.s. sé manngerður og hafa fyrstu byggingarnar verið reistar á lágum hrygg eða hæð. Vestan við stofuna komu í ljós þykk ösku- og úrgangslög og má ætla að þau nái allt að 40 m til vesturs frá stofunni. Skurður sem grafinn var 1995 sýndi að ösku- og úrgangslög ná a.m.k. 35 m í austur frá stofunni. Á seinni öldum stóð bærinn austantil á hólnum og var Nesstofa vestan við bæinn. Síðasti torfbærinn mun hafa staðið fram á 19. öld. "Nesstofa er einlyft, steinhlaðið hús með gaflsneiddu risþaki og hlaðinni viðbyggingu sem síðar var byggt ofaná. Í Nesstofu var, auk landlæknisbústaðar, apótek, læknisstofa og tilraunastofa. Húsið er í umsjá Þjóðminjasafns og endurbygging hófst um 1985," segir í íslenskri Alfræðiorðabók. Læknaminjasafn var lengi vel í helmingi hússins en í hinum hlutanum búið en nú hefur allt húsið verið tekið undir safnið og eru ráðgerðar endurbætur á næstu árum áður en safnið opnar á ný. Árin 2004-2005 var unnið að jarðvegsskiptum í kringum Nesstofu og þá var komið niður á grjóthlaðna stétt í kringum bæinn. Bæjarhóllinn er nr. 61 í fornleifaskráningu frá 1980.



*Hluti stéttar sem kom í ljós við jarðvegsskipti 2004-2005, horft til vesturs.*

Nyrst á bæjarhólnum er áberandi hæð, hugsanlega öskuhaugur. Hann er 9-10 X 1-2 m að stærð.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** Fornleifaskráning á Seltjarnarnesi, 24-25; Túnakort 1916; Fornleifaskráning á Seltjarnarnesi ÁÓG, 24-25, Adolf Friðriksson og Orri Vésteinsson. 1995, 6, Vilhjálmur Örn Vilhjálmsson, 1990. Ísl. alfr.orðab. H-O, 564, Seltirningabók, 124



*Nesstofa og nánasta umhverfi, blýantsteikning eftir gömlum ljósmyndum sem birtist fyrst í bókinni Lækning og saga.*

**GK-224:002** kirkjugarður kirkja 64°09.457N 22°00.376V



*Hæðarmæling af túninu íNesi úr skýrslu Fornleifastofnunar Íslands. Númerin á myndinni (1, 2 o.s.frv.) eiga við nr. 224:001, 002 o.s.frv. í skýrslu þessari*

Kirkjugarðurinn í Nesi er á austanverðum bæjarhólnum 001. Um 1890 er sagt að mestallur gamli kirkjugarðurinn sé kálgarður og sagt að þar undir ætti að leynast steinhleðslan sem kirkjan var reist á (sbr. Seltirningabók). Stærstur hluti hans er inni á lóðinni Neströð 7, vestan við húsið sem á henni stendur. Grafir komu í ljós við SV-horn þess húss þegar tekið var fyrir grunni þess. Hluti garðsins er einnig undir Neströð og hlaði sunnan við Lyfjafræðisafn. Grafir komu í ljós á tveimur stöðum meðfram Neströð þegar grafið var fyrir leiðslum 1979 og einnig var grafið niður á kistur í vesturjaðri garðsins við rannsókn 1995. Mögulegt er að garðurinn hafi færst til norðurs með tímanum en grafir gæti verið að finna allt frá norðurmörkum lóðarinnar Nesbala 34 og norður að suðurhlið Lyfjafræðisafns, en vestan við húsið á Neströð 7 og austan við línu 30 m austan við Nesstofu. Þegar grafið var fyrir leiðslum 1979 var komið niður á grjóthleðslu á tveimur stöðum, annars vegar um 3 m norðan við norðurmörk lóðar við Neströð 7 en 1-2 m vestan við þáverandi norðvesturhorn lóðarinnar (en síðan hafa lóðamörkin verið færð til vesturs) og hins vegar um 35 m vestar og 2 m sunnan við Neströð. Í greininni Kirkja og kirkjugarður í Nesi við Seltjörn áætlar Orri Vésteinsson stærð og staðsetningu kirkjugarðs frá 1787 og einnig það svæði sem líklegast má telja að grafir finnist á. Lengi mátti sjá móta fyrir kirkjutóft á yfirborði fast vestan við lóðamörk Nestraðar 7 . Á 10. áratug 20. aldar keyptu lóðareigendur Nestraðar 7 spildu vestan við þáverandi lóðamörk og við það lenti kirkjutóftin innanlóðar á Neströð. Á yfirborði má enn sjá móta óljóst fyrir kirkjutóft í norðvesturhorni lóðarinnar Nestraðar 7. Tóftin snýr austur-vestur og sýnist vera 6x4 m.

Talsvert rask hefur átt sér stað þar sem kirkjan í Nesi og kirkjugarður voru áður. Það svæði sem talið er að kirkjugarðurinn hafi náð yfir er nú að hluta undir íbúðarhúsabyggð, að hluta undir vegi og bílastæði en að hluta þar sem nú er sléttuð grasflöt.

SELTJARNARNES (G) -Nikulási (REYKJAVÍKURANNEXÍA) c. 1200: Kirknaskrá Páls, DI XII, 9

[1367]: a sex manna messuklæde.

allt annad suo sem Vilchinsbok jnne helldur; Hítardalsbók DI III 220

1397: fiordung veida j Ellidaaum.

Þridiunginn i Heimalanndi med rekumm skogumm oc afriettumm. Eidzlandi. Backa oc Byggardi. Half Krossvyk ad vidreka. Herkistader ad vidreka ollumm. Arland nedra.

Þar skal vera prestur oc diakn; Máld DI IV 108-109 [Þessar uppl. er síðastar í máld. á eftir inventarii]

26.5.1797: Neskirkja aflögð; (PP, 110) [konungsbréf]. Elstu rituðu heimildir sýna að kirkja hefur verið komin á Nesi um 1200 og er raunar líklegt að hún hafi verið byggð strax á 11. öld. Heimildir um kirkjuna á fyrstu öldum eru fátæklegar en þær sem til eru frá miðöldum benda til að kirkjan hafi þá verið dæmigerð stórbýliskirkja. Engar lýsingar á kirkjunni eða staðsetningu hennar eru til fyrr en frá 17.-18. öld. Talsvert hefur verið fjallað um sögu Neskirkju fram að þessu, t.d. í Seltirningabók og í grein Orra Vésteinssonar í Árbók hins íslenska fornleifafélags 1995 og er hér með vísað í þessar heimildir fyrir fyllri mynd af kirkjusögunni í Nesi en hér nær eingöngu gripið niður í fornleifarannsóknir á sem gerðar hafa verið á og innan kirkjugarðs. Í grein Orra Vésteinssonar í Árbók Fornleifafélagsins segir: "Í Básendaveðrinu aðfararnótt 9. janúar 1799 fauk síðasta kirkjan í Nesi við Seltjörn. Hún var aðeins tæplega fimmtán ára gömul en 1785 höfðu kirkjubændur í Nesi, þeir Jón Sveinsson landlæknir og Björn Jónsson apótekari, látið byggja þar glæsilega nýja timburkirkju. Kirkjan, sem hún leysti af hólmi, var byggð 1675. Hún var með hliðarveggi úr torfi og grjóti og hefur verið dæmigerð bændakirkja á stórbýlum á sínum tíma. Sú kirkja hafði löngum verið hrörleg og þrátt fyrir margvíslegar tilraunir tiil endurbóta varð að lokum ekki komist hjá því að reisa nýja kirkju frá grunni. Nýja kirkjan var bæði stór og vönduð og með gríðarháum kirkjuturni, sem hefur átt fáa sína líka á Íslandi. Hún var líka eingöngu úr timbri, sem var nálega einstakt á seinni hluta 18. aldar þegar flestar kirkjur voru með torfveggjum, og er greinilegt af lýsingum að hvergi var til sparað við gerð hennar... [...]. Eftir að kirkjan var aflögð [1797] var byggingin seld apótekaranum í Nesi og mun hann hafa notað hana m.a. til að þurrka í lyfjagrös þar til hún fauk. Áfram var greftrað í kirkjugarðinum, síðast árið 1813 eftir því sem best er vitað. [...] Sumarið 1995 var gerð minni háttar

fornleifarannsókn austan við Nesstofu á Seltjarnarnesi í því skyni að staðsetja grunn Neskirkju og ákvarða umfang kirkjugarðsins. [...]. Í ritheimildum eru engar vísbendingar um staðsetningu kirkjunnar í Nesi. [...]. Austasta rústasvæðið, sem fram kom við jarðsjármælingu 1995 og var þá talið vera kirkjugrunnur, er í norðvesturhorni lóðarinnar Neströð 7 [...]. Þar sér raunar móta fyrir ferhyrndri tóft með útbyggingu til austurs á yfirborði og kemur hún skýrt fram við yfirborðsmælingu ... . Þó að ekki séu til neinar ótvíræðar heimildir um staðsetningu kirkjunnar hefur löngum verið bent á svæðið austan við stofuna sem kirkjustæðið. Gamli torfbærinn í Nesi stóð austan stofunnar en ekki er vitað um neinar byggingar austan bæjarstæðisins eftir að kirkjan fauk. Einnig hafa komið í ljós grafir bæði norðan og sunnan við þetta svæði. Árið 1979 komu í ljós þrjár beinagrindur í hitaveituskurði sunnan við Neströð, fast norðvestan við norðvesturhúshorn á Neströð 7. Við viðgerð á sömu hitaveitulögn í febrúar 1994 var aftur komið niður á bein á þessum stað. Í ágúst 1980 fundust mannabein 6 metra vestan við suðvesturhúshorn á Neströð 7 þegar verið var að taka þar möl. Sá fundur var ekki kannaður og voru beinin sett aftur niður á svipuðum stað. Grafirnar sem fundust í hitaveituskurði 1979 og vestan við suðvesturhorn Nestraðar 7 1980 benda til að á milli þeirra staða hafi kirkjan verið. Norðan við hitaveituskurðinn er leiðin heim að Nesi, og þar norðan við snarlækkar hóllinn, þannig að ekki er líklegt að kirkjugarðurinn hafi náð lengra í norður en 10-15 m frá skurðinum. Sama á við að sunnanverðu. Grafirnar sem í ljós komu við húshornið eru alveg á brún hólsins og þar sunnanvið hefur tekið við aflíðandi brekka sem hæpið er að grafið hafi verið í, þó það sé ekki óhugsandi. Næst húsinu er nú uppfylling en vestar er alldjúp hvilft sem sýnir hversu bratt hefur verið niður af hólnum áður en byrjað var að byggja upp að honum að austan. Ekki munu hafa komið upp nein mannabein þegar grafið var fyrir grunni íbúðarhússins í Neströð 7 og bendir það til að kirkjugarðurinn hafi ekki náð lengra í austur en það. Í skurðum þeim, sem Vilhjálmur Ö. Vilhjálmsson gróf 1989, komu í ljós þétt mannvistarlög úr íbúðarhúsum og er ljóst að kirkjugarðurinn hefur ekki náð svo langt í vestur. Svæðið, þar sem kirkjugrunnsins var að leita, var því um 50x50 m að stærð, milli Nestraðar 7 að austan, Lyfjafræðisafns að norðan, línu 10-15 m austan við Nesstofu að vestan og hólbrúnarinnar að sunnan. Á lóðinni vestan við íbúðarhúsið Neströð 7 sést móta fyrir ferhyrndu mannvirki en jarðsjármælingar sem gerðar voru 1994 höfðu bent til að auk þeirrar rústar væru tvö rústasvæði nær Nesstofu. Með tilliti til þessara vísbendinga var ákveðið að gera nákvæma yfirborðsmælingu af svæði þessu. Þó að túnsnepillinn milli Nesstofu og Nestraðar 7 hafi greinilega verið sléttaður á þessari öld þá má greina þar misfellur á yfirborði, sem gætu verið merki um mannvirkjaleifar undir sverðinum. Yfirborðsmæling miðaði að því að fá heildarmynd af þessum misfellum og greina aðrar sem ekki sjást með berum augum.[...] Austur úr miðjum bæjarhólnum gengur um 25x25 m stór sléttur pallur og þar sem hann er hæstur er mjög útflött tóft, sem snýr rétt við áttum og er um 6 m frá austri til vesturs og um 4 m frá norðri til suðurs. Austur úr þessari tóft má óljóst greina litla útbyggingu, 1 eða 1,5 m langa. Stærð, stefna og afstaða tóftar þessarar við grafirnar, sem í ljós hafa komið, bendir eindregið til að hún sé leifar af kirkjugrunni. Tóftin sjálf er inni á lóðinni Neströð 7, en þegar til kom fékkst leyfi landeiganda ekki fyrir uppgrefti þar. Þar sem ekki var hægt að grafa í tóftina sjálfa var skurður grafinn beint vestur af henni en honum var ætlað að skera úr um vesturmörk garðsins og reyna að varpa ljósi á annað af tveimur rústasvæðum sem jarðsjármæling hafði þótt benda til. Einnig var gerð tilraun með viðnámsmælingu á kirkjustæðinu. [...] Viðnámsmælingin var gerð eftir að yfirborðsmæling og uppgröftur höfðu farið fram og bætti hún engu nýju við þá mynd sem þegar hafði fengist...." (bls. 99-105). Í samantekt um niðurstöður rannsókna í Nesi segir ennfremur (bls 117-119): "Þó að ekki hafi verið hægt að rannsaka tóftina inni á lóðinni Neströð 7 verður eftir rannsóknirnar sumarið 1995 ekki efast um að þar sé grunnur Neskirkju. Grafir hafa nú komið í ljós á þremur stöðum í kringum þessa tóft og þar sem ekki er vitað til að aðrar byggingar hafi staðið á þessum stað síðastliðnar tvær aldir kemur vart annað til greina en að tóftin sé eftir kirkjuna. Ekki var hægt að tímasetja grafirnar sem komu í ljós í hitaveituskurðinum 1979 og 1994, né þær sem komu í ljós syðst í garðinum 1980 en grafirnar sem komu í ljós í skurði ND eru örugglega eldri en síðasti fjórðungur 18. aldar og það bendur til að eldri kirkjan, sú sem byggð var 1675, hafi staðið á svipuðum slóðum. Ekkert verður hinsvegar sagt um



*Endurgerð staðsetning kirkjugarðs í Nesi. Birtist í Orri Vésteinsson. 1995a.*

staðsetningu eldri kirkna í Nesi að svo búnu. Í skurði ND komu í ljós tveir veggir og er eðlilegast að túlka þá sem kirkjugarðsveggi. Báðir hafa sömu stefnu og grafirnar og ekki eru miklar líkur á öðrum mannvirkjum á þessum stað. Veggurinn nr. 7-9 er að því er virðist yngri en grafirnar, sem fundust fast austan við hann, og þær eru á hinn bóginn ekki afargamlar, varla eldri en frá 17. öld. Það er því líklegt að veggur þessi hafi verið hlaðinn á fyrri hluta á 18. aldar. Mögulegt að hann sé frá sjöunda áratug 18. aldar þegar vísitatíur benda til að gert hafi verið við garðinn þó hvergi sé þess getið beint að vesturveggurinn hafi verið endurhlaðinn. Engar grafir voru vestan við stéttina nr. 9 og bendir það sterklega til að nr. 3 sé kirkjugarðsveggur sá sem Neshverfingar hlóðu 1787-91. Kirkjan var aflögð 1797 og því hefur viðbótarplássið, sem skapaðist í garðinum, aldrei verið nýtt. Það styrkir þessa tilgátu að veggurinn nr. 7 virðist hafa verið vísvitandi jafnaður út (10) og nr. 3 hlaðinn þar á eftir. Af neðri lögunum í skurði ND sýnist ljóst að vesturmörk kirkjugarðsins hafi um afarlangt skeið verið á því bili sem nr. 7-9 nær yfir. Lögin vestan við þessa línu eru allt annars eðlis en þau sem eru austan við og er ótvírætt að úrgangslögin nr. 12, 20 og 22 tengjast híbýlum manna en ekki guðshúsi. Austurenda nr. 12 má raunar telja austurmörk bæjarhólsins í Nesi og öskuhauganna utaní honum. Erfiðara er að túlka grjótlögnina nr. 21. Hún er áreiðanlega miklu eldri en grafirnar sem komu í ljós í skurðinum, en hversu miklu eldri og hvaða hlutverki hún hefur gegnt verður að liggja á milli hluta. Á grunni þessara upplýsinga má gera sér allgóða grein fyrir takmörkum kirkjugarðsins.... Kirkjutóft sést á yfirborði, en hvort það er grunnur síðustu kirkjunnar eða einhverrar eldri er ómögulegt að segja nema með uppgrefti. [...] Ef garðurinn nr. 3 er kirkjugarðsveggurinn frá 1787-91 eins og hér hefur verið talið líklegt, og tóftin er eftir yngstu kirkjuna, þá hefur hún staðið alveg syðst í garðinum. Hún gæti hafa verið byggð á sama grunni og eldri kirkjan eða við hlið hennar. Ef kirkjugrunnurinn er eftir yngri kirkjuna og hún var byggð við hlið hinnar eldri þá er líklegra að hún hafi verið byggð sunnan við eldri kirkjuna, sem þá hefur verið nær miðju garðsins (og þá undir Neströð sem nú er). Kirkjugarðsveggurinn frá 1787-91 hefur þá verið á sama stað og eldri garður, að öðru leyti en því að hann hefur verið færður út um 6 m til vesturs. Ef tóftin er hinsvegar eftir kirkjuna frá 1675 þá gæti yngri kirkjugrunnurinn verið norðan við og þar með undir Neströð og nær miðju garðsins frá 1787-91. Grafirnar sem fundust vestan við SV hornið á húsinu Neströð 7 sýna að kirkjugarðuinn hefur í eina tíð náð mun lengra til suðurs en stefnan á garðinum frá 1787-91 bendir til. Mögulegt er að 1787 hafi verið mælt fyrir alveg nýju kirkjugarðsstæði, þannig að garðurinn hafi verið færður út til norðurs ekki síður en vesturs, og væri það í samræmi við fyrirskipun biskups frá 1780. Hitt er einnig mögulegt að syðstu grafirnar séu miklu eldri og að garðurinn hafi verið færður í norður löngu fyrir 18. öld. Hvar hinar eldri kirkjur hafa verið verður ekki sagt að svo búnu."

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** Adolf Friðriksson og Orri Vésteinsson. 1995, 5-6; Seltb, 299-310; Túnakort 1916; Bréf Kristins Magnússonar til Guðmundar Ólafssonar 22. febrúar 1994. Orri Vésteinsson. 1995c, 115, Seltirningabók, 99-124

**GK-224:003** hleðsla brunnur 64°09.369N 22°00.524V

Brunnur fyrir Nes var áður um 180 m SSV við Nesstofu 001, við götuna 139 sem lá frá bænum suður að sjó. Brunnurinn var fast sunnan við túngarð 006.

Brunnurinn var nálega beint sunnan við hlið á túngarði 006. Þar er nú grasi gróið óræktarsvæði.

Brunnurinn var góður. Hann er grjóthlaðinn að innan og enn greinilegur. Til að koma í veg fyrir slysahættu var steinsteypt plata sett yfir brunninn. Hún er um 2 X 2 m stór.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**GK-224:004** *Móakot* bæjarhóll bústaður 64°09.535N 22°00.415V

Í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns frá 1703 segir: "Móakot, sjötta hjáleiga. Jarðadýrleiki óviss." "Í túninu milli Nýabæjar og Ness er hóll, þar sem talið er, að hafi verið kot, Mókot," segir í örnefnaskrá. Móakot var rúmum 100 m norðan við Nesstofu 001 en 50-60 m suðvestan við beygju á Sefgörðum.

Allt umhverfis er sléttað tún. Í túninu eru þó víða hæðir þar sem uppsafnaðar mannvistarleifar kunna að leynast undir sverði. Greinileg hæð er í túninu þar sem Móakot stóð.



*Bæjarhóllinn, horft til norðausturs yfir íbúðarhúsabyggð*

Greinilegur hóll er í túninu þar sem Móakot stóð. Suðurhluti hólsins er reisulegri eða mest um 1 m á hæð. Hóllinn er um 25 X 29 m stór og snýr norður-suður. Erfitt er að sjá mikið lag á yfirborði hólsins enda hefur hann verið sléttaður. Engar grjóthleðslur sjást og í raun ekki heldur torfveggir. Suðurhlutinn er þó eins og áður sagði greinilegri og skýrari. Hugsanlegt er að þar megi sjá móta fyrir byggingu sem snýr austur-vestur og er um 12 X 16-17 m stór en hún er þá afar óljós. Mögulegt er að aðalhúsakynnin hafi verið í þessum hluta en norðar hafi verið e.k. gerði. Gera má ráð fyrir að hóllinn sé að mestu uppsafnaðar mannvistarleifar. "Hér stóð hjáleigan Móakot sem var nýlega farin í eyði 1779 og hafði verið byggð a.m.k. frá 1703 og eflaust talsvert lengur," segir í skýrslu Fornleifastofunnar Íslands um fornleifarannsóknir í Nesi. Rúst þessi er númer 12 á fornleifaskrá frá 1980.



*GK-224:004: Bæjarhóll Móakots er markaður með rauðu, horft til norðvesturs*

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar
**Heimildir:** JÁM III, 213, Adolf Friðriksson og Orri Vésteinsson. 1995, 7; Ö-Seltjarnarnes GSM, 7

**GK-224:005** þúst 64°09.551N 22°00.506V
"Vestan við bæjarstæði Móakots (nr.4) er ávöl bunga í sléttuðu túni, sem kallað er Langhali. [...] Ekki sást skýr lögun á þessari bungu, en allar líkur eru á að þar sé mannvirki



*GK-224:005: Þústin er afmörkuð með rauðri línu, horft til suðurs*

sem sléttað hefur verið yfir," segir í skýrslu Fornleifastofnunar Íslands um fornleifarannsóknir í Nesi. Hæðin er um 80 m VNV frá miðju hæðarinnar þar sem Móakot 004 stóð en 30 m ofan við nýlegan, hlaðinn og sporöskjulaga skjólvegg. Hæðin er um 170 m NNV við Nesstofu 001. Allt umhverfis er sléttað tún. Í túninu eru þó víða hæðir þar sem uppsafnaðar mannvistarleifar kunna að leynast undir sverði.
Hæðin er um 10 m í þvermál en 0,4-0,5 m á hæð. Dálítið er um dældir í yfirborði hennar en ekki er hægt að sjá lögun á henni. Ekkert grjót er að sjá í þústinni.
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar
**Heimildir:** Adolf Friðriksson og Orri Vésteinsson. 1995, 7



*Hæðarlínurit sem sýnir bæjarhól Móakots (nær) en þústina fjær. Úr skýrslu Adolfs Friðrikssonar og Orra Vésteinssonar. 1995.*

**GK-224:006** garðlag túngarður 64°09.372N 22°00.449V
Túngarður hefur vísast til legið allt umhverfis túnin í Nesi. Leifar hans sjást á stórum kafla sunnan og vestan túna. Að norðan hefur garðurinn að stórum hluta verið sléttaður en annars horfið í íbúðarhúsabyggð en að austan

er hann alveg horfinn í þéttbýlið. Af túnakorti frá 1916 sjást mörk túna í upphafi 20. aldar. Túngarðurinn liggur á svipuðum slóðum og mörk aðaltúna Ness að sunnan og vestan.

Túngarðurinn liggur í sveig sunnan og vestan við Nesstofu. Að suðaustan, norðaustan og austan er garðurinn horfinn, ýmist vegna sléttunar eða íbúðahúsabyggðar. Samkvæmt túnakorti frá 1916 voru öll túnin sléttuð en aðeins hluti þeirra er enn sléttaður þar sem önnur svæði hafa hlaupið í þúfur vegna óræktar. Þar sem túngarðurinn í Nesi sést er hann víða á mörkum sléttaðra túna og túna sem hlaupin eru í þúfur og órækt. Hann er þó víðar inn á því óræktarsvæði.

Grafinn var skurður í gegnum garðinn 1996 en merki um hleðslu voru mjög ógreinileg og engin gjóskulög voru yfir eða undir garðinum sem gefið gætu hugmynd um aldur hans þó að talið væri að hann væri mjög forn sökum þess hve mikil jarðvegsþykknun hafði orðið frá því hann var byggður. Árið 1781 veitti danska landbústjórnarfélagið Birni Jónssyni apótekara í Nesi (sbr. RLLF II, 278) "Felagsins minna verdlaunapening (Medaille) af silfri fyri 60 fadma af prydiligum og stekum griotgardi, og 200 fadma torfgards." og bendir allt til að það sé að stofni til garður sá sem enn sést. Garðurinn er nr. 9 á fornleifaskrá frá 1980. Nú er samtals hægt að greina megin túngarðinn í Nesi á um 480 m kafla. Auk þess ganga frá honum garðar á a.m.k. tveimur stöðum sem annars vegar marka af tún Litlabæjar (sjá 118) og hins vegar Knútsborga (sjá 106 ) Samtals má því rekja arma túngarðsins á svæði sem er nálega 500 X 240 m stórt og snýr austur-vestur. Hér verður aðaltúngarði Nes lýst. Suðurhliðin er grjóthlaðin á kafla og stæðileg. Þar er garðurinn um 1 m á breidd og 0,4 m á hæð en víðast annars staðar sjást engar grjóthleðslur enda verið sléttað yfir garðinn á kafla jafnvel þó að enn megi vel greina hann sem hrygg í túnjaðri. Hér verður túngarðinum lýst í meginatriðum og byrjað suðaustast. Garðurinn er fyrst greinilegur 40-50 m austan við tröð frá Nesi 139. Reyndar liggur óljós hryggur frá austurendanum og til norðaustur í um 30 m. Ekki er hægt að fullyrða hvort hryggurinn er leifar af túngarði sem sléttaður hefur verið í tún en þá hefur hann tekið skarpa beygju á þessum stað. Frá austurenda garðsins má hins vegar greinilega rekja garðinn í 40-50 m til VNV þar til komið er að gömlu heimreiðinni. Þar sem tröðin 139 lá til suðurs er 4-5 m op á garðinum en vestan þess heldur svo garðurinn áfram í sömu stefnu í um 50 m til viðbótar áður en hann beygir lítillega meira til vesturs og stefnir í norðvestur. Kaflinn vestan heimreiðar er mun óskýrari en sá sem er austan hennar en þó má á þessu svæði enn greina grjóthleðslur hér og þar. Á þessum kafla er garðurinn siginn og allt að 2 m á breidd en 0,3 m á hæð. Um það bil helmingur af garðinum á þessum slóðum er svo óskýr að hann verður vart rakinn. Það má því segja að um 50 m kafli túngarðsins suðaustast sé langskýrasti hluti hans. Eftir að garðurinn beygir til norðausturs verður hann enn óskýrari og víða allt að 5-6 m á breidd en 0,2 m á hæð. Hann má rekja í um 150 m áður en stefna hans breytist endalega í norður. Áfram er svo hægt að rekja garðinn til norðurs og síðan norðausturs í aðra 150 m áður en hann fjarar endanlega út í sléttuðu túninu. Frá norðausturhorni túns um Litlabæ (sjá 018) gengur garðlag frá aðaltúngarðinum og til austurs (sjá 118). Annað garðlag má greina frá aðalgarðlaginu nokkru sunnar eða þar sem hann beygir til norðurs. Þetta garðlag hefur legið um Knútsborgir (sjá 106). Það liggur til austurs langleiðina að Bakkatjörn þar sem það hverfur. Framhald garðsins má hins vegar greina nokkru norðar en þá liggur hann til norðurs og NNA austan við tún Knútsborga (sjá 022 og 023) og Litlabæjar (018) að vegarslóða sem liggur að austurströnd Seltjarnarness á þessum slóðum. Garðlagið er ekki greinilegt norðan slóðans.



*GK-224:006: Túngarðurinn, suðvesturjaðri túns horft til vesturs*



*Túngarðurinn í suðurjaðri túna, horft til vesturs*

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** Adolf Friðriksson og Orri Vésteinsson. 1995, 7, Hildur Gestsdóttir og Orri Vésteinsson. 1996, 14-15; RLLF II, 278, Túnakort 1916

**GK-224:007** gerði 64°09.458N 22°00.571V

Hringlaga gerði er í túni Ness um 100 m vestan við Nesstofu 001 en um 30 m ofan (austan) við annað hringlaga gerði 008. Allt umhverfis er sléttað tún. Í túninu eru þó víða hæðir þar sem uppsafnaðar mannvistarleifar kunna að leynast undir sverði. Gerðisins er getið í skýrslu Fornleifastofnunar Íslands um fornleifarannsóknir í Nesi. Árið 1993 gerði Kristinn Magnússon fornleifarannsókn í þessu gerði. Samkvæmt niðurstöðum hans má ætla að gerði þetta hafi upphaflega verið um 22 m í þvermál áður en það féll úr notkun en síðan hefur mikið hlaðist utan á torfvegginn. Gerðið var markað með torfvegg sem virðist hafa verið um 1,4 m á breidd. Innan þess fann Kristinn talsvert af sæbörðu grjóti. Ekki fundust skýrar vísbendingar um hlutverk gerðisins eða aldur.Gerði þetta er nr. 8 á fornleifaskrá frá 1980. Gerðið er um 34 m í þvermál en veggir eru 4-5 m breiðir og 0,5-0,6 m háir. Engar grjóthleðslur sjást á yfirborði. Fornleifastofnun Íslands gerði nákvæma hæðarmælingu á gerðinu árið 1995 og gróf könnunarholu í gerðið 1996 en í henni fundust ekki mannvistarleifar.



*Hæðarlínurit sem sýnir gerði 007, 008 og 016.Úr skýrslu Adolfs Friðrikssonar og Orra Vésteinssonar. 1995.*



*GK-224:007: Gerðið, horft til suðvesturs*

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** Kristinn Magnússon: Bráðabirgðaskýrsla um Fornleifarnnsókn á Seltjarnarnesi árið 1993; Adolf Friðriksson og Orri Vésteinsson. 1995, 7, Hildur Gestsdóttir og Orri Vésteinsson. 1996, 15-16

**GK-224:008** gerði 64°09.457N 22°00.649V

Hringlaga gerði er í túni Ness um 5 m sunnan við annað gerði 016 en 30 m vestan við gerði 007. Gerðið er 150-170 m austan við Nesstofu 001. Það nær alveg að vesturhlið túngarðs 006. Gerðið er flennistórt og sjálfsagt það sem er bæði stærst og mest áberandi slíkra gerða í túninu. Allt umhverfis er sléttað tún. Í túninu eru þó víða hæðir þar sem uppsafnaðar mannvistarleifar kunna að leynast undir sverði.

"Gerði þetta hefur fremur óreglulega lögun, en er nokkurn veginn hringlaga og sýnist skiptast í tvö hólf. Gerði þetta er nr. 7 á fornleifaskrá [frá 1980]," segir í skýrslu FSÍ um fornleifarannsóknir í Nesi. Gerðið er áberandi og stendur hærra en mörg hinna gerðanna í túninu. Gerðið er allt að 45 m í þvermál og jafnvel mætti kalla það ferhyrnt en með afar rúnuðum hornum. Veggir gerðisins eru 4-5 m að þykkt en mest 0,6-0,8 m háir, algrónir. Suðvesturhorn gerðisins er óskýrt. Öfugt við önnur gerði í túninu sést þetta gerði alls ekki á innrauðum loftmyndum og bendir það ásamt lögun þess til að það sé annarrar gerðar en hin og hafi jafnvel gegnt öðru hlutverki. Engar grjóthleðslur sjást í þessu gerði fremur en öðrum þeim sem í túninu er að finna. Fornleifastofnun Íslands gerði nákvæma hæðarmælingu á gerðinu árið 1995 og gróf könnunarholu í gerðið 1996 en í henni fundust ekki mannvistarleifar.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** Adolf Friðriksson og Orri Vésteinsson. 1995, 7-8; Hildur Gestsdóttir og Orri Vésteinsson. 1996, 15-16

**GK-224:009** gerði 64°09.497N 22°00.530V

"Á loftmyndum sem teknar hafa verið af túninu í Nesi hafa komið í ljós ummerki tæpum 30 metrum norðvestan

við bæjarhólinn sem gætu verið eftir fornt mannvirki. Við uppmælingu á minjunum sumarið 1995 var þess sérstaklega gætt að mæla þetta svæði vandlega til að reyna að komast fyrir um hvort þar leynist minjar. Árangur mælinganna reyndist áhugaverður. Á þessum stað vottar fyrir tveimur langveggjum sem liggja í norðvestur-suðaustur. Við norðvesturenda þeirra mótar fyrir hringlaga tóft og er hún áföst langveggjunum eða hefur verið byggð ofan í hús (?) endann. Við suðausturenda er ekkert að sjá," segir í skýrslu FSÍ um fornleifarannsóknir í Nesi 1995. Gerðið er um 70 m norðvestan við Nesstofu 001. Frá norðurbrún 009 og að suðurbrún 010 eru um 15 m. Allt umhverfis er sléttað tún. Í túninu eru þó víða hæðir þar sem uppsafnaðar mannvistarleifar kunna að leynast undir sverði.

Gerðisþústin er afar óljós á yfirborði og vart hægt að greina hana nema við ákveðin birtuskilyrði. Hún er norðan og vestan við þúst 017 en austan við gerði 007. Hún hefur verið um 45 X 10 m stór og snúið norðvestur-suðaustur, en útveggi er erfitt að greina nema út frá lágri og ógreinilegri dæld sem er í tóftinni miðri. Fornleifastofnun Íslands gerði yfirborðsúttekt og hæðarmælingu á gerðinu 1995 og í skýrslu um þá úttekt segir:"Ekki er unnt að skera úr um hvor hér sé um mannvirki að ræða.Til þess þarf nánari rannsókn og jafnvel uppgröft. Engu að síður skal bent á að mögulegt er að hér sé um að ræða afarstóra skálatóft, sem jafnvel er frá fyrstu öldum Íslandsbyggðar. Hún virðist vera um 45 metrar að lengd en um 10 metrar á breidd. Hin meinta tóft líkist mjög þeim elstu skálum sem þekktir eru hér á landi. Þeir hafa allir keimlíka lögun, þ.e. aflöng hús, allt að 50 metra löng, með afhús við annan enda og jafnvel á hliðum einnig. Hinn þekkta bæjartóft á Hofsstöðum í Mývatnssveit er dæmi um skála af þessu tagi. Þar er afhús við annan enda, en ekki mótar fyrir neinum veggjum við hinn gaflinn, enda kann þar að hafa verið timburgafl sem skilur ekki eftir sig mikil ummerki að svo löngum tíma liðnum. Ef það reynist rétt að þessi staður í túninu í Nesi er í raun skálabygging frá fornöld, þá hefur hann vissulega mikið gildi og gæti verið leifar fyrsta bæjarins í Nesi. Hefur þessi staður því ótvírætt rannsóknargildi, því enn er mörgu ósvarað um íslenska fornbæi. Þó verður að fara varlega í að fullyrða um hvað þarna leynist, en gæta verður að því að þarna verði engu raskað nema að undangenginni rannsókn. Hringlaga tóftin við endann er nr. 10 á fornleifaskrá [frá 1980]". Við rannsókn 1996 kom í ljós að aflöngu bungurnar eru líklega manngerðar en




*Hæðarlínurit af þúst 009 sem talið var möguleg skálabygging en reyndist samsíða garðlög. Úr skýrslu Adolfs Friðrikssonar og Orra Vésteinssonar. 1995.*

að ekki er um hús að ræða. Litla gerðið við vesturendann er sömu gerðar og gerði 007, með einföldum torfvegg með LNL í en það var einnig óhreyft á spotta fast undir hleðslunni og bendir það til að gerðið sé gert skömmu eftir að gjóskan féll. Enn má óljóst greina skurðinn sem tekinn var í tóftina. Hann liggur sem dokk þvert yfir miðja tóftina og er 14 m langur. Engar grjóthleðslur sjást í þessu gerði fremur en öðrum þeim sem í túninu er að finna.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** Adolf Friðriksson og Orri Vésteinsson. 1995, 8; Hildur Gestsdóttir og Orri Vésteinsson. 1996, 10-12

**GK-224:010** þúst 64°09.505N 22°00.485V

"Örskammt norðan og austan við stað nr. 9 [þ.e. 009] mótar fyrir mannvirki af svipuðu tagi, en ummerki eru öll mjög óljós. Staðurinn var engu að síður mældur vandlega." segir í skýrslu FSÍ um fornleifarannsóknir í Nesi. Frá norðurbrún 009 og að suðurbrún 010 eru um 15 m. Þetta gerði er um 40 m NNV við minnismerki um Bjarna Pálsson sem er norðvestarlega á bæjarhól Ness 001. Allt umhverfis er sléttað tún. Í túninu eru þó víða hæðir þar sem uppsafnaðar mannvistarleifar kunna að leynast undir sverði.

Þústin virðist samansett úr tveimur einingum, annars vegar hringlaga þúst sem er um 20 m í þvermál og hins vegar, fast við vesturhlið hringsins virðist mega sjá móta fyrir öðru hólfi fast norðan við það fyrstnefnda. Það virðist snúa norðvestur-suðaustur (og snýr svolítið skáhallt á hringlaga hólfið). Síðarnefnda hólfið er um 22 X 13-15 m að stærð. Hæð þessa mannvirkis er um 0,3 m en breidd veggja 2-3 m. Það er ógreinilegt á yfirborði. Í skýrslu Fornleifastofnunar Íslands um fornleifarannsóknir í Nesi segir ennfremur um gerðið: "Ekki er auðvelt að sjá á yfirborði ákveðna lögun eða stærð, en það virðist móta fyrir veggjarhleðslum á þrjá vegu og svæðið er um 20 metrar á kant. Ef þetta eru mannvirkjaleifar þá er ekki ósennilegt að þær séu frá sama tíma og nr. 9. Um það verður þó ekki fullyrt nú." Engar grjóthleðslur sjást í þessu gerði fremur en öðrum þeim sem í túninu er að finna.
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar
**Heimildir:** Adolf Friðriksson og Orri Vésteinsson. 1995, 8-9

**GK-224:011** þúst útihús 64°09.534N 22°00.580V
"Um 20 metrum norðvestur frá stað nr. 10 er enn ein bungan. Engar veggjaleifar sjást eða hleðslur, en bungan er um 15 metrar í þvermál og er líklegt að þar leynist mannvirki undir," segir í skýrslu FSÍ um fornleifarannsóknir í Nesi. Þústin er sunnan við austurenda túngarðs sem girti af Litlabæ (sjá 118). En hann gengur til austurs frá aðal túngarðinum (006). Þústin er 160-170 m norðvestan við Nesstofu 001 en 80-90 m norðvestan við 010. Allt umhverfis er sléttað tún. Í túninu eru þó víða hæðir þar sem uppsafnaðar mannvistarleifar kunna að leynast undir sverði. Nyrðri helmingur þústarinnar hefur verið sléttaður en hinn syðri er á meira óræktarsvæði.

Þústin er gróflega hringlaga og um 15 m í þvermál en 0,2-0,3 m á hæð. Engar grjóthleðslur sjást í þústinni. Könnunarhola sem grafin var í þústina árið 1996 leiddi í ljós að líklegast er um útihús eða þurrabúð að ræða. Í skýrslu um uppgröftinn segir: "Um 32 cm neðan við yfirborð var komið niður á steina í holubotninum. Þegar hreinsað var frá komu í ljós einföld steinlögn sem liggur A-V í miðri holunni. Steinlögnin gengur undan vestursniðinu en endar um 20 cm frá austursniðinu. Þar tekur við um 20 cm þykkt torflag með landnámsgjósku (11). Það snýr N-S og sést allsstaðar í austursniðinu. Í norðvestur horni holunnar, norðan við steinlögnina og í sömu hæð og hún var dökkt þétt yfirborðslag, með miklu kolasmiti en einnig móösku og torfusneplum (12). Lag þetta virðist enda við torflagið en undir því síðarnefnda eru smásteinar í framhaldi af yfirborðslaginu sem gætu tengst því. Eðlilegast er að túlka yfirborðslagið sem gólf í húsi og torflagið sem vegg. Grafið var í gegnum torfið (11) og kom í ljós að norðantil er það grafið niður í ísaldarruðninginn um 10-15 cm (13). Ekki var grafið í gegnum yfirborðslagið og er því ekki hægt að segja hversu þykkt það er. Greinilegt er að hér er um einhverskonar byggingu að ræða, sennilega hús og mögulega mannabústað. Með jafnsmárri holu er hinsvegar ekki hægt að segja neitt frekara um gerð eða hlutverk þessarar byggingar, annað en það að hún er af allt öðru tagi en gerðin 003, 007, 008, 009b, 014, 016 og 019. Engin gjóskulög fundust í holunni og er því ómögulegt að segja hversu gömul byggingin kann að vera. Líklegast er um útihús eða þurrabúð að ræða." Ofan í þústinni miðri er könnunarholan enn greinileg. Hún hefur verið um 1 m á kant og er nú 0,5 m á dýpt.
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar
**Heimildir:** Adolf Friðriksson og Orri Vésteinsson. 1995, 9: Hildur Gestsdóttir og Orri Vésteinsson. 1996, 16-17

**GK-224:012** þúst útihús 64°09.391N 22°00.472V
"Nánast beint í suður frá Nesstofu er hóll sem er eins og L í laginu en hefur annars ekki skýra mannvirkjalögun, þó í honum leynist líklega mannvistarleifar. Er hóllinn um 20 metrar í þvermál og stendur dálítið hærra en landið umhverfis," segir í skýrslu FSÍ um fornleifarannsóknir í Nesi. Hóllinn er 120-130 m sunnan við Nesstofu 001 og um 15 m austan við gömlu heimreiðina að Nesi 139. Hann er 20-25 m vestan við lóðamörk Nesbala 52.



*GK-224:012: Þústin, horft til SSA*




*Hæðarlínur sem sýna útihúsþúst GK-224:012. Úr skýrslu Adolfs Friðrikssonar og Orra Vésteinssonar. 1995.*

Allt umhverfis er sléttað tún. Í túninu eru þó víða hæðir þar sem uppsafnaðar mannvistarleifar kunna að leynast undir sverði. Þessum hluta túns hallar svolítið til suðurs.

Þústin er um 26 X 20 m stór og snýr austur-vestur. Hún er L-laga þannig að úr norðausturhorni gengur annars vegar hólf til suðurs og hins vegar hólf til vesturs. Þústin er því samansett úr tveimur einingum en ekki er hægt að sjá neitt lag á þeim. Eiginlegir veggir sjást ekki á yfirborði heldur er þústin í heild e.k. stallur í landslaginu. Ekki er vitað hvaða hlutverki þústin gegndi en útlit hennar og staðsetning bendir til að hún hafi verið af útihúsi.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** Adolf Friðriksson og Orri Vésteinsson. 1995, 9

**GK-224:013** þúst útihús 64°09.418N 22°00.604V

"Um 80 metra suðvestan við bæjarhól er hringlaga mannvirki. Er það fremur greinilegt að sjá, um 16 metrar í þvermál og liggur fast við túngarð," segir í skýrslu FSÍ um fornleifarannsóknir í Nesi (1995). Þústin er reyndar rúmlega 100 m vestan við rætur bæjarhóls en 140-150 m suðvestan við Nesstofu 001. Hún er um 40 m vestan við rústalega hæð 137 en 10 m ASA við aðra þúst 012. Þústin er fast norðan við túngarð 006 A en um 70 m vestan við tröðina 139. Allt umhverfis er sléttað tún. Í túninu eru þó víða hæðir þar sem uppsafnaðar mannvistarleifar kunna að leynast undir sverði. Þessum hluta túns hallar svolítið til suðurs. Ólíkt þúst 014 virðist þessi ekki slegin.

Hæðin er nálega hringlaga. Hún er um 18 m breið (norður-suður) en suðurendi hennar er mjög óskýr og hugsanlegt að þústin hafi náð lengra til suðurs en hún er um 19 m löng. Miðja þústarinnar er lægri en barmarnir en þó er vart hægt að tala um eiginlega veggi. Þústin er um 0,5 m á hæð. Könnunarhola var grafin í þústina 1996. Í skýrslu um uppgröftinn segir: "40 cm undir yfirborði var komið niður á mannvistarlag (14). Það er allþykkt (mest 34 cm) blandað torflag með móösku- og skeljasandslinsum, og viðarleifum. Lagið er greinilega ekki yfirborðslag heldur einhverskonar hrun- eða safnlag. Mest ber á torfi í laginu, sem gæti bent til að um hrun sé að ræða, en hinsvegar er í því er um 50 cm löng og 5 cm þykk skeljasandlinsa með stórum viðarkolum (15 og 16) og bendir hún til að lag 14 hafi orðið til á löngum tíma. Í því er hinsvegar ekki önnur lagskipting greinanleg. Norðantil í holunni nær lag 14 alveg niður á ísaldaruðninginn og er þar sýnilega um niðurgröft að ræða. Norðantil í holunni er þunnt mósöskulag (17) undir lagi 14 en undir móöskunni er gjóskulag á sínum stað úr Kötlugosi frá um 1500. Kötlugjóskan liggur beint ofan á óhreyfða laginu með forsögulegu gjóskulögunum (20).



*GK-224:013 þústin er afmörkuð með rauðri línu, horft til suðvesturs*

Ekki verður með fullri vissu sagt hvers eðlis mannvirki 013 hefur verið en það virðist þó vera ólíkt gerðunum og er sennilega hús af einhverju tagi, líklegast útihús. Mannvirkið er yngra en 1500 og sennilega ekki miklu því allmikil jarðvegsþykknun hefur orðið eftir að lag 14 varð til/hætti að myndast." Engar grjóthleðslur sjást á yfirborði í þessari þúst frekar en í öðrum þústum í Nestúni.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** Adolf Friðriksson og Orri Vésteinsson. 1995, 9; Hildur Gestsdóttir og Orri Vésteinsson. 1996, 17-18

**GK-224:014** gerði 64°09.430N 22°00.627V

"Fast norðnorðvestan við tóft nr. 13 [013] er önnur tóft. Hún er áþekk hinni fyrri, einnig um 18 metrar íþvermál, en veggir hennar eru ögn skýrari og hafa reglulega hringlaga lögun. Standa þessar tóftir aðeins kippkorn suðaustan við stóra hringinn nr. 8 [008]," segir í skýrslu FSÍ um fornleifarannsóknir í Nesi. Þústin er um 10 m vestan við þúst 013 og 15 m suðaustan við stærsta hringinn í túninu hjá Nesi 008. Þústin er um 150 m suðvestan við Nesstofu 001. Allt umhverfis er sléttað tún. Í túninu eru þó víða hæðir þar sem uppsafnaðar mannvistarleifar kunna að leynast undir sverði. Þessum hluta túns hallar svolítið til suðurs. Ólíkt þúst 013 virðist þessi þúst slegin.



*GK-224:014: Gerðið er fyrir miðri mynd, horft til suðvesturs*

Þústin er mun reglulegri en þúst 013 þótt hún sé jafnvel enn meira sigin. Hún er alveg hringlaga og 22-24 m í þvermál. Regluleg dæld er í miðju þústarinnar en "veggir" eru mjög 5-6 m breiðir og signir. Í þústinni, sunnan við miðju hennar, má greina leifar af skurði sem er um 2 m á kant og eru það leifar könnunarholu sem Fornleifastofnun Íslands gróf í gerðið 1996 en í henni fundust ekki mannvistarleifar. Engar grjóthleðslur sjást í þessu gerði fremur en öðrum þeim sem í túninu er að finna.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** Adolf Friðriksson og Orri Vésteinsson. 1995, 9 og Hildur Gestsdóttir og OrriVésteinsson. 1996, 15-16



*Hæðarlínurit fyrir gerðin GK-224:013 og 014. Lengst til vinstri á mynd má sjá túngarð. Úr skýrslu Adolfs Friðrikssonar og Orra Vésteinssonar. 1995.*

**GK-224:015** þúst 64°09.521N 22°00.632V

"Skammt vestsuðvestan við löngu tóftina nr. 9 [009] er hringlaga bunga. Hún hefur ekki skýr merki um að vera af mönnum gerð, en þó kann það vel að vera. Hún er afar regluleg og um 8 metrar í þvermál," segir í skýrslu FSÍ um fornleifarannsóknir í Nesi. Þústin er um 40 m norðvestan við þúst 136 en aðeins um 5 m norðan við vestasta hluta þústar 072. Þústin er 40-45 m sunnan við túngarð Litlabæjar (sjá 118) sem liggur til austurs frá túngarði Ness (006). Hún er 170-180 m norðvestan við Nesstofu 001. Allt umhverfis er sléttað tún. Í túninu eru þó víða hæðir þar sem uppsafnaðar mannvistarleifar kunna að leynast undir sverði.



*GK224:015: Þústin er fyrir miðri mynd, í baksýn má sjá Nesstofu*

Þústin er óljós. Hún virðist þó vera nálægt 12 m í þvermál og nálega hringlaga. Engin dæld er greinileg í miðri þústinni og því er hún raunar frekar lítill stallur eða hæð í túninu fremur en eiginleg tóft. Hæðin er um 0,3 m hærri en umhverfið. Í þeim fornleifarannsóknum sem gerðar voru 1996 var ályktað að þessi hæð væri ekki ein af

"gerðunum" í túni en frekar lítill rústahóll eða öskuhaugur.
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar
**Heimildir:** Adolf Friðriksson og Orri Vésteinsson. 1995, 9 og Hildur Gestsdóttir og Orri Vésteinsson. 1996, 22.

**GK-224:016** gerði 64°09.478N 22°00.633V
"Fast norðan við stóra hringinn (nr. 8) [008] er önnur hringlaga tóft. Hún er áföst stóra hringnum, en hefur verið gefið sérnúmer hér. [...] Gerði þetta er nr. 6 á fornleifaskrá," segir í skýrslu FSÍ um fornleifarannsóknir í Nesi. Gerðið er um 30 m sunnan við þúst 072 en 40-50 m austan við túngarð 006. Það er um 150 m vestan við Nesstofu 001. Allt umhverfis er sléttað tún. Í túninu eru þó víða hæðir þar sem uppsafnaðar mannvistarleifar kunna að leynast undir sverði.

Gerðið er fremur áberandi og um 25 m í þvermál. Greinileg dæld er innan í gerðinu og af yfirborði að dæma virðast veggir 5-6 m breiðir. Gerðið er mest 0,6 m hátt. Könnunarhola sem grafin var inni í gerði þessu 1996. Í skýrslu um uppgröftinn segir: "Um 45 cm neðan við yfirborðið kom í ljós torflag með landámsgjósku í (19). Lagið var víðast um 20 cm og sást í öllum sniðum en var þó þynnst í norðvesturhorni holunnar. Það gæti bent til að sé lagið leifar af vegg þá hafi hann legið NA-SV. Torflagið er beint ofan á óhreyfða laginu (20) og í suðursniði sést lítill niðurgröftur í gegnum það ofan ísaldarruðninginn (21). Ómögulegt er að geta til um hverskonar mannvirki torflagið er leifar af og eina sem segja má um aldur þess er að það er sennilega ekki yngra en gerðisveggurinn, annaðhvort jafngamalt honum eða eldra. Geta má þess að þegar yfirborðsmæling af mannvirkjum í túninu er skoðuð vandlega sést að í gerðum 007, 014 og 016 eru litlar totur í norðvesturhluta hvers þeirra. Holurnar sem grafnar voru í 007 og 014 hafa lent utan við totur þessar. Hvaða hlutverki þær hafa gegnt er ómögulegt að segja en það að merki um þær eru í þremur af skýrustu gerðunum bendir til að toturnar standi í sambandi við upphaflegt hlutverk gerðanna." Merki skurðsins eru enn greinileg og virðist hann hafa verið 2,5 X 4 m stór. Engar grjóthleðslur sjást í þessu gerði fremur en öðrum þeim sem í túninu er að finna.
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar
**Heimildir:** Adolf Friðriksson og Orri Vésteinsson. 1995, 9; Hildur Gestsdóttir og Orri Vésteinsson. 1996, 18-19

**GK-224:017** þúst 64°09.487N 22°00.534V
Þúst er um 70 m ofan (austan) við 016 en um 70 m VNV við Nesstofu 001. Þústin er aðeins 20-30 m vestan við rætur bæjarhólsins á Nesi. Allt umhverfis er sléttað tún. Í túninu eru þó víða hæðir þar sem uppsafnaðar mannvistarleifar kunna að leynast undir sverði.


*GK-224:017: þústin sést fyrir miðri mynd, skammt vestan við bæjarhóllinn í Nesi*

Þústin er 20 X 15 m stór og snýr nálega austur-vestur. Hún er fremur óregluleg og ekki er hægt að sjá móta fyrir veggjum. Þústin er 0,4-0,5 m á hæð. Engar grjóthleðslur sjást í þessari þúst. Í þeim fornleifarannsóknum sem gerðar voru 1996 var ályktað að þessi hæð væri ekki ein af "gerðunum" í túni en frekar lítill rústahóll eða öskuhaugur.
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar
**Heimildir:** Adolf Friðriksson og Orri Vésteinsson. 1995, 9 og Hildur Gestsdóttir og Orri Vésteinsson. 1996, 22.

**GK-224:018** *Litlibær* þúst bústaður 64°09.561N 22°00.734V




"Neðst í túninu voru þurrabúðirnar tvær, Litlibær og Knopsborg [022 og 023]," segir í örnefnaskrá. "Bæjarstæði Litlabæjar. Vestan við túngarðinn, vestnorðvestur frá Nesstofu. Hér var reist íbúðarhús á steyptum grunni skömmu fyrir aldamót og var búið þar fram um 1930. [...] Bæjarstæðið er nr. 11 á fornleifaskrá [frá 1980]," segir í skýrslu FSÍ um fornleifarannsóknir í Nesi. "Jón Ólafsson frá Bygggarði reisti sér íbúðarhús skammt norðan við Knútsborg skömmu fyrir aldamót og nefndi Litlabæ," segir í Seltirningabók. Leifar Litlabæjar eru enn greinilegar. Þær eru um 300 m norðvestan við Nesstofu 001. Bærinn stóð um 20 m suðaustan við vegarslóða sem liggur til vesturs í átt að sjó á þessum slóðum. Inn á túnakort frá 1916 er skráður bærinn sjálfur auk útihúss við túnjaðar (sjá 116). Frá bænum og til vesturs út túnin hefur einnig legið slóði samkvæmt túnakortinu (sjá 117) og norðan við hann, neðarlega í túni hefur verið brunnur samkvæmt túnakortinu (sjá 027).

Litlibær var neðan við þau tún í Nesi sem nú eru slegin. Hann var austan við sjávarbakkann en vestan við túngarð aðaltúna Ness (sjá 006 A). Þetta svæði var sléttað samkvæmt túnakorti frá 1916 en hefur nú hlaupið í þúfur og órækt. Á þessum slóðum hefur verið talsverð þyrping húsa enda voru þarna á litlu svæði bæir og útihús Litlabæjar, Knútsborgar nyrðri 022 og Knútsborgar syðri 023.

Litlabæjar er ekki getið í Jarðabók Árna og Páls en vel er hugsanlegt að bærinn sé byggður upp á eldra bæjarstæði og gæti verið að nafnbreyting hafi orðið á Jónshúsi, Þýskhúsi, Smiðshúsi eða Koti en þessara bæja er allra getið í jarðabókinni en ekki síðar). Árið 1916 var tún Litlabæjar 0,5 teigar og garðar 360 m2. Leifar Litlabæjar eru ekki umfangsmiklar. Þar sem bærinn stóð er þúst sem er 13-14 X 10 m stór og snýr nálega norður-suður. Í þústinni eru tvær dældir. Sú nyrðri er 3 X 2,5 m stór og snýr norður-suður en sú syðri er 6 X 4 m stór og snýr eins. Báðar eru dældirnar niðurgrafnar og er sú nyrðri grjóthlaðinn að innan en sú syðri er óskýrari. Hugsanlega eru þetta leifar hlaðins kjallara undir húsinu sem reist var um aldamótin þó svo að það sé sagt á steyptum grunni. Hólfin tvö, og þó sér í lagi það nyrðra, eru full af hraungrýti. Þústin sjálf rís aðeins 0,1-0,2 m upp úr umhverfi sínu en hólfin hafa verið niðurgrafin, sjálfsagt nokkuð djúp þótt erfitt sé að fullyrða um það þar sem þau hafa verið fyllt af grjóti. Ekki er hægt að sjá verulega uppsöfnun á þessum slóðum.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** Ö-Seltjarnarnes GSM, 7; Adolf Friðriksson og Orri Vésteinsson. 1995, 10; Túnakort 1916; Seltirningabók, 139

**GK-224:019** gerði 64°09.544N 22°00.676V

"Austan við nr. 18 [018], rétt utan við túngarðinn er hringlaga tóft. Hún skipist í tvö hólf og er um 22 metrar í þvermál," segir í skýrslu FSÍ um fornleifarannsóknir í Nesi. Gerðið er fast utan (vestan) við vesturhlið túngarðsins í Nesi (sjá 006) en fast norðan við túngarð um Litlabæ (sjá 118). Það er um 220-230 m VNV við Nesstofu 001.

Gerðið er neðan (vestan) við þau tún í Nesi sem nú eru slegin en aðeins rétt utan (vestan) túna. Þetta svæði var sléttað samkvæmt túnakorti frá 1916 en hefur nú hlaupið í þúfur og órækt.

Af loftmyndum sem teknar hafa verið af Nesi (sbr. t.d. Sigurjón Páll Ísakson og Þorgeir S. Helgason 1995) sést að þústin hefur verið tvískipt. Vestara hólfið virðist vera hringlaga og er það mun stærra og meira áberandi. Það er aflangt og um 30 X 26 m stórt (snýr austur-vestur). Frá suðausturhorni þessa hólfs virðist á loftmyndinni mega greina annað hólf smærra. Það var hins vegar svo ógreinilegt á jörðu niðri þegar staðurinn var skráður í desember 2005 að ekki reyndist unnt að áætla stærð. Í miðju vestara hólfinu er opinn skurður sem er um 0,8 m á kant sem er könnunarhola sem Fornleifastofnun Íslands tók sumarið 1996. Í henni fundust ekki mannvistarleifar. Engar grjóthleðslur sjást í þessu gerði fremur en öðrum þeim sem í túninu er að finna.



*Hæðarlínurit af gerðinu GK-224:019. Neðst til hægri er þústin GK-224:015. Á milli þeirra er túngarður GK-224:006. Úr skýrslu Adolfs Friðrikssonar og Orra Vésteinssonar.*

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** Adolf Friðriksson og Orri Vésteinsson. 1995, 10; Sigurjón Páll Ísakson og Þorgeir S. Helgason 1994, 150, Hildur Gestsdóttir og Orri Vésteinsson. 1996, 18-19

**GK-224:020** þúst 64°09.496N 22°00.729V

"Um 40 metrum suðsuðvestan við nr. 19 [019] eru óljós veggjarbrot [sjá 108] sem tengjast túngarðinum 006 og ganga allt að 15 metra í vestur út frá honum. Veggjarstúfar þessir eru mjög sokknir og ekki alveg greinilegir á yfirborði. Í krikanum norðvestan við nyrðri stúfinn sér á loftmyndum móta fyrir hringlaga tóft," segir í skýrslu FSÍ um fornleifarannsóknir í Nesi. Hringlaga þústin er á svæðinu milli gerðisins 019 að miðju 020. Tæpir 100 m eru á milli þessara þústa. Þústin sem hér er skráð er um 240 m VNV við Nesstofu 001 en fast vestan við vesturhlið túngarðsins 006.

Þústin er neðan (vestan) við þau tún í Nesi sem nú eru slegin en aðeins rétt utan (vestan) túna. Þetta svæði var sléttað samkvæmt túnakorti frá 1916 en hefur nú hlaupið í þúfur og órækt. Mjög erfitt er að greina þústina á yfirborði þótt staðsetning hennar sé skýr. Ekki er alveg ljóst hvort hún hefur náð alla leið austur að túngarðinum 006 eða endar um 5 m vestar en hið fyrrnefnda er þó líklegara. Ef sú er raunin er rústin um 20 m löng (austur-vestur) en 15 m breið. Norðurhlið þústarinnar er einnig afar óljós og því er sú stærð sem upp er gefin hér aðeins besta ágiskun. Þústin er á kafi í grasi. Hún er 0,2-0,3 m á hæð. Engar grjóthleðslur sjást í þústinni. Ekki sást hringlaga þúst í krikanum á yfirborði
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar
**Heimildir:** Adolf Friðriksson og Orri Vésteinsson. 1995, 10; Sigurjón Páll Ísakson og Þorgeir S. Helgason 1994,150-151

**GK-224:021** þúst 64°09.522N 22°00.739V
Af loftmyndum sem teknar voru að Nesi um veturinn 1995 má sjá að óljós þúst er í túninu vestan við vesturhlið túngarðsins 006 í Nesi. Þessi þúst er á milli 019 og 020 en er þó nokkuð vestar og talsvert óljósari en hinar þústirnar tvær. Ekki er alveg víst að þústin sé í raun manngerð en hér er hún skráð vegna þess að hún er lík sumum af þeim þústum sem rannsakaðar hafa verið í Nestúni, þótt aðeins ólögulegri og óljósari sé. Þústin er um 260 m VNV við Nesstofu 001. Hún er um 40 m norðan við þúst 020 en um 55 m sunnan við gerði 019. Þústin er neðan (vestan) við þau tún í Nesi sem nú eru slegin en aðeins rétt utan (vestan) túna. Þetta svæði var sléttað samkvæmt túnakorti frá 1916 en hefur nú hlaupið í þúfur og órækt. Þústin er ógreinilegust þeirra rústa sem skráð eru í Nestúni. Hún er vart merkjanleg á yfirborði og aðeins sjást óljós ummerki um hana á loftmynd. Ekki er hægt að áætla stærð þústarinnar.
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar
**Heimildir:** Sigurjón Páll Ísakson og Þorgeir S. Helgason 1995, 150

**GK-224:022** *Knútsborgir nyrðri* heimild um bústað 64°09.550N 22°00.787V
"Bæjarhóll Knútsborga. Bæjarhóllinn er um 40 metra vestan við túngarð [006 A] og snýr suðvestur-norðaustur. Hér mun fyrst hafa verið byggt um 1730, en bæjarhúsin voru rifin um 1925. Hóllinn hefur verið sléttaður að ofan. Knútsborgir eru nr. 5 á fornleifaskrá [frá 1980]," segir í skýrslu FSÍ um fornleifarannsóknir í Nesi. Knútsborg nyrði er merkt inn á túnakort frá 1916. Sjálft íbúðarhúsið virðist ekki hafa verið á hinum eiginlega bæjarhól líkt og Knútsborg syðri 023 og flest útihúsin á þessum slóðum heldur um 40 m norðar. Er það því freistandi að álykta að þessi bær, þ.e.a.s. nyrðri bærinn á Knútsborgum hafi verið sá er síðar var reistur og því hafi lítil sem engin mannvistarlög safnast upp undir honum. Ekkert er unnt að fullyrða um þetta en það verður þó að teljast vænlegri ágiskun bæði vegna hólsins sem 023 er á og einnig sökum fjölda útihúsa í næsta nágrenni syðri bæjarins. Rétt er að geta þess að inn á loftmynd frá 1979 er nyrðri Knútsborg einnig nefnd Knopsborg I. Elsta heimildin sem getur um tvö bæjarhús í Knútsborg er frá aldamótunum 1900 en ekki er ólíklegt að yngri bærinn hafi verið byggður upp eitthvað fyrr, á síðari hluta 19. aldar. Búsetu var hætt í Knútsborgunum snemma á 20. öld og bæði húsin voru rifin 1925. Knútsborg nyrðri var um 330 m VNV við Nesstofu 001 en 40 m norðan við syðri bæinn 023. Af túnakortinu að dæma hefur a.m.k. eitt útihús á þessu svæði tilheyrt Knútsborg nyrðri (sjá 114) en heimreið er þar einnig merkt frá bænum og í átt til sjávar (sjá 115). Knútsborgir voru neðan við þau tún í Nesi sem nú eru slegin. Býlin voru austan við sjávarbakkann en vestan við túngarðs aðaltúna Ness (sjá 006 A). Þetta svæði var sléttað samkvæmt túnakorti frá 1916 en hefur nú hlaupið í þúfur og órækt. Á þessum slóðum hefur verið talsverð þyrping húsa enda voru þarna á litlu svæði bæir og útihús Litlabæjar 018, Knútsborgar nyrðri og Knútsborgar syðri 023.

"Neðst í túninu voru þurrabúðirnar tvær, Litlibær og Knopsborg; talið er að hin síðarnefnda sé kennd við þýzkan Jóta, sem komið hafi hingað í sambandi við Innréttingarnar," segir í örnefnaskrá. Samkvæmt kortasögu Haraldar Sigurðssonar byggði Tomas Hans Henrik Knoff norskur kortagerðamaður, hús í túnfætinum á Nesi árið 1730 og nefndi það Saltenes. Svo virðist sem nafnið Knopsborg hafi færst yfir á húsið síðar. Af frásögninni að dæma mætti það allt eins hafa verið fyrsta íbúðarhúsið á þessum slóðum þótt auðvitað sé ekki hægt að fullyrða um að kot og eða þurrabúðir hafi getað verið byggðar á sama/svipuðum stað áður. Knútsborga er ekki getið í Jarðabók Árna og Páls, líklegast vegna þess að bærinn var ekki kominn í byggð þá nema ef svo væri að Jónshús, Þýskhús, Smiðshús eða Kot hafi verið áður þar sem Knútsborg var síðar byggð upp. Árið 1916 eru borgirnar orðnar tvær, Knútsborg nyrðri og syðri. Tún í Knútsborg nyrðri var 1916 0,65 teigar, garðar 750 m2. Engin merki sjást um Knútsborgir nyrðri en þar sem þau hafa staðið er land örlítið hærra (um 0,1-0,2 m) en umhverfið. Íbúðarhúsið hefur staðið 15-20 m sunnan við suðvesturhorn garðlags sem lá frá aðaltúngarði Ness og umhverfis Litlabæ 018 (sjá 006). Samkvæmt túnakortinu virðast hafa verið um 40 m á milli íbúðarhúsanna tveggja.
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar
**Heimildir:** Túnakort 1916; Adolf Friðriksson og Orri Vésteinsson. 1995, 10; Ö-Seltjarnarnes GSM, 7, Guðrún Einarsdóttir, 1978

**GK-224:023** *Knútsborgir syðri* bæjarhóll bústaður 64°09.534N 22°00.815V
"Bæjarhóll Knútsborga. Bæjarhóllinn er um 40 metra vestan við túngarð [006] og snýr suðvestur-norðaustur. Hér mun fyrst hafa verið byggt um 1730, en bæjarhúsin voru rifin um 1925. Hóllinn hefur verið sléttaður að ofan. Knútsborgir eru nr. 5 á fornleifaskrá [frá 1980]," segir í skýrslu Fornleifastofnunar Íslands um fornleifarannsóknir í Nesi. Knútsborg syðri er merkt inn á túnakort frá 1916. Bærinn hefur staðið á stæðilegum bæjarhól ásamt nokkrum öðrum útihúsum og kálgörðum (sbr. nr. 119, 120, 121, 122, 123 og 124). Að bænum lá vegarslóði úr norðri (sjá 125) allt frá slóða að Litlabæ (sjá 117) og þvert á slóða að Knútsborgum nyrðri (sjá 115). Sökum þess hversu þétt byggðin er í kringum syðri Knútsborgina og vegna þess að hún hefur staðið á stæðilegum bæjarhóli er freistandi að álykta að syðri bærinn sé sá sem fyrst var byggður, jafnvel þó að hann hafi síðar verið kallaður Knopsborg II. Elsta heimildin sem getur um tvö bæjarhús í Knútsborg er frá aldamótunum 1900 en ekki er ólíklegt að yngri bærinn (022) hafi verið byggður upp eitthvað fyrr, á síðari hluta 19. aldar. Búsetu var hætt í Knútsborgunum snemma á 20. öld og bæði húsin voru rifin 1925. Knútsborg syðri var um 330 m VNV við Nesstofu 001 en um 40 m sunnan við nyrðri bæinn 022. Knútsborgir voru neðan við þau tún í Nesi sem nú eru slegin. Býlin voru austan við sjávarbakkann en vestan við túngarðs aðaltúna Ness (sjá 006 A). Þetta svæði var sléttað samkvæmt túnakorti frá 1916 en hefur nú hlaupið í þúfur og órækt. Á þessum slóðum hefur verið talsverð þyrping húsa enda voru þarna á litlu svæði bæir og útihús Litlabæjar 018, Knútsborgar nyrðri 022 og Knútsborgar syðri.

"Neðst í túninu voru þurrabúðirnar tvær, Litlibær og Knopsborg; talið er að hin síðarnefnda sé kennd við þýzkan Jóta, sem komið hafi hingað í sambandi við Innréttingarnar," segir í örnefnaskrá. Samkvæmt Seltirningabók byggði Thomas Knopf hús timburhús í Knútsborg 1730-1734. Af frásögninni að dæma mætti það allt eins hafa verið fyrsta íbúðarhúsið á þessum slóðum þó auðvitað sé ekki hægt að fullyrða um að kot og eða þurrabúðir hafi getað verið byggðar á sama/svipuðum stað áður. Knútsborga er ekki getið í Jarðabók Árna og Páls, líklegast vegna þess að bærinn var ekki kominn í byggð þá nema ef svo væri að Jónshús, Þýskhús, Smiðshús eða Kot hafi verið áður þar sem Knútsborg var síðar byggð upp. Árið 1916 eru borgirnar orðnar tvær, Knútsborg nyrðri og syðri. Tún í Knútsborg syðri var 1916 0,6 teigar. Stæðilegur bæjarhóll er þar sem Knútsborg syðri stóð. Af útliti að dæma má ætla að talsverðar mannvistarleifar reynist þar undir sverði. Sjálfur bærinn hefur staðið á háhólnum en á honum hefur einnig verið fjöldi kálgarða og útihúsa (sjá 119-124). Hóllinn hefur verið sléttaður en þar er nú talsverð órækt. Hann er um 50 X 35-40 m og snýr norðaustur-suðvestur. Hann er mest 1,5 m á hæð. Hliðar bæjarhólsins eru aflíðandi. Engin merki sjást um bæinn í Knútsborgum syðri.
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar
**Heimildir:** Túnakort frá 1916; Fornleifarannsóknir í Nesi við Seltjörn II, FSÍ, 10; Ö-Seltjarnarnes GSM, 7; Seltirningabók, 138

**GK-224:024** heimild
Á uppdrætti frá verkfræðistofunni HNIT um 1950 sést að hringlaga gerði hefur verið í túninu SA við Nesstofu. Það er nú horfið undir íbúðabyggð við Nesbala. Við skráningu 2005-2006 tókst ekki að hafa upp á umræddu korti og því er nákvæm staðsetning gerðisins ekki þekkt.

**GK-224:025** *Búðir* heimild um verbúð 64°09.004N 22°01.760V
Í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns frá 1703 segir: "Verstaða fylgir jörðinni þar sem heitir Suðurnes. Verbúðir eru þar þrjár. Stórabúð; þar hafa til forna gengið inntökuskip fyrir undirgift til heimabóndans. En nú í næstu þrjú ár engin nema um vortíma stökubátar, stundum fleiri, stundum færri. Morastaðabúð; þar hafa gengið skip fyrir undirgift til forna frá þeim bæ, sem heitir Morastaðir. ... Hannesarbúð; þar hefur oftast kóngsskip gengið um vertíð, eitt fjögra manna far undirgiftarlaust." Í örnefnaskrá er fjallað um sömu búðir. Þar segir: "Vestan við [Fúlutjörn syðst á Suðurnesi] voru Búðir. Þrjú búðanöfn voru notuð, svo að Kjartan vissi til, Morastaðabúð, Hannesarbúð og Stórabúð, talið frá austri." Í Seltirningabók segir ennfremur: "En á árunum 1811-13 virðast hjón nokkur, sem víða höfðu verið á Framnesi, hafa tekið sér bólfestu í Suðurnesi. ... Þau höfðu byrjað að hokra í Nýlendu, en síðan um skeið verið í Knopfsborg og Nýabæ og svo aftur í Nýlendu. Nú voru þau komin um sextugt og virðast ekki hafa séð annan kost en að reisa sér skýli í Suðurnesi, e.t.v. í fornri tómthúsmannabúð." Öll ummerki um verbúðirnar eru löngu horfin. Þær voru um 1320 m suðvestan við Nesstofu 001, 40-50 m norðvestan við Búðatjörn/Fúlutjörn, á syðsta odda Suðurness. Á þessum slóðum hefur golfklúbburinn Nes gert mikinn golfvöll og hafa búðirnar lent undir honum, við sjávarbakkann. Þær hafa verið um 260 m SSA við golfskála golfklúbbsins Ness. Engin ummerki sjást nú um búðirnar. Þær hafa verið þar sem nú er slétt hæð innan golfvallarins, fast norðan við malarborinn göngustíg sem liggur við sjávarkambinn.
Búðirnar voru skráðar í fornleifaskráningu 1980 (nr. 3.1). Í skráningunni segir: " Verbúðir. Þrír lágir hólar eru í útjaðri golfvallarins að sunnanverðu, á suðvesturbakka Búðatjarnar og um 40-50 m vestur frá henni. Sá stærsti hefur verið á suðvesturbakka tjarnarinnar. Búið er að slétta svæðið til að bæta golfvöllinn, og sjást rústahólarnir nú mjög ógreinilega," Eins og kemur fram í lýsingunni frá 1980 var svæðið þá þegar sléttað. Þar sem búðirnar voru er sléttuð hæð.
**Hættumat:** hætta, vegna framkvæmda

**Heimildir:** ÁÓG 13.8.1980;Ö-Seltjarnarnes GSM, 5; Fornleifaskráning á Seltjarnarnesi ÁÓG, 7; JÁM III, 240; Seltirningabók, 118-119

**GK-224:026** heimild um lendingu 64°08.979N 22°01.737V
Í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns frá 1703 segir: "Heimræði er árið um kring og lendíng í betra lagi. Gánga skip ábúandans eftir hentugleikum. Kóngsskip engin hafa hjer gengið fyr nje síðar það menn minnast, og skjaldan inntökuskip, en sjeu þau nokkur, þá tekur heimaábúandi undirgift af ... Skipa uppsátur og hjallstæði [142] við sjóinn brýtur sjáfargángur skaðlega," og er þar vísað til lendingar fram af Búðunum 025. Lendingin var aðeins austar en beint niður af Búðunum 025, milli þeirra og Búðatjarnar. Umhverfi hefur mikið verið breytt á þessum slóðum, golfvöllur liggur að sjó en milli hans og sjávar er malarborinn göngustígur og stórgrýttur sjóvarnargarður. Vörin hefur fyllst fyrir löngu og engin ummerki sjást um hana nú. Vörin var skráð í fornleifaskráningu 1980 og var hún númer 3.2. Í skráningunni segir: "Neðan við rústir verbúðanna en eilítið austar sást móta fyrir vör en hún var tekin að fyllast vegna sjávargangs. Vörin sést ekki lengur."
**Hættumat:** hætta, vegna rofs
**Heimildir:** JÁM III, 240, ÁÓG 13.8.1980;Fornleifaskráning á Seltjarnarnesi ÁÓG, 7 og Guðrún Einarsdóttir 1979.

**GK-224:027** heimild um brunn 64°09.576N 22°00.845V
"4 Brunnur. Um 30 m suðaustur af sjávarbakkanum í norðvesturhluta Nestúnsins stendur gömul brunndæla úr járni. Sennilega hefur þetta verið vatnsból frá Litlabæ," segir í Fornleifaskráningu á Seltjarnarnesi frá 1980. Brunndælan er nú horfin og öll ummerki um brunninn hafa verið máð af yfirborði. Brunnurinn var merktur inn á túnakort frá 1916 og því er enn hægt að staðsetja hann nokkuð vel. Hann hefur verið um 80 m vestan við Litlabæ 018. Brunnurinn hefur verið tæplega 400 m VNV við Nesstofu 001. Brunnurinn var þar sem nú er sléttað tún fast norðan við vegslóða sem liggur fram hjá Litlabæ 018 og að sjó við Vesturbakka. Um 10 m austan við þennan stað tekur við óræktarsvæði en þar sem brunnurinn var er nú slegið tún. Njóli vex á mörkum túnstæðis og vegarslóða. Á þessum stað er dæld í jaðri vegarslóðans. Hún er um 1 m í þvermál en aðeins um 0,1 m á dýpt.
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar
**Heimildir:** ÁÓG 13.8.1980;Fornleifaskráning á Seltjarnarnesi ÁÓG, 8 og Túnakort 1916

**GK-224:028** *Gesthús* heimild um bústað 64°09.439N 22°00.219V
"Austurtúnið í Nesi nefndist Gesthúsatún. Þar var þurrabúð, sem hét Gesthús," segir í örnefnaskrá. Gesthús eru nefnd í Jarðabók Árna og Páls frá 1703 og voru þá í byggð. Gesthús voru þar sem nú eru gatnamót Nestraðar og Nesbala. "Þar var samfell ábúð allan síðari hluta 18. aldar og á fyrri hluta þeirra 19.," segir í Seltirningabók en samkvæmt henni fóru Gesthús, sem voru talin í hópi hinna lakari hjáleigna frá Nesi, endanlega í eyði 1902. Inn á túnakort frá 1916 er merktur afgirtur reitur og hann kallaður Gesthús. Ekki virðast þá nein hús eftir á þessum stað en svo virðist sem enn hafi verið girt utan um túnstæðið. Samkvæmt túnakortinu voru Gesthús um 180 m austan við Nesstofu 001. Býlisstæði Gestshúsa er nú horfið í íbúðahúsabyggð og er, eins og áður kom nálega þar sem nú eru gatnamót tveggja malbikaðra gatna, Nestraðar og Nesbala. Býlið var þar sem nú eru gatnamót í íbúðahúsabyggð. Gesthús voru númer 14 í fornleifaskrá Seltjarnarness frá 1980.
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar
**Heimildir:** ÁÓG 13.8.1980;Ö-Seltjarnarnes GSM, 7; Fornleifaskráning á Seltjarnarnesi ÁÓG, 10; JÁM III, 241-42; Seltirningabók, 136; Túnakort frá 1916

**GK-224:029** heimild um kvíar 64°09.379N 22°00.281V
Samkvæmt fornleifaskráningu frá 1980 var þá tóft við gatnamót Nesbala og smágötunnar sem tengir götuna við Lindarbraut. Tóftin hefur verið um 200 m suðaustan við Nesstofu 001. Samkvæmt stærð túna á túnakorti frá 1916 mætti ætla að tóftin hefði verið í jaðri túnaÞar sem tóftin var eru malbikuð gatnamót og íbúðarhúsahverfi. Samkvæmt fornleifaskráningu frá 1980 sást tóftin þá (nr. 15). Í skráningunni segir: "Rétt? Mjög sködduð tóft. Rústin virðist hafa verið u.þ.b. 20 x 25 m á stærð. Í vesturhorni hennar mótaði óljóst fyrir milliveggjum. Veggir voru um 2 m á breidd, en sums staðar 2-3 m. Þeir voru um 20-30 cm á hæð, en mjög aflíðandi inn í rústina. Rústin gæti verið nokkuð gömul, a.m.k. frá því snemma á 19. öld. Garðlög með stefnu í vestur sáust óljóst hjá tóftinni." Af staðsetningu tóftarinnar mætti fremur ætla að hún væri af kvíum heldur en rétt.
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar
**Heimildir:** ÁÓG 13.8.1980;Fornleifaskráning á Seltjarnarnesi ÁÓG, 11

**GK-224:030** heimild 64°09.477N 22°00.838V
Samkvæmt fornleifaskráningu frá 1980 sást þá garðbrot í útjaðri túns í Nesi, á austurbakka Bakkatjarnar. Garðurinn var samkvæmt skráningunni um 300 m ANA við bæ, nálega þar sem skurður liggur að Bakkatjörn. Merki garðsins er nú ógreinileg. Umhverfis eru grasi vaxin órækt á tjarnarbakkanum. Svæðið hefur verið ræst fram.

Í Fornleifaskráningu frá 1980 segir: "16 Garðbrot er í útjaðri túnsins í Nesi, á austurbakka Bakkatjarnar. Það er um 1 m á breidd og 4 m á lengd. Garðurinn er útflattur og útlínur hans óreglulegar. Þarna gætu verið leifar af túngarði,..."
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar
**Heimildir:** ÁÓG 13.8.1980; Fornleifaskráning á Seltjarnarnesi ÁÓG, 11

**GK-224:031** heimild um brunn 64°09.722N 22°00.664V
Brunnur var skammt ofan við fjöru vestur af Ráðagerði 033, nánar tiltekið fast vestan við gömlu heimreiðina að Ráðagerði þar sem hún beygir úr SSA til austurs í átt að bænum. Brunnurinn hefur verið um 140 m norðvestan við Ráðagerði.
Grasi gróið svæði, á kafi í gróðri.
Þegar fornleifaskráning var gerð um 1980 sást enn til brunnsins (sem var nr. 18 í skránni): "Brunnur, hlaðinn úr óhöggnu grjóti, um 1,5 m á dýpt. Brunnurinn hefur líklega verið nokkurn veginn hringlaga en er nú nokkuð aflangur, u.þ.b. 2 m á lengd og 1 m á breidd." Brunnurinn hefur síðan 1980 fallið saman eða honum hefur verið rutt út, a.m.k. sjást ekki skýr merki um hann nú.
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar
**Heimildir:** Fornleifaskráning á Seltjarnarnesi ÁÓG, 11

**GK-224:032** *Ráðagerðisvör* heimild um lendingu 64°09.753N 22°00.601V
Ráðagerðisvör var niður af brunninum 031, VNV frá Ráðagerði," segir í Fornleifaskráningu á Seltjarnarnesi. Ráðagerðisvör er nú að mestum hluta horfin undir landfyllingu en á þessum slóðum sést þó enn ágæt fjara á milli tveggja skera í sjávarmálinu en Bygggarðstangi og Kisuklappir eru skammt austan við lendinguna. Lendingin er um 160 m NNV við Ráðagerði 033.
Á þessum stað er fjaran sendin og gægist hún undan stórgrýttum, nýlegum sjóvarnargarði.
Vörin var einnig skráð í fornleifaskráningu 1980.
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar
**Heimildir:** ÁÓG 13.8.1980; Fornleifaskráning á Seltjarnarnesi ÁÓG, 11

**GK-224:033** *Ráðagerði* hús bústaður 64°09.671N 22°00.530V
Ráðagerði er um 390 m NNV af Nesstofu 001. Það hús sem byggt var á bænum 1880-1890 stendur enn og hefur nú verið gert upp. Það er 30-40 m vestan við iðnaðarhverfi Seltirninga, upp af Bygggarði en um 110 m frá sjó. Túngarður hefur verið umhverfis tún í Ráðagerði og sést hluti hans enn (034). "Bakkarnir báðum megin við Snoppu nefnast Ráðagerðisbakkar, eins og áður getur, kenndir við býlið Ráðagerði. Þeir ná austur til móts við fiskhús, sem þarna er nú," segir í örnefnaskrá. Fiskhúsið sem um getur í örnefnalýsingu er nú horfið.




Ráðagerði er bárujárnsklætt timburhús með risi og kvisti. Húsið er með steinsteyptum kjallara. Það stendur í sléttuðu túni við sjávarsíðuna. Enginn bæjarhóll eða uppsöfnun er greinileg undir íbúðarhúsinu. Iðnaðarhverfi er austan við tún Ráðagerðis en ekki hefur verið byggt norðan, sunnan eða vestan bæjarins.
Ráðagerðis er getið í Jarðabók Árna og Páls og hefur því verið þar samfelldur búskapur frá því fyrir 1703. Býlið er talin ein af betri hjáleigum Ness. Á túnakorti frá 1916 má sjá að þá var tún allt sléttað, 2 teigar. Garðar 1320 m2. Inn á túnakort Ráðagerðis er auk bæjarins merkt útihús í vesturjaðri túns (102), gata heim að bæ úr vestri, framhjá bænum og áfram til suðurs (105) og tveir kálgarðar sinn hvoru megin við heimreiðina (103 og 104).



**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar
**Heimildir:** Ö-Seltjarnarnes GSM, 6; JÁM III, 245.

*GK-224:033: Ráðagerði og nánasta umhverfi, horft til ASA*

**GK-224:034** garðlag túngarður 64°09.630N 22°00.527V
Túngarður hefur verið utan um tún í Ráðagerði. Leifar túngarðsins má greina á tveimur stöðum, annars vegar má á loftmynd rekja garðinn í vesturjaðri gömlu túnanna en hins vegar sést hryggur í túni sunnan Ráðagerðis sem líklega er leifar af sama túngarði.



*GK-224:034 túngarður Ráðagerðis má greina sem hrygg í túninu, horft til ASA*

Tún Ráðagerðis hafa verið stækkuð frá því 1916 þegar túnakort var gert og útlínur túna sýndar og þær leifar sem sjást á yfirborði kunna að vera síðustu leifar enn minni og eldri garðs. Gamli túngarðurinn sem var á mörkum túna er nú að stærstum hluta inni í túni og hann hefur allur verið sléttaður.
Lýsing túngarðsins hefst hér að norðvestan. Þar má fyrst greina garðinn um 50 m sunnan við þar sem gamla heimreiðin að Ráðagerði liggur úr norðri til suðurs en beygir svo til ASA í átt að íbúðarhúsinu. Norðurendi garðsins er nálega til móts við íbúðarhúsið í Ráðagerði 033 um 110 m vestan þess. Á þessum kafla er garðurinn afar ógreinilegur og vart hægt að rekja hann á yfirborði. Hann sést þó sæmilega sem hryggur af loftmynd og af henni að dæma hefur garðurinn legið um 100 m til suðurs. Þá verður garðurinn ógreinlegur á loftmyndinni þó líklega hafi hann um þetta leyti beygt til austurs, eins og sjá má að túnið hefur gert á túnakorti frá 1916. Garðinn má aftur greina 20-30 m suðaustar en þar er hann greinilegur á yfirborði þó sléttaður sé. Garðinn má greina sem hrygg í túninu og er hann um 6-7 m breiður en 0,3 m hár. Hann er alls um 80 m langur en endar við gömlu heimreiðina að Ráðagerði, 60-70 m ofan (sunnan) við Ráðagerði 033. Þessi spotti liggur nálega VNV-ASA þó að vesturendi hans virðist beygja svolítið meira til norðurs.
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar
**Heimildir:** Túnakort 1916 og Litloftmynd frá Seltjarnarnesbæ.

**GK-224:035** *Nýibær* bæjarstæði bústaður 64°09.576N 22°00.399V
Bæjarstæði Nýjabæjar er um 200 m norðan við Nesstofu 001, um 70 m NNA við Móakot 004. Bærinn var um 40 m ofan við iðnaðarhverfi við Bygggarð. Tún bæjarins var tvískipt. Aðaltúnið, þar sem sjálfur bærinn stóð, var norðarlega í Nestúni, um 130 m sunnan við sjávarmál. Þetta tún snéri austur-vestur og var tæplega 200 X 90 m stórt. Hinn túnbúturinn var ANA við þann fyrrnefnda. Hann var um 100 m á kant og náði að sjó. Samkvæmt Seltirningabók var 1917 komið vandað og myndarlegt timburhús með kjallara í Nýjabæ og var steinhús byggt við það 1930. Búskap var hætt á Nýjabæ árið 1953 en í bænum var búið talsvert lengur og á árunum eftir 1980 voru húsin nýtt til félagsstarfs en þau voru brennd árið 1988. Af loftmynd af svæðinu sem tekin var þegar Nýibær stóð má sjá að íbúðarhúsið hefur verið austarlega í efri túnskika jarðarinnar, nálega fyrir miðju túni. Ekki er víst að Nýibær hafi alltaf verið á nákvæmlega sama stað og af túnakorti frá 1916 að dæma má ætla að bærinn hafi þá staðið aðeins norðar, þannig að suðurendi gamla bæjarins hafi verið nálega þar sem norðurendi steinsteypta hússins var síðar. Engar leifar húsa er nú að finna í Nýjabæ. Þeim leifum sem stóðu eftir brunann

hefur verið rutt út.




Á þessum stað er nú grasflöt og nokkur órækt, vestan við þar sem gatan Sefgarðar beygir til austurs. Sunnan við bæ var skrúðgarður og má segja að einu ummerkin á yfirborði séu um hann. Á þessum slóðum sjást einstaka trjáhríslur en auk þess er hryggur (e.k. garðlag) frá hríslunum og til norðurs í átt að bæjarstæðinu. Þennan hrygg má greina á um 20 m kafla en ekki er alveg ljóst hvernig hann er til komin enda hefur svæðinu öllu verið umturnað með stórvirkum vinnuvélum. Í sverði má sjá rusl sem tilheyrir bænum á stöku stað, leirkersbrot frá 20. öld og annað slíkt.

Samkvæmt Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín var Nýibær byggður að nýju í tíð séra Stefáns og mun það vera Stefán Hallkellsson sem prestur var í Seltjarnarnesþingum 1630-59. Samkvæmt túnakorti frá 1916 voru tún Nýjabæjar þá alls 3 teigar og voru garðar alls 3100 m2. Inn á túnakortið er merkt inn á þann túnskika Nýjabæjar sem var í Nestúni, bærinn sjálfur (sem hér er skráður), lítið útihús 109 fast norðan við bæ, Nesvegur 224:101, heimreið frá Nesvegi (fornleif nr. 112), að bæ. Í vesturjaðri nyrðra túns Nýjabæjar er merkt gata sem hefur verið á mörkum Nýjabæjar og Bygggarðs (sjá 226:017) og þar, alveg við sjó, voru samkvæmt túnakortinu, tvö útihús og var annað þeirra sambyggt stóru gerði (sjá 110 - hitt húsið er nr. 111). Fast við sjó var svo sjóvarnargarður 113. Engin ummerki sjást um eldri mannvirki við Nýjabæ.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** JÁM III, 241, Seltirningabók, 139-142 og Túnakort 1916

**GK-224:036** *Nýjabæjarvör* heimild um lendingu 64°09.621N 22°00.211V

"Næsta býli var Nýibær, sunnar og austar. Niður undan bænum heitir Vatnavik, áður Sandvik. Þar var vör. Mikill vatnsagi kom úr mýrunum niður í vikið. Snasi heitir steinn eða smáklettur austur af lendingunni," segir í örnefnaskrá. Nýjabæjarvör var beint niður af götunni Sefgörðum, 170-180 m norðaustan við Nýjabæ 035.



*GK-224:037 Nesvör, horft til NNA*

Norðurströnd liggur á þessum slóðum og hefur einhver landfylling átt sér stað þarna. Stórgerður sjóvarnargarður hefur nú verið ruddur upp við sjó.

Vararinnar er getið í Fornleifaskráningu á Seltjarnarnesi frá 1980. Hún er nú illgreinileg sökum landfyllingar en á fjöru má sjá vik í strandlínuna þar sem vörin var. Nokkru austar er kletturinn Snasi en vestar eru Sílaklettar, sem eru austan Bygggarðsvarar 226:008. Þessa vör þurfti aldrei að ryðja eins og raunin var með margar af vörunum við norðurströnd Seltjarnarness.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** Ö-Seltjarnarnes GSM, 6; Fornleifaskráning á Seltjarnarnesi ÁÓG, 12

**GK-224:037** *Nesvör* heimild um lendingu 64°09.601N 22°00.077V

"Austan við Vatnavik að núverandi Lindarbraut var landræma við sjóinn, sem var óskipt land, afnot fyrir Nes sem sáðreitir. Þar voru kartöflugarðar frá Nesi. Þessi skiki nefndist Sjávargarðar [040]. Fram af þeim var

Nesvör, notuð frá Nesi," segir í örnefnaskrá. Nesvör, sem einnig var nefnd Norðurvör, er enn greinileg beint fram undan vesturhluta Sjávargarða 040. Vörin er um 390 m norðaustan við Nesstofu 001. Enn sést vik í strandlínuna þar sem vörin var. Landslagi hefur þó mikið verið bylt. Stærstur hluti sjávargarðsins 040 sést ennþá en fast norðan við hann var mjór vegur meðfram fjórunni en svo tók við brattur sjávarbakkinn. Nú eru hins vegar 10-15 m milli garðsins og sjávar og á milli er grasflöt, malbikaður göngustígur og sjóvarnargarður úr stórgrýttu grjóti sem að mestu er allt byggt á landfyllingu. 1703: "Heimræði er árið um kring og lendíng í betra lagi. Gánga skip ábúandans eftir hentugleikum. Kóngsskip engin hafa hjer gengið fyr nje síðar það menn minnast, og skjaldan inntökuskip, en sjeu þau nokkur, þá tekur heimaábúandi undirgift af ... Skipa uppsátur og hjallstæði við sjóinn brýtur sjáfargángur skaðlega," segir í jarðabók Árna og Páls og er líklegt að þar sé átt við þessa lendingu. Getið er um lendinguna í Fornleifaskráningu á Seltjarnarnesi frá 1980. Þótt landfylling og bygging sjóvarnargarðs á síðust árum hafi nokkuð breytt umhverfi við sjóinn á þessum slóðum má enn greina vörina. Hún er mörkuð lágum klettum.
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar
**Heimildir:** Ö-Seltjarnarnes GSM, 6-7; ÁÓG 13.8.1980; Fornleifaskráning á Seltjarnarnesi ÁÓG, 12; JÁM III, 240

**GK-224:038** *Nýlenda* bæjarstæði bústaður 64°09.437N 22°00.135V
Elstu heimildir um býlið Nýlendu ná aftur til ársins 1766 (sbr. Seltirningabók, bls. 137). Af heimildum má ráða að í Nýlendu hafi verið búið með hléum allt til 1902 en þá var túnið lagt undir Nýjabæ. Nýlenda stóð þar sem nú er Lindarbraut 29. Þar sem Nýlenda var er nú timburhús á steinsteyptum grunni, án kjallara sem fellur ágætlega inn í húsaröðina við götuna. Við húsið er bílskúr og er hann merktur "Nýlenda".
Nýlendu er ekki getið í Jarðabók Árna og Páls. Vel má vera að þá hafi einfaldlega engin byggð verið á þessum slóðum en ekki er hægt að útiloka að eitthvert þeirra mörgu býla sem getið er í jarðabókinni, en hafa týnst niður síðan, hafi verið á sama stað. Til greina koma Jónshús 063, Þýskhús 064, Smiðshús 143 eða Kot 066 en þeirra er allra getið er í jarðabókinni en ekki síðar. Ekki er hægt greina uppsöfnun mannvistarlaga undir húsi eða sjá aðrar vísbendingar um að á þessum stað leynist í jörðu minjar um langvarandi búsetu.
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar
**Heimildir:** Ö-Seltjarnarnes GSM, 7; Seltirningabók, 138

**GK-224:039** *Nýlenduvör* heimild um lendingu 64°09.583N 21°59.986V
Nýlenduvör var um 80 m suðaustan við Nesvör 037. Hún er framundan götunni Lindarbraut en örlítið vestar. Vörin var tæpum 300 m NNA við Nýlendu 038.



*GK-224:039: Nýlenduvör, horft til NNA*

Vörina má enn greina á fjöru þrátt fyrir að nú hafi verið byggður grófgerður sjóvarnargarður á sömu slóðum. Skólprör afmarkar nú austurhlið vararinnar.
Vörin virðist hafa verið nokkuð breið. Hún er afmörkuð af kletti að vestan en umhverfi að austan og norðan er mikið breytt frá því sem áður var. Fjaran er takmörkuð af sjóvarnargarðinum en hún er sendin á þessum slóðum. Í fjörunni er einshvers konar spil/hjól sem ber vitni um fyrri notkun svæðisins. Nýlenduvör þurfti aldrei að hreinsa ólíkt mörgum af þeim vörum sem voru á norðurströnd Seltjarnarness.Vararinnar er getið í Fornleifaskrá Seltjarnarness frá 1980.
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar
**Heimildir:** ÁÓG 13.8.1980;Fornleifaskráning á Seltjarnarnesi ÁÓG, 12

**GK-224:040** *Sjávargarðar* gerði naust 64°09.594N 22°00.118V

"Austan við Vatnavik að núverandi Lindarbraut var landræma við sjóinn, sem var óskipt land, afnot fyrir Nes sem sáðreitir. Þar voru kartöflugarðar frá Nesi. Þessi skiki nefndist Sjávargarðar. Fram af þeim var Nesvör [037], notuð frá Nesi," segir í örnefnaskrá. Sjávargarðarnir eru á milli götunnar Norðurstrandar og malbikaðs göngustígs sem liggur á sjávarbakkanum. Þeir eru beint framundan Sævargörðum en um 350 m norðaustan við Nesstofu 001. Leifar Sjávargarða sjást ennþá. Garðurinn er á grasi gróinni sléttu milli stórgrýtts sjóvarnargarðs og götunnar Norðurstrandar. Kristinn Einarsson heimildamaður man eftir því að einfaldur kerruvegur var fast norðan við garðinn en fast norðan hans tók við brattur kambur ofan í fjöru. Það þurfti því að beygja varlega af veginum og inn í garðinn þar sem þverhníptur bakkinn beið ef óvarlega var farið. Nú eru hins vegar 10-15 m frá garðinum og ofan í fjöru og hefur því nokkur landfylling átt sér stað á þessum slóðum.



*GK-224:040: Sjávargarðar, horft til norðausturs*



*Sjávargarðar, horft til austurs*

Garðurinn er grjóthlaðinn og um 1 m á breidd en 0,8 m á hæð. Hann er T-laga. Lengri armurinn liggur meðfram sjó (nálega austur-vestur) og er um 54 m langur. Annar garður styttri gengur frá honum til suðurs tæpum 20 m frá vesturenda hans. Þessi garðstúfur er um 15 m langur og skipti garðinum upp í tvö hólf. Vestari hlutinn tilheyrði Nesi 1 en sá austari Nesi 2. Op er á langgarðinn þar sem sá styttri liggur frá honum og þar var innangengt í bæði hólfin. Allur garðurinn er hlaðinn úr grjóti. Hann er mest um 1 m á hæð en er tæpur 1 m á breidd þar sem hann er breiðastur. Vestasti hluti garðsins er skýrastur. Samkvæmt Kristni Einarssyni var garðurinn notaður sem hálfgert naust í hans tíð. Á þessum stað voru bátar geymdir og gert var að netum. Suðvestarlega í vestara hólfi garðsins er dálítil hæð en hún er, samkvæmt heimildamanni, uppsafnaðar, muldar skeljar sem söfnuðust upp á þessum stað þegar gert var að veiðarfærum. Garðurinn var skráður í Fornleifaskráningu á Seltjarnarnesi frá 1980 og var númer 26. Þá mátt enn sjá umfangsmeiri leifar en þeim sem sjást nú: "Sjávarmegin vegarins Norðurstrandar er 8-9 m langt garðbrot. Ofan vegarins tekur við um 20 m langur garður, líklega framhald þess sem er neðan við. Garðbrotin beggja vegna vegarins eru talsvert hrunin og sjást fremur illa."




**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** Ö-Seltjarnarnes GSM, 6-7; ÁÓG 13.8.1980;Fornleifaskráning á Seltjarnarnesi ÁÓG, 12

**GK-224:041** garðlag varnargarður 64°09.540N 21°59.794V
Inn á túnakort Bollagarða frá 1916 er merktur sjávargarður sem legið hefur frá Bollagörðum 042 til norðausturs (yfir núverandi Norðurströnd) en síðan beygt til norðvesturs með sjó. Í austurhorni garðsins virðist hafa verið lítill kofi, hugsanlega e.k. naust, opið að sjó. Þessi kofi hefur verið nálega þar sem austurangi núverandi garðlags




er. Talsverðir sjávargarðar hafa verið á Seltjarnarnesi og sjást leifar þeirra víða (sbr. 047, 050, 083, 113 og 223:011, 225:012 og 228:008). Garðurinn stendur enn að hluta, þó aðeins neðan (norðan) götunnar Norðurstrandar. Hann er á milli malbikaðs göngustíg og sjávar.


*GK-224:041 Garðlag við Bollagarðavör, horft til NNV*

Garðurinn var fyrst skráður í fornleifaskráningu 1980. Þar segir: "27 Sjávargarðar eru norðan við Bollagarða á um 120 m löngu svæði. [...] Þeir voru hlaðnir á þessari öld." Ekki er ólíklegt að garður hafi lengi verið á þessum slóðum þótt lítið sé annað hægt að fullyrða um aldur hans annað en að hann er greinilega hlaðinn áður en túnakortið frá 1916 er teiknað. Garðinum hefur hins vegar verið haldið við allt til þessa og er lögun hans nú því ekki alveg sambærileg og á túnakortinu en sá hluti sem eftir stendur afmarkar um 50 m langt svæði við fjöruna. Garðinum verður nú lýst og hefst lýsingin í austri. Garðurinn liggur úr norðri í 8 m til suðurs en beygir þá í 90°til austurs og þaðan liggur garðurinn í um 50 m áður en hann fjarar út hjá litlum bárujárnskofa. Tvö op eru á garðinum, annað er um 15 m frá beygjunni austast en hitt um 25 m vestar. Á einum stað virðist mega sjá móta fyrir grjóthleðslu í sverði sjávarmegin við garðinn en ekki er greinilegt lag á henni. Garðurinn er hlaðinn úr grjóti. Hann er 1,0-1,2 m á breidd en mest um 0,8 m á hæð.


*GK-224:041 Op á garði, ofan við Bollagarðsvör*

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar
**Heimildir:** ÁÓG 13.8.1980; Fornleifaskráning á Seltjarnarnesi ÁÓG, 12; Túnakort 1916

**GK-224:042** *Bollagarðar* bæjarstæði bústaður 64°09.527N 21°59.812V
"Austan Lindarbrautar er Bollagarðamýri. Eftir skipti 1920 féll hún undir Bygggarð og nefndist þá Bygggarðsmýri. Bollagarðar standa austan hennar ... ," segir í örnefnaskrá. Gamli bærinn í Bollagörðum, sem merktur er inn á túnakort frá 1916, stóð nálega þar sem neðri (NNA) hluti Bollagarða er nú en norðausturhorn íbúðarhússins er nú fast sunnan við götuna Norðurströnd. Þar sem gamli bærinn stóð stendur nú steinsteypt íbúðarhús sem byggt var á 3. áratugi 20. aldar. Það er án kjallara. Ekki er greinileg nein uppsöfnun undir húsinu en vestan við það er nú botnlangi götunnar Bollagarða. Austan hússins er bakgarður þess, að sunnan beygir

gatan meðfram húsinu áður en hún liggur til suðurs, en að norðan, tekur eins og áður sagði við gatan Norðurströnd.




Bollagarða er ekki getið í Jarðabók Árna og Páls í upphafi 18. aldar. Vel má vera að þá hafi einfaldlega engin byggð verið á þessum slóðum en ekki er hægt að útiloka að eitthvert þeirra mörgu býla sem getið er í jarðabókinni, en hafa týnst niður síðan, hafi verið á sama stað. Til greina koma Jónshús 063, Þýskahús 064, Smiðshús 065 eða Kot 066 en þeirra er allra getið er í jarðabókinni en ekki síðar. Árið 1916 var allt tún sléttað í Bollagörðum, stærð alls 1 teigur, garðar 720 m2. Í Seltirningabók er að finna greinargóða lýsingu á gamla torfbænum í Bollagörðum sem er höfð eftir Önnu Bolladóttur sem bjó í Bollagörðum fram til 1910. Hún segir "að torfbærinn í Bollagörðum hafi verið vel hýstur og vel byggður. Fyrst var komið inn í göngin og úr þeim lágu tvennar dyr, aðrar inn í eldhúsið en hinar inn í önnur göng sem lágu til baðstofu. Í eldhúsinu var moldargólf og "tvenn hlóð" og segir Anna, að þar hafi alltaf verið stórar og þykkar hveitikökur á hlóðum. Baðstofan var lítil en hlý og vistleg og var þar mest áberandi rósprjónið sem prýddi ábreiðurnar á rúmunum."
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar
**Heimildir:** Ö-Seltjarnarnes GSM, 7; Túnakort 1916 og Seltirningabók, bls. 155-156.

**GK-224:043** *Bollagarðakot* heimild um bústað 64°09.525N 21°59.853V
"Austan Lindarbrautar er Bollagarðamýri. Eftir skipti 1920 féll hún undir Bygggarð og nefndist þá Bygggarðsmýri. Bollagarðar standa austan hennar og Bollagarðakot, sem stóð vestar og nær sjó," segir í örnefnaskrá. Bollagarðakot stóð við heimabýlið. Þar voru lengi tvær þurrabúðir sem saman nefndust Bollagarðakot en voru einnig nefndar annars vegar Þorsteinskot (sem hér er skráð) og hins vegar Eiríkskot 092. Bæði voru þessi hús rifin fljótlega eftir aldamótin 1900 en grunnar þeirra sáust lengi og man Kristinn Einarsson, heimildamaður vel eftir þeim. Þeir voru nánast í hlaðinu á Bollagörðum um 20 m vestan við bæinn, í austurjaðri raðhúss 57-63 við Bollagarða.
Í íbúðahúsabyggð. Grunnar kotanna tveggja hafa nú horfið vegna umróts við byggingu raðhúss við Bollagarða. Þeir voru á mörkum þess og baklóðar. Hnit fyrir Þorsteinskot, þann bæ sem hér er skráður, var tekið nær Bollagörðum, en eins og áður segir voru aðeins um 5 m á milli grunnanna og ekki er lengur vitað fyrir víst hvor þeirra var hvað.
Afmarkaður garður 093 sem er merkur inn á túnakort Bollagarða frá 1916 virðist hafa tilheyrt kotinu. "Bollagarðskots er fyrst getið árið 1845 og næstu 20 árin bjuggu þar hjón með sjö börn ... ," segir í Seltirningabók. Þar segir ennfremur: "....síðast voru þar tvö hús, sem Jóhann Eiríksson kallar Þorsteinsbæ og Eiríksbæ eftir þeim sem byggðu þá. Þorsteinn Guðmundsson og Guðrún Bjarnadóttir bjuggu í Þorsteinsbæ, en Eiríkur Eiríksson og Sesselja Guðmundsdóttir í Eiríksbæ. Hann var rifinn 1906 og timbrið selt."
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar
**Heimildir:** Ö-Seltjarnarnes GSM, 7; Túnakort 1916; Seltirningabók, 157

**GK-224:044** *Bollagarðavör* heimild um lendingu 64°09.538N 21°59.772V
Bollagarðavör er beint norður og niður af íbúðarhúsinu Bollagörðum. Vörin er merkt inn á túnakort frá 1916. Hún er 20-30 m norðaustan við íbúðarhúsið í Bollagörðum 042.
Enn sést móta fyrir vörinni en hún var allmikið skemmd þegar vegurinn Norðurströnd og malbikaður göngustígur við sjóinn voru gerðir. Þegar þessar framkvæmdir áttu sér stað útbjó Seltjarnarneskaupstaður nýja vör fyrir Bollagarða svo til beint fyrir framan íbúðarhúsið



*GK-224:044: Bollagarðsvör, sem nú hefur að hluta horfið undir malbikaðan göngustíg*

Malbikaður göngustígur liggur nú yfir hluta vararinnar en enn má sjá neðsta hluta hennar greinilega. Vörin var mörkuð af klettavegg að vestan sem enn er greinilegur á þessum stað. Í vörinni má sjá tilhöggvið hleðslugrjót á stöku stað sem er úr gamla Bollagarðabænum. Vörin var fremur góð en samkvæmt heimildamanni, Kristni Einarssyni, þurfti að hreinsa úr henni reglulega. Eftir að framkvæmdir skemmdu vörina lét Seltjarnarneskaupstaður gera nýja vör 40-50 m vestar. Ofan við hana má enn sjá leifar tækja sem tengdust vörinni, s.s. ryðgað spil o.þ.h.
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar
**Heimildir:** ÁÓG 13.8.1980;Fornleifaskráning á Seltjarnarnesi ÁÓG, 12

**GK-224:045** *Þvergarður* garðlag landamerki 64°09.231N 21°59.806V
"Býlið Bakki var næst utan við Hrólfsskála. Landamerki voru Þvergarður, sem liggur að sjó nokkru vestan við Sandvik og síðan þvert yfir nesið. Hann var landamerki býla, sem byggzt höfðu úr landi Ness og höfðu óskipt land með því, Hrólfsskála og Mýrarhúsa, sem munu hafa byggzt úr Eiðislandi," segir í örnefnaskrá. Þvergarður, eða Valhúsagarður eins og hann er oft nefndur, skipti Seltjarnarnesi áður í tvennt. Allt svæðið vestan garðs tilheyrði Nesi en landið austan hans Eiði. Garðurinn lá því áður stranda á milli. Við norðurströndina lá hann frá sjó á svipuðum slóðum og gatan Vesturslóð gerir nú, upp í botnlanga hennar og þaðan sem leið lá þvert yfir Valhúsahæð og áfram til suðurs rétt austan við götuna Bakkavör. Hann endaði við sjó í Sandviki vestanverðri, nálægt Austurvör 223:005. Þétt íbúðahúsabyggð er nú neðan við Valhúsahæð bæði að norðan og vestan og hefur garðurinn alveg horfið á þessum slóðum. Hann er hins vegar enn greinilegur á sjálfri hæðinni, þ.e. á þeim hluta þar sem ekki er íbúðarhúsabyggð. Garðinn má enn rekja fast ofan (suðvestan) við Vesturströnd og til SSV í um 240 m að íbúðarhúsabyggð við Valhúsabraut.



*GK-224:045 Þvergarður, horft til norðurs*

Stór hluti garðsins hefur horfið í íbúðarhúsabyggð. Sá hluti sem enn sést er á Valhúsahæð sem er stórgrýtt klapparholt, talsvert gróið.
Þegar grafið var fyrir grunni húss við Valhúsabraut 18 árið 1992 var var garðurinn rofinn og sást hann þá allvel í sniði og gafst tækifæri fyrir fornleifafræðinga til að kanna hann. Það var dr. Jóhann Helgason sem vakti athygli á sniðinu og kannaði það fyrst. Í bréfi hans um málið (sem birtist í rannsóknarskýrslu ÞJMS) segir: "Í þversniði er garðurinn að minnsta kosti 70 sm hár og um 1 m á breidd en steinarnir hafa fallið úr honum á ýmsum tímum. Upphaflega hefur garðurinn því vafalaust verið hærri. Svo virðist sem holtagrjót myndi efstu hleðsluröðina en neðar er smærra grjót. Garðurinn hefur verið byggður ofaná 18 sm jarðvegi sem hvílir á blágrýtisklöpp." Samkvæmt þeirri úttekt sem Guðmundur Ólafsson og Kristinn Magnússon gerðu á garðinum í kjölfar ábendingar Jóhanns gaf afstaða gjóskulaga tvíræða niðurstöðu um aldur garðsins en hann mun hafa verið hlaðinn einhvern tíma á bilinu frá 11. öld til miðrar 13. aldar. Garðurinn var skráður við fornleifaskráningu árið 1980 og er númer 30 í þeirri skrá. Þegar garðurinn var mældur 1980 var hann nokkuð lengri en hann er nú og kemur þar tvennt til. Annars vegar sást hann þá á um 80 m löngum kafla í brekkunni austan Bakkavarar þar sem hann náði langleiðina niður að sjó. Þessu svæði hefur nú verið umturnað þar sem íbúðarhús hafa risið austan Bakkavarar (en áður var

byggðin aðeins vestan götunnar). Þvergarðinn mátti einnig greina lengra til suðurs á sjálfri Valhúsahæðinni en hann gerir nú þar sem hann hefur síðan horfið í íbúðarhúsabyggð við Valhúsabraut. Þrátt fyrir þessar skemmdir á garðinum er ennþá vænn hluti hans eftir á Valhúsahæð og skal honum nú lýst. Garðurinn er samtals um 250 m að lengd þótt víða séu eyður í hann. Lýsingin hefst við norðausturenda garðsins. Hann má fyrst greina austan við efsta íbúðarhúsið við götuna Vesturströnd. Þar hefur garðurinn greinilega verið endurhlaðinn á 15-20 m kafla. Á þessum slóðum stendur garðurinn sæmilega uppi og er um 0,5 m á hæð en 0,9 m á breidd. Hann er úr grjóti. Á sama kafla er annar garður samsíða Þvergarðinum 3-4 m austar á lóðamörkum íbúðarhús og er hugsanlegt að eitthvað af grjótinu úr upprunalega garðinum hafi verið notað í þessa hleðslu. Þar sem endurhlaðna garðkaflanum lýkur tekur við garður sem er mun signari og hrundari en nyrsti hlutinn. Þessi hluti er þó enn vel greinilegur, fram hjá skotbyrgi 227:039 og landamerkjasteini 140 og áfram. Þessi kafli er um 100 m langur áður en garðurinn fer að verða ógreinilegur, skammt sunnan landamerkjasteins, nálega þar sem skotgrafir eru á Valhúsahæð 223:029. Garðinn má þó greina áfram, sundurslitinn milli grafanna og suðvestan þeirra verður hann örlítið skýrari á syðstu 50 metrunum. Þar sjást litlar grjóthleðslur heldur er garðurinn fremur eins og hryggur í landslaginu. Garðkaflinn frá landamerkjasteininum er um 110 m langur þótt sundurskorinn sé. Hann endar við norðausturhorn húss nr. 18 við Valhúsabraut. Ýmislegt hefur verið rætt og ritað um garðinn og Jóhann Helgason, sem skoðaði snið af garðinum árið 1991, birti grein um hann í bókinni Eyjar í eldhafi. Hann rannsakaði gamlar loftmyndir af Seltjarnarnesi og komst að þeirri niðurstöðu að garðurinn hafi upphaflega verið um 1050 m langur. Jóhann lét greina þau gjóskulög sem fundust í sniði og komst að þeirri niðurstöður að elsti hluti garðsins værði hlaðinn talsvert fyrir 1226/1227 (Miðaldalagið) og telur að garðurinn hafi átt upphaf sitt a.m.k. ekki síðar en á 11. öld. Leifar miðaldagjósku fundust einnig í torfi garðsins og telur Jóhann að það sanni að garðurinn hafi verið endurbyggður eftir að lagið féll.



*GK-224:045: Þvergarður, horft til suðurs*

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar
**Heimildir:** ÁÓG 13.8.1980;Ö-Seltjarnarnes GSM, 2; Fornleifaskráning á Seltjarnarnesi ÁÓG, 12-14; Guðmundur Ólafsson og Kristinn Magnússon: Þvergarður 1992, 1-8 og Jóhann Helgason. 1995, 151-158.

**GK-224:046** garðlag 64°09.292N 21°59.748V

"37.2 Tóft. Um 16 m NNA við byrgið (nr. 37.1) er rúst eða grjótveggur. Veggurinn er um 5 m langur og um 60 cm breiður og stefnir í norðvestur frá Þvergarði. Tóftin virðist eldri en hernámið," segir í Fornleifaskráningu á Seltjarnarnesi frá 1980. Garðlagið gengur vestur út úr Þvergarði 045 um 17 m norður af landamerkjastein 140. 'Byrgi' númer 37.1 sem skráð var árið 1980 er hér skráð undir númerinu 080. Umhverfis garðlagið er melur, gróinn grasi og mosa en gróðurlausir blettir eru á milli. Grjótið í garðlaginu er nokkuð mosavaxið.

Útflatt garðlag eða veggbrot sem er útskot vestur úr Þvergarði. Garðlagið er um 4 m langt austur-vestur og um 1 m breitt. Garðlagið hefur verið hlaðið úr grjóti og ekki er hægt að greina neinar torfhleðslur. Garðurinn er útflattur og í kringum hann, sem og á melnum öllum, er talsvert af grjóti af svipaðri stærð og óljóst er hvort sumt af grjótinu í næsta nágrenni tengist garðlaginu eður ei.




*GK-224:046: Útflatt garðlag eða veggbrot sem gengur vestur út úr Valhúsagarði*

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar
**Heimildir:** ÁÓG 13.8.1980; Fornleifaskráning á Seltjarnarnesi ÁÓG, 15

**GK-224:047** garðlag varnargarður 64°09.753N 22°00.601V
Sjóvarnargarður hefur verið norðan við túnin í Ráðagerði 033. Í raun má segja að garðurinn hafi verið hluti af löngu kerfi sjóvarnargarða sem var fram undan flestum bæjunum á Seltjarnarnesi, a.m.k. við norðurströnd Nessins. Garðar þessir eru nú víða horfnir en stuttir kaflar sjást þó hér og þar við sjávarsíðuna. Hér er skráður sá garður sem greina má beint fram undan og vestan við Ráðagerði. Garðinn má fyrst greina vestan við þar sem gamla heimreiðin að Ráðagerði liggur frá Norðurströnd. Þar liggur garðurinn í um 20 m til norðurs áður en hann kemur að götunni Norðurströnd þar sem má segja að garðurinn greinist í tvennt. Hið eiginlega framhald garðsins er til vesturs og liggur garðurinn í beygju við gatnamót heimreiðar og Norðurstrandar en síðan til vesturs þar sem greina má hann 120-130 m í jaðri malbikaðs vegar. Hins vegar má greina garðspotta um 10 m norðaustan við gatnamót Norðurstrandar og gömlu heimreiðar Ráðagerðis. Hann virðist hafa verið framhald sjóvarnargarðs og liggur hann í boga til norðausturs og síðan austurs og er 10-15 m langur nú en hefur áður náð mun lengra til austurs og líklega verið samfelldur garður að Bygggarði og jafnvel lengra.



*GK-224:047: varnargarður, horft til austurs*

Á þessum slóðum hefur umhverfi mikið verið umturnað. Talsverð landfylling er á þessum slóðum og má það best sjá á því að sjóvarnargarðurinn var alveg niður í fjöru áður en er nú í allt að 40 m fjarlægð frá sjó. Malbikaður vegur, Norðurströnd, er ofan á vesturhluta garðsins og hefur skorið á sjóvarnargarðinn á kafla. Gatan endar í malbikuðu bílastæði og hvort tveggja, ásamt ýmsum öðrum smávægilegum framkvæmdum veldur því að nú er aðeins brotakenndar leifar varnargarðsins að sjá á þessum slóðum.
Garðurinn er grjóthlaðinn. Hann sést alls á um 160 X 40 m stóru svæði. Garðurinn er grjóthlaðinn og misgreinilegur. Honum hefur sjálfsagt verið viðhaldið lengi fram eftir og e.t.v. sumum hlutum hans lengur en öðrum. Garðurinn er mest 1,4 m hár og er alveg grjóthlaðinn. Hann er um 1 m á breidd.
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**GK-224:048** heimild um öskuhaug 64°09.586N 22°00.333V
Árið 1981 kom í ljós öskuhaugur við hitaveituframkvæmdir vestan götunnar Sefgarða, á mörkum iðnaðarsvæðis. Haugurinn var 50-60 m neðan (norðaustan) við Nýjabæ 035, milli bæjarstæðisins og Nýjabæjarvarar 036. Hann virðist hafa verið til móts við hús nr. 26 við Sefgarða. Grasi gróinn blettur er á þessum slóðum vestan við malbikaða götu. Vestast á grasflötinni, á mörkum íbúðahúsabyggðar og iðnaðarhverfis er svo manngerður skjólveggur, e.k. hryggur.

Engin merki sjást um hauginn á yfirborði. Hann er skráður í eldri Fornleifaskrá Seltjarnarness þar sem hann er númer 60. Þar segir: "Guðmundur Ólafsson fornleifafræðingur rannsakaði hauginn, sem virðist ná niður á óhreyfða jarðveg og var allt að 80 cm þar sem hann var þykkastur. Haugurinn var að mestu myndaður úr móösku. Í honum fundust margskonar leifar dýrabeina, en auk þess þykkt lag af skeljum. Neðst í hauginum var smáblettur sem gæti verið gjóska úr Kötlugosi um 1490, en engin önnur gjóskulög fundust. Niðurstaða könnunarinnar var að haugurinn sé líklega yngri en frá 1500; e.t.v. frá 17. eða 18. öld. Telja má líklegt að bæjarhús hafi staðið í grennd við hauginn, en ekkert sést móta fyrir þeim á yfirborði." Öskuhaugurinn hefur aðeins verið um 50 m frá Nýabæ og því líklegast að hann hafi verið í tengslum við hann.
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar
**Heimildir:** GÓ 13.8.1980; Fornleifaskráning á Seltjarnarnesi ÁÓG, 23-24

**GK-224:049** heimild um mógrafir 64°09.292N 22°00.699V
"Mótekja var neðan við Bakkagranda en ekki hægt að taka hann nema um fjöru. Seinast var þar tekinn mór 1939. Í honum voru stórir lurkar, lærissverir," segir í örnefnaskrá. Bakkagrandi var milli Bakkatjarnar og sjávar. Grandinn er 400 til 800 m frá Nesstofu 001. Bakkatjörn er nú mun minni en hún var áður. Fram eftir 20. öld náði hún talsvert lengra til austurs, þar sem íbúðahúsahverfi er nú. Engin merki mógrafa sjást nú á þessum slóðum. Malbikaður vegur út í Suðurnes liggur um grandann og sunnan hans er malbikaður göngustígur. Kristinn Einarsson, heimildamaður mundi ekki eftir mógröfum á þessum stað en í hans minni var mór ætíð tekinn við Kotagranda 135.
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** Ö-Seltjarnarnes GSM, 4

**GK-224:050** garðlag varnargarður 64°09.558N 21°59.855V
Sjóvarnargarður er fast vestan við ljóskastaragryfju frá hernámsárunum (þá vestari - 099) og um 70 m norðvestan við Bollagarða 042. Garðurinn er milli Norðurstrandar og sjávar. Seltirningar hafa verið iðnir að byggja sjóvarnargarða. Meðfram norðurströndinni má á fjölmörgum stöðum sjá leifar þessara garða, þar sem landfylling hefur ekki alveg hulið þá (sbr. 041, 047, 083, 113 og 223:011, 225:012 og 228:008).



*GK-224:050: Varnargarðurinn, horft til NNA*

Sjóvarnargarðurinn er á grasflöt milli sjávar og götunnar Norðurstrandar. Austurendi hans er um 2 m norðan við malbikaðan göngustíg en vesturendinn er um 10 m norðan við sama stíg.
Garðurinn sést á um 14 m löngum kafla og snýr austur-vestur. Hann er nærri því samsíða síðari tíma sjóvarnargarði úr stórgrýttu grjóti. Austurendi garðsins endar 2 m frá malbikuðum göngustíg. Garðurinn er hlaðinn úr grjóti og er stæðilegastur í miðjunni þar sem hann er 0,7 m á hæð. Hann er mest um 1 m á breidd. Vafalaust hefur garðinum verið haldið við fram eftir 20. öld.
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**GK-224:051** *Tjarnargata* vegur leið 64°09.350N 22°00.541V
"Tjarnargata eða Tjarnarstígur lá frá Neströðum [139] niður að Bakkatjörn," segir í námsritgerð Guðrúnar Einarsdóttur. Samkvæmt Kristni Einarssyni var sama nafn þó einnig notað á stíg sem lá frá sama punkti, þ.e. frá Neströðum og til vesturs meðfram Bakkatjörn og áfram til suðurs og vesturs út á Suðurnes.
Grasi gróið svæði í órækt er á þessum slóðum. Fyrrnefndi stígurinn hefur greinilega verið upphlaðinn í deiglendinu niður að tjörn og er hann þráðbeinn. Síðarnefnda leiðin, sem lá til vesturs með tjörninni virðist hafa verið grunn gata en lítil sem engin merki hennar sjást nú.



*GK-224:051 Tjarnargötu má greina sem hæð á miðri mynd, horft til suðurs*

Fyrrnefnda gatan er tæplega 120 m löng og enda við gamla yfirborð Bakkatjarnar sem nú hefur verið þurrkuð upp. Vegurinn er grasi gróinn en greinilegar grjóthleðslur má víða sjá í honum og ljóst að hann hefur verið upphlaðinn enda víða deiglendisflákar á þessum slóðum. Vegurinn er um 2 m á breidd þar sem mest er en 0,3-0,4 m á hæð. Gatan sem lá frá túnhliðinu og til vesturs með Bakkatjörn er nú ógreinileg. Hún var meðal annars farin þegar kýrnar voru reknar út í Suðurnes á daginn.
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar
**Heimildir:** Guðrún Einarsdóttir 1978.

**GK-224:052** *Bollagarðaklif* heimild um leið 64°09.362N 21°59.673V
"Klif eða Bollagarðaklif nefndist, þar sem þröng gata var milli tveggja klappa við Þvergarðinn [045], nú við efri enda Vesturstrandar," segir í örnefnaskrá. Bollagarðaklif var nálega þar sem botnlangi götunnar Vesturstrandar er nú. Ekki er ljóst hvert leiðin lá en líklegast hefur hún legið frá Bollagörðum 042 og yfir Valhúsahæð.
Malbikuð gata og íbúðarhúsabyggð er á þessum slóðum. Samsíða efstu húsunum í götunni liggur Þvergarður 045.
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar
**Heimildir:** Ö-Seltjarnarnes GSM, 9

**GK-224:053** *Læknisgata* gata leið 64°09.261N 21°59.845V
"Götuslóði, sem lá yfir Valhúsahæð að norðanverðu heim að Nesi, mun hafa verið kallaður Læknisgata áður fyrr en Hreppstjóragata, svo að Kjartan [Einarsson] man, en hreppstjórinn bjó þá í Nesi," segir í örnefnaskrá.

Læknisgata er merkt inn á örnefnakort frá 1978. Samkvæmt loftmyndinni var gatan sunnan í Valhúsahæð en ekki í henni norðanverðri eins og segir í örnefnalýsingu. Hún lá upp á hæðina úr vestri örlítið norðar en í stefnu frá götunni Hæðarbraut. Gatan hefur legið þvert yfir hæðina nálega í stefnu á Hæðarenda 228:012. Þess ber að geta að inn á örnefnaloftmynd er merkt önnur gata, um 200 m norðar á Valhúsahæð og hefur hún heitið Hreppstjóragata (sbr. 228:023), líklega í framhaldi af leið um Eiði. Báðar götur gætu hafa verið framhald götu sem lá frá Reykjavík að Seltjarnarnesi [sjá 228:023] en greindist í tvennt við Eiði. Hér er hins vegar aðeins skráður sá hluti götunnar sem lá yfir Valhúsahæð sunnanverða og að Nesi.

Gatan er að mestu horfin í þéttbýli og framkvæmdir því tengdar. Á Valhúsahæð má þó sjá fyrir götunni á svæðum sem minna hefur verið raskað en öðrum. Valhúsahæð er stórgrýtt klapparholt, talsvert gróið.
Þar sem gatan sést er hún 2-3 m breið dæld sem er að meðaltali 0,3 m djúp. Gatan virðist nýleg og hefur áreiðanlega verið haldið við og hún keyrð á bílum. Það má vera að hún hafi verið notuð lengi fram eftir og í því samhengi má minna á þau fjölþættu hernaðarmannvirki sem eru á þessum slóðum. Gatan liggur í gegnum Þvergarðinn 045 sem reyndar er afar óljós á þessum slóðum. Í námsritgerð Guðrúnar Einarsdóttir segir: "Kort Björns Guðlaugssonar frá 1834 sýnir, sem áður segir tvo slóða norðan og sunnan Valhúss heim að Nesi. Eru heimildamenn ekki á eitt sáttir um staðsetningu fyrrnefndrar Læknis- eða Hreppstjóragötu, en þeir, sem telja hana hafa legið sunnan til á nesinu, segja, að Nestraðir séu framhald hennar og núverandi heimreið tilkomna síðar."
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar
**Heimildir:** Ö-Seltjarnarnes GSM, 9 og Guðrún Einarsdóttir. 1979, 24.

**GK-224:054** heimild um leið 64°09.400N 22°00.165V
"Erl. menn voru, auk Íslendinga, fengnir til að annast steinsmíði og veggjagerð [í Nesstofu 1761-65], og var vagnvegur ruddur frá Bakka á Seltjarnarnesi að Nesi til aðflutninga á steini, kalki, límí, o.fl., sem til þurfti," segir í Íslandssögu L-Ö. Ekki er nú alveg ljóst hvar þessi vegur hefur legið. Samkvæmt Kristni Einarsyni heimildamanni er líklegast að hann hafi legið fremur austarlega þar sem Bakkatjörn náði áður mun lengra til austurs. Kristinn man eftir hleðslu, sem hann taldi helst hafa verið af vegi, í námunda við þar sem Lindarbraut 25 er nú. Samkvæmt því hefur vegurinn legið nálega frá Bakka til norðvesturs en síðan á svipuðum slóðum og Lindarbraut er nú þar til komið var upp brekkuna og þá legið til vesturs að Nesi. Rétt er að taka fram að þessi lega götunnar en byggð á ágiskun. Vegurinn hefur legið þar sem nú er íbúðarhúsahverfi.
Engar leifar vegarins sjást.
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar
**Heimildir:** Íslandssaga L-Ö, 72-73 (1. útg)

**GK-224:055** hleðsla kálgarður 64°09.456N 22°00.403V
Árið 1781veitti danska landbústjórnarfélagið Birni Jónssyni apótekara í Nesi "Felagsins minna verdlaunapening (Medaille) af silfri fyri [garðhleðslur og] at hann auk þess hefir lagt mikla alúd á Alldinræktina." Sveinn Pálsson segir í Ferðabók sinni að stórir kálgarðar séu komnir í Nesi 1791. Þessar heimildir frá síðari hluta 18. aldar sýna, svo ekki verður um villst að þá hefur kálgarðsrækt verið blómleg í Nesi. Ekki er ólíklegt að kálgarðar hafi verið víða í nágrenni Nesstofu en lítið er vitað um nákvæma staðsetningu þeirra nú. Samkvæmt túnakorti frá 1916 hefur þó verið kálgarður í upphafi 20. aldar skammt austan við Nesstofu og er hann skráður hér þó engin leið sé að fullyrða nokkuð um hvort hann sé af gömlum meiði og sé hugsanlega einn þeirra garða sem Sveinn Pálsson getur um í lok 18. aldar. Sá garður sem merktur er inn á túnakortið var um 30 m austan við Nesstofu 001 og sjást leifar hluta hans enn. Af túnakortinu að dæma hefur kálgarðurinn verið nokkuð stór eða 32 X 16 m og því má ætla að hann hafi náð 2-3 m vestan við þar sem nú er minnismerki um Neskirkju og náð til suðurs. Hann hefur því verið rétt sunnan við suðausturhorn kirkjugarðs frá 1787 eins og Orri Vésteinsson áætlar hann í grein sinni um kirkju og kirkjugarð í Nesi sem birtist í Árbók hins íslenzka fornleifafélags 1995. Um 1890 er sagt að mestallur gamli kirkjugarðurinn sé kálgarður og sagt að þar undir ætti að leynast steinhleðslan sem kirkjan var reist á. Garðurinn hefur verið þar sem nú er sléttuð grasflöt


*GK-224-055: Kálgarðshleðsla við Nesstofu, horft til vesturs*

austan Nesstofu 001. Hann hefur þó náð 15-20 m til austur, inn í bakgarð lóðarinnar við Neströð 7.
Á þessu svæði voru kálgarðar lengi fram eftir. Hluti svæðisins er sléttaður en hluti í nokkurri órækt. Á einum stað má sjá kálgarðsleifar. Þar er um 5 m langur garðbútur sem er mest 1 m á breidd en 0,3 m á hæð. Garðurinn er grjóthlaðinn en gróinn og snýr nálega norður-suður.
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar
**Heimildir:** RLLF II, 278, Ferðabók Sveins Pálssonar, Túnakort 1916 og Orri Vésteinsson. 1995c, 115 og Setirningasaga, 124.

**GK-224:056** heimild um traðir 64°09.469N 22°00.384V
Af korti frá HNIT frá um 1950 sést að traðir hafa legið heim að Nesi 001 úr ANA og verið heldur austar og stefnt meira í suður en gatan sem nú heitir Neströð. Gamla tröðin er einnig merkt inn á túnakort frá 1916. Hún hefur þá legið frá Nesstofu 001 á svipuðum slóðum og hún gerir enn fram hjá suðurhlið Lyfjasafns og áfram til ANA, samtals um 120 m að lóðamörkum raðhúsa við Nesbala. Þá beygði tröðin til norðausturs og lá um 80 m að túnmörkum þar sem gamli Nesvegurinn 101 lá á mörkum túna. Tröðin er að hluta horfin ýmist í tún eða undir íbúðarhúsabyggð. Engin merki sjást nú um traðirnar.
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar
**Heimildir:** Kort verkfræðistofunnar Hnits frá um 1950 og Túnakort 1916

**GK-224:057** *Nesssel* heimild um sel
1703: "Selstaða er jörðinni eignuð þar sem heitir Nesssel í Seljadal undir Grímafelli, og hefur um lánga stund ekki brúkuð verið," segir í Jarðabók Árna og Páls. Selstaðan er utan þess svæðis sem nú tilheyrir Seltjarnarnesi og var því ekki skráð. Selið er ofarlega í þverdal Seljadals norðanverðum. Félagar í útivistarklúbbnum Ferli hafa skoðað selið á vettvangi og birta upplýsingar um það á heimasíðu sinni. Þar kemur fram að selið er í um klukkustundargang frá Silungatjörn. Selið er í um 33 km fjarlægð (í loftlínu ASA) frá Nesstofu. "[Nessel] er inn í dalbotni sem snýr í suður, lokaður af af hálsum á þrjá kanta, kaldavermsl í bæjarhlaðinu, góður bæjarhóll og líklega stór hringlaga stekkur aðeins austan við, ekki þó fullvíst er svo vallgróinn. [...] Seljadalur er sléttur og grasvænn. " segir á heimasíðu Ferlis.

Á heimasíðu Ferlis er lýsing á Nesseli og grófur uppdráttur af rústunum. Samkvæmt uppdrætti er þar að finna eina þrískipta tóft og aðra óljósari en á milli þeirra rennur lækur. Svæðinu er lýst á eftirfarandi hátt: " Upp úr dalnum að norðanverðu gengur grösugur dalur. Framarlega í honum var komið að steinsteyptri stíflu í vænlegum læk. Gengið var upp dalinn til norðnorðausturs, þvert á lækinn. Reyndar kemur lítill lækur ofan úr dalnum og sameinast þeim, sem fyrr var nefndur. Efst í grónum dal undir grónum grasbrekkum er Nessel, rétt merkt á hið gamla kort, sem haft var meðferðis. Selið er í skjóli fyrir flestum áttum, enda hreyfðist ekki strá við það. Tóftin er þrjú rými, mjög greinileg. Lækur rennur sunnan við hana, en handan lækisins virðist vera eldri tóft."
**Heimildir:** JÁM III, 239, www.ferlir.is og bréf frá Ómari Smára Ármannssyni til Elínar Óskar Hreiðarsdóttur, dagsett 16. mars 2006.

**GK-224:058** heimild um uppsátur 64°09.252N 22°00.594V
1703: "Heimræði er árið um kring og lendíng í betra lagi. gánga skip ábúandans eftir hentugleikum. Kóngsskip engin hafa hjer gengið fyr nje síðar það menn minnast, og skjaldan inntökuskip, en sjeu þau nokkur, þá tekur heimaábúandi undirgift af ... Skipa uppsátur og hjallstæði við sjóinn brýtur sjáfargángur skaðlega," segir í Jarðabók Árna og Páls. Ekki er nú vitað með vissu hvar það skipauppsátur sem getið er í Jarðabók Árna og Páls 1703 var en líklegast er að það hafi þá verið á sama stað og síðar varð, beint niður af tröðinni sem lá suður frá Nesi og að sjó (sjá 139 og 051). Á þessum stað var uppsátur fram eftir 20. öld og var lengi pakkhús skammt frá (sjá 059). Uppsátrið var um 400 m SSV við Nesstofu 001, fast sunnan við malbikaðan veg og gönguslóða sem liggur út á Suðurnes. Bakkatjörn er nú mun minni en hún var áður. Fram eftir 20. öld náði hún talsvert lengra til austurs, þar sem íbúðahúsahverfi er nú. Malbikaður göngustígur er fast ofan við fjörunna á þessum slóðum sem er fremur sendin.
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar
**Heimildir:** JÁM III, 240

**GK-224:059** heimild um hjall 64°09.269N 22°00.568V
1703: "Heimræði er árið um kring og lendíng í betra lagi. gánga skip ábúandans eftir hentugleikum. Kóngsskip engin hafa hjer gengið fyr nje síðar það menn minnast, og skjaldan inntökuskip, en sjeu þau nokkur, þá tekur heimaábúandi undirgift af ... Skipa uppsátur og hjallstæði við sjóinn brýtur sjáfargángur skaðlega," segir í Jarðabók Árna og Páls. Ekki er nú vitað með vissu hvar það hjallstæðið sem getið er í Jarðabók Árna og Páls 1703 var en líklegast er að það hafi þá verið á svipuðum stað og síðar var byggt pakkhús. Hjallstæðið/pakkhúsið var beint niður af tröðinni sem lá suður frá Nesi og að sjó (sjá 139) en beint upp af uppsátrinu 058. Skipauppsátur (058) var um 400 m SSV af Nesstofu 001. Samkvæmt Jarðabókinni var um 1703 hjallur upp af

henni og samkvæmt Kristni Einarssyni, heimildamanni, var pakkhús á þessum stað um aldamótin 1900. Það byggði afi Kristins fyrir aldamótin 1900 en það fauk í óveðri 1906. Pakkhúsið var tæpum 400 m SSV við Nesstofu 001, á svipuðum slóðum og malbikaður vegur og gönguslóði eru nú. Bakkatjörn er nú mun minni en hún var áður. Fram eftir 20. öld náði hún talsvert lengra til austurs, þar sem íbúðahúsahverfi er nú.
Malbikaður göngustígur er fast ofan við fjöruna á þessum slóðum sem er fremur sendin.
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar
**Heimildir:** JÁM III, 240

**GK-224:060** bæjarstæði bústaður
1703: "Tómthúsmannabúðir hafa hjer að auki tvær verið, nú aldeiliss eyðilagðar síðan fiskiríið brást, kunna og ekki aftur byggjast nema fiskiaflinn verið því stærri ...," segir í Jarðabók Árna og Páls. Ekki er lengur vitað hvar þær nafnlausu tómthúsmannabúðir sem Árni og Páll geta um í Jarðabók sinni 1703 voru staðsettar en ljóst er að þær eru löngu horfnar af yfirborði.
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar
**Heimildir:** JÁM III, 240

**GK-224:061** bæjarstæði bústaður
1703: "Tómthúsmannabúðir hafa hjer að auki tvær verið, nú aldeiliss eyðilagðar síðan fiskiríið brást, kunna og ekki aftur byggjast nema fiskiaflinn verið því stærri ...," segir í jarðabók Árna og Páls. Ekki er lengur vitað hvar þær nafnlausu tómthúsmannabúðir sem Árni og Páll geta um í Jarðabók sinni 1704 voru staðsettar en ljóst að þær eru löngu horfnar af yfirborði.
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar
**Heimildir:** JÁM III, 240

**GK-224:062** heimild um sjóbúð
1703: "Sjóbúð ein fyrir tveggja eður þriggja manna far lítil var hjer að auk fyrir stuttu brúkuð um fáein ár, uppgör með heimaábúandans leyfi af Jóni nokkrum Marteinssyni, sem þá bjó í Digranesi og lofaði tolli fyrir búðarstöðu, síðan það brást er búðin aldeiliss aflögð og aftekin," segir í Jarðabók Árna og Páls. Ekki er lengur vitað hvar sú nafnlausa sjóbúð sem Árni og Páll geta um í Jarðabók sinni 1703 var staðsett en ljóst er að hún er löngu horfin af yfirborði.
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar
**Heimildir:** Jám III, 240

**GK-224:063** *Jónshús* bæjarstæði býli
1703 var Jónshús hjáleiga í byggð. Í byggð 1755 og fram um 1786 skv. Seltirningabók. Ekki er lengur vitað hvar Jónshús, sem Árni og Páll geta um í Jarðabók sinni 1703, voru staðsett. Hugsanlegt er að á síðari árum hafi byggst upp hjáleiga með nýju nafni í Jónshúsum og koma þá helst til greina býlin Litlibær 018, Nýlenda 038, Bollagarður 042, Bollagarðskot 043 eða jafnvel Knútsborgir (022 og 023) en öll eiga býlin það sameiginlegt að á þau er ekki minnst í Jarðabók Árna og Páls 1703 og koma fyrst til sögunnar nokkru síðar. Um þetta verður þó ekkert fullyrt en um Jónshús má þó fullyrða að allar leifar býlisins eru horfnar af yfirborði fyrir talsvert löngu, annað hvort undir byggingar eða aðrar framkvæmdir.
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar
**Heimildir:** JÁM III, 241; Seltirningabók, 135

**GK-224:064** *Þýskhús* bæjarstæði býli
1703 var Þýskhús hjáleiga í byggð samkvæmt Jarðabók Árna og Páls. "I byggð 1755 en síðast vitað um byggð þar árið 1771", segir í Seltirningabók. Ekki er vitað hvar Þýskhús var staðsett en engin merki sjást um býlið á yfirborði. Hugsanlegt er að á síðari árum hafi byggst upp hjáleiga með nýju nafni í Þýskhúsum og koma þá helst til greina býlin Litlibær 018, Nýlenda 038, Bollagarður 042, Bollagarðskot 043 eða jafnvel Knútsborgir (022 og 023). Öll eiga þessi býli það sameiginlegt að á þau er ekki minnst í Jarðabók Árna og Páls 1703 og koma fyrst til sögunnar nokkru síðar. Um þetta verður þó ekkert fullyrt en um Þýskhús má þó fullyrða að allar leifar býlisins eru horfnar af yfirborði fyrir talsvert löngu, annað hvort undir byggingar eða aðrar framkvæmdir.
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar
**Heimildir:** JÁM III, 242; Seltirningabók, 135

**GK-224:065** frásögn herminjar 64°09.438N 21°59.658V
Á hernámsárunum reistu hermenn bragga á þeim slóðum þar sem íbúðarhúsið við Bollagarða 26 er nú og höfðu þar rafstöð. Frá þessu húsi var svo rafmagni veitt til norðurs niður á ströndina og t.d. í ljóskastarahúsin tvö sem þar voru (sjá 99 og 100). Steinsteypt einbýlishús er nú á þessum stað.
Engin merki sjást um herminjarnar enda þær löngu horfnar inn í íbúðarhúsabyggð.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**GK-224:066** *Kot* bæjarstæði býli
Árið 1703 var Kot hjáleiga í byggð skv. Jarðabók Árna og Páls. Hugsanlegt er að á síðari árum hafi byggst upp hjáleiga með nýju nafni í Koti og koma þá helst til greina býlin Litlibær 018, Nýlenda 038, Bollagarður 042, Bollagarðskot 043 eða jafnvel Knútsborgir (022 og 023). Öll eiga þessi býli það sameiginlegt að á þau er ekki minnst í Jarðabók Árna og Páls 1703 og koma fyrst til sögunnar nokkru síðar. Um þetta verður þó ekkert fullyrt en um Kot má þó fullyrða að allar leifar býlisins eru horfnar af yfirborði fyrir talsvert löngu, annað hvort undir byggingar eða aðrar framkvæmdir.
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar
**Heimildir:** JÁM III, 242

**GK-224:067** *Bakrangur* bæjarstæði býli 64°09.469N 22°00.465V
Samkvæmt Jarðabók Árna og Páls frá 1703 var Bakrangur þá hjáleiga í byggð heima við bæ 001. Nákvæm staðsetning býlisins er nú týnd. Það hefur verið heima við bæ, líklegast á eða alveg við bæjarhólinn. Nafnið gefur til kynna að hjáleigan kunni að hafa verið að baki aðalbýlisins sem að líkindum er vestan hennar. Annað verður ekki sagt um staðsetningu býlisins út frá fyrirliggjandi heimildum. Nesstofa stendur á bæjarhólnum þar sem hann er hæstur og í kringum húsið er malarborið hlað. Bæjarhúsin voru áður austan við Nesstofu. Gömul rotþró er á hólnum ASA við húsið. Suðaustan í hólnum hafa verið kálgarðar. Sunnan undir honum voru lengi verið útihús á tveimur stöðum. Í ANA hlið hólsins er Lyfjafræðisafn byggt upp úr gömlu útihúsi. Kirkjugarður 002 er á austurenda hólsins. Engar leifar um Bakrang sjást nú og ekki kannast Kristinn Einarsson heimildamaður við að hafa nokkurn tíma heyrt talað um býli með þessu nafni. Ómögulegt er hins vegar að ákvaða hvort býlinu hafi verið rutt út snemma eða hvort að á síðari öldum hafi býlisleifarnar verið endurbyggðar og fengið ný hlutverk.
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar
**Heimildir:** JÁM III, 245

**GK-224:068** *Norðurbær* bæjarstæði býli 64°09.472N 22°00.433V
Samkvæmt Jarðabók Árna og Páls frá 1703 var Norðurbær þá hjáleiga í byggð heima við bæ 001. "Getið um hjáleigumann í Norðurbæ 1755," segir í Seltirningabók. Nákvæm staðsetning býlisins er nú týnd. Það hefur verið heima við bæ, líklegast á eða alveg við bæjarhólinn. Nafnið Norðurbær gæti gefið til kynna að upphaflega hafi verið tveir bæir heima í Nesi, þá hefur aðalbærinn staðið sunnar en hjáleigan Norðurbær væntanlega norðar. Hugsanlegt er því að Norðurbær hafi byggst fyrst af þeim þremur býlum sem getið er heima við bæ 1703 (067-069). Hann er líka sá eini sem virðist hafa haldist í byggð um nokkurt skeið, a.m.k. fram á seinni hluta 18. aldar. Nesstofa stendur á bæjarhólnum þar sem hann er hæstur og í kringum húsið er malarborið hlað. Bæjarhúsin voru áður austan við Nesstofu. Gömul rotþró er á hólnum ASA við húsið. Suðaustan í hólnum hafa verið kálgarðar. Sunnan undir honum voru lengi verið útihús á tveimur stöðum. Í ANA hlið hólsins er Lyfjafræðisafn byggt upp úr gömlu útihúsi. Kirkjugarður 002 er á austurenda hólsins. Engar leifar um Norðurbæ sjást nú og ekki kannast Kristinn Einarsson heimildamaður við að hafa nokkurn tíma heyrt talað um býli með þessu nafni. Ómögulegt er hins vegar að ákvaða hvort býlinu hafi verið rutt út snemma eða hvort að á síðari öldum hafi býlisleifarnar verið endurbyggðar og fengið ný hlutverk.
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar
**Heimildir:** JÁM III, 245; Seltirningabók, 134

**GK-224:069** *Jacobshús* bæjarstæði býli 64°09.466N 22°00.433V
Samkvæmt Jarðabók Árna og Páls frá 1703 var Jacobshús þá hjáleiga í byggð heima við bæ 001. Nákvæm staðsetning býlisins er nú týnd. Það hefur verið heima við bæ, líklegast á eða alveg við bæjarhólinn. Nesstofa stendur á bæjarhólnum þar sem hann er hæstur og í kringum húsið er malarborið hlað. Bæjarhúsin voru áður austan við Nesstofu. Gömul rotþró er á hólnum ASA við húsið. Suðaustan í hólnum hafa verið kálgarðar. Sunnan undir honum voru lengi verið útihús á tveimur stöðum. Í ANA hlið hólsins er Lyfjafræðisafn byggt upp úr gömlu útihúsi. Kirkjugarður 002 er á austurenda hólsins. Engar leifar um Jacobshús sjást nú og ekki kannast Kristinn Einarsson heimildamaður við að hafa nokkurn tíma heyrt talað um býli með þessu nafni. Ómögulegt er hins vegar að ákvaða hvort býlinu hafi verið rutt út snemma eða hvort að á síðari öldum hafi býlisleifarnar verið endurbyggðar og fengið ný hlutverk.
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar
**Heimildir:** JÁM III, 245

**GK-224:070** *Dugguhús* bæjarstæði bústaður
Samkvæmt Jarðabók Árna og Páls frá 1703 var Dugguhús þá tómthús frá Nesi. Ekki er lengur vitað hvar tómthúsið Dugguhús, sem Árni og Páll geta um í Jarðabók sinni 1703, var staðsett en ljóst er að hún er horfin af yfirborði. Hún hefur væntanlega staðið alveg við fjöru.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar
**Heimildir:** JÁM III, 245

**GK-224:071** frásögn uppsátur 64°09.458N 22°01.101V
Kristinn Einarsson, heimildamaður, sagði uppsátur fyrir kotbýlin vestast í Nestúni, sem og fyrir Gróttu og fleiri býli, hafi verið í Seltjörn, við Kotagranda. Kotagrandi er um 500 m vestan við Nesstofu 001.
Langt er síðan grandinn sem tengdi Gróttu og Suðurnes saman og gerði Seltjörn að tjörn rofnaði. Fjaran upp af Seltjörn er sendin en ofan hennar er nú sjóvarnargarður.
**Hættumat:** engin hætta

**GK-224:072** þúst 64°09.507N 22°00.630V
Sporöskjulaga þúst er um 20 m vestan við annað hringlaga gerði 136 í túni Ness. Þústin er um 30 m austur frá túngarði 006 en 60-70 m sunnan við garðsenda garðlags um Litlabæ (sjá 118) sem liggur frá túngarðinum. Hún er 160-170 m VNV við Nesstofu 001. Allt umhverfis er sléttað tún. Í túninu eru þó víða hæðir þar sem uppsafnaðar mannvistarleifar kunna að leynast undir sverði. Þústin er sporöskjulaga og er um 30 X 15 m stórt og snýr ASA-VNV. Hún er 0,4-0,5 m á hæð en ekki er greinileg dæld í miðju hennar og því er það í raun allt upphækkað frá túninu í kring. Fast vestan við hæðina gengur lágur hryggur í túninu, nálega norður-suður í um 15 m. Hugsanlegt er að undir sverði leynist mannvirki sem tengist hæðinni.
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**GK-224:073** öskuhaugur 64°09.465N 22°00.405V
Þegar grafinn var skurður til að leggja hitaveitulögn að Nesi árið 1979 komu menn niður á mannabein þar sem kirkjugarður Ness var en einnig öskuhaug. Guðmundur Ólafsson fór á staðinn og tók saman greinargerð. Af teikningu hans má ráða að öskuhaugurinn hefur sést í skurðinum 22-23 m austan við Nesstofu en 17-18 m SSV við suðvesturhorn húss lyfjafræðinga. Öskuhaugurinn hefur verið stutt sunnan við götuna Neströð. Þar sem öskuhaugurinn fannst undir sverði er grasflöt sunnan Nestraðar. Engin ummerki sjást um öskuhauginn á yfirborði.
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar
**Heimildir:** Bréf og uppdráttur Guðmundar Ólafssonar frá 1979

**GK-224:074** *Suðurnesjavarða* heimild um samgöngubót 64°09.207N 22°02.140V
Varða eða sundmerki var vestast á Suðurnesi frá því um 1780. Varðan var reist til að auðvelda siglingu um Valhjúkasund og var endurreist mörgum sinnum. Skilti er þar sem varðan stóð og samkvæmt henni var hún síðast endurreist 1930 í atvinnubótavinnu. Sú varða var mikil og áberandi en samkvæmt skiltinu eyðilagðist hún í slagviðri árið 1996. Samkvæmt Kristni Einarssyni heimildamanni skekktist varðan þó aðeins í veðrinu en var síðar rifin. Nú er steinadreif á óræktarbletti þar sem varðan stóð. Hún hefur verið 1400-1500 m VSV við Nesstofu, alveg við fjöruborðið.
Nú er malarborinn göngustígur og sjóvarnargarður milli þess sjávar og vörðustæðisins. Sléttaður golfvöllur er annars 5-10 m frá svæðinu á alla vegu.
**Hættumat:** hætta, vegna framkvæmda
**Heimildir:** Skilti við minjastaðinn og Guðrún Einarsdóttir 1979.

**GK-224:075** tóft rétt 64°09.144N 22°01.740V
"Um það bil á miðju Suðurnesi er merki, sem landmælingamenn danska herforingjaráðsins settu upp. Við það var svonefnd Rétt, fjárrétt, sem síðast var notuð 1930. Þar var haft í kvíum frá Hrólfsskála um 1880," segir í örnefnaskrá. Inn á örnefnaloftmynd frá 1978 er merkt rétt á Suðurnesi. Hún er ennþá greinileg, 35-40 m austan við golfskála gólfklúbbsins Ness en fast ofan (sunnan) við malbikað bílastæði við klúbbinn. Réttin er um 1180 m suðvestan við Nesstofu 001. Réttin er á óræktarbletti. Fast norðan við hana tekur við malbikað bílastæði og virðist það hafa skemmt norðurhluta tóftarinnar. Sunnan, austan og vestan við tóftina er hins vegar sléttaður golfvöllur.


*GK-224:075: Á myndinni sést réttinn og í miðju hennar steinsteypta merkið frá dönsku landmælingamönnunum*

Malarslóði liggur fram hjá réttinni austanverðri, frá bílastæðinu. Um 10 m sunnan við réttina er upphækkun úr torfi þar sem áður var grindarmastur.




Réttinni var lýst í Fornleifaskráningu frá 1980. Þar segir: "2.1 Rétt. Ferhyrnt gerði eða garður, um 22 x 27 m að innanmáli. Veggir um 2 m á breidd, hæð óveruleg en nær sumstaðar um 30 cm. Suður- og austurhlutarnir eru skýrastir. Á norðausturvegg sést móta fyrir inngangi." segir í Fornleifaskráningu á Seltjarnarnesi. Ljóst er að síðan fornleifaskránining var gerð hefur norðurhluti réttarinnar verið skemmdur en hún er nú aðeins 19 m að lengd. Réttin snýr nú nálega austur-vestur en hefur áður snúið norður-suður, þ.e. áður en hún var stytt til norðurs. Suðurveggur tóftarinnar er heill en norðurveggur alveg horfinn sem og norðurendar af austur- og vesturvegg. Í tóftinni miðri er steinsteypt mælingamerki frá dönsku kortagerðarmönnunum. Tóftin er á kafi í sinu. Veggir hennar eru frá 1,5-3 m á breidd en mest 0,3-0,4 m á hæð. Um 3 m sunnan við norðurenda vesturveggjar gengur afar óljós hryggur frá honum til austurs. Hrygginn má rekja á 7 m kafla áður en hann hverfur í óræktina. Eru þetta einu leifar þess hólfs sem árið 1980 var lýst svo: "Í norðvesturhorninu hefur verið afkimi ... stía eða kró, um 5 x 8 m á stærð. Dyr eða inngangur hefur verið á suðausturenda,"

**Hættumat:** hætta, vegna framkvæmda

**Heimildir:** Guðrún Einarsdóttir 1978, Ö-Seltjarnarnes GSM, 5; Fornleifaskráning á Seltjarnarnesi ÁÓG, 6

**GK-224:076** mannvirki herminjar 64°09.334N 21°59.732V



*GK-224:076: Tóft hernaðarmannvirkis á Valhúsahæð, horft til NNA*




Miklar leifar herminja er að finna víða á Valhúsahæð, bæði á suðaustanverðri og norðvestanverðri hæðinni. Leifar þess mannvirkis sem hér er lýst eru á norðvestanverðri hæðinni. Tóftin er um 30 m norðvestan við rúst GK-227:039 og um 20 m suðvestan við Vesturströnd 31. Tóftin er á grónum mel, vöxnum grasi og mosa, en gróðurlausar skellur eru inn á milli. Stórgrýti er á melnum í kringum tóftina.

Mannvirkið var skráð í fornleifaskráningu 1980 og er númer 34 í skráningunni. Í henni segir: " Skotbyrgi? Ferhyrnd rúst, um 3 x 2 m að innanmáli. Veggir eru 1-1,5 m á hæð og 1-1,5 m á þykkt. Klettur myndar einn vegg rústarinnar." Tóftin er hlaðin úr grjóti og torfi og er hlaðin upp að klöpp að norðan. Grjótið í hleðslunni er víða fremur smátt og engin steypa er á milli umfara. Hleðslan er gengin til en þó má greina 2-3 umför af grjóti. Tóftin er 5 x 5 m að stærð að utanmáli og um 1 m á hæð. Mögulega hafa verið dyr á norðausturhorni tóftarinnar því ym 0,4 m breitt bil virðist vera þar á milli grjóthleðslunnar og klettsins, en þó er það óljóst.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** Fornleifaskráning á Seltjarnarnesi ÁÓG, 14

**GK-224:077** mannvirki herminjar 64°09.344N 21°59.741V

Miklar leifar herminja er að finna víða á Valhúsahæð, bæði á suðaustanverðri og norðvestanverðri hæðinni.Leifar þess mannvirkis sem hér er lýst eru á norðvestanverðri hæðinni. Rústin er suðaustan í klöpp sem er fast sunnan við Vesturströnd 39.

Rústin er byggð utan í klöpp á grónum mel. Stórgrýti er í kring.
Mannvirkið var skráð í fornleifaskráningu 1980 og er númer 35 í skráningunni. Í henni segir: "Skotbyrgi? Rústin er mjög illa farin og veggir hrundir. Virðist hafa verið um 3 x 3 m á stærð og veggir um 1 m á breidd; klettur hefur gegnt hlutverki veggjar á NV-hlið. Enginn inngangur er sjáanlegur," segir í Fornleifaskráningu á Seltjarnarnesi.






*GK-224:078: Herminjar, horft til VSV*

Ferköntuð tóft, um 4 x 3,5 m að utanmáli og snýr austur-vestur. Norðurveggur er klöpp en hinir veggirnir eru hlaðnir úr grjóti og torfi. Grjóthleðslan er nokkuð tilgengin og því sem næst alveg yfirgróin. Tvö umför eru sýnileg, þó svo fleiri kunni að leynast undir gróðrinum og ekki er hægt að greina steypu milli umfara. Enginn inngangur er sjáanlegur.
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar
**Heimildir:** Fornleifaskráning á Seltjarnarnesi ÁÓG, 14

**GK-224:078** mannvirki herminjar 64°09.296N 21°59.766V




Miklar leifar herminja er að finna víða á Valhúsahæð, bæði á suðaustanverðri og norðvestanverðri hæðinni. Leifar þess mannvirkis sem hér er lýst eru á norðvestanverðri hæðinni. Tóftin er um 30 m norður af landamerkjastein 140. Norðaustan við tóftina eru lágar klappir. Tóftin er gróin grasi og mosa, en rof ofan í mold er í suðvesturendanum. Allt í kring er gróið og stórgrýtt.

Mannvirkið var skráð í fornleifaskráningu 1980 og er númer 36.1 í skráningunni. Í henni segir: "Stríðsminjar. Skotbyrgi? Ferhyrnd rúst, um 2 x 3 m að innanmáli. Veggir um 1 m á breidd og 30-40 cm á hæð. Dyr eða inngangur á SV vegg." Óvíst er hvort í tóftinni hafi verið 1 eða 2 hólf því hrun er í henni miðri. Ef um 1 hólf er ræða, þá er það í mesta lagi 4 x 1,5 m, en ef um 2 hólf er að ræða þá er stærð óljósari, kannski 1,5 x 1,5. Þykkt veggja er mest 2 m. Á nokkrum stöðum glittir í grjót í tóftinni en ekki er unnt að greina gerð eða frágang hleðslu því tóftin er víðast vel gróin. Alls er tóftin um 7 x 4 m að stærð að utanmáli og snýr NA-SV. Hæð veggja er mest 0,5 m.
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar
**Heimildir:** Fornleifaskráning á Seltjarnarnesi ÁÓG, 15

**GK-224:079** heimild um herminjar 64°09.295N 21°59.766V
Miklar leifar herminja er að finna víða á Valhúsahæð, bæði á suðaustanverðri og norðvestanverðri hæðinni. Mannvirki það sem rætt er um hér var áður á norðvestanverðri hæðinni en er nú horfið. Umhverfis er melur með þunnum jarðvegi og víðast gróinn, en þó með gróðurlausum blettum inn á milli. Á þeim slóðum sem líklegt er að tóftin hafi áður verið er rof ofan í beran mel.

Mannvirkið var skráð í fornleifaskráningu frá 1980 og er númer 36.2 í skráningunni. Í henni segir: "Skotbyrgi? Ferhyrnd rúst, á að giska 2 x 3 m á stærð. Hæð veggja óveruleg, en klettur sem hefur um 1,2 m á hæð. Rústin er mjög illa farin. Hún er um 4-5 m suðvestan við rúst nr. 36.1 [078]," Ekki sást til rústarinnar við vettvangsathugun. Mögulega er hún horfin vegna rofs.
**Hættumat:** stórhætta, vegna rofs
**Heimildir:** Fornleifaskráning á Seltjarnarnesi ÁÓG, 15

**GK-224:080** mannvirki herminjar 64°09.284N 21°59.755V





*GK-224:080: Herminjar, horft til norðurs*

Miklar leifar herminja er að finna víða á Valhúsahæð, bæði á suðaustanverðri og norðvestanverðri hæðinni. Leifar þess mannvirkis sem hér er lýst eru á norðvestanverðri hæðinni. Rúst þessi er fast Nesmegin vestan megin við Þvergarð 045 við landamerkjastein 140 sem markar suðausturbrún gryfjunnar.
Valhúsahæð melur lítt gróinn melur. Að vestanverðu eru á honum klapparholt.
Húsið er alveg niðurgrafið. Það er ferhyrnt og er að innanmáli um 2,5 m á kant. Grjót má greina í hliðum þess en annars er ekki greinilegt byggingarefni í því. Húsið er um 0,7 m á dýpt. Inni í því eru grjóthnullungar á víð á dreif og greinilegt er að talsvert af því grjóti sem hlaðið hefur verið upp í veggi hússins hefur hrunið inn. Inngangur hefur verið nálega í suðurhorni þess og hafa sjálfsagt verið þrep upp úr því. Landamerkjasteinninn 140 suðvestan hússins er á barmi þess og veitir nokkurt skjól. Mannvirkið var skráð í fornleifaskráningu frá 1980 og er númer 37.1 í skráningunni. Í henni segir: "Skotbyrgi? Ferningslaga rúst, um 3 x 3 m á stærð og grafinn niður um 1-1,2 m. Veggir hlaðnir úr grjóti og inngangur að suðvestanverðu."
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar
**Heimildir:** Fornleifaskráning á Seltjarnarnesi ÁÓG, 15

**GK-224:081** mannvirki herminjar 64°09.270N 22°02.096V
Ljóskastarahús frá síðari heimstyrjöldinni er á vesturströnd Seltjarnarness, í jaðri golfvallar, fast vestan við göngustíg um nesið. Húsið er byggt við fjöruna og stendur enn undir þaki. Það er 1,4 km VSV við Nesstofu 001. Á 6. áratugnum notaði Flugmálastjóri húsið til eftirlits.
Fast austan við húsið er malarborinn göngustígur en fast vestan við tekur við fjörukamburinn og stórgrýtt fjara. Greinilegt er að göngustígurinn hefur tekið mið af húsinu því hann tekur sveigju austur fyrir húsið á þessum stað. Húsið stendur á upphlaðinni hæð og liggja sjö tröppur upp hana, að húsinu. Hæðin sem húsið stendur á er 8,5 X 5 m stór en sjálft er húsið 6 X 3 m stórt og snýr suðaustur-norðvestur. Húsið er eins og áður sagði undir þaki og er lofthæð um 2,5 m. Inni í húsinu má sjá að því hefur verið skipt í tvennt með steinsteyptum vegg (norðaustur-suðurvestur). Vestara herbergið er með stórum glugga (um 1,4 m á hæð, hefst 0,8 m frá gólfi og nær langleiðina upp í loft) sem liggur eftir öllum vesturveggnum og um 1,7


*GK-224:081: Ljóskastarahús í Suðurnesi, horft til vesturs*


*Horft til austurs úr ljóskastarahúsi*

m inn á bæði norður- og suðurvegg). Í því er einnig rás í gólfi sem liggur skáhallt norður-suður. Hún er um 2,5 m löng en 0,2-0,3 m á breidd og 0,1 m á dýpt. Hún stendur án efa í samhengi við ljóskastarann sem húsið var byggt um.
**Hættumat:** engin hætta

**GK-224:082** gerði kálgarður 64°09.482N 21°59.619V



*GK-224:082: hluti af kálgarði sem enn sést milli tveggja göngustíga*

Garðlag er við norðurströnd Seltjarnarness, um 165 m ASA við Bollagarða 042. Garðhleðslan er á milli götunnar Norðurstrandar og sjávar. Á þessum slóðum er malbikaður gönguslóði um ströndina tvöfaldur á stuttum kafla. Garðlagið er á milli stíganna og sameinast þeir í einn um 10 m vestan við garðlagið. Það hlóð Haraldur Guðmundsson og var það skjólgarður fyrir rófugarð sem þarna var.
Garðhleðslan er á grasigróinni flöt á milli tveggja stíga. Fast vestan við garðlagið er bekkur fyrir gangandi vegfarendur.
Garðlagið er um 6 m langt en um 1 m á breidd. Það er hlaðið úr grjóti og 0,2 m á breidd. Hleðsluleifarnar eru óverulegar og hverfa í fljótt í svörð. Svæðinu hefur mikið verið umturnað og líklega hefur garðurinn horfið að miklu leyti í þeim framkvæmdum. Hann snýr VNV-ASA.
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**GK-224:083** garðlag varnargarður 64°09.524N 21°59.725V
Sjóvarnargarður sést víða við norðurströnd Seltjarnarnes. Hann sést m.a. í jaðri þess hóls sem ljóskastarastæði 100 stendur á um 50 m austan við norðausturhorn íbúðarhússins Bollagarðs. Talsverðir sjávargarðar hafa verið á Seltjarnarnesi og sjást leifar þeirra víða (sbr. 047, 050, 113 og 223:011, 225:012 og 228:008).



*GK-224:083:Varnargarður, horft til norðsvesturs*

Fyrir ljóskastarastæðið var grafin dæld í litla hæð við sjávarsíðuna. Þar sjást enn steinsteyptar undirstöður þess en settur hefur verið bekkur fyrir gangandi vegfarendur á þessum stað. Neðan við hæðina, við fjöruborð eru leifar sjávarvarnargarðs.
Hóllinn sem ljóskastarastæðið er á gengur fram í sjó. Í jaðri hans er garðurinn. Hann hefur verið endurhlaðinn að hluta. Að austan kemur hann undan ungum, stórgrýttum garði 15-20 m austan við ljóskastarastæðið. Hann er svo hægt að rekja á mörkum fjöru og hóls í um 55 m í boga, þar til hann hverfur undir Norðurströnd (eða í uppfyllingu) til móts við austurhlið varar Bollagarðs 044. Varnargarðurinn er alveg grjóthlaðinn og er víða 0,8-1 m á hæð en mest 1,8 m hár. Garðurinn er hlaðinn inn í bakkann þannig að aðeins sést önnur hlið hans, sú sem snýr að sjó.
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**GK-224:084** heimild um útihús 64°09.438N 22°00.457V
Inn á túnakort Ness frá 1916 er merkt útihús um 20 m sunnan við Nesstofu 001. Húsið hefur verið beint austan við útihús 128, fast austan heimreiðar 139 og fast neðan við rætur bæjarhólsins.
Í suðurhluta Nestúna í aflíðandi halla til suðurs. Engin merki sjást nú um byggingar á þessum slóðum en ekki er langt síðan síðustu ummerkjum um yngstu húsin var rutt út. Svæðið er nú hluti af sléttuðum túnum þó þar beri meira á órækt en annars staðar í túninu.
Samkvæmt túnakortinu má ætla að á þessum stað hafi 1916 staðið L-laga hús. Af túnakortinu að dæma hefur lengri vængur hússins snúið norður-suður en frá norðurenda hans hefur gengið annar armur til austurs. Engin ummerki sjást um þetta hús. Síðar hefur hins vegar verið byggt nýtt hús á þessum stað og sjást leifar þess enn. Síðasta húsið á þessum stað hefur snúið svipað og hið fyrsta, þ.e. aðal armur þess sneri norður-suður. Frá norðurenda þessa húss hefur hins vegar gengið armur til vesturs en ekki austurs eins og á eldra húsinu. Leifar þessa húss sjást sæmilega vel í sverði enda ekki langt síðan síðustu leifar þess voru rifnar. Svæðið þar sem má greina ummerki er um 24 X 14 m stórt.
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar
**Heimildir:** Túnakort 1916

**GK-224:085** gerði kálgarður 64°09.570N 22°00.920V

Leifar kálgarðs sjást enn fast vestan við túngarð sem var umhverfis Knútsborgir (224:106). Kálgarðurinn er um 400 m VNV við Nesstofu 001 en fast austan við malbikaðan göngustlóða sem liggur á þessum slóðum við sjó.
Kálgarðurinn er á grasi grónu svæði á sjávarbakkanum sem er í órækt.
Kálgarðurinn er um 45 X 38 m stór og nálega ferhyrndur. Hann er afar ógreinilegur nema að austan en aðra veggi má greina sem lága hryggi í óræktinni, aðallega vegna þess að þeir eru grónir hvönn meðan umhverfið er grasi gróið. Engar grjóthleðslur sjást á gerðinu og hvergi er á því op. Austurveggurinn, sem er greinilegastur er um 1,5 m á breidd en 0,4 m á hæð. Samkvæmt Kristni Einarssyni, heimildamanni, voru ræktaðar rófur á þessum stað þegar hann man fyrst.
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar




**GK-224:086** frásögn brunnur 64°09.482N 22°00.332V

Samkvæmt Kristni Einarssyni var brunnur um 100 m ANA við Nesstofu, nálægt gömlu heimreiðinni 056. Brunnurinn var í jaðri lóðar við raðhús við Nesbala. Þar er grasi gróin flöt nú. Brunnurinn tilheyrði samkvæmt Kristni Bygggarði og var grjóthlaðinn.
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**GK-224:087** heimild

Í Fornleifaskráningu frá 1980 var skráð húsatóft á Seltjarnarnesi, líklega í námunda við Valhúsahæð en engar leiðbeiningar um staðsetningu voru gefnar upp í texta og staðurinn var ekki merktur inn á minjakort. Það er því ógerlegt að staðsetja minjarnar nú og allt eins víst að þær tilheyri ekki Nesi (eins og þær eru skráðar nú) heldur Hrólfsskála, Mýrarhúsum eða Eiði. Í Fornleifaskrá frá 1980 segir: "43. Húsatóft. Rústir húss, um 8 x 15 m. Aðeins mótar fyrir útlínum veggja, sem hafa verið úr timbri, en engir milliveggir eru sjáanlegir,". Meira verður ekki um þennan minjastað sagt að svo stöddu.
**Heimildir:** Fornleifaskráning á Seltjarnarnesi ÁÓG, 18

**GK-224:088** heimild um hesthús 64°09.487N 22°00.407V

Rúmum 40 m NNA við Nesstofu 001 var áður útihús samkvæmt túnakorti frá 1916. Árið 1929 voru byggð vönduð útihús á svipuðum stað og eldra húsið en það var þó norðar (5-10 m). Síðar keyptu apótekarar húsið sem byggt var 1929 og hafa þeir síðan byggt við það til austurs. Engar leifar eldra húss sjást nú á þessum slóðum en samkvæmt Kristni Einarssyni var það hesthús, hlaða og skemma og brann nokkru áður en nýja húsið var byggt. Það hús sem merkt er inn á túnakort frá 1916 stóð norðan við elsta hluta þess hús sem nú tilheyrir apótekurum. Umhverfis eru sléttuð tún. Samkvæmt túnakorti hefur húsið snúið líkt og bygging apótekaranna gerir nú eftir að viðbygging var byggð, þ.e. nálega austur-vestur. Engin ummerki sjást nú um húsið enda hafa tún verið sléttuð á þessum slóðum.
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar
**Heimildir:** Túnakort 1916

**GK-224:089** heimild um útihús 64°09.521N 21°59.815V

Um 5 m ofan (sunnan) við gamla bæinn í Bollagarði 042 stóð útihús samkvæmt túnakorti frá 1916. Húsið stóð nálega þar sem syðri hluti íbúðarhússins í Bollagarði 042 stendur nú. Þar sem útihúsið stóð stendur nú steinsteypt íbúðarhús sem byggt var á 3. áratugi 20. aldar. Það er án kjallara. Ekki er greinileg nein uppsöfnun undir húsinu en vestan við húsið er nú botnlangi götunnar Bollagarða. Austan hússins er bakgarður þess, að sunnan beygir gatan meðfram húsinu áður en hún liggur til suðurs, en að norðan, tekur eins og áður sagði við gatan Norðurströnd. Kristinn Einarsson, heimildamaður, man ekki eftir að hafa heyrt talað um útihús á þessum stað.
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar
**Heimildir:** Túnakort 1916

**GK-224:090** heimild um útihús 64°09.518N 21°59.792V

Samkvæmt túnakorti frá 1916 var útihús með hlöðnum garði umhverfis 5-10 m ASA við gamla bæinn í Bollagörðum 042. Útihúsið hefur verið í bakgarði íbúðarhússins sem nú stendur í Bollagörðum. Húsið hefur verið austan íbúðarhússins í Bollagörðum, í bakgarði þess. Þar er grasivaxinn blettur. Engin ummerki sjást um húsið. Kristinn Einarsson heimildamaður segir að húsið og garðurinn hafi verið horfið fyrir sitt minni.
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar
**Heimildir:** Túnakort 1916

**GK-224:091** frásögn brunnur 64°09.525N 21°59.828V
Brunnur var um 25 m vestan við Bollagarða 042. Brunnurinn var við raðhúsíbúð nr. 63 við Bollagarða. Hann var í horni raðhússins og grindverks sem byggt er austan við það. Brunnurinn var um 25 m SSA við götuna Norðurströnd. Brunnurinn var nálægt austurjaðir íbúðarhúss, á mörkum þess og lóðar. Brunnurinn var hlaðinn, en var seinna rafvæddur. Hann var mjög góður og var notaður lengi. Þegar herinn var með umsvif á nesinu var skurður grafinn frá brunninum og að hernaðarmannvirkjum austar á nesinu (sjá 107).
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**GK-224:092** *Bollagarðakot* heimild um bústað 64°09.526N 21°59.851V
"Austan Lindarbrautar er Bollagarðamýri. Eftir skipti 1920 féll hún undir Bygggarð og nefndist þá Bygggarðsmýri. Bollagarðar standa austan hennar og Bollagarðakot, sem stóð vestar og nær sjó," segir í örnefnaskrá. Bollagarðskot stóð við heimabýlið. Þar voru lengi tvær þurrabúðir sem nefnd voru annars vegar Eiríkskot (sem hér er skráð) og hins vegar Þorsteinskot 043. Bæði voru þessi hús rifin fljótlega eftir aldamótin 1900 en grunnar þeirra sáust lengi og man Kristinn Einarsson, heimildamaður vel eftir þeim. Þeir voru nánast í hlaðinu á Bollagörðum um 20 m vestan við bæinn, í austurjaðri raðhúss 57-63 við Bollagarða. Í íbúðahúsabyggð. Grunnar kotanna tveggja hafa nú horfið vegna umróts við byggingu raðhúss við Bollagarða. Þeir eru á mörkum þess og baklóðar. Hnit fyrir Eiríkskot, þann bæ sem hér er skráður, var tekið undir húsvegg raðhúsins, en eins og áður segir voru aðeins um 5 m á milli grunnanna og ekki er lengur vitað fyrir víst hvor þeirra var hvað.

Afmarkaður garður 093 sem er merkur inn á túnakort Bollagarða frá 1916 virðist hafa tilheyrt kotinu. "Bollagarðskots er fyrst getið árið 1845 og næstu 20 árin bjuggu þar hjón með sjö börn ... ," segir í Seltirningabók. Þar segir ennfremur: "....síðast voru þar tvö hús, sem Jóhann Eiríksson kallar Þorsteinsbæ og Eiríksbæ eftir þeim sem byggðu þá. Þorsteinn Guðmundsson og Guðrún Bjarnadóttir bjuggu í Þorsteinsbæ, en Eiríkur Eiríksson og Sesselja Guðmundsdóttir í Eiríksbæ. Hann var rifin 1906 og timbrið selt."
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar
**Heimildir:** Ö-Seltjarnarnes GSM, 7; Túnakort 1916; Seltirningabók, 157

**GK-224:093** heimild um kálgarð 64°09.514N 21°59.815V
Kálgarður var m 10 m ofan (sunnan) við gamla bæinn í Bollagörðum 042 en innan við 5 m ofan (sunnan) við útihús 089 samkvæmt túnakorti frá 1916. Garðurinn hefur verið að hluta þar sem gatan Bollagarðar liggur nú en að hluta innan lóðar nr. 77 við Bollagarða. Malbikuð gata og steinsteypt plan framan við steinsteypt einbýlishús eru nú þar sem kálgarðurinn var áður. Engar leifar kálgarðsins sjást nú.
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar
**Heimildir:** Túnakort 1916

**GK-224:094** heimild um kálgarð 64°09.489N 21°59.664V
Kálgarður er merktur inn á túnakort Bollagarða 042 frá 1916. Samkvæmt túnakortinu var hann um 120 m ASA við bæ 042, alveg við sjó. Þar sem garðurinn var er nú sléttuð flöt milli Norðurstrandar og sjávar. Engin merki sjást nú um garðinn enda segir á túnakortinu að strax árið 1916 hafi verið búið að breyta garðinum í tún.
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar
**Heimildir:** Túnakort 1916

**GK-224:095** heimild um kálgarð 64°09.527N 21°59.871V
Samkvæmt túnakorti frá 1916 var kálgarður um 10 m VNV af Bollagörðum 042, á svipuðum slóðum og sjálfsagt tengdur Bollagarðakoti 043 og 092. Garðurinn var stór og skiptist í tvo hluta. Hann náði frá því svæði þar sem grasflöt byrjar nú, um 10 m VNV við núverandi íbúðarhús Bollagarða og hefur samtals náð um 50 m til VNV. Stærstur hluti garðsins var þar sem nú er raðhús nr. 57-63 við Bollagarða og að götunni Norðurströnd. Austari hluti garðsins var um 25 X 20 m og alveg lokaður en hin vestari um 28 X 44 m ef marka má túnakort.
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar
**Heimildir:** Túnakort 1916

**GK-224:096** heimild um leið 64°09.514N 21°59.820V
Á túnakorti frá 1916 má sjá að gata hefur legið heim að Bollagörðum 042 úr SSA. Hún hefur legið á svipuðum slóðum og malbikuð gata Bollagarða gerir nú en þó örlítið vestar. Gamla gatan hefur legið í vesturjaðri Bollagarða (malbikuð gata) en austurjaðri lóða vestanvert við Bollagarða, heim að gamla bænum 042. Engin ummerki sjást nú um eldri götu.
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar
**Heimildir:** Túnakort 1916

**GK-224:097** frásögn hjallur 64°09.553N 21°59.845V
Samkvæmt Kristni Einarssyni, fyrrverandi ábúandi í Bollagörðum, var mannvirki tengt sjósókn nálega þar sem

nú stendur bárujárnsklæddur kofi við sjávarsíðuna, um 50 m norðvestan við íbúðarhúsið í Bollagörðum 042. Á þessum stað er nú bárujárnsklæddur áhaldaskúr, 10-15 m norðan við götuna Norðurströnd.
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**GK-224:098** garðlag landamerki 64°09.556N 21°59.846V
Lítið garðlag nær frá sjó og í 10-15 m til suðurs um 55 m norðvestan við Bollagarða 042. Garðlagið er 10-15 m neðan (norðan) við götuna Norðurströnd, fast vestan við bárujárnskæddan skúr sem getið er í 097. Þetta garðlag er samkvæmt Kristni Einarssyni leifar af merkjagarði milli Bollagarðs og Ness. Samkvæmt túnakorti frá 1916 eru tún Bollagarðs og Bollagarðskots skráð saman og samkvæmt kortinu hafa býlin þá átt land sem náði nokkru lengra til vesturs en umræddur landamerkjagarður. Garðurinn var mun lengri og hefur sjálfsagt tengst VNV hlið kálgarðs 095 að ofan.

Garðurinn sést nú á um 12 m löngum kafla. Frá suðri sést garðurinn með vesturhlið skúrsins frá Bollagarðsvör 044 á um 6 m kafla. Á þessum kafla er garðurinn talsvert gróinn og hruninn en þó má vel sjá að uppistaða hans er grjót. Þar liggur sjávargarðurinn í Bygggarði að honum 041 en landamerkjagarðinn má áfram greina í 5-6 m til viðbótar til norðurs fram á sjávarbakkann. Þessi hluti garðsins er reyndar lítill og óverulegur og hann er hlaðinn úr smágerðu hleðslugrjóti. Suðurhluti garðsins er hins vegar hlaðinn úr stærra grjóti og er allt að 1 m á breidd en 0,2-0,3 m á hæð.
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**GK-224:099** mannvirki herminjar 64°09.556N 21°59.852V
Á stríðsárunum var herinn með talsverð umsvif á Seltjarnarnesi. Ljóskastarastæði voru við norðurströndina á a.m.k. tveimur stöðum. Annað þeirra var í nágrenni Bollagarðs 042. Það var fast VNV við merkjagarð 098 sem enn sér móta fyrir vestan við áhaldaskúr sem enn hangir uppi. Kastarastæðið var um 60 m norðvestan við íbúðarhúsið í Bollagörðum 042, alveg á sjávarbakkanum. Dæld er greinileg í grassvörðinn á þessum stað, um 5 m vestan við bárujárnskLædda skúrinn. Hún er um 4 m norðan við malbikaðan göngustíg sem liggur um nesið, alveg við sjó. Ekki sjást merki um steypta plötu þar sem ljóskastarastæðið var líkt og á því austara (sjá 100). Dældin er greinileg að sunnan en að austan liggur sjávargarðurinn frá henni (sjá 050). Dældin er 7-8 m í þvermál.
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar


*GK-224:099: Ljóskastarastæði skammt vestan við Bollagarðsvör*

**GK-224:100** mannvirki herminjar 64°09.520N 21°59.730V
Tvö ljóskastarastæði frá hernámsárunum voru í nágrenni Bollagarða 042 og voru 110-120 m á milli. Það stæði sem var ASA og hér er skráð var fast norðan við malbikaðan göngustíg (sem liggur samsíða Norðurströnd). Það er rúmum 50 m austan við norðausturhorn íbúðarhússins Bollagarðs.
Fyrir ljóskastarastæðið var grafin dæld í litla hæð við sjávarsíðuna. Þar sjást enn steinsteyptar undirstöður þess en settur hefur verið bekkur fyrir gangandi vegfarendur á þessum stað. Neðan við hæðina, við fjöruborð eru leifar sjávarvarnargarðs 159.
Steinsteypta platan er tæpir 2 m á breidd en 2,5 m á lengd. Hún snýr norður-suður. Hóllinn sem ljóskastarastæðið er á gengur fram í sjó.


*GK-224:100: Ljóskastarastæði skammt austan við Bollagarðsvör, undir bekknum má sjá í steinsteypta plötu.*

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**GK-224:101** *Nesvegur* heimild um leið 64°09.401N 21°59.719V
Gamli vegurinn um Seltjarnarnes var kallaður Nesvegur og er hann merktur inn á mörg af túnakortunum sem teiknuð voru á Seltjarnarnesi 1916. Austast á nesinu lá hann þar sem gatan Nesvegur gerir enn. Hann lá svo í framhaldi af núverandi Nesvegi þar sem göngustígur er nú, ofarlega í götunum Víkur-, Forna-, Látra, Barða- og Vesturströnd. Þegar komið er til VNV við Vesturströnd lá gatan þar sem nú er Hofgerði en svo áfram þar sem stígurinn liggur milli Lindarbrautar og Sævargarða, til norðvesturs Sefgarða og áfram í átt að Ráðagerði og Gróttu ofan (sunnan) við iðnaðarhverfi. Vestasti hluti vegarins lá einnig í Knútsborg og var þar nefndur Knútsborgavegur. Ummerki eldri götunnar hafa alveg horfið við ýmsar framkvæmdir í þéttbýlinu. Sunnan við götuna Sefgarð eru sléttuð tún frá Nesi. Nyrst í þeim lá Nesvegur og er sá götuslóði sem sýndur er á túnakortinu hluti af veginum. Ekki sést til fornleifar.
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar
**Heimildir:** Túnakort Seltjarnarnes frá 1916

**GK-224:102** heimild um útihús 64°09.717N 22°00.617V
Samkvæmt túnakorti Ráðagerðis frá 1916 var útihús um 105 m VNV við bæinn 033, fast neðan (NNV) við heimreiðina að bænum 105.
Þar sem húsið stóð er nú sléttað tún við gömlu heimreiðina að Ráðagerði. Engin ummerki sjást um húsið.
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar
**Heimildir:** Túnakort 1916

**GK-224:103** heimild um kálgarð 64°09.704N 22°00.576V
Samkvæmt túnakorti Ráðagerðis frá 1916 var kálgarður rúmlega 60 m VNV við bæ 033, fast neðan (NNV) við heimreið 105. Þar sem húsið stóð er nú sléttað tún við gömlu heimreiðina að Ráðagerði. Samkvæmt túnakortinu var garðurinn um 25 m á kant. Engin ummerki sjást um hann nú.
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar
**Heimildir:** Túnakort 1916

**GK-224:104** heimild um kálgarð 64°09.686N 22°00.580V
Samkvæmt túnakorti Ráðagerðis frá 1916 var kálgarður um 40 m VNV við bæ 033, fast ofan (SSV) við heimreið að bænum 105. Þar sem húsið stóð er nú sléttað tún við gömlu heimreiðina að Ráðagerði. Samkvæmt túnakorti var garðurinn um 20 X 40 m stór og snéri NNA-SSV. Engin ummerki hans sjást nú.
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar
**Heimildir:** Túnakort 1916

**GK-224:105** heimild um leið 64°09.713N 22°00.625V
Inn á túnakort Ráðagerðis frá 1916 er merkt heimreið að bænum 033 úr norðvestri. Heimreiðin lá úr norðvestri frá sjóvarnargarðinum 047. Heimreiðin beygði til suðurs í bæjarhlaðinu og lá svo til SSV að túnjaðri en þar tengdist hún Nesvegi 101. Heimreiðin hefur sjálfsagt legið á svipuðum slóðum og gamli malarvegurinn að Ráðagerði gerir enn. Ekki sjást ummerki eldri vegar en malarvegarins. Vegurinn hefur verið um 100 m langur frá sjóvarnargarði og að bæ 033. Þar lá hann eins og áður sagði um hlaðið og áfram til SSV og var sá kafli um 80 m langur.
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar
**Heimildir:** Túnakort 1916

**GK-224:106** garðlag túngarður 64°09.576N 22°00.873V
Garðlag lá frá túngarðinum um heimatún Ness 006 og umhverfis Knútsborgir (022 og 023). Af loftmynd má enn greina talsverðan hluta túngarðsins. Hann er fyrst merkjanlegur fast sunnan við vegarslóða sem liggur að sjó, meðfram kálgarði 085 og til suðurs, langleiðina að Bakkatjörn. Þar hefur garðurinn beygt með tjörninni og legið til austurs og aftur að aðaltúngarði Ness 006 en þessi kafli er óskýr en líklega hafa garðarnir tengst. Túngarðurinn liggur í jaðri grasi gróinna túna sem komin eru í órækt. Á jörðu niðri er garðurinn víðast mjög óskýr. Hann er greinilegastur frá vegarslóða og að kálgarði 085. Þar er garðurinn 1,5-2 m breiður og 0,3 m hár. Garðinn má greina sæmilega skýrt í jaðri kálgarðsins (samtals 40-50 m) en eftir að honum sleppir er erfitt að rekja hann á jörðu niðri. Á loftmynd má hins vegar samtals rekja garðinn á 160-170 m kafla, langleiðina að Bakkatjörn. Þar hefur verið op á honum að Bakkatjörn en skammt austar má greina að framhald garðsins hefur legið um 100 m til austurs að túngarði Ness. Garðurinn er gróinn og hvergi sjást grjóthleðslur
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**GK-224:107** *RN Fixed Defence Station* frásögn herminjar 64°09.459N 21°59.612V

Á hernámsárunum var kampur með 5 bröggum fast vestan við þar sem göturnar Vesturströnd og Norðurströnd mætast nú. Á þessum slóðum voru eftirlitsmannvirki þar sem fylgst var með skipaferðum og mögulegum tundurduflum úti á flóanum. Skurður var grafinn frá brunni við Bollagarð 091 og að kampnum. Þar sem kampurinn stóð er nú íbúðarhúsahverfi og malbikaðar götur. Engin merki sjást nú um braggana. Stöðinni er lýst í bókinni Vígdrekar og vopnagnýr. Þar segir: "Fyrsta varnarlína skipalægisins í Hvalfirði lá milli Gróttu og Akraness. Kapalskipið H.M.S. Lasso lagði þar kapla til segulmælingar í ágústmánuði 1940 og gáfu þeir viðvörun um skipaferðir. Upphaflega var lögnin í þremur hlutum sem sköruðust, en árið 1943 var skipt um kapla og ný lögn lögð í sex hlutum. Eftirlitsstöð er gaf viðvörun um skipaferðir yfir lögnina var valinn staður austan við bæinn Bollagarða á norðanverðu Seltjarnarnesi þar sem gatan Norðurströnd liggur til móts við Vesturströnd. Risu þar í fyrstu fjórir braggar yfir starfsemina sem á milli 15 og 20 sjóliðar og liðsforingjar önnuðust til stríðsloka. Tók stöðin til starfa 25. september.
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar
**Heimildir:** Vígdrekar og vopnagnýr, 40-41

**GK-224:108** *Sjávargata* heimild um leið 64°09.565N 22°00.019V
Sjávargata var leið sem lá úr Nesi 001 niður að Sjávargörðum 040. Leiðin lá inn í tún Ness um 10 m vestar en heimreiðin að Nesi 139. Sjávargatan var stundum nefnd Sjávargarðsstígur. Leiðin er nú horfin en lá frá sjó til suðurs á milli gatnanna Sævargarða og Lindarbrautar. Norðurhluti götunnar hefur því legið þar sem nú eru bakgarðar íbúðarhúsa við götuna. Engin merki sjást um götuna nú. Hún er merkt inn á örnefnaloftmynd frá 1978.
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar
**Heimildir:** Guðrún Einarsdóttir 1978.

**GK-224:109** heimild um útihús 64°09.584N 22°00.389V
Samkvæmt túnakorti Nýjabæjar frá 1916 var útihús um 5 m neðan (NNA) við bæinn 035. Engin merki sjást nú um útihúsið. Greinilegur hóll er á þessum stað, hugsanlega hefur honum að hluta verið hrúgað upp við framkvæmdir vegna iðnaðarhverfisins sem er neðan (NNA) við Nýjabæ en ekki er útilokað að í honum kunni að leynast mannvistarleifar. Hóllinn er allt að 2 m á hæð en um 25 X 30 m stór og snýr norður-suður. Að austan og norðan er malarplan og slóði fast við hólinn og er bratt af honum niður að þessum mannvirkjum. Hóllinn er afar aflíðandi til suðurs og sömuleiðis til fremur aflíðandi til vesturs. Vestar eru sléttuð tún. Ljóst er að framkvæmdir á síðustu áratugum hljóta að hafa haft áhrif á hólinn.
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar
**Heimildir:** Túnakort 1916

**GK-224:110** heimild um útihús 64°09.619N 22°00.256V
Samkvæmt túnakorti Nýjabæjar frá 1916 var einhvers konar bygging með garðlagi umhverfis um 120 m neðan (NNA) við Nýjabæ 035, alveg við sjó. Gata sem var á mörkum Nýjabæjar og Bygggarðs 226:017 lá að þessu húsi. Garðurinn sem var umhverfis húsið tók við fast vestan við vörina 036. Þar sem húsið og garðurinn voru eru nú gatan Norðurströnd og grasflöt milli hennar og göngustígs við sjávarsíðuna. Húsið var áður við fjöruborðið en nokkuð landfylling hefur verið sett niður á þessum slóðum. Engin ummerki sjást um mannvirkin. Samkvæmt túnakortinu afmarkaði garðurinn svæði sem var 40 X 25 m stórt og húsið var í vesturjaðri þess. Staðsetning gæti bent til að þarna hefði verið einhvers konar mannvirki tengt sjósókn.
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar
**Heimildir:** Túnakort 1916

**GK-224:111** heimild um útihús 64°09.597N 22°00.220V
Samkvæmt túnakorti Nýjabæjar frá 1916 var einhvers konar bygging, líklega tengd nýtingu sjávar, um 120 m NA við Nýjabæ 035, alveg við sjó. Húsið var um 5 m ASA við hús og garðlag 110. Húsið hefur verið nálægt norðurmörkum lóðar íbúðarhús sem stendur á horni Norðurstrandar og Sefgarðs, líklega nálægt lóðamörkum þessa húss og næsta húss austan við. Þar sem húsið stóð er nú sléttuð lóð og malbikuð gangstétt að götunni Norðurströnd. Engin ummerki sjást um húsið.
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar
**Heimildir:** Túnakort 1916

**GK-224:112** heimild um leið 64°09.569N 22°00.379V
Samkvæmt túnakorti Nýjabæjar frá 1916 var heimreið að Nýjabæ 035 sem lá frá Nesvegi 101. Heimreiðin hefur legið inn í Nýjabæjartún frá Nesvegi til suðurs að bænum og legið um hlað bæjarins austan hans, samtals 40-50 m löng. Í hlaðinu hefur gatan beygt í næstum 90° til ASA og legið í tæpa 50 m út úr túni. Þar sem heimreiðin lá eru nú sléttuð tún. Nánasta umhverfi Nýjabæjar er þó í meiri órækt en túnin umhverfis. Engin ummerki sjást um heimreiðina enda hefur svæðinu mikið verið raskað.
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** Túnakort 1916

**GK-224:113** heimild um varnargarð 64°09.602N 22°00.216V
Samkvæmt túnakorti Nýjabæjar frá 1916 var sjóvarnargarður "hleðsla við sjóbakkann" í fjöru um 5 m neðan (NNA) við útihús 111 og náði hann 60-70 m til ASA. Talsverðir sjávargarðar hafa verið á Seltjarnarnesi og sjást leifar þeirra víða (sbr. 041, 047, 050, 083 og 223:011, 225:012 og 228:008). Þar sem garðurinn lá er talsverð landfylling. Þar er sléttuð grasflöt milli Norðurstrandar og sjávar. Samkvæmt túnakorti var garðurinn grjóthlaðinn og lá í 60-70 m að túnjaðri Nýjabæjar. Hann er nú alveg horfinn.
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar
**Heimildir:** Túnakort 1916

**GK-224:114** heimild um útihús 64°09.553N 22°00.808V
Inn á túnakort Ness frá 1916 eru merktar hjáleigurnar Knútsborg syðri og nyrðri (023 og 022) og Litlibær 018. Samkvæmt kortinu hefur útihús frá Knútsborg nyrðri staðið innan við 10 m norðvestan við bæinn 022. Húsið var um 14 m sunnan við annað útihús sem líklega hefur tilheyrt Litlabæ (sjá 116). Húsið var neðan (vestan) við þau tún í Nesi sem nú eru slegin. Það var austan við sjávarbakkann en vestan við túngarð aðaltúna Ness. Þetta svæði var sléttað samkvæmt túnakorti frá 1916 en hefur nú hlaupið í þúfur og órækt. Á þessum slóðum hefur verið talsverð þyrping húsa enda voru þarna á litlu svæði bæir og útihús Litlabæjar 018, Knútsborgar nyrðri 022 og Knútsborgar syðri 023. Engin ummerki sjást um útihúsið í óræktinni.
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar
**Heimildir:** Túnakort 1916

**GK-224:115** heimild um leið 64°09.551N 22°00.788V
Inn á túnakort Ness frá 1916 eru merktar hjáleigurnar Knútsborg syðri og nyrðri (023 og 022) og Litlibær 018. Samkvæmt kortinu hefur heimreið legið að Knútsborgum nyrðri úr vestri. Heimreið bæjarins hefur skorið þvert á götu sem legið hefur frá heimreið Litlabæjar (117) og að Knútsborg syðri. Heimreiðin var neðan (vestan) við þau tún í Nesi sem nú eru slegin. Hún hefur legið frá sjávarbakkanum og upp (austur) hjáleigutúnin. Þetta svæði var sléttað samkvæmt túnakorti frá 1916 en hefur nú hlaupið í þúfur og órækt. Á þessum slóðum hefur verið talsverð þyrping húsa enda voru þarna á litlu svæði bæir og útihús Litlabæjar 018, Knútsborgar nyrðri 022 og Knútsborgar syðri 023. Engin ummerki götunnar sjást nú í óræktinni.
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar
**Heimildir:** Túnakort 1916

**GK-224:116** heimild um útihús 64°09.558N 22°00.797V
Inn á túnakort Ness frá 1916 eru merktar hjáleigurnar Knútsborg syðri og nyrðri (023 og 022) og Litlibær 018. Samkvæmt kortinu hefur túngarður girt af túnbleðil í kringum Litlabæ og sjást leifar hans ennþá (sjá 118). Útihús, sem annað hvort hefur verið frá Litlabæ eða Knútsborg nyrðri hefur verið innan við 5 m vestan við suðvesturhorn túngarðsins. Húsið var um 15 m norðan við útihús frá Knútsborg nyrðri 114. Húsið var neðan (vestan) við þau tún í Nesi sem nú eru slegin. Það var austan við sjávarbakkann en vestan við túngarðs aðaltúna Ness. Þetta svæði var sléttað samkvæmt túnakorti frá 1916 en hefur nú hlaupið í þúfur og órækt. Á þessum slóðum hefur verið talsverð þyrping húsa enda voru þarna á litlu svæði bæir og útihús Litlabæjar 018, Knútsborgar nyrðri 022 og Knútsborgar syðri 023. Engin ummerki sjást nú um húsið en með góðum vilja má sjá örlitla gróðurbreytingu á þessum slóðum. Þetta svæði er um 10 m í þvermál.
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar
**Heimildir:** Túnakort 1916

**GK-224:117** heimild um leið 64°09.576N 22°00.860V
Inn á túnakort Ness frá 1916 eru merktar hjáleigurnar Knútsborg syðri og nyrðri (023 og 022) og Litlibær 018. Samkvæmt kortinu lá heimreið að Litlabæ 018 frá sjávarsíðunni. Hluti götunnar hefur legið þar sem nú eru tún í órækt. Vestari hluti hennar hefur þó verið á svipuðum slóðum og malarslóði liggur nú að sjó. Gatan hefur samkvæmt túnakortinu verið 100-110 m löng og legið úr túnjaðri til austurs að bæ 018.
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar
**Heimildir:** Túnakort 1916

**GK-224:118** garðlag túngarður 64°09.532N 22°00.650V
Inn á túnakort Ness frá 1916 eru merktar hjáleigurnar Knútsborg syðri og nyrðri (023 og 022) og Litlibær 018. Samkvæmt kortinu hefur túngarður girt af túnbleðil í kringum Litlabæ og sjást leifar hans ennþá. Túngarðurinn liggur til vesturs frá túnjaðri þeirra túna í Nesi sem nú eru slegin. Vesturhlið túngarðs 006 markar þennan túnbleðil til austurs en hann nær svo til vesturs á svæði sem nú er hlaupið í þúfur og órækt. Á þessum slóðum hefur verið talsverð þyrping húsa enda voru þarna á litlu svæði bæir og útihús Litlabæjar 018, Knútsborgar

nyrðri 022 og Knútsborgar syðri 023. Bæði austan og norðan við túngarðinn eru slegin tún en annars er órækt innan garðsins og utan.

Garðurinn er sæmilega greinilegur á stærstum parti. Hann hefur afmarkað reit sem er um 120 X 40 m stór og snýr VNV-ASA. Garðurinn er víða aðeins 0,2-0,3 m hár og 0,6-0,9 m breiður. Engar grjóthleðslur sjást í honum. Norðvesturhlið hans er horfin á kafla og norðurhliðin er fremur óskýr.
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar
**Heimildir:** Túnakort 1916

**GK-224:119** heimild um útihús 64°09.530N 22°00.818V
Samkvæmt túnakorti Ness frá 1916 var útihús frá Knútsborg syðri 023 fast sunnan við suðvesturhorn bæjarins. Húsið hefur verið á bæjarhólnum nálega þar sem hann var hæstur. Knútsborg syðri var um 330 m VNV við Nesstofu 001 en um 40 m sunnan við nyrðri bæinn 022. Knútsborgir eru neðan við þau tún í Nesi sem nú eru slegin. Býlin voru austan við sjávarbakkann en vestan við túngarðs aðaltúna Ness (sjá 006 A). Þetta svæði var sléttað samkvæmt túnakorti frá 1916 en hefur nú hlaupið í þúfur og órækt. Á þessum slóðum hefur verið talsverð þyrping húsa enda voru þarna á litlu svæði bæir og útihús Litlabæjar 018, Knútsborgar nyrðri 022 og Knútsborgar syðri.

Engin ummerki sjást um húsið en það hefur verið á bæjarhólnum sem nú er í órækt. Af útliti að dæma má ætla að talsverðar mannvistarleifar reynist þar undir sverði. Hóllinn er um 50 X 35-40 m og snýr norðaustur-suðvestur. Hann er mest 1,5 m á hæð. Hliðar bæjarhólsins eru aflíðandi. Engin merki sjást um bæinn í Knútsborg.
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar
**Heimildir:** Túnakort 1916

**GK-224:120** heimild um útihús 64°09.527N 22°00.818V
Samkvæmt túnakorti Ness frá 1916 var útihús frá Knútsborg syðri 023 um 10 m neðan (suðvestan) við bæinn. Húsið hefur verið á bæjarhólnum nálega þar sem hann var hæstur. Knútsborg syðri var um 330 m VNV við Nesstofu 001 en um 40 m sunnan við nyrðri bæinn 022. Knútsborgir eru neðan við þau tún í Nesi sem nú eru slegin. Býlin voru austan við sjávarbakkann en vestan við túngarðs aðaltúna Ness (sjá 006 A). Þetta svæði var sléttað samkvæmt túnakorti frá 1916 en hefur nú hlaupið í þúfur og órækt. Á þessum slóðum hefur verið talsverð þyrping húsa enda voru þarna á litlu svæði bæir og útihús Litlabæjar 018, Knútsborgar nyrðri 022 og Knútsborgar syðri.

Engin ummerki sjást um húsið en það hefur verið á bæjarhólnum sem nú er í órækt. Af útliti að dæma má ætla að talsverðar mannvistarleifar reynist þar undir sverði. Hóllinn er um 50 X 35-40 m og snýr norðaustur-suðvestur. Hann er mest 1,5 m á hæð. Hliðar bæjarhólsins eru aflíðandi. Engin merki sjást um bæinn í Knútsborg.
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar
**Heimildir:** Túnakort 1916

**GK-224:121** heimild um kálgarð 64°09.526N 22°00.830V
Inn á túnakort Ness frá 1916 eru merktar hjáleigurnar Knútsborg syðri og nyrðri (023 og 022) og Litlibær 018. Samkvæmt kortinu var lítið gerði, líklega kálgarður, fast utan við (VSV) við útihús 119-120 við Knútsborg syðri. Gerðið hefur verið nálægt syðri enda bæjarhóls, líklega í aflíðandi halla hólsins til suðurs. Allt umhverfis eru tún í órækt, neðan (vestan) Nestúns sem enn er slegið. Engin ummerki sjást um kálgarðinn.
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar
**Heimildir:** Túnakort 1916

**GK-224:122** heimild um kálgarð 64°09.536N 22°00.825V
Inn á túnakort Ness frá 1916 eru merktar hjáleigurnar Knútsborg syðri og nyrðri (023 og 022) og Litlibær 018. Samkvæmt kortinu var lítið gerði, líklega kálgarður, um 20 m norðan við Knútsborg syðri 023, fast vestan við götu sem lá frá heimreið Litlabæjar 117 og að Knútsborg syðri 023. Gerðið hefur verið í vesturhlið bæjarhóls, líklega í aflíðandi halla hólsins til suðurs. Allt umhverfis eru tún í órækt, neðan (vestan) Nestúns sem enn er slegið. Óvenjumikill njólagróður er á því svæði sem garðurinn hefur verið. Engar leifar kálgarðsins sjást nú á yfirborði.
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar
**Heimildir:** Túnakort 1916

**GK-224:123** heimild um útihús 64°09.541N 22°00.817V
Inn á túnakort Ness frá 1916 eru merktar hjáleigurnar Knútsborg syðri og nyrðri (023 og 022) og Litlibær 018. Samkvæmt kortinu var útihús frá Knútsborg syðri um 35 m norðan við bæinn 023. Útihúsið var í norðvesturjaðri bæjarhóls. Allt umhverfis eru tún í órækt, neðan (vestan) Nestúns sem enn er slegið. Engin ummerki sjást um

húsið.
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar
**Heimildir:** Túnakort 1916

**GK-224:124** heimild um útihús 64°09.539N 22°00.805V
Inn á túnakort Ness frá 1916 eru merktar hjáleigurnar Knútsborg syðri og nyrðri (023 og 022) og Litlibær 018. Samkvæmt kortinu var útihús rúmum 20 m NNA við Knútsborg syðri 023, fast austan við götu 125 sem lá frá heimreið að Litlabæ 117 og að Knútsborg syðri. Húsið hefur verið um 35 m sunnan við túngarðshorn 118 Litlabæjar. Útihúsið var í norðvesturjaðri bæjarhóls. Allt umhverfis eru tún í órækt, neðan (vestan) Nestúns sem enn er slegið. Engin merki sjást um húsið en það hefur staðið nyrst á bæjarhólnum.
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar
**Heimildir:** Túnakort 1916

**GK-224:125** heimild um leið 64°09.561N 22°00.844V
Inn á túnakort Ness frá 1916 eru merktar hjáleigurnar Knútsborg syðri og nyrðri (023 og 022) og Litlibær 018. Samkvæmt kortinu lá útihús gata/heimreið að Knútsborg syðri 023 frá heimreið Litlabæjar 117. Gatan lá þvert á heimreið Knútsborgar nyrðri 115. Allt umhverfis eru tún í órækt, neðan (vestan) Nestúns sem enn er slegið. Ekkert sést til götunnar en samkvæmt túnakorti hefur hún legið nálega norður-suður og verið um 90 m löng.
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar
**Heimildir:** Túnakort 1916

**GK-224:126** heimild 64°09.437N 22°00.128V
Inn á túnakort Ness frá 1916 er reitur merktur Nýlenda. Hann er um 240 m austan við Nesstofu. Samkvæmt kortinu hefur þá verið einhvers konar garður á þessum stað, líklega á svipuðum stað og býlið Nýlenda 038 stóð áður. Samkvæmt túnakortinu mætti ætla að garðhleðslan hefði verið nálega þar sem nú er gatan Lindarbraut aðeins neðar (norðar) en til móts við íbúðarhúsið nr. 29 við götuna sem stendur á svipuðum slóðum og Nýlenda 038 stóð áður. Engin ummerki sjást um garðlag á þessum slóðum. Af túnakortinu að dæma hefur um 40 m löng garðhleðsla legið austur-vestur, líklega frá austurhlið túngarðs Ness (sjá 006). Öll ummerki eru löngu horfin inn í íbúðarhúsabyggð.
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar
**Heimildir:** Túnakort 1916

**GK-224:127** heimild um útihús 64°09.426N 22°00.500V
Inn á túnakort Ness frá 1916 er merkt útihús um 60 m SSV við Nesstofu 001. Húsið var fast neðan (sunnan) við útihús 128 og hefur aðeins verið gangvegur á milli. Húsið hefur verið innan við 5 m vestan við heimreiðina að Nesi 139. Í suðurhluta Nestúna í aflíðandi halla til suðurs. Engin merki sjást nú um byggingar á þessum slóðum ekki er langt síðan síðustu ummerkjum um yngstu útihúsin sem voru steinsteypt var rutt út. Svæðið er nú hluti af sléttuðum túnum þótt þar beri meira á órækt en annars staðar í túninu.
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar
**Heimildir:** Túnakort 1916

**GK-224:128** heimild um útihús 64°09.439N 22°00.494V
Inn á túnakort Ness frá 1916 er merkt útihús um 50 m SSV við Nesstofu 001. Á svipuðum slóðum voru síðar byggð steinsteypt, sambyggð útihús sem stóðu allt fram á allra síðustu ár og voru lengi notuð sem fjós. Í suðurhluta Nestúna í aflíðandi halla til suðurs. Engin merki sjást nú um byggingar á þessum slóðum ekki er langt síðan síðustu ummerkjum um yngstu húsin var rutt út. Svæðið er nú hluti af sléttuðum túnum þó þar beri meira á órækt en annars staðar í túninu.
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar
**Heimildir:** Túnakort 1916

**GK-224:129** heimild um útihús 64°09.449N 22°00.460V
Inn á túnakort Ness frá 1916 er merkt útihús tæpum 30 m SSV við Nesstofu 001. Samkvæmt túnakortinu hefur húsið nánast verið í heimreiðinni 139. Í suðurhluta Nestúna í aflíðandi halla til suðurs. Húsið hefur verið á svipuðum slóðum og gamla heimreiðin var en leifar hennar sjást enn.

Engin ummerki sjást um húsið. Í bókinni Lækningar og saga I, eftir Vilmund Jónsson er að finna blekteikningu af Nesstofu og nánasta umhverfi frá tíð Bjarna Pálssonar. Myndin var teiknuð af Aage Edwin Nielssen myndhöggvara árið 1967 en eftir fornum ljósmyndum. Samkvæmt henni hefur þá verið lítið hús á svipuðum stað og það hús sem hér er skráð. Samkvæmt teikningunni hefur það verið úr torfi og grjóti en með timburþili að sunnan.
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** Túnakort 1916 og Lækningar og saga I, 209 og II, 782

**GK-224:130** heimild um útihús 64°09.476N 22°00.470V
Inn á túnakort Ness frá 1916 er merkt útihús tæpum 20 m NNV við Nesstofu 001. Húsið hefur verið í austurhlið bæjarhóls 3-4 m sunnan við minnismerki um Bjarna Pálsson landlækni. Húsið var á bæjarhólnum. Hann er grasi gróinn en yfirborð hans er sléttað. Örlítil dokk er í hólnum þar sem ætla má að húsið hafi staðið.
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar
**Heimildir:** Túnakort 1916 og Seltirningasaga, 125

**GK-224:131** heimild um útihús 64°09.479N 22°00.454V
Inn á túnakort Ness frá 1916 er merkt útihús tæpum 30 m norðan við Nesstofu 001. Húsið hefur verið um 5 m norðan við stæðilegan ljóskastarastaur í sem er norðvestarlega í bæjarhólnum. Húsið var á bæjarhólnum. Hann er grasi gróinn en yfirborð hans er sléttað. Greinilega má sjá leifar síðasta hússins sem staðið hefur á þessum stað því að þar er dokk.

Dokkin er mun greinilegri en sú þar sem útihús 130 m stóð. Á þessum stað er ferhyrningslaga dæld, 5-6 X 3,5 m stór og snýr norður-suður. Hún er um 0,2 m djúp. Leifar síðasta hússins á þessum stað má greina í dokkinni þar sem hægt er að sjá steyptan kant á köflum í jaðri dokkarinnar. Engar leifar sjást um eldri byggingar.
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar
**Heimildir:** Túnakort 1916

**GK-224:132** heimild um útihús 64°09.462N 22°00.429V
Inn á túnakort Ness frá 1916 er merkt útihús um 10 m ASA við Nesstofu 001.
Húsið hefur verið austan við malarplan umhverfis Nesstofu, á grasi grónu svæði. Þegar það var skoðað í desember 2005 var svæðið talsvert umrótað sökum framkvæmda við Nesstofu.

Engin ummerki sjást nú um útihús á þessum slóðum. Rétt er að benda á að áður en Nesstofa var byggð voru bæjarhúsin aðeins austar, líklega á svipuðum slóðum og þau útihús sem hér eru skráð stóð (sjá annars 001). Í Seltirningabók er blekteikning af Nesstofu og nánasta umhverfi frá "tíð Bjarna Pálssonar", teiknuð 1967. Samkvæmt henni stóð þá gamli bærinn ennþá á svipuðum slóðum og þetta útihús var síðar reist.
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar
**Heimildir:** Túnakort 1916 og Seltirningabók, 125

**GK-224:133** heimild um útihús 64°09.458N 22°00.432V
Útihús er merkt inn á túnakort frá 1916 rúmum 10 m SSA við Nesstofu 001 en fast neðan (sunnan) við útihús 132. Húsið hefur verið austan við malarplan umhverfis Nesstofu, nálægt því þar sem bæjarhól fer að halla til suðurs. Örlítið hæð er á svipuðum slóðum og húsið hefur staðið.
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar
**Heimildir:** Túnakort 1916


*GK-224:133: dokkin þar sem útihúsið stóð er fyrir miðri mynd. Horft til NNV*

**GK-224:134** heimild um kálgarð
64°09.457N 22°00.449V
Rúmum 5 m neðan (SSA) við Nesstofu 001 var kálgarður samkvæmt túnakorti frá 1916. Hann hefur takmarkaðist af plani Nesstofu að norðan og heimreið 139 að vestan.
Kálgarðurinn hefur verið sunnan við malarplan umhverfis Nesstofu, á grasi grónu, aflíðandi svæði. Þegar það var skoðað í desember 2005 var svæðið talsvert umrótað sökum framkvæmda við Nesstofu. Engin ummerki um garðinn sjást.
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar
**Heimildir:** Túnakort 1916

**GK-224:135** frásögn mógrafir 64°09.325N 22°01.317V
Kristinn Einarsson, heimildamaður, man vel eftir mógröfum í Kofagranda enda var tekinn þar mór í hans minni. Mógrafirnar hafa verið um 1,4 km VSV við Nesstofu 001, alveg við sjó.
Nú hefur þessu svæði mikið verið breytt. Skammt frá er malbikað bílastæði og göngustígur. Ekki sjást merki um mógrafirnar.
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**GK-224:136** gerði 64°09.507N 22°00.572V

"Fast við suðausturhorn löngu tóftarinnar (nr. 9) [009] er ávöl bunga sem tengist löngu tóftinni. Ef tóft nr. 9 er í raun skálabygging gæti þessi bunga verið afhús við hana," segir í skýrslu FSÍ um fornleifarannsóknir í Nesi (1995). Um 20 m norðaustan við gerði 072 í túni við Nes er hringlaga gerði. Það er á milli 072 og annars gerðis 009 en þó nær því síðarnefnda. Gerðið er um 130 m norðvestan við Nesstofu 001. Það er um 100 m sunnan við túngarð 006 sem afmarkar gamla túnið til vesturs en 40 m frá túngarði um Litlabæ 118. Allt umhverfis er sléttað tún. Í túninu eru þó víða hæðir þar sem uppsafnaðar mannvistarleifar kunna að leynast undir sverði.

Gerðið er sigið og kannski í raun eðlilegra að tala um gerðisþúst. Hún er nálega hringlaga og greinileg dæld er í miðju hennar þótt veggir hennar séu óskýrir. Gerðið er um 18 m í þvermál en erfitt er að ákvarða mörk veggja. Hæð þess er 0,4-0,5 m. Í austurvegg gerðisins er dæld sem bendir til að skurður hafi verið tekinn í það á þessum stað. Fornleifastofnun Íslands tók skurð í þetta garðlag sumarið 1996. Í skýrslu um uppgröftinn segir: "Skurður NG var 5x1 m og snéri A-V. Skurðurinn náði þvert yfir austurhlið gerðisins þannig að austurendi skurðarins er á milli bunganna en vesturendinn innan í gerðinu. [...] Í honum kom fljótlega í ljós um 2 m breiður, 30 cm þykkur torfveggur með landnámsgjósku í torfi (9). Veggurinn er mjög útflattur, en hæsti punktur hans er þó á sama stað og þar sem yfirborðið rís hæst. Veggurinn er byggður beint ofan á óhreyfða lagið (20) en á milli, undir hleðslunni, sést landnámslgið á sínum stað á um 20 cm bili. Hleðslan er alveg hrunin en stakar torfur sjást greinilega í sniði og virðist veggurinn hafa hrunið meir inn í gerðið en útúr því. Engin yfirborðslög sáust í skurðinum en innan við vegginn er gróðurmoldin torfblönduð og þar voru fjórir hellusteinar á stangli (7) en lítil móöskulinsa er skammt utan við gerðið (8). Torfveggurinn er greinilega byggður mjög skömmu eftir að landnámsgjóskan féll og áður en jarðvegsþykknun hófst að marki í Nestúni. Móöskulinsan utan við gerðisvegginn er greinilega talsvert yngri en veggurinn og hæpið væri að túlka hana sem leifar yfirborðslags. Hinsvegar gæti hún verið vísbending um að skarn hafi verið borið á tún í Nesi. Torf og grjótdreifin innan við veggin virðist hinsvegar standa í samhengi við hann og er sambærileg við grjótdreif innan í gerðinu GK-224:007 sem grafið var í 1993."



*GK-224:136: Þústin sést óljóst á miðri mynd og er afmörkuð með rauðri línu*

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** Adolf Friðriksson og Orri Vésteinsson. 1995, 9 og Hildur Gestsdóttir og Orri Vésteinsson. 1996, 12-13

**GK-224:137** þúst 64°09.412N 22°00.546V

Um 30 m vestan við gömlu heimreiðina að Nesi 139 en um 120 m suðvestan við Nesstofu 001 er rústaleg hæð í túninu sem bendir til að uppsöfnuð mannvistarlög kunni að vera að finna undir sverði. Hæðin er 50-60 m VNV við þúst 012. Allt umhverfis er sléttað tún. Í túninu eru þó víða hæðir þar sem uppsafnaðar mannvistarleifar kunna að leynast. Þessum hluta túns hallar lítillega til suðurs.

Hæðin er 14-15 X 16-17 m stór og snýr austur-vestur. Hún rís nokkuð upp úr umhverfinu eða 0,5 m en ekki eru vegghleðslur greinilegar og er þústin fremur stallur eða hæð en eiginleg tóft.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**GK-224:138** þúst 64°09.436N 22°00.585V



*GK-224:138: Þústin, horft til austurs*

Um 15 m ofan (norðan) við þústir 013 og 014, á milli þeirra, og um 40 m austan við stærsta hringinn 008 í Nestúni er þúst. Hún er 25 m sunnan við gerði 007 en 110-120 m suðvestan við Nesstofu 001. Þústin er um 40 m vestan við þúst 137. Allt umhverfis er sléttað tún. Í túninu eru þó víða hæðir þar sem uppsafnaðar mannvistarleifar kunna að leynast undir sverði.
Þústin er nærri því hringlaga en 17 X 14 m stór. Hún snýr norður-suður. Á "suðurvegg" má á einum stað greina dæld og ekki er óhugsandi að þar hafi verið op. Þústin er annars afar óskýr og ekki er hægt að tala um "veggi" þótt örlítil dæld sé í miðju þústarinnar. Hæð mest 0,1-0,2 m.
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**GK-224:139** vegur traðir 64°09.431N 22°00.485V

Heimreið að Nesi er merkt inn á túnakort frá 1916. Hún hefur legið úr túnjaðri til NNA að Nesstofu 001. Merki heimreiðarinnar sjást ennþá enda var hún notuð langt fram eftir 20. öld. Hún liggur í aflíðandi halla til suðurs, um sléttuð tún.

Heimreiðin er um 6 m breið en að jafnaði 0,2 m há, upphlaðinn. Þegar sunnar dregur má greina dæld á milli ytri brúna. Samtals má greina heimreiðina á um 170 m kafla að túnjaðri. Þar hefur hún þó greinilega haldið áfram í sömu átt og má óljóst sjá móta fyrir henni í óræktinni neðan túna á um 130 m kafla til viðbótar.
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar
**Heimildir:** Túnakort 1916



*GK-224:139: traðirnar. Horft heim að Nesi*

**GK-224:140** áletrun landamerki 64°09.282N 21°59.751V

Landamerkjasteinn með áletrun norðvestarlega á Valhúsahæð. Hann er fast vestan við Þvergarð 045, um 80 m austan við Valhúsabraut en um 130 m SSV við norðurenda Þvergarðsins. Ekki er ljóst á hvaða merkjum steinninn er. Þvergarður hefur frá fornri tíð markað land milli Ness og bæjanna austarlega á nesinu og því lítil ástæða til að ætla að klappað hafi verið í steininn til að marka af land milli austur- og vesturness. Líklegra má e.t.v. telja að



*Nærmynd af áletruninni á steininum*



*GK224:140: Merkjasteinn, horft til norðurs*

steinninn hafi átt að marka land á milli norðan- og sunnanverðs ness. Þá hugsanlega merki Bakka og Ness eða upphaf markalínu milli Mýrarhúsa/Eiðis og Hrólfsskála. Ekkert er vitað um aldur áletrunarinnar.
Valhúsahæð er lítt gróinn melur. Að vestanverðu er hún stórgrýtt klapparholt. Steinninn er talsvert stærri en aðrir steinar á holtinu.
Landamerkjasteinninn er um 1,4 m hár, um 2 m á lengd en 1,5 m á breidd. Í norðurhlið hans er klappað "LANDAMERKI". Áletrunin er tæpir 35 cm á lengd en 2-3 cm á hæð. Steinninn var skráður í Fornleifaskráningu 1980 og var þar númer 37.2.
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar
**Heimildir:** Fornleifaskráning á Seltjarnarnesi ÁÓG, 12-14

**GK-224:141** frásögn legstaður 64°09.376N 22°00.423V
"Árið 1983 kom í ljós allmikil hrúga af beinum á 1-1,5 metra dýpi í norðvesturhorni lóðarinnar Nesbala 68 sem er rétt innan (norðan) við túngarðinn eins og hann hefur legið áður en byggt var á svæðinu. Ekki var um að ræða heilar beinagrindur og ekki víst hvort um var að ræða mannabein eða dýra. Fundurinn var ekki kannaður og voru beinin látin aftur þar sem þau höfðu komið í ljós."segir í skýrslu Orra Vésteinssonar frá 1995. Í neðanmálsgrein kemur fram að þessar upplýsingar hafði Orri frá Birgi Þórarinssyni, Skildinganesi 60. Beinin fundust, eins og fram kemur í lýsingu Orra, í norðvesturhorni lóðar 68 við Nesbala, við gamla túngarðinn 006. Þau hafa verið 155-160 m sunnan við Nesstofu 001. Samkvæmt Birgi Þórarinssyni taldi hann líklegast á sínum tíma að beinin væru mannabein en hann fékk aldrei staðfestingu á því. Á þessum stað er ræktuð baklóð í jaðri íbúðarhúsahverfis. Beinin fundust þegar Birgir Þórarinsson var að girða hjá sér á lóðamörkum. Þar tók hann skurð sem var um 1 m á kannt en 1,2-1,5 djúpur þar sem hann fann mikið af beinum. Beinin voru heilleg og óbrennd.
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar
**Heimildir:** Orri Vésteinsson. 1995: 4-5

**GK-224:142** heimild um hjall 64°08.970N 22°01.747V
Í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns frá 1703 segir: "Heimræði er árið um kring og lendíng í betra lagi. Gánga skip ábúandans eftir hentugleikum. Kóngsskip engin hafa hjer gengið fyr nje síðar það menn minnast, og skjaldan inntökuskip, en sjeu þau nokkur, þá tekur heimaábúandi undirgift af ... Skipa uppsátur [026]og hjallstæði við sjóinn brýtur sjáfargángur skaðlega," og er þar vísað til lendingar fram af Búðunum 025. Ekki er nákvæmlega vitað hvar hjallinn upp af uppsátrinu var en líklegast er að hjallstæðið sé löngu brotið í sjó. Umhverfi hefur mikið verið breytt á þessum slóðum, golfvöllur liggur að sjó en milli hans og sjávar er malarborinn göngustígur og stórgrýttur sjóvarnargarður. Hjallurinn hefur að líkindum horfið í sjó.
**Hættumat:** hætta, vegna rofs
**Heimildir:** JÁM III, 240

**GK-224:143** *Smiðshús* heimild um býli
1703 var Smiðshús hjáleiga í byggð skv. Jarðabók Árna og Páls. Ekkert er nú vitað um staðsetningu Smiðshúss. Rétt er þó að benda á að ekki er óhugsandi að hjáleigan hafi staðið í Gróttu þar sem örnefnið Smiðslaut er þekkt (sjá 225:013).
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar
**Heimildir:** JÁM III, 242.

**GK-224:144** *Grotta Point* heimild um herminjar 64°09.011N 22°01.772V
Syðst á Suðurnesi var miðunarstöð breska flotna sem nefnd var Grotta Point. Samkvæmt korti í bókinni Ísland í hers höndum var stöðin á svipuðum stað og Búðirnar 025. Á þessu svæði er nú slétt hæð innan golfvallarins, fast norðan við malarborinn göngustíg sem liggur við sjávarkambinn.

Í bókinni Vígdrekar og vopnagnýr er fjallað um stöðina. Þar segir: "Á Suðurnesi var hlustunar- og miðlunarstöð fyrir fjarskipti sem upphaflega var reist á Akureyri sumarið 1940... [...] Stöðin var flutt suður vorið 1941,.... [...] Á Suðurnesi fékk stöðin það mikilvæga hlutverk að hlusta eftir fjarskiptum þýsku flotastjórnarinnar við kafbáta sína."
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar
**Heimildir:** Ísland í hers höndum, 124-125 og Vígdrekar og Vopnagnýr, 41-43.

*GK-225 Grótta*

Hjáleiga frá Nesi. Fyrst getið 1547-1548 í Leigna, landskylda og skreiðargjaldsreikningr Kristjáns skrifara af konungsjörðum. Þar segir: "Item met Lambage v legekiör. landskyldt xv öre. ij lege vj förenger smör dt. her er ij foder en ij ar gamell nödt oc iiij lamb oc aff foder en 3 ar gamell nöd oc iiij lam oc ij landskyldt j ar gamlle quege for xl alner oc j thönde öll for xx allner oc fich Thume v öre ij formandskop for en sexereng ij Gröthen" DI XII 111-112.
Einnig er minnst á Gróttu í fógetareikningum árin 1548: DI XII 130, 1548-1549: DI XII 138, 1549-1550: DI XII 153, 1550: DI XII 184, 1552: DI XII 413, 421, 424 og var þá útræði þaðan.

Þótti með betri jörðum á Nesinu á 18. öld en spilltist af flóðum, sennilega Básendaflóðinu 1799 og var í eyði um skeið á fyrri hluta 19. aldar. Fyrir flóðið mun bærinn hafa staðið á breiðu nesi.
**1703:** "Tún hjáleigunnar brýtur til stórskaða sjávarágángur. Engjar eru öngvar." JÁM III, 244.




**1916:** Tún 1,5 teigar, allt slétt. Garðar 740m2. "Túnið alt er umgirt sjógarði er sjór fellur að í miklum flóðum, helst að n.a. a. og s. Klappir og grjót hlífir vestur hliðinni og s.v. Gengin er grandi til lands um fjöru ..." Túnakort 1916.

**GK-225:001** *Grótta* bæjarhóll býli 64°09.900N 22°01.285V



*GK-225:001: Útflattur og ógreinilegur bæjarhóll Gróttu er fyrir miðri mynd.*

"Rétt austur af vitanum eru rústir af bæ," segir í örnefnaskrá. "49 Bæjarstæði Gróttu er um 10 m austan við Gróttuvita og um 30 m norðvestan við íbúðarhúsið og má greina það allvel þótt túnið hafi verið sléttað. Tóftasvæðið er u.þ.b. 30 x 30 m á breidd," segir í Fornleifaskráningu á Seltjarnarnesi. Réttara væri að segja að gamla bæjarstæðið væri norðan við íbúðarhúsið en ekki norðvestan við líkt og segir í fornleifaskráningu ÁÓG. Inn á túnakort frá 1916 er merktur kálgarður, um 30 m norður af íbúðarhúsinu frá 1904 (002). Kálgarðurinn var ofan á hinu eldra bæjarstæði sem hér er skráð.
Bæjarhólinn er sléttaður og allt umhverfi hans er gróið háu grasi. Engin bygging er á hinum sléttaða bæjarhól en þó er þar að finna stórt loftnet. Loftnetið er áfast járnsúlu, um 8 sm í þvermál, sem er grafin ofan í bæjarhólinn, eflaust nokkuð djúpt. Jafnframt tengjast

vírar loftnetinu og hafa þeir verið grafnir í jörðu á bæjarstæðinu og liggja norðaustur úr því. Eftir að bæjarstæðið fluttist á þann stað sem núverandi íbúðarhús stendur á (í síðasta lagi árið 1904), var gerður kálgarður á bæjarhólnum. Kálgarðurinn er merktur inn á túnakort frá 1916.
Bæjarhóllinn hefur verið sléttaður og rís hann hæst um 0,5 m upp úr umhverfi sínu. Ekki er unnt að greina sérstakar tóftir eða hólf í bæjarhólnum en þó er hann mishæðóttur og ójafn, sem kann að hluta að stafa af því að kálgarður var settur niður á hólnum eftir að bæjarstæðið fluttist. Hugsanlega væri hægt að greina í hólnum skýrari útlínur ef hann væri sleginn, en hátt gras var í Gróttu þegar vettvangsvinna fór fram. Hinn sléttaði bæjarhóll virðist vera um 30 x 30 m í þvermál, en þó eru mörk hans nokkuð óljós.
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar
**Heimildir:** Fornleifaskráning á Seltjarnarnesi ÁÓG, 20; Ö-Seltjarnarnes AG, 4; túnakort 1916.

**GK-225:002** hús bústaður 64°09.879N 22°01.281V
Inn á túnakort frá 1916 er merkt íbúðarhús. Íbúðarhús þetta stendur enn og er um 20 sunnan við útflatta bæjarhólinn (001). Árið 1904 var byggt einlyft íbúðarhús fyrir vitavörðinn í Gróttu og um 1912 var byggð ein hæð ofan á húsið. Við hlið gamla íbúðarhússins stóð hlaða, en fræðasetur var hannað á grunni hennar, samkvæmt Jóni Pálssyni hjá Húsafriðunarnefnd ríkisins. Hlaðan sést ekki á túnakorti frá 1916 og hlýtur því að vera yngri. Timburhúsið stendur í sléttuðu og vel grónu túni. Íbúðarhúsið er uppgert og í góðu ástandi. Í nóvember 1994 var undirritaður kaupsamningur á milli ríkisins og Seltjarnarnesbæjar um kaup á eyjunni og í kjölfarið var farið að huga að uppbyggingu húsanna, sem verið höfðu í eyði frá árinu 1970, samkvæmt Jóni Pálssyni hjá Húsafriðunarnefnd ríkisins.



*GK-225:002: Íbúðarhúsið í Gróttu sést hér vinstra megin við vitann.*

Tvílyft, bárujárnsklætt timburhús sem stendur enn undir þaki og virðist vera í góðu ástandi.
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**GK-225:003** heimild um útihús 64°09.899N 22°01.313V
Inn á túnakort frá 1916 eru merkt tvö samliggjandi útihús, rúma 40 m NNV af íbúðarhúsi frá 1904 (002). Nú stendur Gróttuviti, tekinn í notkun 1947, á þeim stað er útihúsin stóðu áður. Nú stendur viti þar sem útihúsin voru áður. Vitinn er norðaustarlega á Gróttu, við fremur nýlegan, stórgrýttan sjávargarð. Af samanburði túnakorts við loftmynd má ráða að Grótta hafi áður fyrr skagað nokkrum metrum lengra til norðurs á þessum slóðum og að sjávargarðurinn hafi í seinni tíð verið hlaðinn innar í landi en áður var. Þetta er eflaust vegna mikils ágangs sjávar við Gróttu.
Ekkert sést til leifa af útihúsunum.
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar
**Heimildir:** Túnakort 1916

**GK-225:004** heimild um lendingu 64°09.816N 22°01.274V
1703: "Heimræði er árið um kring og lending brimsöm, og gánga þó skip ábúandans eftir hentugleikum," segir í jarðabók Árna og Páls. Vör, uppsátur (005), sjóbúð (006) sem enn stendur og fleiri mannvirki tengd útræði eru austan á eynni skammt innan við Gróttugranda, um 90 m SSV af íbúðarhúsi frá 1904 (002). Lendingin sem rætt er um í JÁM hefur að líkindum verið á Gróttu austanverðri, á þeim slóðum sem nú er að finna leifar af bryggju og dráttarbrautinni, fyrir sunnan sjóbúðina. Nokkrar líkur eru á að lendingin sem rætt er um í jarðabók Árna og Páls hafi verið skammt suðvestur af Gróttugranda. En hafa ber í huga að þótt þessi staður sé besti lendingarstaðurinn á eynni í dag, þá var Grótta breitt nes þegar jarðabókin var tekin saman og því er hugsanlegt að á þeim tíma hafi aðstæður til lendingar verið aðrar á þessum slóðum. Suðvestur af Gróttugranda eru í dag úr sér gengnar 20. aldar minjar í sendinni og grýttri fjörunni, leifar af bryggju og dráttarbraut, sem teygja sig um 7 m ofan af þurru landi og austur yfir ströndina en fara að stórum hluta í kaf á flóði, því á þessum slóðum er mikill munur á flóði og fjöru.

Við lendinguna í Gróttu eru leifar 20. aldar útgerðar. Mikið landbrot hefur átt sér stað í Gróttu frá því jarðabókin var tekin saman í upphafi 18. aldar, en þó er alls ekki ólíklegt að 18. aldar lendingin hafi verið á svipuðum slóðum og 20. aldar lendingin þótt ströndin hafi tekið miklum breytingum, sérstaklega eftir

Básendaflóðið 1799.
**Hættumat:** hætta, vegna rofs
**Heimildir:** JÁM III, 244

**GK-225:005** heimild um uppsátur 64°09.821N 22°01.285V
Vör (004), uppsátur, sjóbúð (006) sem enn stendur og fleiri mannvirki tengd útræði eru austan á eynni Gróttu skammt innan við Gróttugranda. Dráttarbraut og naust eru á austanverðri Gróttu, um 4 m suðvestan við sjóbúðina (006). Steypt undirstaða naustsins er í stórgrýti efst í fjörunni, fast sunnan við grasigróið þurrlendi. Leifar naustsins eru að hluta undir grjóti. Stólpar dráttarbrautarinnar ganga um 7 m suðaustur frá naustinu út í sendna fjöruna, en fara að stórum hluta í kaf á flóði.

"51.4 Dráttarbraut er um 7 m vestan við bryggjuna og nær niður að fjöruborði. 51.5 Naust ofan við dráttarbrautina hefur verið 3 x 7 m á stærð, en aðeins eru eftir af því nokkrir stólpar. Járnbrautarteinar hafa legið ofan á uppsátursbrautinni að naustinu og sennilega inn í það. Aftan við naustið stendur handknúið dráttarspil," segir í Fornleifaskráningu á Seltjarnarnesi Af lýsingunni að dæma eru mannvirki þessi ekki eldri en frá þessari öld en sennilegt er að róið hafi verið frá þessum stað a.m.k. síðan sjór flæddi inn í Seltjörnina (16. öld?) Einu sýnilegu minjarnar eru frá 20. öld og eru ekki fornleifar lögum samkvæmt. Leifar naustsins samanstanda af nokkrum brotum af steyptri undirstöðu og viðarstoðir sem ganga austur frá henni út í sjó, eru það eina sem eftir er af dráttarbrautinni. Norðan við naustið eru ryðgaðar leifar dráttarspils, sem stendur uppi á þurru landi.
**Hættumat:** hætta, vegna rofs
**Heimildir:** ÁÓG 13.8.1980; Fornleifaskráning á Seltjarnarnesi ÁÓG, 20

**GK-225:006** hús sjóbúð 64°09.827N 22°01.275V



*GK-225:006: Sjóbúð Alberts Þorvarðssonar, horft til norðvesturs.*

Vör (004), uppsátur (005), sjóbúð sem enn stendur og fleiri mannvirki tengd útræði eru austan á eynni skammt innan við Gróttugranda. Sjóbúðin er eina byggingin við austanverða fjöruna og er skammt suðvestan Gróttugranda. Sjóbúðin er svart timburhús á austanverðri Gróttu, um 120 m suður af vitanum. Sjóbúðin stendur fast við fjöruna í austanverðri Gróttu, við gamla úr sér gengna bryggju. Allt í kringum sjóbúðina, að fjörunni undanskilinni, er grasi gróið.

" 51.1. Sjóbúð Alberts Þorvarðarsonar. Rótarýklúbbur Seltjarnarness á húsið og hefur látið gera það upp," segir í Fornleifaskráningu á Seltjarnarnesi. Sjóbúðin er að líkindum reist eftir 1931, en þá tók Albert Þorvarðsson við vitavörslu í Gróttu. Sjóbúðin er svart timburhús undir bárujárnsklæddu þaki og virðist vera í góðu ástandi. Húsið er ein hæð og ris og er um 12 x 5 m að grunnfleti.
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar
**Heimildir:** ÁÓG 13.8.1980; Fornleifaskráning á Seltjarnarnesi ÁÓG, 20; JÁM III, 244

**GK-225:007** heimild um hjall 64°09.827N 22°01.275V
"51.2. Hjallur úr timbri og með bárujárnsþaki. Búið er að rífa hjallinn," segir í Fornleifaskráningu á Seltjarnarnesi. Hjallurinn hefur að líkindum staðið við fjöruna í austanverðri Gróttu, hjá hinum útgerðarmannvirkjunum í eyjunni. Kjörinn staður fyrir hjall því að á þessum slóðum, sem og á Gróttu allri, er mjög vindasamt. Hjallurinn er alveg horfinn.
**Hættumat:** hætta, vegna niðurrifs
**Heimildir:** ÁÓG 13.8.1980; Fornleifaskráning á Seltjarnarnesi ÁÓG, 20

**GK-225:008** heimild um stekk 64°09.812N 22°01.067V
"Grótta er 1703 talin með hjáleigum í Nesi. Þar gaf upplýsingar Albert Þorvaldsson vitavörður. Áður fyrr var þetta landfast, en nú er það hólmi, sem þarf að sæta sjávarföllum til að komast út í. Það eru ekki yfir 100 ár, síðan ósinn myndaðist fyrst. Á því, sem nú er mitt sund, var lambastekkur frá Nesi á Grandanum, sem nú er kallað. Þar heitir Hásker, og þar var fyrst skurður á milli. Var þá lagður planki þar á milli til að ganga eftir,"

segir í örnefnaskrá. Þar sem stekkurinn hefur áður verið er nú sund sem er þurrt þegar fjarar. Stekkurinn er löngu horfinn.
**Hættumat:** engin hætta
**Heimildir:** Ö-Seltjarnarnes AG, 4

**GK-225:009** heimild um samgöngubót 64°09.820N 22°01.382V
"Hinn 1. september 1897 var kveikt í fyrsta sinn á vita í Gróttu og stóð sá viti nokkru vestar en núverandi viti," segir í Seltirningabók. Gróf staðsetning vitans var fundin út frá túnakorti frá 1916 og passaði hún ágætlega við kennileiti um 150 m suðvestur af núverandi vita, þar sem grasið er gulara en annarsstaðar á kringlóttum fleti. Gamalt tún, nokkuð þýft, með háu vindbörðu grasi. Gróið er yfir þann stað sem vitinn stóð á áður og ekki mótar fyrir byggingarleifum á yfirborði, einu ummerkin eru litamunur á grasi. Fast suðvestan við fyrrum stæði gamla vitans er talsvert hrun, ættað úr sjávargarðinum, dreift yfir grasi gróið svæðið. Staðsetningin sem hér er skráð sem stæði gamla vitans er mjög sennileg, því þar er grasið mun gulara á litinn en umhverfis, á kringlóttum fleti sem er um 8x8 m þvermál. Litamunurinn milli hins kringlótta flatar og gróðursins umhverfis bendir sterklega til að þar séu leifar mannvirkis grunnt undir sverði. Í þýfðu grasinu er einnig vottur af fúnum viðarleifum, en óljóst er um uppruna þeirra.
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar
**Heimildir:** Túnakort 1916; Seltirningabók, 147

**GK-225:010** heimild um kálgarð 64°09.853N 22°01.219V
Inn á túnakort frá 1916 er merktur kálgarður um 60 m suðaustur af íbúðarhúsi frá 1904 (002). Samkvæmt túnakortinu mætti ætla að garðurinn hefði verið innan sjóvarnargarðs 012, og að horn á garðinum hefði verið notað sem suður- og austurveggur kálgarðs. Líklega hefur sjóvarnargarðurinn verið endurbyggður nokkuð oft frá 1916 en samkvæmt legu hans nú hefur garðurinn verið utan garðs. Þar sem garðurinn hefur verið er nú óræktarsvæði milli fjöru og sjóvarnargarðs. Engin merki sjást um garðinn.
**Hættumat:** hætta, vegna rofs
**Heimildir:** Túnakort 1916

**GK-225:011** heimild um leið 64°09.851N 22°01.224V
Inn á túnakort frá 1916 er merkt leið. Hún lá suðaustur frá útihúsi 003 rúmlega 40 m að timburhúsinu frá 1904 (002) og þaðan áfram suðaustur rúmlega 60 m út úr túni, fast vestan við kálgarð 010. Enn má greina leið í landslagi Gróttu á sama stað og leiðin er á túnakortinu, fyrst vegslóða sem liggur frá vita suðaustur að íbúðarhúsi, en svo gönguslóða sem liggur suðaustur frá íbúðarhúsi að Gróttugranda. Gróið, gamalt tún.

Vegslóðinn og gönguslóðinn sem sést til í dag hafa áður verið ein og sama leiðin, heimreið sem stefndi frá Grandanum milli Gróttu og Seltjarnarness að bæjarhúsunum og þaðan að útihúsum á norðanverðri eynni.
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar
**Heimildir:** Túnakort 1916

**GK-225:012** garðlag varnargarður 64°09.879N 22°01.221V
"Sjávargarður er umhverfis alla Gróttu. Hann er lægstur að austanverðu og er það sennilega elsti hluti hans. Frá norðri til suðvesturs er garðurinn mestur, þar er hann 1,2-1,5 m á hæð og um 3 m á breidd," segir í Fornleifaskráningu á Seltjarnarnesi. Sjávargarðurinn nær umhverfis mest alla Gróttu, en sýnist vera elstur norðan Grandans á austanverðri eyjunni. Sjávargarðurinn nær allt í kringum eyjuna, að undanskildum stuttum spotta við sjóbúðina og dráttarbrautina gömlu (004-006), og ver gróðurlendi hennar fyrir miklum ágangi sjávar.


*GK-225:012: Austurhluti sjávargarðsins kringum Gróttu.*

Sjávargarðurinn nær langleiðina í kringum Gróttu, en um 120 m langt bil er á honum fyrir sunnan Gróttugranda þar sem útgerðarmannvirki (004-006) eru við ströndina. Norðan af Gróttugranda, á austanverðri Gróttu er elsti hluti sjávargarðsins. Þar er hleðslan úr smærra grjóti en annars staðar og er nokkuð gróið yfir hana. Frá norðurhluta Gróttu, suðvestur meðfram eyjunni og allt að bilinu við útgerðarmannvirkin á suðausturhluta Gróttu, er garðurinn mestur. Þar er hann hlaðinn úr stórum björgum og er nýlegastur, hlaðinn á 20. öld. Ráða má af samanburði milli túnakorts frá 1916 og loftmyndar að Grótta hafi áður fyrr skagað nokkrum metrum lengra til

norðvesturs og að sjávargarðurinn hefur í seinni tíð verið hlaðinn innar í landi en áður var. Þetta er eflaust vegna mikils ágangs sjávar. Hlið sjávargarðsins sem snýr inn á við er hlaðin úr litlu til meðalstóru grjóti að austan og stóru grjóti að norðan og suðvestureftir, en ytri hluti garðsins allt í kringum eyjuna samanstendur úr stórum björgum sem stórvirkar vinnuvélar hafa hrúgað saman. Garðurinn er breiðastur á vesturhlutanum, allt að 4 m og er hæstur um 1,5 m. Alls er sjávargarðurinn um 470 m langur
**Hættumat:** hætta, vegna rofs
**Heimildir:** Túnakort 1916; Fornleifaskráning á Seltjarnarnesi ÁÓG, 20

**GK-225:013** *Smíðislaut* örnefni smiðja 64°09.890N 22°01.235V
"Laufhóll nefnist ávöl bunga austan á eynni (Gróttu)...Austan við hólinn er laut, nefnd Lautin. Ari Gíslason segir, að hún hafi verið nefnd Smíðislaut," segir í örnefnaskrá. Lautin er um 25 m austur af fræðasetrinu sem stendur austan við timburhúsið frá 1904. Gróin laut á austanverðri Gróttu sem er deiglend í botninn. Ekki sést til neinna fornleifa í eða við Smíðislaut.
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar
**Heimildir:** Ö-Seltjarnarnes GSM, 6; JÁM III, 242.

**GK-225:014** garðlag 64°09.880N 22°01.223V




*GK-225:014: Leifar garðlags fast við austanverðan sjávargarð Gróttu.*

Leifar garðlags eru fast við austanverðan sjávargarðinn (012), um 80 m SSA af Gróttuvita og 27 m ASA af fræðasetrinu (sem er fast austan við timburhúsið frá 1904). Leifar garðsins eru á gömlu grasivöxnu túni, en lenda undir stóreflis sjávargarði að suðaustan.

Garðlagið er hlaðið úr litlum til meðalstórum steinum, sem í dag eru mosavaxnir. Mikið er gróið yfir hleðsluna sem er einungis um 30 sm há, en þó má greina tvö umför. Þar sem hluti garðsins er undir hinum stórgrýtta sjávargarði, er lag hans og stærð óviss. Garðurinn nær rúmlega 1,5 m norðvestur undan sjávargarðinum og er rúmlega 3 m breiður norðaustur-suðvestur. Hugsanlega er um kálgarð að ræða, sem er þá eldri en túnakortið frá 1916 og dottinn úr notkun þegar það var teiknað. Jafnframt er það vísbending um nokkuð háan aldur að garðlagið er undir sjávargarðinum og þar af leiðandi eldra en hann.
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**GK-225:015** heimild um sjóbúð
1703: "Inntökuskip og verbúð ein er hjer enn nú ...," segir í Jarðabók Árna og Páls. Ekki er vitað hvar verbúðin var sem talað er um í jarðabók Árna og Páls. Ef lendingin á 18. öld var á svipuðum slóðum og 20. aldar lendingin, þá er ekki ólíklegt að 18. aldar verbúðin hafi verið á svipuðum slóðum og sjóbúð Alberts Þorvarðssonar (006). Ekkert sést til leifa verbúðar þeirrar í Gróttu sem talað er um í jarðabók Árna og Páls.

## *GK-226 Bygggarður*

Neskirkjueign. Sjálfstæð bújörð a.m.k. frá 14. öld. Fyrir 16. öld átti Neskirkja aðeins þriðjung í Bygggarði eins og heimalandinu. Útjörð Bygggarðs var óskipt með Nesi fram á þessa öld og hefur jörðin því byggst úr Neslandi.




**1397:** Neskirkja á: "Þridiunginn i Heimalanndi ... Eidzlandi. Backa oc Byggardi." (DI IV 108-109). Í hlutabók Kristjáns skrifara frá 1548 segir eftirfarandi: Jtem en lod paa en sexering bijgardhen (sbr. DI XII 130). Jörðin er einnig talin upp í Hlutabók Eggerts hirðsstjóra Hannessonar frá 1552-1553, en þar segir: "Jtem komer Byerne Raffensön tiill en vjeringh ij Biggaaren. Jtem sende iegh tiill en sexeringh ij Byggaren j tonde miell. Jtem sende iegh tiill en vjeringh ij Byggaren j tonde syre (sbr. DI XII 570, 581, 585).
**1703** voru 4 ónafngreindar hjáleigur með Bygggarði. Í Seltirningabók segir: "Örnefnið bendir til kornræktar en ekkert er nánar um það vitað. Jörðin komst öll í eigu Neskirkju og eftir að hún var lögð niður, lenti Bygggarður í eigu Dómkirkjunnar í Reykjavík.

Ábúð var á jörðinni um tíma eftir 1840 boðin upp og voru þá ábúendur þar fremur skamman tíma hver. Eftir að Nessöfnuður var stofnaður, fékk hann jörðina og loks keypti Seltjarnarneshreppur hana. Var landi hennar þá úthlutað undir iðnaðarsvæði." Seltirningabók, 152.

Jörðin fór illa út úr Básendaveðrinu 1799 og er talið að búskaparskilyrði hafi versnað eftir það.
**1703:** "Túnin brýtur sjávargángur skaðlega, so að ei er görðum nje heyjum óhætt. Engjar eru öngvar." JÁM III, 247. 1916: Tún 2,7 teigar heima, 0,2 teigar í Eining. Garðar 600 m2.

**GK-226:001** *Bygggarður* bæjarhóll býli 64°09.708N 22°00.409V
"Býlið Bygggarður, sem var austar og norðar [en fiskhús norðan við Ráðagerði], stendur nú á sjávarbakkanum,"



*GK-226:001: Bæjarstæði Bygggarðs við götuna Norðurströnd*

segir í örnefnaskrá. Búskap í Bygggarði var hætt um 1940 en búið í húsinu eftir það. Bygggarður stóð allt fram til ársins 1984 þegar leifar síðasta bæjarins voru brenndar og jafnað úr leifunum. Bæjarstæðið er nú á milli göngustígs sem er alveg við sjó og götunnar Norðurstrandar, nálega þar sem gatan Bygggarðar liggur til SSV frá Norðurströnd. Bærinn hefur verið um 450 m sunnan við Nes (224:001). Mun lengra var áður frá Bygggarði að sjó en talsvert landbrot hefur átt sér stað á þessum slóðum. Grasigróin flöt er á milli malbikaðrar götu og sjávar. Hún virðist sléttuð en eftir að síðasti bærinn í Bygggarði var brenndur var skilin eftir dældótt hæð þar sem hann stóð áður. Á þessum stað stóð síðast bárujárnsklætt timburhús á grjóthlöðnum grunni. Hæðin þar sem bærinn stóð er 25 X 20 m stór og mest um 0,4 m á hæð. Grjót er í henni á víð og dreif en engar heillegar leifar er að finna á yfirborði. Ekki er ólíklegt að einhverjar leifar leynist undir sverði.
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar
**Heimildir:** Ö-Seltjarnarnes GSM, 6; Túnakort 1916

**GK-226:002** heimild um útihús 64°09.704N 22°00.379V
Um 5 m austan við austurhorn bæjarins í Bygggarði var útihús samkvæmt túnakorti frá 1916. Aðeins hefur verið þröngur gangvegur á milli húsanna. Útihúsið hefur staðið alveg við núverandi göngustíg um Seltjarnarnes sem liggur samsíða Norðurströnd. Húsið hefur áður staðið fjær sjó en nú er raunin enda talsvert landbrot orðið á þessum slóðum. Sléttuð, grasi gróin flöt milli sjávar og götunnar Norðurstrandar. Guðmundur Halldórsson heimildamaður man eftir einhverjum kofum á svipuðum slóðum og þetta hús er merkt inn. Þá voru þarna timburkofar en ekki mundi Guðmundur eftir nákvæmu útliti þeirra eða hlutverki.
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar
**Heimildir:** Túnakort 1916

**GK-226:003** heimild um útihús 64°09.695N 22°00.394V
Samkvæmt túnakorti frá 1916 var útihús um 5 m sunnan við bæ 001. Aðeins virðist hafa verið gangvegur (um 5 m) frá norðurhorni þessa húss að suðurhorni bæjar 001. Húsið hefur verið nálega þar sem gatan Norðurströnd er nú. Húsið hefur áður staðið fjær sjó en nú er raunin enda talsvert landbrot orðið á þessum slóðum. Sléttuð, grasi gróin flöt við/í götunni Norðurströnd.

Guðmundur Halldórsson heimildamaður man eftir einhverjum kofum á svipuðum slóðum og þetta hús er merkt inn. Þá voru þarna timburkofar en ekki mundi Guðmundur eftir nákvæmu útliti þeirra eða hlutverki.
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar
**Heimildir:** Túnakort 1916

**GK-226:004** heimild um útihús 64°09.697N 22°00.364V
Samkvæmt túnakorti frá 1916 var útihús 10-12 m austan við bæ 001. Aðeins hafa verið um 5 m frá útihúsinu að gerði 014 sem náði frá sjávarmáli. Húsið hefur verið á við göngustíg sem liggur um Seltjarnarnes og er samsíða Norðurströnd á þessum slóðum. Húsið hefur áður staðið fjær sjó en nú er raunin enda talsvert landbrot orðið á þessum slóðum. Sléttuð, grasi gróin flöt milli sjávar og götunnar Norðurstrandar.
Guðmundur Halldórsson heimildamaður man eftir einhverjum kofum á svipuðum slóðum og þetta hús er merkt inn. Þá voru þarna timburkofar en ekki mundi Guðmundur eftir nákvæmu útliti þeirra eða hlutverki.
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar
**Heimildir:** Túnakort 1916

**GK-226:005** heimild um útihús 64°09.693N 22°00.359V
Samkvæmt túnakorti frá 1916 var útihús tæplega 30 m austan við bæ 001. Húsið hefur verið um 5 m ASA við annað útihús 004. Það hefur verið nálega þar sem malbikaður göngustígur liggur nú um Seltjarnarnesið samsíða götunni Norðurströnd. Húsið hefur áður staðið fjær sjó en nú er raunin enda talsvert landbrot orðið á þessum slóðum. Sléttuð, grasi gróin flöt milli sjávar og götunnar Norðurstrandar.
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar
**Heimildir:** Túnakort 1916

**GK-226:006** þúst útihús 64°09.725N 22°00.490V
Samkvæmt túnakorti frá 1916 var útihús um 60 m norðvestan við bæ 001. Húsið var um 25 m frá hákarlahjalli frá Hrólfsskála sem var fluttur yfir í Bygggarðsland og stendur enn. Þúst sést ennþá þar sem húsið stóð. Húsið er á svæði sem gjarnan er nefnt Bygggarðsvör. Þetta hús er hluti þeirra minja sem Margrét Hermanns-Auðardóttir rannsakaði 2004. Þetta hús er hér skráð sérstaklega en aðrar minjar á sjávarbakkanum eru skráðar sérstaklega (sjá 007) sem og vörin sjálf (sjá 008). Þústin er á sléttri, grasi gróinni flöt milli sjávar og Norðurstrandar. Malbikaður göngustígur liggur um nesið á þessum slóðum, fast ofan við tóftina.

Þústin er lítil eða um 6 x 4 m að stærð en vel er hugsanlegt að hún hafi áður náð lengra til suðurs þar sem malbikaður göngustígur liggur nú. Vel má sjá móta fyrir útlínum hússins en veggir eru ekki greinilegir á yfirborði. Hleðsluhæð er 0,4-0,5 m. Margrét Hermanns-Auðardóttir tók prufuskurð í tóftina 2004. Greinilega má enn sjá hvar skurður hefur verið tekinn. Hann er um 1 X 2,5 m langur. Margrét nefndi þennan stað B í úttekt sinni og skurður norður-suður í tóftina leiddi í ljós ytra og innra byrði í grjótvegg en fylling veggsins samanstóð af smærri steinum (sbr. M H-A, bls. 18-19). Niðurstöður Margrétar voru þær að veggurinn væri hluti af verbúð eða sjóhúsi. Hún telur að eftir að hætt var að nota bygginguna hafi menn fyllt upp í rústina smám saman með grjóti og nýtt hana sem fiskþurrkunarreit. Undir húsinu var lag með Kötlu~1500 í og því ljóst að húsið var byggt eftir að lagið féll. Í húsinu fannst talsvert af dýrabeinum. Flest beinanna voru fiskbein en einnig bein af sauðfé og fuglum. Einnig fundust skelja- og kræklingabrot. Aðrir fundir voru tvö sleggjubrot, græn glerbrot, brot af hvítu leirtaui með blágrænni kantrönd, tvö brot af fiskisleggju, smíðagjall, naglar ofl. Húsið hefur því líklega tengst sjósókn og í fyrsta lagi verið byggt á 16. öld, e.t.v. talsvert síðar. Af túnakorti að dæma má ætla að það hafi verið í notkun fram á fyrri hluta 20. aldar.



*GK-226:006: Þúst við Bygggarðssvör, horft til norðausturs*

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar
**Heimildir:** Túnakort 1916 og Margrét Hermanns Auðardóttir. 2005, 18-21

**GK-226:007** *Bygggarðsvör* þúst+garðlag verbúð 64°09.724N 22°00.474V
"[Bygggarðstangi] er tangi vestan Bygggarðsvarar," segir í örnefnaskrá. Í Jarðabók Árna og Páls frá 1703 segir að lending sé slæm frá Bygggarði en ekki er fullvíst hvort átt er við þann stað sem nefnist Bygggarðsvör þó það sé líklegt. Í Íslenskum sjávarháttum (bindi II) segir: "Verbúðir voru þá [á síðari hluta 19. aldar] þar [á Seltjarnarnesi] á fjórum útróðrarstöðum, en aðeins ein á hverju eftirtalinna býla: Bygggarði, ..." Samkvæmt Lúðvík Kristjánssyni var blönduð verstöð í Bygggarði. Bygggarðsvörin sést enn (sjá 008) og upp af henni má enn sjá nokkrar leifar um sjósókn sem hér eru skráðar saman (utan við tóft 006 sem er merkt inn á túnakort frá 1916). Á þessu svæði er fyrst að nefna ryðgaða járnstöng (D) neðan við sjávarbakkann, sem hugsanlega var hluti af brautarteinum sem áður lágu í fjörunni. Í sjávarkambinum sjálfum beint upp af lendingunni 006 er má sjá leifar af steinhlöðnum garði, e.t.v. sjóvarnargarði (A). Ofan við hann, eru greinilegar garðleifar (B) en fast austan við þær er steinsteyptur stöpull (C) þar sem járnspil stóð áður. Vestan við svæðið er hákarlahjallur úr timbri sem fluttur var á svæðið um miðja 20. öld frá Hrólfsskála.



*GK-226:007: Garður við Bygggarðsvör, horft til norðurs*

Slétt, grasi gróin flöt milli sjávar og Norðurstrandar. Malbikaður göngustígur liggur um nesið á þessum slóðum. Rof er í sjávarbakkann en neðan við hann er grýtt fjara og vör (sjá 008).
Á fundi umhverfisnefndar Seltjarnarness 12. júlí 2003 var ákveðið að setja á fót vinnuhóp um endurgerð bátavarar við Bygggarð. Ráðgert er að hlaða upp sjóvarnargarð, naust, leiðavörðu, sjóbúð, smiðju, stakkstæði, fiskbyrgi og smíða spil og koma fyrir. Auk þess er áætlað að setja upp fræðsluskilti á

svæðinu. Í Fornleifaskráningu á Seltjarnarnesi frá 1980 segir um staðinn: "22 Bygggarðsvör. Á grasbakkanum fyrir ofan vörina er handknúið dráttarspil. Nokkrir ryðgaðir brautarteinar eru efst í fjörunni, neðan bakkans, ..." Engin merki sjást um dráttarspilið sem notað var til að draga báta upp úr vörinni á grind á hjólum. Í þessari skráningu voru fornleifum gefnir bókstafirnir A-D og til að auðvelda samanburð verður þess gætt að gefa bæði upp þá bókstafi sem notaðir voru við skráningu veturinn 2005 og þá bókstafi sem Margrét Hermanns-Auðardóttir notað við uppgröft sinn á svæðinu. Auk þeirra minja sem hér er fjallað sérstaklega (hjá Margréti númerin G, C, D og E-F, en B er lýst í 006) um má geta að Margrét afmarkaði þrjú önnur svæði þar sem hugsanlegt er að mannvistarleifar reyndust (í skýrslu hennar merkt sem A, H, og J) og það fjórða (I) þar sem hún taldi leifar af bæjarstæði Bygggarðs. Af þessum svæðum var aðeins grafið í eitt (merkt A hjá Margréti) en ekki reyndust þar leifar mannvirkis eins og mátti ætla af yfirborði skv. Margréti. Það svæði sem hér er lýst er um 20 X 20 m stórt en þá eru hvorki vörin sjálf (008) né óljós tóft (sjá 006) talin með né heldur þó svæði þar sem Margét telur mögulegt að mannvistarleifar kunni að reynast undir sverði . Í raun mætti því segja að sé allt talið megi giska á að á þessum slóðum kunni að reynast minjar á svæði sem er mun lengra eða allt að 70 m á breidd. Hér verður minjum sem næst eru sjó fyrst lýst en því næst haldið til suðurs en einnig fylgir með lýsing Margrétar af helstu uppgraftarniðurstöðum.

"Við sjávarmál má greina járnstöng sem stendur út úr sjávarbakkanum (D- en hjá Margréti fékk hún bókstafinn G). Stöngin stendur lóðrétt upp úr jörðu og er í beinu framhaldi forna garðsins uppi á bakkanum (B hjá Margréti C). Ekki er ljóst hluti af hvaða mannvirki stöngin var en Margrét stingur upp á því að hann hafi verið annað hvort stöpull sem bátar voru bundnir við eða hluti af brautarteinum sem áður lágu í fjörunni. Upp af járnteinunum tekur við sjávarbakkinn en í honum mátti greina leifar grjóthlaðins garðs (A en fékk bókstafina E-F hjá Margréti). Margrét Hermanns-Auðardóttir hreinsaði upp sniðið og tók auk þess skurð (E1) á þessum slóðum. Niðurstöður hennar voru að umræddur garður væru leifar af afgirtum þurrkunarreit en áður hafði verið giskað á að garðurinn kynni að vera leifar af sjávarvarnargarði eins og finnst víða á Seltjarnarnesi (sbr. Tillögur verkefnishóps um uppbygginu á verstöð við Bygggarðsvör á Seltjarnarnesi). Samkvæmt Margréti er líklegt að elstu mannvistarleifar á þessum stað nái allt aftur á 16. öld. Í beinu framhaldi af járnstönginni í fjörunni til suðurs liggur siginn garður (B en hefur stafinn C hjá Margréti). Garðurinn sést langleiðina milli sjávar og göngustígs. Garðurinn er greinilegur um 14 m til suðurs frá sjávarbakkanum. Þar má sjá hvar skurður hefur verið tekinn í hann en garðinn má greina í um 2 m sunnan við skurðinn áður en hann verður óljós. Þetta svæði, að göngustíg, er það sem Margrét nefndi A í úttekt sinni. Garðurinn er alveg siginn og er 3-4 m á breidd en um 0,3 m á hæð. Engar grjóthleðslur sjást á yfirborði. Skurðurinn sem tekinn var í garðinn var 5 X 1 m stór. Í skurðinum reyndist ofarlega grjótdreif en neðar leifar af torfgarði. Neðsti hluti torfgarðsins var mest 1,85 m á breidd og segir Margrét hann vera byggðan upp líkt og skilagarðar/þrælagarðar frá fyrri öldum (bls. 25). Samkvæmt Margréti var garðurinn byggður fast ofan á landnámslagið og telur hún hann vera frá fyrri hluta 10. aldar. Margrét telur helst að garðurinn hafi verið "reistur utan um landskika þar sem bygg var ræktað” (bls. 25) og þaðan sé nafnið Bygggarður komið. Fast austan við garðinn (B) er steinsteytur sökkull C (merktur sem D hjá Margréti) með járnfestingum í. Hann stóð áður undir handknúnu dráttarspili sem nú er horfið." Hér á eftir er að finna helstu niðurstöður úr skýrslu Margrétar um prufuskurði við Bygggarðsvör 2004. Þar segir: "Niðurstöður rannsóknanna við Bygggarðsvör leiddu í ljós, að þar er að finna misgamlar minjar allt frá lokum landnámstímans. Minjar eftir 1500 sem m.a. tengjast sjósókn. Eftirtaldar mannvirkjaleifar var að finna ofan við fallna gjósku (gosösku) frá Kötlu~1500, og þær leifar eru því yngri en Kötlugjóskan, þ.e.:

- Fíngerð steinlögn ofarlega í suðurhluta könnunarskurðar A:1. - Hleðslusteinar í vesturhluta könnunarskurðar A:1, sem borist hafa þangað frá mannvirkjum sem liggja utan skurðar. - Hlaðinn grjótveggur frá verbúð eða sjóhúsi í könnunarskurði B:1.
- Steinalög innan við grjótvegginn í könnunarskurði B:1, en á þau steinalög var fiskur breiddur til þurrkunar.
- Steinadreif undir grassverði í könnunarskurði C:1.
- Hlaðinn grjótgarður frá afgirtum fiskþurrkunarreit eða stakkstæði í könnunarskurði E:1, sem einnig mátti greina í sjávarbakka.
- Steinalög innan við grjótgarðinn í skurði E:1, sem fiskur var breiddur á til þurrkunar.

Fíngerða steinlögnin í suðurhluta könnunarskurðar A:1 (10. og 13. mynd) gæti hugsanlega verið frá ofanverðri 16. eða 17. öld. Aftur á móti eru hleðslusteinarnir sem komu í ljós í austurhluta skurðar A:1 (10. og 15. mynd) frá mannvirkjum sem liggja utan skurðar, en þeir hleðslusteinar hafa færst til eftir að Kötlugjóskan frá því um 1500 féll við vörina. Elstu minjar sem tengjast sjósókn eru að því er séð verður frá því skömmu eftir 1500, enda viðbúið að slíkar minjar væri að finna við Bygggarðsvör. Þar af er elsta mannvirkið grjótveggur frá verbúð eða sjóhúsi í könnunarskurði B:1 (18. til og með 21. mynd), sem reist hefur verið á 16. öld. Viðarkolaleifar o.fl. sem var að finna við neðri mörk grjótveggjar inni í húsarústinni gætu bent til að hér sé um leifar frá verbúð að ræða, þar sem menn héldu til. Ekki er þó útilokað að rústin sé frá sjóhúsi þar sem gert var að fiski og veiðarfæri voru geymd (sbr. kafla 3.2). Steinalögin ásamt fiskbeinaleifum frá fiskverkun innan við grjótvegginn benda til þess, að eftir að verbúðin eða sjóhúsið var tekið úr notkun, hafi menn lagt lög af steinum stig af stigi innan við veggi í rústinni til að breiða fisk til þurrkunar. Rústin hefur því þjónað hlutverki fiskþurrkunarreits. Steinalögin í

könnunarskurði E:1 (31. til og með 34. mynd) benda einnig til að þau séu frá fiskþurrkunarreit, þar sem fiskur var verkaður og breiddur til þurrkunar (sbr. kafla 3.3). Það sem styður enn frekar við þá túlkun, er innra byrði grjótgarðs sem greina mátti í þeim skurði (33. og 34. mynd) en framhald á þeim garði má sjá í sjávarbakkanum rétt NA við skurð E:1 (9. og 38. mynd). Undir grjótgarðinum var að finna allþykkt öskusmitað mannvistarlag (sjá síðar) og því næst gjósku frá Kötlu~1500, og því hefur liðið allnokkur tími meðan öskusmitaða lagið var að myndast þar til garðurinn frá fiskþurrkunarreitnum var hlaðinn undir lok 16. aldar eða á 17. öld að ætla má. Umtalsvert magn fiskbeina frá fiskverkun milli steinalaga í könnunarskurði E:1 ýtir enn frekar undir það að hér sé um leifar frá fiskþurrkunarreit að ræða. Greiningar dýrabeinafræðinga á fiskbeinum frá rannsóknunum gætu eflaust leitt margt fróðlegt í ljós um fiskveiðar sem stundaðar voru frá Bygggarðsvör á liðnum öldum og fiskverkun reyndar einnig. Aftur á móti var um of takmarkað fjármagn að ræða við framkvæmd og úrvinnslu rannsóknanna til að ráðast í slíkar greiningar. Auk fjölda fiskbeina frá fiskverkun milli steinalaga innan við grjótvegg í skurði B:1 og innan við grjótgarðinn í skurði E:1fannst allnokkurt magn af bláskeljum og bláskeljabrotum frá kræklingi auk einstakra öðuskelja, sem eru til marks um það að menn hafi einnig unnið við beitingu á staðnum (sbr. kafla 3.2 og 3.4). Þessar leifar hafa verið að hlaðast upp allt fram á liðna öld, en Seltirningar stunduðu kræklingatekju í Hvalfirði sem var aðal kræklingsnáman fyrir útgerðina við Faxaflóa og á Suðurnesjum.12) Ljóst er að sjór hefur gengið á minjarnar næst vörinni sem ekki kemur á óvart sé litið til þess umfangsmikla landbrots sem átt hefur sér stað meðfram strandlengju Seltjarnarness á liðnum öldum, þar af ekki hvað síst í Bátsendaveðrinu árið 1799, að ógleymdum þeim fjölda sjómanna sem fórst í því hamfaraveðri. Þá gekk sjór yfir Seltjarnarnes á um 500 metra breiðu belti, sem braut m.a. niður eiðið sem lá milli Gróttu og Framnessins auk þess að raska jarðnæði Bygggarðs verulega (sbr. kafla 1).

Minjar tengdar ræktun frá því um og eftir 1500:

Undir mannvirkjaleifum í könnunarskurðum B:1 og E:1 fannst öskusmitað mannvistarlag án bláskelja, fiskbeina og annarra lausafunda. Ekki er ólíklegt að það öskusmitaða lag megi rekja til þess, að ösku hafi verið dreift á tún í Bygggarði eða það hafi myndast fyrir áhrif árvissrar sviðningar gróðurleifa á þeirri jörð. Í könnunarskurði E:1 lá öskusmitaða lagið rétt ofan við Kötlu~1500 (33. og 34. mynd), sem bendir til þess að lagið sé frá 16. öld. Í öskusmitaða laginu í skurði B:1 mátti aftur á móti greina fallna gjósku frá Kötlu~1500 (21. og 24. mynd) og lagið hefur því verið byrjað að myndast skömmu áður en sú gjóska féll við vörina.

Minjar frá því fyrir 1500:

Í austanverðu suðurlangsniði í skurði A:1 eru einstaka hleðslusteinar í hreyfðu moldarlagi nokkru undir Kötlu ~1500 (14. mynd). Þeir hleðslusteinar eru frá mannvirkjum utan skurðar, sem færst hafa til á 15. öld eða jafnvel fyrr. Torfgarður frá lokum landnámstímans:

Það sem kom einna mest á óvart við rannsóknirnar var torfgarður sem fyrst kom í ljós í könnunarskurði C:1 (26., 27. og 28. mynd). Miðað við stefnu garðsins í þeim skurði, lék grunur á að framhald á garðinum gæti verið að finna í sjávarbakkanum, og að könnuðu máli reyndist svo vera (39. og 40. mynd). Engin gjóskulög var að finna yfir torfgarðinum, en aftur á móti gjóskubút frá Kötlu~1500 vestan við garðinn í skurði C:1 og hugsanlega svonefnt Miðaldalag~1226 austan við garðinn einnig (28. mynd). Ljóst er að garðurinn hefur verið hærri en umhverfið framan af öldum, og því hefur fokjarðvegur og gjóskulög ekki hlaðist ofan á garðinn í sama mæli og til hliðar við hann. Í skurði C:1 lágu hleðslusteinar ofarlega í torfgarðinum (26. og 28. mynd), sem ætla má að hafi verið bætt við garðinn síðar. Í hleðslutorfi garðsins mátti aftur á móti víða greina svonefnt Landnámslag, sem er tvískipt gjóskulag, en Landnámslagið var einnig að finna óhreyft rétt undir garðinum í könnunarskurði C:1 og einnig undir garðinum í sjávarbakka. Landnámslagið er annars vegar upprunnið frá eldgosi í Vatnaöldum (í Veiðivötnum) og hins vegar frá eldgosi á Torfajökulsvæðinu, en út frá gjóskukornum úr báðum hlutum lagsins sem hafa greinst í íslögum í borkjörnum úr Grænlandsjökli sem talin eru vera frá 870-880, þá er Landnámslagið nú tímasett til um 870.13) Um þá tímasetningu er ekki deilt meðal jarðfræðinga, en þar sem torfgarðurinn lá rétt ofan við undirliggjandi óhreyft Landnámlag (27., 28.og 39. mynd), þá hefur ekki liðið langur tími frá því Landnámslagið féll á Framnes Seltjarnarness þar til garðurinn var hlaðinn. Þeir sem bjuggu á Framnesinu hafa því reist garðinn undir lok landnámstímans að ætla má (sbr. kafla 3.3 og 3.5), sem talið er að lokið hafi á fyrri hluta 10. aldar. Sé tekið mið af stefnu torfgarðsins til norðurs frá könnunarskurði C:1 yfir að sjávarbakka (10. og 40. mynd) þar sem landbrot hefur gengið á garðinn, þá hefur garðurinn að því er virðist náð til NNV út á Bygggarðstangann. Sá tangi hefur verið gróinn framan af öldum eftir að land byggðist fyrst (sbr. kafla 2). Stefna garðsins til SSV bendir einnig til þess, að framhald sé að finna á garðinum austan við könnunarskurð A:1 (sjá 10. mynd). Þessi torfgarður frá landnámstíma er bæði útflattur og breiður en ekki ýkja hár eins og hann birtist okkur í dag. Eins er með þær torfhleðslur sem komið hafa í ljós í hringlaga gerðum í túninu vestan við Nesstofu, en torfgarðurinn við Bygggarðsvörina er álíka gamall og elstu þekktu minjar í Nesi.14) Ekki er ólíklegt að torfgarðurinn sé leifar frá upphaflegum bygggarði, sem jörðin Bygggarður, Bygggarðsvör og Bygggarðstanginn hafa dregið nafn sitt af. Örnefnið bendir til að sá garður hafi verið reistur utan um landskika, þar sem bygg var ræktað. Ekki er þó útilokað að hér sé um skilagarð að ræða, en slíkir garðar eru þekktir frá fyrstu öldum byggðar, sem einnig voru hlaðnir úr torfi," segir í skýrslu Margrétar Hermanns-Auðardóttur um fornleifarannaókn við Bygggarðsvör.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar
**Heimildir:** ÁÓG 13.8.1980; Ö-Seltjarnarnes GSM, 6; Íslenskir sjávarhættir II, 41; Fornleifaskráning á Seltjarnarnesi ÁÓG, 12; Túnakort 1916; JÁM III, 247; Margrét Hermanns Auðardóttir, 2005 8, 34-37; Tillögur verkefnishóps um uppbyggingu..., 5

**GK-226:008** *Bygggarðsvör* heimild um lendingu 64°09.727N 22°00.423V
"[Bygggarðstangi] er tangi vestan Bygggarðsvarar," segir í örnefnaskrá. Í Jarðabók Árna og Páls frá 1703 segir að lending sé slæm frá Bygggarði en ekki er fullvíst hvort átt er við þann stað sem nefnist Bygggarðsvör þó það sé líklegt. Vörin hefur verið 50-60 m norðvestan við bæ.
Vörin er greinileg og fast vestan við hana eru berar klappir. Fjaran er stutt og grýtt en ofan við er gróinn sjávarbakkinn.
Enn má greina Bygggarðsvör beint fram af mannvirkjum á sjávarbakkanum (sjá 006 og 007). Vörin er enn greinileg þótt klappirnar vestanvert við sjálfa vörina hafi áður verið meira áberandi og grónar og var vörin betra bátalægi en hún er nú. Sílaklappir voru beint fram af Bygggarðsbænum 001 og voru þær líka grónar en talsvert hefur brotið af landi á þessum slóðum. Á fundi umhverfisnefndar Seltjarnarness 12. júlí 2003 var ákveðið að setja á fót vinnuhóp um endurgerð bátavarar við Bygggarð. Ráðgert er að hlaða upp sjóvarnargarð, naust, leiðavörðu, sjóbúð, smiðju, stakkstæði, fiskbyrgi og smíða spil og koma fyrir. Auk þess er áætlað að setja upp fræðsluskilti á svæðinu. Í Fornleifaskráningu á Seltjarnarnesi frá 1980 segir um staðinn: "22 Bygggarðsvör. Á grasbakkanum fyrir ofan vörina er handknúið dráttarspil. Nokkrir ryðgaðir brautarteinar eru efst í fjörunni, neðan bakkans, ..." Engin merki sjást um dráttarspilið sem notað var til að draga báta upp úr vörinni á grind á hjólum. Í þessari skráningu voru fornleifum gefnir bókstafirnir A-D og til að auðvelda samanburð verður þess gætt að gefa bæði upp þá bókstafi sem notaðir voru við skráningu veturinn 2005 og þá bókstafi sem Margrét Hermanns-Auðardóttir notað við uppgröft sinn á svæðinu. Í raun mætti því segja að sé allt talið megi giska á að á þessum slóðum kunni að reynast minjar á svæði sem er mun lengra eða allt að 70 m á breidd.



*GK-226:008: Bygggarðsvör, horft til norðurs*

**Hættumat:** hætta, vegna rofs
**Heimildir:** ÁÓG 13.8.1980;Ö-Seltjarnarnes GSM, 6, Fornleifaskráning á Seltjarnarnesi ÁÓG, 12; Túnakort 1916; JÁM III, 247; Margrét Hermanns Auðardóttir. 2005, 8, 34-37

**GK-226:009** bæjarstæði býli 64°09.710N 22°00.411V
Í Jarðabók Árna og Páls 1703 eru nefndar fjórar hjáleigur í byggð og var ein þeirra heima við bæ. Hér er skráð sú hjáleiga sem var heima við Bygggarð en ekki er annað vitað um staðsetningu þessarar hjáleigu en að hún var heima við bæinn, að líkindum hefur einungis verið örstutt á milli. Ekki er óhugsandi að útihús hafi síðar verið byggt upp á hjáleigunni og því mögulegt að hún hafi verið á sama stað og 002-005. Ekki er óhugsandi að bæjarstæði hjáleigunnar hafi brotnað í sjó en ef ekki er það horfið í gatna- og byggingaframkvæmdir í námunda við Bygggarð.
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar
**Heimildir:** JÁM III, 248-249

**GK-226:010** bæjarstæði býli
Í Jarðabók Árna og Páls 1703 eru nefndar fjórar hjáleigur í byggð og var ein þeirra heima við bæ (009). Þrjár af þeim hjáleigum sem Árni og Páll nefna í Bygggarðslandi voru fjarri bæ en ekkert er vitað um staðsetningu þeirra. Land Bygggarðs er reyndar ekki stórt og líklegast er að hjáleigurnar hafi verið nærri sjó en nákvæm staðsetning er nú týnd. Ljóst er að ummerki um býlið hafa horfið á seinni öldum.
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar
**Heimildir:** JÁM III, 248-249

**GK-226:011** bæjarstæði býli
Í Jarðabók Árna og Páls 1703 eru nefndar fjórar hjáleigur í byggð og var ein þeirra heima við bæ (sjá 009). Þrjár af þeim hjáleigum sem Árni og Páll nefna í Bygggarðslandi voru fjarri bæ en ekkert er vitað um staðsetningu þeirra. Land Bygggarðs er reyndar ekki stórt og líklegast er að hjáleigurnar hafi verið nærri sjó en nákvæm staðsetning er nú týnd. Ljóst er að ummerki um býlið hafa horfið á seinni öldum.
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar
**Heimildir:** JÁM III, 248-249

**GK-226:012** bæjarstæði býli
Í Jarðabók Árna og Páls 1703 eru nefndar fjórar hjáleigur í byggð og var ein þeirra heima við bæ (sjá 009). Þrjár af þeim hjáleigum sem Árni og Páll nefna í Bygggarðslandi voru fjarri bæ en ekkert er vitað um staðsetningu þeirra. Land Bygggarðs er reyndar ekki stórt og líklegast er að hjáleigurnar hafi verið nærri sjó en nákvæm staðsetning er nú týnd. Ljóst er að ummerki um býlið hafa horfið á seinni öldum.
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar
**Heimildir:** JÁM III, 248-249

**GK-226:013** heimild um kálgarð 64°09.693N 22°00.370V
Samkvæmt túnakorti frá 1916 var flennistór kálgarður um 5 m ASA við bæ 001. Bærinn sjálfur 001 og þau útihús sem sýnd eru á túnakortinu (002-005) voru staðsett í kringum kálgarðinn. Sléttuð, grasi gróin flöt milli sjávar og götunnar Norðurstrandar. Kristinn Einarsson heimildamaður, mundi eftir kálgarði á þessum slóðum og hann taldi hann helst hafa verið kartöflugarð. Gerðið var grjóthlaðið og samkvæmt túnakorti var það ferhyrnt og nálega 35 X 35 m stórt. Lágan hrygg má sjá á þessum stað NNA-SSV og gæti það verið leifar sléttað vesturveggjar gerðisins.
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar
**Heimildir:** Túnakort 1916

**GK-226:014** heimild 64°09.703N 22°00.367V
Samkvæmt túnakorti frá 1916 var einhvers konar gerði fram (norðaustan) af bænum Bygggarði 001 alveg við sjávarbakkann. Aðeins hefur verið gangvegur milli útihúss 004 og suðurhliðar gerðisins. Svo virðist sem hluti af því svæði þar sem gerðið var kunni að vera brotinn í sjó. Garðurinn var alveg á brún sjávarbakkans og jafnvel hugsanlegt að eitthvað hafi verið brotið af honum þegar um 1916. Kristin Einarsson, heimildamann, rámaði í gerðið sem hann taldi að hefði verið hlaðið úr grjóti. Samkvæmt túnakorti var gerðið fimmhyrnt og var það um 26 X 15 m stórt.
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**GK-226:015** heimild um útihús 64°09.737N 22°00.526V
Mannvirki er merkt inn á túnakort frá 1916 um 35 m VNV við þúst 006. Mannvirkið hefur verið alveg frammi á sjávarbakkanum, sunnan við hákarlahjallinn sem stendur á þessum slóðum nú. Sléttuð, grasi gróin flöt milli sjávar og götunnar Norðurstrandar. Kristinn Einarsson man eftir einhverri steinahrúgu á þessum stað. Samkvæmt túnakorti var mannvirkið aðeins tveir veggir (vestur og austurveggur) en það var opið til suðurs og jafnvel til norðurs líka. Engin ummerki hússins sjást nú en nokkrar ójöfnur eru í jarðveginum nálægt Hákarlahjallinum.
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**GK-226:016** heimild um uppsátur
1703: "Skipauppsátur og naustastæði [frá Gróttu] er á þeirri lóð sem Bygggarði fylgir," segir í Jarðabók Árna og Páls. Ekki er nú vitað hvar í landi Bygggarðs Grótta átti skipauppsátur. Líklegast má e.t.v. telja að uppsátrið hafi verið á svipuðum slóðum og vör Bygggarðs (sjá 007-008) vestan við bæ 001. Ekkert verður þó um þetta fullyrt enda staðsetningin nú týnd.
**Hættumat:** hætta, vegna rofs
**Heimildir:** JÁM III, 244

**GK-226:017** heimild um leið 64°09.616N 22°00.295V
Samkvæmt túnakorti frá 1916 var þá gata frá Nesvegi 224:101 til norðurs á sjó. Engin ummerki sjást um eldri götuna núna en hún hefur legið á svipuðum slóðum og malbikuð gata, Sefgarðar, liggur nú, en þó aðeins vestar, þar sem iðnaðarhverfi er, fast vestan götunnar.
Malbikuð gata, austan hennar eru íbúðarhús en iðnaðarhverfi vestan hennar.
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar
**Heimildir:** Túnakort 1916

## *GK-227 Mýrarhús*




Dýrleiki óviss 1703, konungseign. "Mýrarhúsa er fyrst getið í jarðabók frá árunum 1633-34," segir í Seltirningabók (bls. 157). Mýrarhús eru 1703 talin hálflenda; þau eru byggð úr stekk frá Eiði um 1600. Ö-Seltjarnarnes AG, 4.
Á 18. öld bjó Þórður Einarsson í Mýrarhúsum og var Þórður afkastamikill skipasmiður svo að höfundur Seltirningabókar ályktar að á seinni hluta 18. aldar hafi verið eins konar skipasmíðastöð í Mýrarhúsum (bls. 159.)
**1703:** "Túnin brýtur sjávargángur. Engjar eru öngvar. Útihagar næsta því öngvir." JÁM III, 250. 1916: Tún 1,67 teigar, allt sléttað nema grjót og malarblettir, engin garður.

**GK-227:001** *Mýrarhús (Gamlibærinn)* bæjarhóll bústaður
64°09.341N 21°59.285V
Steinsteypt íbúðarhús er nú þar sem gamli bærinn í Mýrarhúsum stóð áður. Í Seltirningabók segir: "Einar [Jónsson sem bjó í Mýrarhúsum 1805-1815] tók við jörðinni í niðurníðslu eins og áður sagði, en hann húsaði hana upp og ræktaði bæði tún og matjurtagarða. Þegar hann yfirgaf Mýrarhús 1815 ...hafði hann reist við bæjarhús göng og fjós...." Mýrarhúsum var skipt upp í tvo hluta 1903. Á þeim tíma var gamli bærinn orðinn mjög lélegur og var nýr bær byggður 1905 (sjá 007). Ekki er ljóst hvort gamli bærinn var rifinn um leið og sá nýi var byggður en ekki er það ólíklegt. Gamli bærinn í Mýrarhúsum var nálega þar sem íbúðarhúsið Látraströnd 3 er nú. Látraströnd 3 er steinsteypt einbýlishús með kjallara í íbúðarhúsahverfi. Engin merki gamla bæjarins sjást, ekki er greinilegur bæjarhóll og verður að teljast líklegt að þegar sé búið að umturna stórum hluta þeirra fornleifa sem kunna að hafa leynst undir sverði á þessum slóðum. Í Jarðabók Árna og Páls eru Mýrarhús sögð byggð upp á stekkjarstæði frá Eiði um 1600.
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar
**Heimildir:** Túnakort 1916, Jarðabók Árna og Páls, 249 og Seltirningabók 160

**GK-227:002** heimild um útihús 64°09.294N 21°59.341V
Samkvæmt túnakorti frá 1916 var útihús um 5 neðan (NNA) við yngri Mýrarhúsabæinn 007. Húsið hefur verið í norðausturjaðri húss númer 8 við Fornuströnd (eða milli húss nr. 8 og 10). Af loftmynd frá 1959 að dæma var enn hús (líklega endurbyggt) á svipuðum stað (sjá bls. 158 í Seltirningabók). Milli einbýlishúsa í íbúðarhverfi, nálægt lóðamörkum. Ekkert sést til fornleifa.
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar
**Heimildir:** Túnakort 1916 og Seltirningabók, 158

**GK-227:003** heimild um útihús 64°09.306N 21°59.253V
Um 80 m neðan (NNA) við yngri bæinn á Mýrarhúsum 007 var útihús samkvæmt túnakorti frá 1916. Húsið var nálega miðja vegu milli Mýrarhúsa 007 og sjávar. Húsið hefur verið í norðurjaðri húss nr. 4 við Fornuströnd. Milli einbýlishúsa í íbúðarhverfi, nálægt lóðamörkum. Ekkert sést til fornleifa.
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar
**Heimildir:** Túnakort 1916

**GK-227:004** *Pálsbær* hús býli 64°09.272N 21°59.229V

Pálsbær sennilega fyrst reistur á árunum 1852-58. Í Seltirningabók segir: "Upp úr miðri 19. öld var reist steinhús í Mýrarhúsum, sem nefnt var Pálsbær og um tíma Arnórsbær. Íbúar þar höfðu hluta af Mýrarhúsalandi, en því var ekki formlega skipt fyrr en á fyrsta áratug tuttugustu aldar." Túnakort var gert fyrir Pálsbæ 1916 en inn á það er merkt, auk Pálsbæjar, þrjú útihús (009, 010 og 011) og tvær leiðir (012 og 015). Samkvæmt túnakortinu voru tún Pálsbæjar 1,7 teigar en garðar 700 m2. Pálsbær stendur enn og því er íbúðarhúsið orðið 150 ára. Húsið er nú Víkurströnd 2. Það er steinhús á tveimur hæðum án kjallara. Víkurströnd liggur meðfram húsinu að norðan en beygir svo upp með því að austan.




Umhverfis íbúðarhúsið er baklóð og nær hún lengst til suðurs. Mikill uppfylling hefur átt sér stað í kring þannig að nú er svo komið að Pálsbær og lóðin umhverfis íbúðarhúsið eru í talsverðri dæld miðað við umhverfið.
Pálsbær stóð áður á dálítilli hæð en landfyllingin umhverfis húsið veldur því eins og áður sagði að það er nú í dæld miðað við umhverfið. Í Seltirningabók er Pálsbæ lýst: "Engin lýsing er til af því [húsinu] frá 19. öld, en árið 1905 var það mælt og talið 12 álnir á lengd en 10,5 alin á breidd. Hæð undir þakskegg vara 6,5 álnir. Húsið var byggt úr steini, sléttað að utan með sement, timburgafl í vesturenda, járnþak á borða súð, allt klætt innan. Á neðri hæð voru 3 herbergi og eldhús og á efri hæð 3 herbergi. við hlið steinhússins var timburhús, jafnbreitt en heldur lengra og var það notað sem fjós og hlaða."



*GK-227:004: Pálsbær, horft til NNV*

Fjósið og hlaðan voru síðar gerð upp og endurbyggð og eru nú hluti af íbúðarhúsinu.
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar
**Heimildir:** Túnakort 1916; Seltirningabók, 163 og 157

**GK-227:005** *Mýrarhúsaskóli* heimild 64°09.342N 21°59.284V
"Mýrarhúsaskóli tók til starfa 30. sept 1875 og fyrstu sjö starfsárin eða til vors 1882 var hann hýstur í litlu timburhúsi, sem Ólafur Guðmundsson lagði honum til. Hús þetta stóð á hlaðinu í Mýrarhúsum," segir í Seltirningabók. Húsið var síðar rifið og viðurinn seldur. Steinsteypt íbúðarhús er nú þar sem gamli bærinn í Mýrarhúsum 001 stóð áður. Mýrarhúsum var skipt upp í tvo hluta 1903. Á þeim tíma var gamli bærinn orðinn mjög lélegur og var nýr bær byggður 1905 (sjá 007). Gamli bærinn í Mýrarhúsum var nálega þar sem íbúðarhúsið Látraströnd 3 er nú og þar sem skólahúsið var í hlaðinu hefur það verið innan eða við lóðamörk sama húss.
Látraströnd 3 er steinsteypt einbýlishús með kjallara í íbúðarhúsahverfi. Engin merki gamla bæjarins sjást, ekki er greinilegur bæjarhóll og verður að teljast líklegt að þegar sé búið að umturna stórum hluta þeirra fornleifa sem kunna að hafa leynst undir sverði á þessum slóðum.
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar
**Heimildir:** Seltirningabók, 228

**GK-227:006** *Mýrarhúsaskóli* heimild 64°09.250N 21°59.413V
Nýtt hús var vígt fyrir Mýrarhúsaskóla 5. janúar 1883. Húsið var staðsett neðan við þáverandi Nesveg 224:101 þar sem nú er botnlangi götunnar Víkurstrandar um 200 m SSV við eldri skólabyggingu 005 en 190 m NNV við næsta skólahús sem reist var á eftir þessu árið 1906 (sjá 014). Lítið skilti með upplýsingum um skólabygginguna hefur verið sett upp á þessum stað. Til móts við staðinn, suðaustan botnlangans, er íbúðarhús nr. 13 við Víkurströnd. Nú er gróið íbúðarhverfi þar sem skólinn stóð áður. Malbikaður stígur liggur nú á svipuðum slóðum og Nesvegur var áður, ofan við gamla skólastæðið. Lítil grasflöt er þar sem skólinn var, milli efsta hússins norðan meginn götunnar og þess hús sem er beint ofan botnlangans.

Ekki er til nákvæm lýsing á húsinu um það leyti sem það var byggt og var það að líkindum ekki byggt eftir teikningu. Greinargóð lýsing er til af húsinu frá fáeinum árum áður að hætt var að nota það sem skólahús (sbr. Seltirningabók, 249): "Húsið [er] úr höggnum grásteini, þiljað, járnþak; lekur í stórrigningum. Uppi á lofti svefnherbergi kennarans m.m. Umhverfis er holt. Teiniofn. 6 tveggja, 1 þriggja og 4 fimm manna borð". Samkvæmt tiltækum upplýsingum var húsið "20 fet á lengd en 19,7 fet á breidd, en lofthæð var 8,8 fet. Að forstofu meðtalinni var rúmmál neðri hæðar hússins 3.222 rúmfet. Þegar Guðmundur [Finnbogason sem tók út skólahúsið] kom í skólann, voru nemendur 31 og töldust því vera 104 rúmfet á hvern þeirra. Um loftræstingu segir, að ein rúða sé á hjörum og hún sé opnuð þegar þurfi. Fataklefi er í bakdyraskúr og salerni voru 3, að sjálfsögðu útisalerni án vatns." Húsið var rifið um 1920
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar
**Heimildir:** Seltirningabók, 236-248

**GK-227:007** *Mýrarhús (yngri)* heimild um bústað 64°09.293N 21°59.357V
Mýrarhúsbærinn var byggður upp á nýjum stað rétt eftir aldamótin 1900. Í Seltirningabók segir: "Björn [Ólafs f. 1879 í Mýrarhúsum] reisti árið 1905 nýtt og mikið íbúðarhús.." Mýrarhús yngri voru rifin um 1970. Þau stóðu áður þar sem nú er steinsteypt íbúðarhús nr. 10 við Fornuströnd. Steinsteypt íbúðarhús án kjallara og lóð í grónu íbúðarhúsahverfi eru nú þar sem Mýrarhús (yngri) stóðu.

Ljósmynd af húsinu frá árinu 1937 er í Seltirningabók (bls. 162). Af henni má sjá að húsið hefur verið reisulegt timburhús, klætt bárujárni. Það var hæð og ris með kjallara. Af myndinni að dæma hefur verið byggt við húsið á síðari stigum.
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar
**Heimildir:** Seltirningabók, 162-163

**GK-227:008** heimild um kálgarð
Í Seltirningabók segir: "Einar [Jónsson sem bjó í Mýrarhúsum 1805-1815] tók við jörðinni í niðurníðslu eins og áður sagði, en hann húsaði hana upp og ræktaði bæði tún og matjurtagarða. Þegar hann yfirgaf Mýrarhús 1815 ...hafði hann reist við bæjarhús, göng og fjós og komið þremur kálgörðum í rækt við ströndina austan bæjarhúsa. Við úthlutun á fræi til hjálpar bændum í harðindum 1807 fengu Einar og húsmaður hans Pétur Þorkelsson fræ til þess að rækta grænkál, hvítkál og tvær tegundir af rófum." Engin merki sjást lengur um kálgarðana en þeir voru við ströndina milli Látrastrandar og merkja Mýrarhús og Eiðis. Að líkindum eru kálgarðarnir löngu horfnir í umrót síðust tveggja alda. Nákvæm staðsetning er því ekki þekkt.
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar
**Heimildir:** Seltirningabók, 160 (úr Ísl.Journ.12,151)

**GK-227:009** heimild um brunnhús 64°09.285N 21°59.255V
Samkvæmt túnakorti frá 1916 var útihús um 20 m norðvestan við Pálsbæ 004. Útihúsið hefur verið á mörkum baklóðar húsa nr. 2 og 4 við Fornuströnd. Sléttuð grasflöt er beggja vegna lóðamarka.
Samkvæmt Ólafi Péturssyni heimildamanni var brunnhús yfir brunni á svipuðum slóðum. Húsið var horfið þegar Ólafur fór að muna eftir sér en brunnurinn var notaður lengi fram eftir 20. öld en á síðari árum var leirpípa sett ofan í brunninn til að dæla upp vatninu. Af túnakorti frá 1916 að dæma hefur lítill troðningur/gata legið frá bæjarhlaðinu að brunninum og er hún hér skráð með brunnhúsinu. Hún hefur verið um 10 m löng.
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar
**Heimildir:** Túnakort 1916

**GK-227:010** heimild um skemmu 64°09.274N 21°59.207V
Um 5 m neðan (NNA) við Pálsbæ 004 var útihús samkvæmt túnakorti frá 1916. Á þessum stað var bíslag og skemma samkvæmt Ólafi Péturssyni heimildamanni en hvort tveggja var horfið fyrir hans minni. Húsið hefur staðið í norðvesturhorni lóðar Pálsbæjar þar sem Víkurströnd beygir til VSV.
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar
**Heimildir:** Túnakort 1916

**GK-227:011** heimild um útihús 64°09.276N 21°59.217V

Samkvæmt túnakorti frá 1916 var útihús um 5 m neðan (norðaustan) við Pálsbæ 004. Pálsbær stendur enn en engin ummerki sjást um útihúsið norðaustan við Pálsbæ (Víkurströnd 2). Húsið hefur staðið innan lóðar Pálsbæjar, nálægt því þar sem nú er bílskúr á lóðinni. Um 1930 voru byggð fjárhús og hlaða á þessum stað en Ólafur Pétursson heimildamaður taldi líklegast að um 1916 hefði verið útikamar á þessum stað.
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar
**Heimildir:** Túnakort 1916

**GK-227:012** vegur leið 64°09.277N 21°59.250V
Inn á túnakort frá 1916 er merkt heimreið að Pálsbæ. Hún liggur úr SSV og er um 60 m löng að Pálsbæ sem enn stendur (sjá 004). Merki heimreiðarinnar sjást enn að hluta innan lóðar Pálsbæjar og til norðurs að íbúðarhúsinu.
Umhverfis íbúðarhúsið er baklóð og nær hún lengst til suðurs. Mikill uppfylling hefur átt sér stað í kring þannig að nú er svo komið að Pálsbær og lóðin umhverfis íbúðarhúsið eru í talsverðri dæld miðað við umhverfið.


*GK227:012 vegur sem lá frá Pálsbæ, horft til suðurs*

Svo virðist sem hlaðið hafi verið undir veginn og stendur hann nokkuð upp úr umhverfinu innan lóðarmarka Pálsbæjar (Víkurstrandar 2). Utan lóðar hefur vegurinn horfið í íbúðahúsabyggð. Vegurinn er gróinn en hann sést á um 20 m kafla. Hann er 5-6 m breiður en 0,2-0,3 m hár. Svolítil dæld er greinileg beggja vegna vegarins, líklega leifar e.k. ræsis.
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar
**Heimildir:** Túnakort 1916

**GK-227:013** heimild um herminjar 64°09.190N 21°59.413V
Umsvif hersins á Seltjarnarnesi voru töluverð og einna mest á Valhúsahæð. Á hæðinni voru settar upp loftvarnabyssur til þess að verja innsiglingu Reykjavíkur. Af loftmyndum m.a. sjá að talsverðar herminjar hafa verið þar sem núverandi kirkja Seltirninga stendur. Hér eru þær herminjar sem hurfu undir kirkjubygginguna skráðar saman en aðrar herminjar, sem enn eru sýnilegar á þessum slóðum eru skráðar sérstaklega (sjá 017-018, 021-036 og 038). Samkvæmt Þór Whitehead var þetta svæði við Nesveg nefnt Grotta. Valhúsahæð hefur verið umturnað talsvert þar sem kirkjan var byggt. Hún er steinsteypt en norðan við hana er bílastæði.
Engar herminjar sjást nú þar sem kirkjan stóð en reyndar virðist stærstur hluti herminjanna hafa verið norðar og NNVvið kirkjuna. Kirkjan var reist snemma á 9. áratugnum. Í fornleifaskráningu frá 1980 voru allar herminjarnar á þessu svæði skráðar saman undir einu númeri og þeim ekki lýst að ráði.
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar
**Heimildir:** Seltirningabók, 158, bréf frá Þór Whitehead dagsett 4. apríl 2006, innan á kápu bókarinnar er ljósprentuð loftmynd með örnefnum frá 1978

**GK-227:014** hús 64°09.153N 21°59.333V
Árið 1906 var vígð ný skólabygging fyrir Mýrarhúsaskóla á Seltjarnarnesi. Húsið stendur enn. Það er sunnan við Kirkjubraut þar sem hún beygir frá norðvestri til VSV. Skólinn varð aðsetur hermanna fyrst eftir hernámið um vor og sumar 1940. Á sama stað, nánar tiltekið við skólahúsgirðinguna, var rekin veitingakrá fyrir hermenn, á hernámsárunum. Kráin var fyrst rekin án leyfis frá hreppnum en síðar var veitt leyfi til veitingasölu meðna brezka setuliðið hafði búsetu á Nesinu. Lýsing á skólahúsinu er að finna í Seltirningabók: "Í skýrslu sinni fyrir skólaárið 1906-07, fyrsta ár Mýrarhúsaskóla í þriðja húsi sínu, segir Einar G. Þórðarson um nýja húsið: "Síðast liðið sumar kom hreppurinn sér upp nýju skólahúsi, sem jafnframt er fundarhús hreppsins. Það er að utanmáli 21 X 16 álnir og einlyft með útbyggingu. Niðri í húsinu er kennslustofa 11 3/4 9 X 5 álnir með gluggum á suðurhlið. Í henni er stór og góður ofn, og loftbreytingar útbúnaður (Ventilation). Ennfremur er niðri í húsinu samkomusalur 15 3/4 X 11 ánir og anddyri 9 X 3 3/4 álnir. Í útbyggingu er uppgangurinn upp á loftið, og er hún

niðri 7 1/2 X 6 álnir (innanmál): uppi í húsinu sjálfu er íbúð fyrir skólahaldara, 3 herbergi og eldhús í norðurenda og fundarsalur og bókaherbergi fyrir lestrarfélag hreppsins í suðurenda. Í útbyggingunni uppi á lofti er 1 herbergi, sem kennarinn hefur til íbúðar." Því má við bæta, að í kjallara undir útbyggingu var kolageymsla hússins og uppi í risi var einnig nokkurt geymslurými fyrir skólagögn og fleira. Þrír útikamrar voru undir vegg útbyggingar."
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar
**Heimildir:** Seltirningabók, 40 og 251

**GK-227:015** heimild um leið 64°09.265N 21°59.227V
Inn á túnakort Pálsbæjar er merktur slóði sem legið hefur frá bæ 004 til SSA að túnamörkum. Slóðinn hefur legið frá húsinu sem enn stendur, út að lóðamörkum, yfir malbikaða götu (Víkurströnd) og þvert yfir þar sem neðstu íbúðarhúsin sunnan götunnar eru nú. Hann hefur endað SSA húsanna, þar sem nú er opið, grasi gróið svæði.
Slóðinn lá þar sem nú er íbúðarhúsabyggð. Engin ummerki sjást um hann nú. Af túnakortinu að dæma hefur slóðinn verið um 70 m langur. Hann virðist ekki hafa verið upphlaðinn eins og 012 heldur bara troðningur.
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**GK-227:016** *Grotta kamp* heimild um herminjar 64°09.106N 21°59.469V
Á hernámsárunum reis talsvert stórt íbúðarhverfi hermanna. Kristinn Einarsson taldi að allt hverfið hefði saman verið nefnt Grótta kamp. Það var þar sem nú er skóla og íbúðarhverfi milli gatnanna Suðurstrandar og Kirkjubrautar, vestan Nesvegar. Hverfið var að stórum hluta innan þess lands sem tilheyrði Mýrarhúsum en hefur líklega náð inn í landareign Hrólfsskála. Í Seltirningabók segir: "Grotta Camp, sem var stærsta braggahverfið var 536. brezka stórskotaliðssveitin staðsett, en hún var sérhæfð í strandvörnum. Þar voru líka menn úr verkfræðingasveitinni Det. Renfrewshire Fortress. Samkvæmt Þór Whitehead má tala um a.m.k. tvö hverfi á þessum slóðum, annars vegar s.k. RAF Camp sem var á Valhúsahæð suðvestanverðri og hins vegar Keighly (sem kallað var Adams Camp frá júlí 1943) var syðst í braggabyggðinni við Mýrarhúsaskóla. Samkvæmt Þór var RAF Camp vestan við Keighly/Adams Camp og varð síðar hluti af því. Í RAF Camp bjuggu liðsmenn rasjárstöðvarinnar bresku frá 1941. Á þessum slóðum hefur nú byggst upp íbúðarhúsahverfi, þarna er grunnskóli o.fl. stofnanir.
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar
**Heimildir:** Seltirningabók, 38 og bréf frá Þór Whitehead, dagsett 3. apríl 2006.

**GK-227:017** mannvirki herminjar 64°09.180N 21°59.517V




Miklar leifar herminja er að finna víða á Valhúsahæð, bæði á suðaustanverðri og norðvestanverðri hæðinni. Þær leifar sem hér er lýst eru á suðaustanverðri hæðinni, um 65 m vestan við Neskirkju. Um er að ræða steinsteyptan grunn sem er 6 m SSA við annað hermannvirki 026. Malarborinn göngustígur liggur yfir endilanga grunninn.
Valhúsahæð lítt gróinn melur. Að vestanverðu er hann stórgrýtt klapparholt, en að austan, þar sem þetta mannvirki er er lítið um stórgrýti og er hugsanlegt að það hafi verið tínt í burtu þegar umfang hersins á þessum slóðum var sem mest.Gróður í melnum er gisinn og sendinn á Valhúsahæð austanverðri. Ekki er nú mikið eftir af þessu mannvirki. Aðeins sést steinsteyptur botn hússins. Í raun virðist hafa verið um tvö mannvirki að ræða sem hér eru skráð saman. Stærra húsið hefur, af steypuleifunum að dæma, verið um 16 X 6,5 m að stærð og snúið NNV-SSA. Eftir endilöngum steypta botninum gengur viðarrönd sem líklega hefur skipt

húsinu í tvennt. Sunnan við þetta "þil" má greina viðarrendur á tveimur stöðum sem hafa skipt syðri hluta hússins í 3 herbergi svipuð að stærð. Norðan aðalþilsins eru þilin greinileg á 3 stöðum og hafa þau skipt norðurhlutanum í 4 herbergi, öll áþekk að stærð. Fyrir stafni á NNV enda má óljóst greina stutta stétt. Um 1 m austan við austurhlið stærri grunnsins er annar grunnur minni. Hann er nálægt suðurenda stærri grunnsins. Minni grunnurinn er ferhyrndur, um 4 X 3,5 m stór og snýr NNV-SSA. Fast norðan við þennan grunn en austan við grunn stærra hússins má greina óverulegar steypuleifar í sverði og er ekki ólíklegt að fleiri mannvirki hafi verið á þessum slóðum. Mannvirkið var skráð í fornleifaskráningu frá 1980 og er númer 41 í skráningunni. Í henni segir: "Undirstöður húsa, steinsteyptir grunnar og leifar annarra mannvirkja hersins á Valhúsahæð austan- og norðaustanverðri, alls 15 - 20 rústir. Flestar þessara rústa munu nú vera horfnar."



*GK-227:017: Herminjar, horft til austurs. Vinstra megin við miðja mynd má sjá útsýnisskífu á hæðsta punkti Valhúsahæðar*

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar
**Heimildir:** Fornleifaskráning á Seltjarnarnesi ÁÓG, 18

**GK-227:018** mannvirki herminjar 64°09.215N 21°59.499V

Miklar leifar herminja er að finna víða á Valhúsahæð, bæði á suðaustanverðri og norðvestanverðri hæðinni. Leifar þess mannvirkis sem hér er lýst eru á suðaustanverðri hæðinni. Steypti grunnurinn er 80 m NA af merki dönsku landmælingamannanna á toppi Valhúsahæðar, og er SV við Víkurströnd 16. Í kringum rústina er sendinn melur með gisnum gróðri, grasi og mosa.
Líklegt er að mannvirki þetta sé eitt þeirra sem minnst var á í Fornleifaskráningu á Seltjarnarnesi frá 1980, en þar segir: "41. Undirstöður húsa, steinsteyptir grunnar og leifar annarra mannvirkja hersins á Valhúsahæð austan- og norðaustanverðri, alls 15 - 20 rústir. Flestar þessara rústa munu nú vera horfnar." Steyptur grunnur




hernaðarmannvirkis sem fyrir löngu er búið að rífa og er því sem næst alveg yfirgróinn. Nú sést aðeins steypt plata sem er um 7 x 5 m stór og snýr austur-vestur.



*GK-227:018: Leifar af hernaðarmannvirkjum, horft til norðvesturs*

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar
**Heimildir:** Fornleifaskráning á Seltjarnarnesi ÁÓG, 18

**GK-227:019** *Litlavarða* hleðsla 64°09.158N 21°59.457V

"Varða sem nefnist Litlavarða, var ofan við Skólabraut 1," segir í örnefnaskrá. Varðan var suðaustast á Valhúsahæð, 30-40 m sunnan við Neskirkju en 15 m vestan við gangstétt við Skólabraut. Samkvæmt Guðrúnu Einarsdóttur sem gerði B.S. ritgerð um örnefni á Seltjarnarnesi 1979 og ræddi við fjölda heimildamanna, gat enginn þeirra staðsett Litluvörðu, né höfðu um hana heyrt. Líklegt er að Litlavarða hafi verið á merkjum Mýrarhúsa og Hrólfsskála. Merkin hafa þá legið í vörðuna af háhæðinni þar sem einnig var varða (sjá 020). Malarhæð, gróin grasi að hluta. Til móts við lóð hússins nr. 1 við Skólabraut en varðan var þó nærri því á lóðamörkum húsa nr. 1 og 3 við götuna.



*GK-227:019: Mögulegar leifar Litluvörðu?*

Á þessum stað er steinadreif í sverði. Hún virðist reyndar að hluta nýleg þar sem í henni má greina leifar af steinsteypu. Steinarnir eru nokkuð stórir og dreifast á svæði sem er um 2 X 1 m stórt. Þeir gætu verið síðustu leifar vörðunnar. Aðrar leifar er ekki að finna á þessum slóðum.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar
**Heimildir:** Ö-Seltjarnarnes GSM, 8 og Guðrún Einarsdóttir, 1979, 25.

**GK-227:020** heimild 64°09.186N 21°59.585V

Inn á örnefnaloftmynd frá 1978 er merkt varða á hæsta punkti Valhúsahæðar, þar sem nú er útsýnisskífa og steinsteypt merki dönsku landmælingamannanna. Varðan hefur verið um 120 m norðvestan við Litluvörðu 019. Samkvæmt Guðrúnu Einarsdóttir sem gerði B.S. ritgerð um örnefni á Seltjarnarnesi 1979 og ræddi við fjölda heimildamanna, gat enginn þeirra staðsett þessa vörðu nákvæmlega, né höfðu um hana heyrt. Ekki er ólíklegt að hún hafi verið landamerkjavarða þar sem merkin lágu um háholtið. Hugsanlegt er þá að Litlavarða hafi einnig verið landamerkjavarða en sú sem hér er skráð hafi verið talsvert stærri. Um þetta verður þó ekkert fullyrt enda virðist sú varða sem hér er skráð löngu hrunin og horfin. Á svipuðum stað og varðan, eða jafnvel á sama stað var einnig ljósker fyrir sjófarendur, sett upp síðla á 19. öld. Annar möguleiki er að "vörðuleifarnar" hafi í raun verið leifar hleðslu undir ljósið. Um þetta verður ekki skorið að svo stöddu.

Malarhæð, gróin grasi að hluta. Varðan hefur verið á hæstu hæðinni en engin merki sjást um hana nú.
Um ljóskerið er fjallað í Seltirningabók. Þar segir: "Ljóskerið var sett upp árið 1883 og kostuðu bændurnir það fyrstu tvö árin en bæjarfógeti í Reykjavík tók að sér að greiða kostnaðinn 1885." Árið 1892 eru varðveitt bréf um að staðið hafi til að setja upp kúlumyndað ljós á Valhúsahæð í stað þess gamla. Líklega hefur af því orðið en það ljós mun ekki hafa logað í mörg ár, aðeins fram til 1895 þegar farið var að huga að ljósi og síðar vita í Gróttu.
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar
**Heimildir:** Guðrún Einarsdóttir 1979, 25 og Seltirningabók, 20-21.

**GK-227:021** mannvirki herminjar 64°09.209N 21°59.416V

Miklar leifar herminja er að finna víða á Valhúsahæð, bæði á suðaustanverðri og norðvestanverðri hæðinni. Leifar þess mannvirkis sem hér er lýst eru á suðaustanverðri hæðinni. Steypur grunnur undan hermaðarmannvirki sem er um 29 m norðaustur af Neskirkju. Gisinn melur við rót Valhúsahæðar. Þunnt gróðurlag er víða yfir melnum, gras og mosi, og jarðvegur er sendinn.



*GK-227:021: Herminjar á suðaustanverðri Valhúsahæð, horft til suðvesturs*

Líklegt er að mannvirki þetta sé eitt þeirra sem minnst var á í Fornleifaskráningu á Seltjarnarnesi frá 1980, en þar segir: "41. Undirstöður húsa, steinsteyptir grunnar og leifar

annarra mannvirkja hersins á Valhúsahæð austan- og norðaustanverðri, alls 15 - 20 rústir. Flestar þessara rústa munu nú vera horfnar." Steyptur pallur, grunnur undan hernaðarmannvirki sem fyrir löngu er búið að rífa. Pallurinn er 14 x 5 m og snýr norður-suður. Pallurinn skiptist frá norðri til suðurs í 3 misháar einingar, sem þó eru svipaðar að flatarmáli. Nyrsti hlutinn er um 20 sm hærri en miðhlutinn, sem aftur er 10 sm hærri en sá syðsti. Vestur úr þrískipta pallinum gengur minni stétt (um 7 x 1 m N-S) sem liggur samsíða pallinum en er aðeins lægri. Allur grunnurinn er þakinn sprungum sem í vex gróður.
**Hættumat:** engin hætta, vegna ábúðar

**GK-227:022** mannvirki herminjar 64°09.204N 21°59.423V
Miklar leifar herminja er að finna víða á Valhúsahæð, bæði á suðaustanverðri og norðvestanverðri hæðinni. Leifar þess mannvirkis sem hér er lýst eru á suðaustanverðri hæðinni. Steyptur grunnur sem er um 18 m noraustur af Neskirkju og 4 m sunnan við GK-227:021.




Gisinn melur við rót Valhúsahæðar. Þunnt gróðurlag er víða yfir melnum, gras og mosi, og jarðvegur er sendinn. Líklegt er að mannvirki þetta sé eitt þeirra sem minnst var á í Fornleifaskráningu á Seltjarnarnesi frá 1980, en þar segir: "41. Undirstöður húsa, steinsteyptir grunnar og leifar annarra



*GK-227:022: Herminjar, horft til suðvesturs*

mannvirkja hersins á Valhúsahæð austan- og norðaustanverðri, alls 15 - 20 rústir. Flestar þessara rústa munu nú vera horfnar." Steyptur grunnur 1-2 bygginga. Grunnurinn er mjög yfirgróinn, en þó þó má greina að hann er 13 x 8 m og snýr norður-suður.
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**GK-227:023** mannvirki herminjar 64°09.202N 21°59.407V
Miklar leifar herminja er að finna víða á Valhúsahæð, bæði á suðaustanverðri og norðvestanverðri hæðinni. Leifar þess mannvirkis sem hér er lýst eru á suðaustanverðri




hæðinni. Steyptur grunnur um 20 m norðvestur af Neskirkju og 6 m austur af GK227:021. Gisinn melur við rót Valhúsahæðar. Þunnt gróðurlag er víða yfir melnum, gras og mosi, og jarðvegur er sendinn.



*GK-227:023: Herminjar, horft til norðurs*

Líklegt er að mannvirki þetta sé eitt þeirra sem minnst var á í Fornleifaskráningu á Seltjarnarnesi frá 1980, en þar segir: "41. Undirstöður húsa, steinsteyptir grunnar og leifar annarra mannvirkja hersins á Valhúsahæð austan- og norðaustanverðri, alls 15 - 20 rústir. Flestar þessara rústa munu nú vera horfnar." Steyptur grunnur hernaðarmannvirkis sem búið er að rífa. Steypti pallurinn er 5 x 3 m að flatarmáli og snýr norður-suður. Gróið er yfir um 2/3 hluta pallsins og hann er allur þakinn sprungum.
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**GK-227:024** mannvirki herminjar 64°09.209N 21°59.430V

Miklar leifar herminja er að finna víða á Valhúsahæð,



*GK-227:024: Herminjar, horft til norðurs*




bæði á suðaustanverðri og norðvestanverðri hæðinni. Leifar þess mannvirkis sem hér er lýst eru á suðaustanverðri hæðinni. Steyptur grunnur hernaðarmannvirkis sem er 2 m vestur af 022. Gisinn melur við rót Valhúsahæðar. Þunnt gróðurlag er víða yfir melnum, gras og mosi, og jarðvegur er sendinn.

Líklegt er að mannvirki þetta sé eitt þeirra sem minnst var á í Fornleifaskráningu á Seltjarnarnesi frá 1980, en þar segir: "41. Undirstöður húsa, steinsteyptir grunnar og leifar annarra mannvirkja hersins á Valhúsahæð austan- og norðaustanverðri, alls 15 - 20 rústir. Flestar þessara rústa munu nú vera horfnar." Steyptur grunnur 1-2 bygginga sem áður stóðu á þessum stað, alls 15 x 4 m og snýr austur-vestur. Pallurinn er tvískiptur og er vestari hlutinn nokkrum sentimetrum meira niðurgrafinn og yfirgróinn. Breidd vestari hlutans er óræð, en hann er að minnsta kosti 5 m langur austur-vestur en hverfur undir malarborinn stíg vestast. Stígur sá snýr norður-suður og liggur upp á Valhúsahæð. Eystri hlutinn er heillegri steyptur pallur, 10 x 4 m að stærð og snýr austur-vestur. Allur hinn steypri grunnur er sprunginn og yfirgróinn.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar



*GK-227:025: Herminjar, horft til norðausturs*

**GK-227:025** mannvirki herminjar

Miklar leifar herminja er að finna víða á Valhúsahæð, bæði á suðaustanverðri og norðvestanverðri hæðinni. Leifar þess mannvirkis sem hér er lýst eru á suðaustanverðri hæðinni. Þar eru nokkrar áþekkar herminjar í hnapp (sjá einnig 017, 025-029 og 035). Aðeins eru 3-6 m á milli mannvirkjaleifanna. Þessar leifar eru um 35 m ASA við Neskirkju. Það sem hér er skráð er einna heillegast og er austurhorn hennar 35 m VSV við Neskirkju. Valhúsahæð melur lítt gróinn melur. Gróður á melnum er gisinn og melurinn er víða sendinn. Ekki er eins mikið um stórgrýti og á norðvestanverðri hæðinni.

Leifar þessa húss eru fremur skýrar. Það er rúmlega 12 X 5 m að stærð, ferhyrnt og aflangt. Það sneri norðvestur-suðaustur. Steinsteyptur grunnur þess er heillegur og órofinn, um 0,4 m hár. Svo virðist sem húsinu hafi verið skipt upp eftir endilöngu í miðju en stallur er í grunninum á báðum göflum hússins og virðist timburstoð hafa gengið þar í gegn. Vestan við miðjan vesturgafl hússins er lítil, steinsteypt stétt.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar



*GK-227:026: Herminjar, horft til norðausturs*

**GK-227:026** mannvirki herminjar 64°09.177N 21°59.497V

Miklar leifar herminja er að finna víða á Valhúsahæð, bæði á suðaustanverðri og norðvestanverðri hæðinni. Leifar þess mannvirkis sem hér er lýst eru á suðaustanverðri hæðinni. Þar eru nokkrar áþekkar herminjar í hnapp (sjá einnig 017, 025, 027-029 og 035). Aðeins eru 3-6 m á milli leifanna. Þessar leifar eru um

35 m ASA við Neskirkju. Þær mannvirkjaleifar sem hér er skráð er 2,5 m norðvestan við 025.
Valhúsahæð melur lítt gróinn melur. Gróður á melnum er gisinn og melurinn er víða sendinn. Ekki er eins mikið um stórgrýti og á norðvestanverðri hæðinni.
Leifar þessa húss eru óljósar og að talsverðu leyti horfnar. Húsið hefur verið 10-11 X 5 m stórt, ferhyrnt og aflangt. Það sneri norðvestur-suðaustur. Steinsteyptur grunnur þess er óvíða hærri en 0,2 m hár. Suðvesturveggur er alveg horfinn og einnig hluti af norðausturvegg.
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**GK-227:027** mannvirki herminjar 64°09.169N 21°59.491V
Miklar leifar herminja er að finna víða á Valhúsahæð, bæði á suðaustanverðri og norðvestanverðri hæðinni. Leifar þess mannvirkis sem hér er lýst eru á suðaustanverðri hæðinni. Þar eru nokkrar áþekkar herminjar í hnapp (sjá einnig 017, 025-026, 028-029 og 035). Aðeins eru 3-6 m á milli leifanna. Þessar leifar eru um 35 m ASA við Neskirkju. Það syðsta þeirra, sem hér er skráð, er um 20 m norðan við listaverkið Trúarbrögð.
Valhúsahæð melur lítt gróinn melur. Gróður á melnum er gisinn og melurinn er víða sendinn. Ekki er eins mikið um stórgrýti og á norðvestanverðri hæðinni.
Aðeins sjást eftir óljósar leifar af þessu mannvirki og er það óskýrara en aðrar herminjar á þessu svæði. Grunnurinn er um 13 X 7 m stór, ferhyrndur og snýr NNV-SSA. Steinsteyptar leifar sjást fyrir sumum útveggjanna og eru leifar suður- og austurveggjar skýrastar. Sunnan við grunninn er um 1 m breið stétt.
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar


*GK-227:027: Herminjar, horft til norðausturs, í átt á útsýnisskífu*

**GK-227:028** mannvirki herminjar 64°09.182N 21°59.494V
Miklar leifar herminja er að finna víða á Valhúsahæð, bæði á suðaustanverðri og norðvestanverðri hæðinni. Leifar þess mannvirkis sem hér er lýst eru á suðaustanverðri hæðinni. Þar eru nokkrar áþekkar herminjar í hnapp (sjá einnig 017, 025-027, 029 og 035). Aðeins eru 3-6 m á milli leifanna. Þessar leifar eru um 35 m ASA við Neskirkju. Það sem hér er skráð er um 7 m norðan við mannvirki 026. Það er um 18 m ofan við malbikaðan göngustíg sem liggur um Valhúsahæð. Valhúsahæð melur lítt gróinn melur. Gróður á melnum er gisinn og melurinn er víða sendinn. Ekki er eins mikið um stórgrýti og á norðvestanverðri hæðinni.
Aðeins sjást afar óljósar leifar af þessu mannvirki. Norðvesturgafl er greinilegur og um 5 m langur en aðrar steypuleifar eru ekki greinilegar. Til NNA frá gaflinum er þó hæð og af henni að dæma má áætla að húsið hafi verið 10-14 m langt.
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**GK-227:029** mannvirki herminjar 64°09.188N 21°59.495V
Miklar leifar herminja er að finna víða á Valhúsahæð, bæði á suðaustanverðri og norðvestanverðri hæðinni. Leifar þess mannvirkis sem hér er lýst eru á suðaustanerðri hæðinni. Þar eru nokkrar áþekkar herminjar í hnapp (sjá einnig 017, 025-028 og 035). Aðeins eru 3-6 m á milli leifanna. Þessar leifar eru um 35 m ASA við Neskirkju. Það nyrsta þeirra, sem hér er skráð, er um 6 m suðvestan við malbikaðan göngustíg sem liggur um Valhúsahæð en 4 m NNA við 028. Valhúsahæð melur lítt gróinn melur. Gróður á melnum er gisinn og melurinn er víða sendinn. Ekki er eins mikið um stórgrýti og á norðvestanverðri hæðinni.
Aðeins sjást afar óljósar leifar af þessu mannvirki. Steypuleifarnar virðast vera


*GK-227:029: Herminjar, horft til NNA*

gólfbotn af litlu, ferhyrndu húsi, um 4 m á kant.
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**GK-227:030** mannvirki herminjar 64°09.183N 21°59.576V

Miklar leifar herminja er að finna víða á Valhúsahæð, bæði á suðaustanverðri og norðvestanverðri hæðinni. Leifar þess mannvirkis sem hér er lýst eru á suðaustanverðri hæðinni, á/við hæðstu hæð Valhúsahæðar. Þar eru nokkrar herminjar í hnapp (sjá einnig 222:021 og 227:031-032 og 037-038). Hér er skráð það mannvirki sem er nyrst, og stendur næst hæsta punkti hæðarinnar. Það er 2-3 m suðaustan við steinsteypt merki landmælingamanna. Valhúsahæð melur lítt gróinn melur. Gróður á melnum er gisinn og melurinn er víða sendinn. Ekki er eins mikið um stórgrýti og á norðvestanverðri hæðinni.
Á þessum stað hefur staðið bygging en einu leifar hennar nú er steinsteypt plata í sverði. Platan er að hluta horfin í gróður en hún hefur verið um 8 X 2-3 m að stærð. Hún hefur snúið NNV-SSA.



*GK-227:030: Herminjar, horft til suðvesturs*

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**GK-227:031** mannvirki herminjar 64°09.180N 21°59.562V

Miklar leifar herminja er að finna víða á Valhúsahæð, bæði á suðaustanverðri og norðvestanverðri hæðinni. Leifar þess mannvirkis sem hér er lýst eru á suðaustanverðri hæðinni, á/við hæstu hæð Valhúsahæðar. Þar eru nokkrar herminjar í hnapp (sjá einnig 222:021 og 227:030,032 og 037-038). Það mannvirki sem hér er skráð er 15 m VNV við 030 neðan við háhól Valhúsahæðar. Það er á milli mannvirkis 030 og 032.




Valhúsahæð melur lítt gróinn melur. Gróður á melnum er gisinn og melurinn er víða sendinn. Ekki er eins mikið um stórgrýti og á norðvestanverðri hæðinni.
Á þessum stað eru steypuleifar í sverði. Á stuttu svæði eru nokkrir steyptir ferhyrningar (um 1-3 X 1,5 m stórir). Þeir eru þétt saman í röð ASA-VNV en líklegt er að fleiri ferhyrningar en þeir 3-4 sem sjást á yfirborði hafi verið á þessum stað. Ekki er ljóst af hverju steypuleifarnar eru en hugsanlega eru þetta leifar af stétt eða göngustíg.
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**GK-227:032** mannvirki herminjar 64°09.176N 21°59.549V



*GK-227:032: Leifar herminja. Horft til norðvesturs*

Miklar leifar herminja er að finna víða á Valhúsahæð, bæði á suðaustanverðri og norðvestanverðri hæðinni. Leifar þess mannvirkis sem hér er lýst eru á suðaustanverðri hæðinni, á/við hæðstu hæð Valhúsahæðar. Þar eru nokkrar herminjar í hnapp (sjá einnig 222:021 og 227:030-031 og 037-038). Það mannvirki sem hér er skráð er 18 m suðvestan við 017 en um 6 m suðaustan við herminjar nr. 031
Valhúsahæð melur lítt gróinn melur. Gróður á melnum er gisinn og melurinn er víða sendinn. Ekki er eins mikið um stórgrýti og á norðvestanverðri hæðinni.
Um óljóst mannvirki er að ræða. Í raun sést aðeins suðausturbrún þess sem skagar út úr lítill hæð. Þar má greina steypta rönd og eins konar stallur stendur út úr henni suðaustast. Brúnin er tæpir 6 m á lengd en stallurinn sem er í henni suðaustast er um 1 m á kant. Ekki er vitað um hvers kyns mannvirki var að ræða.
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**GK-227:033** mannvirki herminjar 64°09.212N 21°59.509V






*GK-227:033: Herminjar. Horft til VNV*

Miklar leifar herminja er að finna víða á Valhúsahæð, bæði á suðaustanverðri og norðvestanverðri hæðinni. Leifar þess mannvirkis sem hér er lýst eru á suðaustanverðri hæðinni, um 70 m norðvestan við Neskirkju en beint ofan (VSV) við það íbúðarhús nr. 16 við Víkurströnd. Á þessum stað eru leifar a.m.k. tveggja mannvirkja frá hernámsárunum (sjá einnig 034). Þær leifar sem hér eru skráðar eru 20-30 m ofan við baklóð íbúðarhússins við Víkurströnd. Valhúsahæð melur lítt gróinn melur. Gróður á melnum er gisinn og melurinn er víða sendinn. Ekki er eins mikið um stórgrýti og á norðvestanverðri hæðinni.
Á þessum stað sjást leifar af aflangri, ferhyrndri byggingu. Hún er um 12 m löng en 5 m breið og er fast neðan (ANA) við malbikaðan göngustíg sem liggur um Valhúsahæð. Húsið hefur snúið NNV-SSA. NNV- og SSA-gaflar eru greinilegir en langveggir sjást ekki. NNV við húsið eru tveir steinsteyptir fletir, líklega leifar af stétt.
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**GK-227:034** mannvirki herminjar 64°09.214N 21°59.485V




Miklar leifar herminja er að finna víða á Valhúsahæð, bæði á suðaustanverðri og norðvestanverðri hæðinni. Leifar þess mannvirkis sem hér er lýst eru á suðaustanverðri hæðinni, um 70 m norðvestan við Neskirkju en beint ofan (VSV) við það íbúðarhús nr. 16 við Víkurströnd. Á þessum stað eru leifar a.m.k. tveggja mannvirkja frá hernámsárunum (sjá einnig 033). Það mannvirki sem hér er skráð er um 10 m ofan við lóðamörk íbúðarhússins við Víkurströnd 16. Valhúsahæð melur lítt gróinn melur. Gróður á melnum er gisinn og melurinn er víða sendinn. Ekki er eins mikið um stórgrýti og á norðvestanverðri hæðinni. Á þessum stað sjást leifar lítils

húss. Það virðist hafa verið 4 X 3 m stórt og snýr NNV-SSA. SSA-gafl er greinilegur en stór hluti steypuleifanna er horfin.
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**GK-227:035** mannvirki herminjar 64°09.186N 21°59.471V
Miklar leifar herminja er að finna víða á Valhúsahæð, bæði á suðaustanverðri og norðvestanverðri hæðinni. Leifar þess mannvirkis sem hér er lýst eru á suðaustanverðri hæðinni. Þar eru nokkrar áþekkar herminjar í hnapp (sjá einnig 017 og 026-029). Aðeins eru 3-6 m á milli mannvirkjanna. Þessar leifar eru um 35 m ASA við Neskirkju. Það nyrsta sem hér er skráð er 3 m ofan (suðvestan) við malbikaðan göngustíg sem liggur um Valhúsahæð frá Neskirkju. Valhúsahæð melur lítt gróinn melur. Gróður á melnum er gisinn og melurinn er víða sendinn. Ekki er eins mikið um stórgrýti og á norðvestanverðri hæðinni.
Afar óljósar leifar eru á þessum stað. Í sverði má greina steypuleifar norðvestur-suðaustur á um 18 m kafla, ekki samfellt þó. Aðeins er um einn vegg að ræða og hafa aðrar minjar horfið í umrót, annað hvort í malbikaða göngustíginn eða í malarstíga sem liggja þvers og kruss um svæðið.
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**GK-227:036** *Valhús* örnefni 64°09.159N 21°59.466V
"Valhúsahæð nefnist hæsta hæðin á Seltjarnarnesi. Sagt er að þar hafi verið hús fyrir fálka konungs. ... Varða, sem nefndist Litlavarða [019], var ofan við Skólabraut 1. Laut var sunnan undir henni. Þar var hleðsla, og þar var talið, að fálkahúsið hefði verið. Nú hefur verið ýtt ofan í lautina," segir í örnefnaskrá. Engin ummerki sjást nú um Valhús né heldur Litluvörðu sem miðað er við í örnefnalýsingu. Svæðinu hefur mikið verið rótað. Umhverfis listaverkið Trúarbrögð er lítil, grasi gróin hæð en annars er melur umhverfis upp á háhæðina. Kirkja Seltirninga er 60-70 m ANA en um 20 m SSA er malbikuð gata, Kirkjubraut. Í örnefnalýsingu er Valhús sagt hafa verið í laut sunnan Litluvörðu (þar sem hnit var tekið) en á örnefnaloftmynd frá 1978 er merkt Valhús á háhæð Valhúsahæðar.
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar
**Heimildir:** Ö-Seltjarnarnes GSM, 8 og örnefnaloftmynd fremst í bókinni Seltirningabók

**GK-227:037** mannvirki herminjar 64°09.163N 21°59.530V
Miklar leifar herminja er að finna víða á Valhúsahæð, bæði á suðaustanverðri og norðvestanverðri hæðinni. Leifar þess mannvirkis sem hér er lýst eru á suðaustanverðri hæðinni þar sem nokkrar herminjar eru í hóp (sjá einnig 222:021 og 227:031-032 og 038). Rúst hernaðarmannvirkis um 5 m austan við mannvirki 024, um 22 m suðvestan við styttu eftir Ásmund Sveinsson sem er á Valhúsahæð og um 60 m austan við danska landmælingamerkið. Umhverfis mannvirkjaleifarnar er lítt gróinn melur, með þunnum og sendnum jarðvegi. Svæðinu hefur mikið verið raskað. Mjög röskuð og brotin steypt stétt. Lítill hluti hennar virðist vera á sínum upprunalega stað, eða alls um 1,5 x 1,5 m bútur. Annars er afgangurinn steypubrot sem eru dreifð í 4 m radíus í kring. Fast norðan við er hola sem er 4 x 5 m að ummáli og 1 m djúp. Alls er svæðið 10 x 8 m að stærð.



*GK-227:037: Herminjar horft til ASA*

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**GK-227:038** mannvirki herminjar 64°09.170N 21°59.543V
Miklar leifar herminja er að finna víða á Valhúsahæð, bæði á suðaustanverðri og norðvestanverðri hæðinni. Leifar þess mannvirkis sem hér er lýst eru á suðaustanverðri hæðinni þar sem nokkrar herminjar eru í hóp (sjá einnig 222:021 og 227:031-032 og 037). Leifar hernaðarmannvirkis um 40 m austur af útsýnisskífu og landmælingamerki efst á Valhúsahæð. Umhverfis mannvirkjaleifarnar er lítt gróinn melur, með þunnum og sendnum jarðvegi. Svæðinu hefur mikið verið raskað. Líklegt er að mannvirki þetta sé eitt þeirra sem minnst var á í Fornleifaskráningu á Seltjarnarnesi frá 1980, en þar segir: "41. Undirstöður húsa, steinsteyptir grunnar og leifar annarra mannvirkja hersins á Valhúsahæð austan- og norðaustanverðri, alls 15 - 20 rústir. Flestar þessara rústa munu nú vera horfnar." Um er að ræða mikið raskaðar leifar hernaðarmannvirkis dreifðar um svæði sem er um 10 x 8 m og snýr austur-vestur. Austast á svæðinu sést til 5 steyptra stöpla í yfirgróinni hrúgu, um 1,5 m

langri. Þar fast norðan við er stórgrýti og leifar steyprar stéttar úr grunni byggingar, mjög til gengin og brotin. Alls ná steypuleifarnar yfir 7 x 4 m stórt svæði. Fast austan við steypuleifarnar (og skarast við þær) er mjög raskað svæði, grunn moldarhola, 8 x 6 m að stærð norður-suður, með dreifðu grjóti í og grasi á milli.
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**GK-227:039** mannvirki herminjar 64°09.321N 21°59.709V
Miklar leifar herminja er að finna víða á Valhúsahæð, bæði á suðaustanverðri og norðvestanverðri hæðinni. Leifar húsarústarinnar sem hér er lýst eru á norðvestanverðri hæðinni. Rústin er um 270 m vestur af merki dönsku landmælingamannanna (sem er á hæsta punkti Valhúsahæðar), beint suðaustur af Vesturströnd 31 og fast austan við Þvergarð (GK-224:045). Í kringum húsarústina er melur sem er að hluta gróinn, en mjög stórgrýttur.
Mannvirkið var skráð í fornleifaskráningu frá 1980 og er númer 31 í skráningunni. Í henni segir: " Varðhús? Húsið skiptist í tvo hluta, 3 x 5 m og 4 x 5 m. Í öðrum hlutanum eru uppistandandi veggir, 1-2 m háir. Þeir eru hlaðnir úr grjóti og límdir með steypu." Húsarústin er tvískipt og hefur hús þetta því að líkindum haft tvö herbergi þegar það var undir þaki. Alls er rústin um 7 x 5 m að stærð og snýr norður-suður. Veggir syðri hlutans eru hrundir og hafa sennilegast verið rifnir. Eftir stendur steyptur grunnur. Nyrðri hlutinn er mun heillegri, veggir hans standa mest í 2 m hæð og eru um 0,5 m þykkir. Veggirnar eru hlaðnir úr litlu og meðalstóru grjóti og er steypt á milli umfara, sem eru mest um 9 talsins. Í norðausturhorni nyrðra herbergisins stendur steyptur stöpull upp úr gólfinu. Stöpullinn er 1,4 m á hæð og er 0,3 x 0,3 m að þvermáli. Hlutverk stöpulsins er óljóst.



*GK-227:039 rústir húss frá hernámsárunum. Horft til NNV.*

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar
**Heimildir:** Fornleifaskráning á Seltjarnarnesi ÁÓG, 14

**GK-227:040** mannvirki herminjar 64°09.310N 21°59.673V





Miklar leifar herminja er að finna víða á Valhúsahæð, bæði á suðaustanverðri og norðvestanverðri hæðinni. Leifar þess mannvirkis sem hér er lýst eru á norðvestanverðri hæðinni. Tóftin er um 26 m suðaustan við rúst 039 og um 80 m norðaustan af landamerkjastein GK-224:140. Tóftin er á grónum mel, vöxnum grasi og mosa, en gróðurlausar skellur eru inn á milli. Stórgrýti er á melnum í kringum tóftina.



*GK-227:040. Herminjar, horft til norðurs*

Mannvirkið var skráð í fornleifaskráningu frá 1980 og er númer 32 í skráningunni. Í henni segir: " Skotbyrgi? Rúst, um 9 x 9 m. Veggir hlaðnir úr torfi og grjóti, hæstir um 50 cm. Dyr virðast snúa í austur og vestur." Tóftin er hlaðin úr torfi og grjóti og er algróin þótt víða stingist út grjót. Hæð veggja er mest rúmlega 1 m. Nyrðri hluti rústarinnar er hringlaga tóft með tveim hólfum, en syðri hlutinn er þverþveggur sem virkar líkt og skjól fyrir tóftina. Rústin er alls 9 x 9 m og snýr NNV-SSA. Vestara hólfið í tóftinni er opið til suðurs, að þverveggnum, en ekkert op er hægt að greina á eystra hólfinu. Dyr eru á rústinni að austan og vestan, milli

þverveggsins og tóftarinnar.
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar
**Heimildir:** Fornleifaskráning á Seltjarnarnesi ÁÓG, 14

**GK-227:041** mannvirki herminjar 64°09.304N 21°59.715V
Miklar leifar herminja er að finna víða á Valhúsahæð, bæði á suðaustanverðri og norðvestanverðri hæðinni.Leifar þess mannvirkis sem hér er lýst eru á norðvestanverðri hæðinni. Tóftin er 50 m norðaustan við landamerkjastein (GK-224:140) og 15 m sunnan við mannvirki 039. Jafnfram er tóftin um 20 m suðvestur af tóft:040. Tóftin er á grónum mel, vöxnum grasi og mosa, en gróðurlausar skellur eru inn á milli. Stórgrýti er á melnum í kringum tóftina.

Mannvirkið var skráð í fornleifaskráningu frá 1980 og er númer 33 í skráningunni. Í henni segir: " Skotbyrgi? Rústin er U-laga um 5 x 6 m, og þverveggur fyrir. Undirstöður úr torfi og grjóti, hæð veggja mjög óregluleg, en þykkt um 1 m. Tvennar dyr eru á rústinni þar sem langveggir og þverveggur mætast. Dyrnar eru um 0,5 m á breidd og snúa í NNV og SSA." Tóftin er U-laga og þvert fyrir op U-sins er beinn veggur sem snýr nokkurnveginn austur-vestur. Innangengt er í mannvirkið að austan og vestan milli þverveggsins og U-sins. Öll rústin er 7 x 6 m og snýr nokkurnveginn norður-suður. Tóftin er hlaðin úr torfi og grjóti og erum 1 m á hæð, en ekki er unnt að greina fjölda umfara. Tóftin er gróin grasi en er þó víða rofin ofan í mold og sand, bæði á þverveggnum sem og ofan á veggjum U-laga tóftarinnar.



*GK-227:041: Herminjar. Horft til ANA.*




**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar
**Heimildir:** Fornleifaskráning á Seltjarnarnesi ÁÓG, 14

**GK-227:042** *Curtis Bay Beach* heimild um herminjar
Þór Whitehead hefur það eftir Friðþóri Eydal að kampur, kallaður Curtis Bay Beach, hafi verið í landi Mýrarhúsa, á milli þeirra og Nýjabæjar. Samkvæmt Þór kannaðist Skúli Ólafsson sem vel er kunnugur á Nesinu ekki við kampinn.
Kampurinn er horfinn í íbúðarhúsabyggð og ekki reyndist unnt að staðsetja hann nákvæmlega.
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar
**Heimildir:** bréf frá Þór Whitehead, dagsett 3. apríl 2006.

## *GK-228 Eiði*

**1703:** Dýrleiki óviss, konungseign.
**1397** á Neskirkja: "Þridiunginn i Heimalanndi ... Eidzlandi. Backa oc Byggardi." (DI IV 108-109). Þann 10. mars 1553 er minnst á Eiði í staðfestingarbréfi Kristjáns konungs þriðja á veitingu þeirra jarða er Páll Hvítfeldr hafði lagt skólameistaranum í Skálholti. Þar segir: "Wii , Christiann etc. giiöre alle witherligt. att eptherthij oss elskelige Pouell Huitfeld. wor mannd oc thiennere. haffuer epther wor beffalling vdlaugd thette eptherschreffne goedtzs. paa vort lannd Islannd liggenndis. til scholemesters wnderhollning til Schalotzs(!) domkyrcke….. Eyde ij köer." DI XII 524.
**3. júlí 1556** er Eiði meðal þeirra jarða sem færast úr eignarhaldi Skálholtsstóls og yfir til konungsí skiptum fyrir Bjarnanesjarðir sbr. "sub Anno gratiæ 1556. faustudaginn næstan eptter visitatio Mariæ j Skalholltti. vorum vier j hia saum og heyrdum aa ad Knut Steinsson konunglig Maiestatis liensmann yfer Island giordi suoddan skiptti og byting vid herra Gijsla Jonsson. huer þa var settur af kongligu valldi yfer Skalholltt og Skalholltzsticktti til ad stiorna og regera heilax religionis vegna. ad eptter þui konunglig Maiestatis jinnsigludu brieffui sem vpp var lesid a alþingi. ad þær iarder sem Skalholltz domkirkia atti a Seltiarnarnesi og Alttanesi. hueriar ad voru j þad mund atta ad taulu hueriar ad suo heita. Nes. skilldinganes. Eidi. Lambastader. Eyuindarstader. Suidholltt. Skogtiaurn og Brecka. skylldu þessar iarder falla til kongdomsins med kugilldum og árligri afgiptt." DI XIII 139.
**Árið 1575** kemur fram í Gíslamáldaga að kirkjan í Nesi eigi þriðjung af heimalandi Eiðis með rekum, skógum og afréttum (sbr. DI XV, 637).




**1703:** "Túnin brýtur sjór til stórmeina. Engjar eru öngvar. Hagar og útigangur í lakasta máta." JÁM III, 251.
**1916:** Tún 3 teigar, allt sléttað, garðar 274 m2.

**GK-228.001** *Eiði* bæjarhóll bústaður 64°09.066N 21°59.018V
"Bendir margt til þess, að bæjarhúsin á Eiði hafi einu sinni eða oftar verið flutt vegna þessa landbrots ...[1799] Þá eyddist bæjarstæði á Eiði í flóði og íbúarnir reistu sér nýjan bæ í útjaðri landareignarinnar og nefndu hann Skaptholt [011] eftir bóndanum. Nýr bær með nafninu Eiði kemur fram í heimildum árið 1829 og hefur hann að líkindum staðið þar sem bærinn stóð síðan til loka búskapar þar. Gamla bæjarstæðið hefur væntanlega verið nokkrum tugum metra norðar og er því nú langt úti í sjó [sjá 002]," segir í Seltirningabók. Síðasta bæjarstæði Eiðis, frá 1829, var þar sem nú stendur stórt fjölbýlishús, Eiðistorg 1-9. Þar sem síðasta bæjarstæði Eiðis var áður er nú stór blokk með niðurgröfnum kjallara. Öll ummerki um bæjarstæðið eru með öllu horfin.
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar
**Heimildir:** Túnakort 1916; Seltirningabók, 167-8

**GK-228.002** *Eiði* bæjarstæði bústaður 64°09.075N 21°58.918V
"Bendir margt til þess, að bæjarhúsin á Eiði hafi einu sinni eða oftar verið flutt vegna þessa landbrots ...[1799] Þá eyddist bæjarstæði á Eiði í flóði og íbúarnir reistu sér nýjan bæ í útjaðri landareignarinnar og nefndu hann Skaptholt [GK-228:011] eftir bóndanum. Nýr bær með nafninu Eiði kemur fram í heimildum árið 1829 og hefur hann að líkindum staðið þar sem bærinn stóð síðan til loka búskapar þar. Gamla bæjarstæðið hefur væntanlega verið nokkrum tugum metra norðar og er því nú langt úti í sjó," segir í Seltirningabók. Hinu gamla bæjarstæði

Eiðis er hér gefið hnit með Eiðisvör (GK-228:007), því ekki er vitað með vissu hver það hefur áður verið en er nú vísast undir sjó. Bæjarstæðið er horfið undir sjó.
**Hættumat:** stórhætta, vegna rofs
**Heimildir:** Túnakort 1916; Seltirningabók, 167

**GK-228.003** heimild um útihús 64°09.069N 21°59.021V
Inn á túnakort frá 1916 er merkt útihús innan við 10 m vestur af bæjarstæði Eiðis. Það hefur staðið um 10 m norðvestur af inngangi Eiðistorgs 5, þar sem nú er bílaplan milli Eiðistorgs 5 og austurenda Suðurstrandar. Þar sem útihúsið var áður er nú malbikað bílaplan Eiðistorgs og mögulega einnig gatan Suðurströnd. Allar leifar útihússins eru horfnar.
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar
**Heimildir:** Túnakort 1916

**GK-228.004** heimild um útihús 64°09.050N 21°59.074V
Inn á túnakort frá 1916 er merkt stórt útihús um 60 m suðvestur af bæjarstæði Eiðis. Það hefur staðið nálægt því sem nú er norðausturhorn verslunarmiðstöðvarinnar Eiðistorgs, við vörumóttökudyr sem þar eru. Þar sem útihúsið stóð áður er nú verslanamiðstöð, sem er stórt og niðurgrafið mannvirki. Útihúsið er nú með öllu horfið.
**Hættumat:** engin hætta
**Heimildir:** Túnakort 1916

**GK-228.005** *Brekka* bæjarstæði býli 64°09.104N 21°59.226V
Vestast á túnakorti Eiðis frá 1916 er merkt býlið Brekka. Samkvæmt sama túnakorti er tún Brekku 3,1 teigar og garðar 3240 m2. "Brekku er fyrst getið í skrá um tíundargreiðendur árið 1898," segir í Seltirningabók. Brekka var áður á þeim slóðum þar sem nú er fjölbýlishúsið Austurströnd 10. Þar sem bæjarstæði Brekku var áður er nú stórt fjölbýlishús. Við byggingu Austurstrandar 10 hefur verið grafið í gegnum brekkuna þar sem bærinn stóð áður og því er líklegt að allar leifar hans séu horfnar. Að sama skapi er allt túnstæðið horfið undir þéttbýlið í kring. Öll ummerki um Brekku eru horfin.
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar
**Heimildir:** Túnakort 1916; Seltirningabók, 167; Guðrún Einarsdóttir: Örnefni á Seltjarnarnesi.

**GK-228.006** *Káravík* bæjarstæði býli 64°09.158N 21°59.166V
Samkvæmt túnakorti frá 1916 var Káravík býli sem var í byggð um 1886, en árið 1916 var kálgarður þar sem býlið var áður. "56. Túngarður [024] í gamla Káravíkurtúninu, víðast um 1,5 m á breidd en ekki miklu hærri en túnið umhverfis. Garðurinn var um 100 m langur," segir í Fornleifaskráningu á Seltjarnarnesi. "Káravík var tómthús frá Eiði og kemur nafnið fyrst fram árið 1867, en þá býr þar tíundarskildur tómthúsmaður ... Skömmu seinna [en 1902] hefur Káravík farið í eyði og hús verið rifin. Þau stóðu ekki langt frá sjó undir núverandi Norðurströnd," segir í Seltirningabók. Nú er strætóskýli við Norðurströnd, milli Austurstrandar 1 og Austurstarandar 3 á þeim slóðum sem bærinn stóð áður. Malbikuð gata (Norðurströnd) og malbikað bílastæði milli Austurstrandar 1 og 3. Öll ummerki um býlið Káravík eru horfin undir malbik.
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar
**Heimildir:** Túnakort 1916; Seltirningabók, 172; ; Fornleifaskráning á Seltjarnarnesi ÁÓG, 22

**GK-228.007** *Eiðisvör* heimild um lendingu 64°09.075N 21°58.918V
Inn á túnakort frá 1916 er merkt vör um 60 m norðaustur af bæ 001. Vörin er merkt sem fornleif númer 53 á loftmynd v í Fornleifaskrá ÁÓG. Vörin hefur að líkindum áður verið á þeim slóðum þar sem nú er nýlegur sjávargarður norðaustan við Norðurströnd, beint ANA af Eiðistorgi. Nýlegur og stórgrýttur sjávargarður er nú fast upp af ströndinni þar sem áður var Eiðsvör. Fyrir suðvestan sjávargarðinn er landfylling sem hann er hlaðinn upp að. Útlit þessarar strandar hefur tekið miklum breytingum síðustu áratugi sökum landbrots og landfyllingar.Vörin er horfin undir landfyllingu. Árið 1703 segir í jarðabók Árna og Páls að lending sé slæm, þó er ekki fullvíst að um sömu vör hafi verið að ræða.
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar
**Heimildir:** Túnakort 1916; JÁM III, 251; Fornleifaskráning á Seltjarnarnesi ÁÓG, 22

**GK-228.008** heimild um varnargarð 64°09.075N 21°58.932V
"52. Sjávargarður, um 1,3 m á hæð og um 2,5 -3 m á breidd. Garðurinn er í mjög góðu standi og sennilega nýlega búið að gera við hann (1980), en gæti verið all gamall að stofni til. Norðurendi garðsins hverfur í uppfyllingu í Káravík, en hefur án efa náð norðar," segir í Fornleifaskráningu á Seltjarnarnesi. "55. Sjávargarður - Vestasti hluti garðsins er á sjávarbakkanum, hann er um 57 m langur og um 1,5 m á breidd. Garðurinn er grasivaxinn og sést illa. Eystri hluti garðsins er 25 m langur og 1-1,5 m á breidd. Garðurinn er ýmist ofan á bakkanum eða myndar kant hans. Ofan á bakkanum er garðurinn 30-40 cm á hæð, en víða lægri,"

segir í Fornleifaskráningu á Seltjarnarnesi. Garðarnir tveir sem skráðir voru á þessum slóðum árið 1980 er hér skráðir saman því skammt er á milli þeirra og þeir eru hluti af sama garðinum á sömu strandlengjunni. Samkvæmt heimildamanni var eldri sjávargarður, sá sem lýst er í fornleifaskráningu frá 1980, um 5 m lengra inni í landi en núverandi sjávargarður sem er tiltölulega nýlegur og er hlaðinn á landfyllingu. Ströndin hefur breyst mikið síðustu áratugi sökum landfyllingar. Sá sjávargarður sem nú sést til er nýlegur og er hlaðinn að miklu leiti á landfyllingu og hugsanlegt er hann sé sá sami og lýst er í skráningarfærslu 52 í Fornleifaskráningunni frá 1980. Eldri garður (nr. 55 í Fornleifaskráningu 1980) sem nú er horfinn var eilítið vestar, um 5-6 m lengra inn í landi, hér um bil fyrir miðju þeirrar grasræmu sem nú er milli núverandi sjávargarðs og Norðurstrandar (sem og Eiðisgranda). Ekkert sést til gamalla sjávargarða við strönd Eiðis. Sjávargarðurinn sem nú er meðfram Norðurstönd er nýlegur en eldri garðurinn er horfinn undir landfyllingu.
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar
**Heimildir:** Fornleifaskráning á Seltjarnarnesi ÁÓG, 22

**GK-228.009** *Pálsbæjarvör* heimild um lendingu 64°09.217N 21°59.142V
Pálsbæjarvör er nefnd í fornleifaskrá frá 1980. Vörin sést austan við sjávargarðinn sem liggur meðfram Norðurströnd og er hún við garðinn í beina stefnu austur af Neskirkju. Meðfram sjávargarðinum er göngustígur og er vörin merkt með skilti við stíginn.
Yfir vesturhluta vararinnar er nú nýlegur og stórgrýttur sjávargarður og landfylling, en þrátt fyrir það er austurhluti hennar enn mjög greinilegur og stendur undan garðinum. Samkvæmt heimildamanni þótti Pálsbæjarvör góð vör. Hún hélst ávallt greið og opin, meðan þurfti að moka úr og hreinsa aðrar varir í nágrenninu allt að einu sinni á ári. Pálsbæjarvör er þessarar náttúru gædd sökum hagstæðra sjávarstrauma í kringum hana. Kunnugir eru ekki á eitt sáttir um hvar Pálsbæjarvör hafi verið, þ.e. hvort hún sjáist enn þar sem hún er merkt eða hvort hún sé komin undir landfyllingu og veg. Vettvangsathugun leiddi í ljós að vör sést stingast undan sjávargarðinum þar sem skiltið er og því er merkingin líklega rétt. Samkvæmt heimildamanni er Pálsbæjarvör þó ekki réttnefni, þar sem vör þessi hefði alltaf tilheyrt Mýrarhúsum og hefði dregið nafn af því.


*GK-228:009: Pálsbæjarvör, horft til austurs.*

**Hættumat:** hætta, vegna rofs
**Heimildir:** Fornleifaskráning á Seltjarnarnesi ÁÓG, 22

**GK-228.010** heimild um herminjar 64°09.172N 21°59.296V
"57.1 Stríðsminjar. Skotbyrgi? Grunnur skurður, hlaðinn úr grjóti sem haldið er saman með steinsteypu," segir í Fornleifaskráningu á Seltjarnarnesi. Á korti úr fornleifaskráningu ÁÓG frá 1980 er hernaðarmannvirkið merkt norðan við fjölbýlishúsið Austurströnd 1. Ekkert skotbyrgi sést þar í dag. Engin skotgröf sést í dag norðan við fjölbýlishúsið Austurströnd 1, þar sem hún er merkt inn á kort í Fornleifaskráningu ÁÓG frá 1980. Norðan við fjölbýlishúsið er slétt og grasi gróin brekka og þar norðan við eru steyptar tröppur sem liggja frá Nesvegi að vestan niður til Austurvarar að austan. Norðan við tröppurnar hefur grenitrjám verið plantað í brekkuna, niður meðfram steyptu tröppunum. Skotbyrgið er horfið, sennilega vegna rasks við trjárækt.
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar
**Heimildir:** Fornleifaskráning á Seltjarnarnesi ÁÓG, 23

**GK-228.011** *Skaftholt* bæjarstæði býli 64°09.068N 21°59.130V
Á korti í skýrslu Margrétar Hermanns Auðar á bls. 5 er kort af bæjarstæðum á Seltjarnarnesi og þar er Skafholts getið sem býlis í byggð eftir 1703. "Bendir margt til þess, að bæjarhúsin á Eiði hafi einu sinni eða oftar verið flutt vegna þessa landbrots ... [1799] Þá eyddist bæjarstæði á Eiði í flóði og íbúarnir reistu sér nýjan bæ í útjaðri landareignarinnar og nefndu hann Skaptholt eftir bóndanum," segir í Seltirningabók. Samkvæmt heimildamanni var Skaftholt fyrrum þar sem Björnsbakarí á horni Nesvegs 14 er nú. Þar sem áður var bæjarstæði Skaftholts er nú stórt fjölbýlis- og verslunarhúsnæði.
Öll ummerki Skaftholts eru með öllu horfin.
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar
**Heimildir:** Margrét Hermanns Auðardóttir. 2005,5; Seltirningabók, 167

**GK-228.012** *Hæðarendi* bæjarstæði bústaður 64°09.036N 21°59.180V




"Magnús Sigurðsson sjómaður fékk land hjá Eiríki á Eiði undir lítið timburhús, sem hann reisti 1899 og kallaði Hæðarenda ... Hæðarendi fór undir lögsagnarumdæmi Reykjavíkur árið 1923," segir í Seltirningabók. Samkvæmt heimildamanni var Hæðarendi fyrrum nærri suðvesturhorni Suðurstrandar og Nesvegar, þar sem nú er bílaplan leikskólans Mánabrekku.

Þar sem bæjarstæði Hæðarenda var áður, er nú slétt malarborið bílaplan, sem og malbikaðar götur, Suðurströnd og Nesvegur.

Ekkert sést til Hæðarenda ofan svarðar.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** Seltirningabók, 172

**GK-228:013** heimild um útihús 64°09.080N 21°59.181V

Inn á túnakort frá 1916 er merkt útihús um 30 m ASA af Brekku 005. Útihúsið var fyrrum þar sem nú er Austurströnd 10. Á þeim slóðum sem útihúsið frá Brekku var áður er nú stórt fjölbýlis- og verslunarhúsnæði. Við byggingu fjölbýlishússins hefur verið grafið í gegnum brekkuna sem býlið Brekka var kennt við svo litlar líkur eru á að leifar útihúss þessa leynist enn undir sverði. Útihúsið er með öllu horfið.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** Túnakort 1916

**GK-228:014** heimild um kálgarð 64°09.098N 21°59.167V

Inn á túnakort frá 1916 er merktur kálgarður um 40 m austur af Brekku (005). Kálgarðurinn var áður þar sem nú er Austurströnd 12. Á þeim slóðum sem kálgarður Brekku var áður er nú stórt fjölbýlis- og verslunarhúsnæði, sem og malbikað bílaplan og gata. Kálgarðurinn er með öllu horfinn.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** Túnakort 1916

**GK-228:015** heimild um útihús 64°09.075N 21°58.918V

Inn á túnakort frá 1916 er merkt bygging upp af Eiðisvör (007). Útihúsið hefur áður verið á þeim slóðum þar sem nú er nýlegur sjávargarður norðaustan við Norðurströnd, beint ANA af Eiðistorgi. Á þeim slóðum sem útihúsið stóð áður hefur landslagið breyst mikið undanfarna áratugi, bæði sökum landbrots og landfyllingar. Þar sem líklegast er að útihúsið hafi áður staðið er nú landfylling og þar austan við nýlegur, stórgrýttur sjávargarður. Engin ummerki eftir útihúsið eru sjáanleg.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** Túnakort 1916

**GK-228:016** heimild um útihús 64°09.058N 21°59.115V

Inn á túnakort frá 1916 er merkt einhverskonar bygging tæpum 40 m VNV við útihús 004. Útihús þetta hefur líklega áður þar sem nú er bílaplan Nesvegar 14. Þar sem útihúsið var áður er nú malbikað bílaplan. Leifar útihússins eru horfnar undir malbik. Óvíst er hverskonar mannvirki þetta hefur verið.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** Túnakort 1916

**GK-228:017** heimild um kálgarð 64°09.035N 21°58.804V

Inn á túnakort frá 1916 er merktur kálgarður austarlega í túninu, um 160 m austur af bæjarstæði Eiðis. Kálgarðurinn var áður á þeim slóðum sem eru við sjávargarðinn norðan af mótum Eiðisgranda og Skeljagranda. Þar sem kálgarðurinn var áður er nú landfylltur sjávarbakki og sjávargarður hlaðinn yfir. Sunnan við sjávargarðinn er malbikaður göngustígur. Kálgarðurinn er með öllu horfinn.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** Túnakort 1916

**GK-228:018** heimild um leið 64°09.011N 64°09.011V

Inn á túnakort frá 1916 er merkt gata sem liggur úr fjörunni, ASA að bæjarhúsum Eiðis og þaðan í SA-átt út úr túni Eiðis. Leiðin lá um það bil frá gangstétt Nesvegar (vestur af Íslandsbanka á Eiðistorgi), norðaustur að Eiðistorgi 5 og þaðan austur í átt að sjávargarðinum beint norðaustur af mótum Eiðisgranda og Öldugranda. Ekkert sést af götunni sökum þess að þétt byggð er nú þar sem hún var áður. Verslunarmiðstöðin og fjölbýlishúsið á Eiðistorgi standa nú á stórum hluta þess svæðis sem gatan náði áður yfir. Leiðin er með öllu

horfin.
**Hættumat:** engin hætta
**Heimildir:** Túnakort 1916

**GK-228:019** heimild um kálgarð 64°09.064N 21°59.027V
Inn á túnakort frá 1916 er merktur kálgarður, um 2 m suðvestan við bæjarhús Eiðis (001). Þar sem kálgarðurinn var áður er nú fjölbýlishúsið Eiðistorg 5. Stórt fjölbýlishús, með niðurgröfnum kjallara, er nú á blettinum þar sem kálgarðurinn var áður.
**Hættumat:** engin hætta
**Heimildir:** Túnakort 1916

**GK-228:020** heimild um útihús 64°09.033N 21°59.193V
Inn á túnakort Hæðarenda (012) frá 1916 er merkt útihús um 6 m SSV af bæjarstæðinu. Útihúsið hefur áður verið við suðvesturhorn Suðurstrandar og Nesvegar, þar sem nú er bílaplan leiksskólans Mánabrekku.
Slétt bílaplan er nú þar sem áður var útihús frá Hæðarenda.
Ekkert sést til útihússins ofan svarðar.
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar
**Heimildir:** Túnakort 1916

**GK-228:021** heimild um kálgarð 64°09.038N 21°59.193V
Inn á túnakort Hæðarenda frá 1916 er merkt mannvirki um 5 m suðvestur af bæjarstæðinu sem að líkindum hefur verið kálgarður. Kálgarðurinn var áður þar sem nú er suðvesturhorn Suðurstrandar og Nesvegar. Sunnan til á því svæði sem kálgarðurinn var að líkindum áður á, er nú bílaplan leikskólans Mánabrekku. En að norðan er breið malbikuð gata, Suðurströnd. Ekkert sést til kálgarðsins.
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar
**Heimildir:** Túnakort 1916

**GK-228:022** *Boulogne Camp* frásögn herminjar 64°09.027N 21°59.259V
Á stríðsárunum var kampur í Hæðarendatúni. Kampurinn var nálægt því sem nú stendur leikskólinn Mánabrekka við gatnamót Suðurstrandar og Nesbrautar. Hann kann að hafa náð inn í Hrólfsskálaland til vesturs. Á þessum slóðum er nú malarplan og byggingar. Engin ummerki sjást um kampinn.
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**GK-228:023** heimild um leið 64°09.034N 21°58.864V
Í námsritgerð Guðrúnar Einarsdóttur segir (á bls. 7): "Einnig er merktur inn á kort Björns [Gunnlaugssonar frá 1834] vegslóði frá Reykjavík fram á nes. Liggur hann yfir Bráðræði og eftir Eiðsgranda en greinist svo í tvennt vestan við býlið Eiði. Þaðan liggur annar slóðinn sunnan við Valhús heim að Nesi [sjá 224:053], en hinn norðanvert við Valhús (þ.e. Valhúsahæð) [og er það sá angi sem skráður er hér]" Á öðrum stað (bls. 15) í ritgerðinni segir: "Þrátt fyrir að sú leið [þ.e. um Eiðsgranda] sé stytzt milli staðanna virðist hún hafa misst gildi sitt með tilkomu nýs vegar (Framnesvegar) og með breyttri búsetu á svæðinu." Öll ummerki um götuna eru horfin. Hún lá um Eiðsgranda en greindist þar í tvennt (sjá einnig 224:053) hér er nyrðri hlutinn skráður, sem lá áfram norðarlega á nesinu, yfir norðanverða Valhúsahæð. Gatan lá þar sem nú eru malbikaðar götur og íbúðarhúsabyggð. Merki hennar eru horfin í þéttbýlið.
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar
**Heimildir:** Guðrún Einarsdóttir. 1979, 7.

**GK-228:024** heimild um túngarð 64°15.263N 21°59.166V
Samkvæmt túnakorti frá 1916 var Káravík [006] býli sem var í byggð um 1886, en árið 1916 var kálgarður þar sem býlið var áður. "56. Túngarður í gamla Káravíkurtúninu, víðast um 1,5 m á breidd en ekki miklu hærri en túnið umhverfis. Garðurinn var um 100 m langur," segir í Fornleifaskráningu á Seltjarnarnesi. Túngarðurinn er nú horfinn undir malbikaða götu (Norðurströnd) og undir húsin Austurströnd 1 og 3, sem og bílastæði sem er í kringum húsin við Austurströnd.
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar
**Heimildir:** Túnakort 1916; Fornleifaskráning á Seltjarnarnesi ÁÓG, 22

# 6. Fornleifar og byggð

Seltjarnarneskaupstaður nær nú yfir svæði sem var vestasti og ysti hluti hins gamla Seltjarnarneshrepps. Flatarmál kaupstaðarlandsins er um 2,9 km2. Umfang fjara á Seltjarnarnesi er, eins og gefur að skilja, mikið og er áætlað flatarmál þeirra um 0,93 km2.

Seltjarnarnes er láglent og er stærstur hluti þess undir 15 m hæðarlínu. Á nesinu ber Valhúsahæð hæst og er hún 31 m.y.s. Á nesinu eru þrjár tjarnir (Bakkatjörn, Búðatjörn og Tjörn í Dal) en enginn lækur rennur á svæðinu. Inn í strönd Seltjarnarness skerast víkur og varir. Fjörurnar eru að jafnaði sendnar að sunnan- og vestanverðu en stórgrýttara er við norðurströndina. Landbrot við Seltjarnarnes er talsvert og hefur nesið oft orðið illa úti í óveðrum vegna sjávargangs og flóða. Ásýnd nessins breyttist talsvert í einu því minnisstæðasta, Básendaflóðinu 1799, þegar sjór gekk yfir nesið á rúmlega 500 m breiðu belti. Afleiðingar þessa flóðs urðu að Grótta rofnaði frá landi og fleiri jarðir á nesinu urðu aldrei aftur jafn byggilegar og áður.

Landslag og umhverfi á Seltjarnarnesi hafa tekið miklum breytingum á síðustu 100 árum eftir að þéttbýli fór að myndast. Nú er svo komið að allt austanvert svæðið, allt að Nesi, er þéttbýlt. Óbyggð svæði á Seltjarnarnesi eru nú um 1 km2 að flatarmáli og einkennast þau mest af túnum og graslendi þótt þar megi einnig finna móa, mela, votlendi og strandagróður.

Á Seltjarnarnesi eru tvö svæði sem eru friðlýst náttúrusvæði, annars vegar Grótta og hins vegar kollur Valhúsahæðar. Auk þessa eru Suðurnes og Seltjarnarnesfjörur í kringum nesið frá Bakka að Bygggarði, Suðurnes allt, Kotagrandi, Bakkagrandi og Bakkatjörn á Náttúruminjaskrá.[28]

***Bæjarhólar, bæjarstæði og býli***

Bæjarhólar myndast þar sem bæir hafa staðið á sama stað um aldir. Hólarnir verða til úr gólflögum sem hafa hlaðist upp í tímans rás, byggingarefni, torfi og grjóti og öskuhaugum. Í bæjarhólum er helst að leita upplýsinga um húsakost, fæðu og almenn lífsskilyrði til forna og þar eru mestar líkur á að finnist merkir gripir. Bæjarhólar eru því mikilvægir minjastaðir en jafnframt eru þeir sá minjaflokkur sem einna verst hefur farið í uppbyggingu í landbúnaði á þessari öld.

Alls sjást enn leifar 6 bæjarhóla á Seltjarnarnesi, á helmingi af lögbýlunum átta (á Lambastöðum, í Nesi, í Gróttu og Bygggarði) og á tveimur hjáleigum sem tilheyrðu Nesi,

[28] Samantektin hér að ofan byggir á upplýsingum úr útgefinni skýrslu um Náttúrufar á Setljarnarnesi.

þ.e. í Móakoti (224:004) og í Knútsborgum (224:023).

Víða á svæðinu hafa uppsafnaðar mannvistarleifar undir bæjum og býlum horfið vegna yngri bygginga, enda er stærstur hluti þess svæðiss sem skráður var á Seltjarnarnesi horfinn í þéttbýli. Bæjarhólar hafa þó horfið af öðrum orsökum, t.d. er bæjarhóll Eiðis löngu horfinn í sjó.

Ástand þeirra bæjarhóla sem enn sjást er að jafnaði nokkuð gott, sér í lagi ef haft er í huga að svæðið er allt innan bæjarmarka þéttbýlis þar sem landrými er mjög takmarkað. Undir gamla bænum á Lambastöðum (221:001) er talsverð hæð. Líklegt er þó að bærinn hafi verið byggður á náttúrulegri hæð en sökum bygginga, gatna og annara mannvirkja á svæðinu er nær ógjörningur að leggja mat á það á yfirborði hvort uppsafnaðar mannvistarleifar kunni að reynast undir sverði á Lambastöðum eða í næsta nágrenni. Líklegt verður þó að teljast að svo kunni að vera og því ber að fylgjast vel með öllu jarðraski á þessum slóðum. Í Gróttu (225:001) er greinilegur bæjarhóll á um 30 X 30 m svæði. Hóllinn er lágur (0,5 m á hæð) en ætla má að undir sverði sé að finna talsverðar mannvistarleifar. Í Bygggarði (226:001) voru síðustu leifar bæjarins brenndar árið 1984 og rústunum svo ýtt út. Ætla má að í þessum framkvæmdum hafi mannvistarleifum undir sverði verið raskað mikið. Á þessum stað er þó enn svolítil hæð (25 X 20 m stór en mest um 0,4 m á hæð). Ljóst er að þar eru mannvistarleifar undir sverði þótt þær séu sjálfsagt mikið raskaðar. Því ber að forðast frekara umrótrask á þessum stað. Sá bæjarhóll sem ber höfuð og herðar yfir aðra hóla á svæðinu, og þó að víðar væri leitað, er bæjarhóllinn í Nesi (224:001) sem er 100 X 105-125 m stór. Árið 1989 voru gerðar takmarkaðar fornleifarannsóknir á bæjarhólnum eins og áður var getið í kafla 3. Grafnar voru tvær holur austan við Nesstofu og skurður vestan við hana. Komu þar í ljós mörg byggingarstig og mannvistarlög allt niður á 2,55 m frá yfirborði. Líkur benda til að í hólnum séu minjar um mannvist allt frá fyrstu byggð í Nesi eða um 900. Við uppgröftinn kom í ljós að allur hóllinn ofan við 11,50 m.y.s. væri manngerður og að fyrstu byggingarnar á þessum slóðum hefði verið reistar á lágum hrygg eða hæð. Vestan við stofuna komu í ljós þykk ösku- og úrgangslög og má ætla að þau nái allt að 40 m til vesturs frá stofunni. Skurður sem grafinn var 1995 sýndi að ösku- og úrgangslög ná a.m.k. 35 m í austur frá stofunni. Á seinni öldum stóð bærinn austantil á hólnum og var Nesstofa vestan við bæinn. Síðasti torfbærinn mun hafa staðið fram á 19. öld.

Auk þeirra 8 bæja sem voru lögbýli árið 1847 og fjallað var um hér að ofan voru skráðir 40 bústaðir/býli. Í flestum tilfellum voru öll ummerki um býlin horfin en frá því voru þó nokkrar undantekningar. Myndarlegir bæjarhólar sáust á tveimur stöðum, í Móakoti (224:004) og í Knútsborg (224:023) í Neslandi. Elstu heimildir um Móakot eru úr Jarðabók

Árna og Páls frá 1703 en líklegt er að saga býlisins nái eitthvað lengra aftur. Móakot var fór í eyði um 1770. Greinilegur hóll (um 25 X 29 m stór og mest um 1 m á hæð) er í túninu þar sem Móakot stóð. Gera má ráð fyrir að hóllinn sé að mestu uppsafnaðar mannvistarleifar. Samkvæmt Seltirningabók byggði Thomas Knopf hús timburhús í Knútsborg 1730-1734. Af frásögninni að dæma mætti ætla að hús Thomasara væri fyrsta

| Númer | Nafn | Fyrst byggt /getið í ritheimild | Í eyði | Stað-setning | Ástand |
|---|---|---|---|---|---|
| GK-221:006 | Tjarnarhús | fyrir 1703 | 1898 | þekkt | horfin |
| GK-221:007 | Melhús | fyrir 1703 | á 20. öld | þekkt | horfin |
| GK-221:012 | Melstaður | á 19. öld | á 20. öld | þekkt | horfin |
| GK-221:013 | Vegamót | 1903 | hús stendur | þekkt | stendur |
| GK-221:014 | Melskot | rétt fyrir 1785 | 1786 | týnd | horfin |
| GK-222:002 | Hrólfskáli II | á 19. öld | hús stendur | þekkt | stendur |
| GK-222:005 | Vesturhús | 1880 | á 20. öld | þekkt | horfin |
| GK-223:002 | Bakki eldri | óvíst | óvíst | óviss | horfin |
| GK-223:006 | Bakkakot | 1870-1880 | hús stendur | þekkt | stendur |
| GK-223:007 | Steinsholt/Bakkakot | rétt fyrir 1900 | á 20. öld | þekkt | horfin |
| GK-223:008 | Pálshús | um 1900 | á 20. öld | þekkt | horfin |
| GK-223:013 | Litla-Bakkakot | fyrir 1870 | um 1900 | týnd | horfin |
| GK-224:004 | Móakot | fyrir 1703 | 1779 | þekkt | bæjarhóll |
| GK-224:018 | Litlibær | fyrir 1900* | 1930 | þekkt | þúst |
| GK-224:022 | Knútsborg nyrðri | síðari hluta 19. aldar | 1925 | þekkt | horfin |
| GK-224:023 | Knútsborg syðri | 1730* | 1925 | þekkt | bæjarhóll |
| GK-224:028 | Gestshús | fyrir 1703 | 1902 | þekkt | horfin |
| GK-224:033 | Ráðagerði | fyrir 1703 | hús stendur | þekkt | stendur |
| GK-224:035 | Nýibær | 1630-1559** | um 1980 | þekkt | horfin |
| GK-224:038 | Nýlenda | 1766* | 1902 | þekkt | horfin |
| GK-224:042 | Bollagarðar | 19. öld* | hús stendur | þekkt | torfbær horfinn |
| GK-224:043 | Þorsteinskot | 1845 | fyrir 1900 | þekkt | horfin |
| GK-224:060 | ónafngreindur bær | fyrir 1703 | fyrir 1703 | týnd | horfin |
| GK-224:061 | ónafngreindur bær | fyrir 1730 | fyrir 1703 | týnd | horfin |
| GK-224:063 | Jónshús | fyrir 1703 | 1786 | týnd | horfin |
| GK-224:064 | Þýskhús | fyrir 1703 | 1771 | týnd | horfin |
| GK-224:066 | Kot | fyrir 1703 | óvíst | týnd | horfin |
| GK-224:067 | Bakrangur | fyrir 1703 | óvíst | óviss | horfin |
| GK-224:068 | Norðurbær | fyrir 1703 | eftir 1755 | óviss | horfin |
| GK-224:069 | Jacobshús | fyrir 1703 | óvíst | óviss | horfin |
| GK-224:070 | Dugguhús | fyrir 1703 | óvíst | týnd | horfin |
| GK-224:092 | Eiríkskot | 1845 | fyrir 1900 | þekkt | horfin |
| GK-224:143 | Smiðshús | fyrir 1703 | óvíst | týnd | horfin |
| GK-225:002 | ónafngreindur bær | 1904 | 1970 | þekkt | stendur |
| GK-226:009 | ónafngreindur bær | fyrir 1703 | óvíst | þekkt | horfin |
| GK-226:010 | ónafngreindur bær | fyrir 1703 | óvíst | týnd | horfin |
| GK-226:011 | ónafngreindur bær | fyrir 1703 | óvíst | týnd | horfin |
| GK-226:012 | ónafngreindur bær | fyrir 1703 | óvíst | týnd | horfin |
| GK-227:004 | Pálsbær | 1852-1858 | hús stendur | þekkt | stendur |
| GK-227:007 | Mýrarhús yngri | 1905 | 1970 | þekkt | horfin |

íbúðarhúsið á þessum slóðum. Það má þó draga í efa og vel mögulegt að kot og eða þurrabúðir hafi getað verið byggðar á sama/svipuðum stað áður og bendir reisulegur bæjarhóllinn fremur til þess að þar kunni byggð að hafa varað um lengra skeið. Knútsborga er ekki getið í Jarðabók Árna og Páls, en mögulegt er að það sé einungis vegna þess að nafnabreyting hafi orðið á býlinu enda er, í Jarðabókinni, getið fjölmargra býla sem nú eru týnd. Af útliti að dæma má ætla að talsverðar mannvistarleifar reynist þar undir sverði. Sjálfur bærinn hefur staðið á háhólnum en á honum hefur einnig verið fjöldi kálgarða og útihúsa. Hóllinn hefur verið sléttaður en þar er nú talsverð órækt. Hann er um 50 X 35-40 m og er mest 1,5 m á hæð.

Ekki voru greinanlegir bæjarhólar á hinum býlunum/bústöðunum 38 sem skráð voru á Seltjarnarnesi en íbúðarhúsin á Vegamótum (221:013), í Hrólfsskála II (222:002), Bakkakoti (223:006), Pálshús (227:004) og vitahúsið í Gróttu (225:002) standa enn uppi.[29] Öll eru húsin byggð á árunum 1852-1904 og eru því elstu steinhús Seltjarnarness ef frá er talin sjálf Nesstofa. Þeirra elst er Pálshús byggt á 6. áratug 19. aldar. Auk þessara húsa stendur gamla timburhúsið í Ráðagerði enn. Það var byggt um á 9. áratug 19. aldar, er nýuppgert og mikil bæjarprýði á nesinu. Ekki eru eftir neinar tóftir gamalla bæja á Seltjarnarnesi. Þó má enn greina undirstöður Litlabæjar (224:018) þó að leifum bæjarins, sem var steinsteyptur, hafi verið rutt út.

Auk þeirra býla sem hér er getið byggðist talsverður fjöldi býla/íbúðarhúsa upp á Seltjarnarnesi á áratugunum fyrir miðja 20. öld. Upplýsingar um staðsetningu og sögu þessara yngri býla er að finna í Seltirningabók.

### *Útihús og túngarðar*

Eins og algengt var á Íslandi voru skepnuhús dreifð um tún á bæjum á skráningarsvæðinu til að dreifa áburði. Hlutfall útihúsa á Seltjarnarnesi var þó, eins og gefur að skilja, nokkuð lægra en á landbúnaðarsvæðum. Þess í stað voru fleiri byggingar tengdar sjósókn.

Aðeins voru skráð 46 útihús á Seltjarnarnesi og eru þá meðtalin með öll þau útihús sem þekkt eru innantúns á hjáleigum og smábýlum. Verður þetta hlutfall að teljast fremur lágt.

Á nesinu eru þekktar heimildir um tvö fjós, annars vegar í landi Melhúsa (sem

[29] Auk þessara húsa má nefna Bollagarða (224:042) þar sem stendur steinhús. Húsið er hins vegar ekki byggt fyrr en á 3. áratug 20. aldar og því telst það ekki til fornleifa. Það var hins vegar byggt á sama stað og áður stóð torfbær.

byggðist frá Lambastöðum sjá 221:029) en hins vegar í Hrólfsskála (222:020). Bæði húsin eru nú löngu horfin og svæðin komin á kaf í íbúðarhúsabyggð. Auk þessara fjósa er örnefnið *Fjósaklöpp* (sjá 222:011) þekkt í Hrólfsskálalandi og gæti það bent til þess að í námunda við hana hafi einnig staðið fjós. Ekki eru þekktar heimildir um fleiri forn fjós á Seltjarnarnesi en þó ólíklegt annað en þau hafi verið á flestum af stærri bæjunum. Líklegt er að þau hafi sumstaðar verið sambyggð gömlu torfbæjunum.

Ekkert fjárhús var skráð á Seltjarnarnesi og aðeins var skráð eitt hesthús (224:088). Það stóð í Nesi rétt norðan við þar sem hús apótekara stendur nú. Hesthúsið brann en úr leifunum var síðar sléttað.

Heimildir eru þekktar um eina skemmu (227:010) í landi Bakka og örnefnið *Smíðislaut* í Gróttu (225:013) gæti bent til smiðju en á hvorugum staðnum sjást nokkur ummerki um mannvirki. Ekki voru þekkt nákvæm hlutverk fleiri útihúsa á Seltjarnarnesi en skráð voru 39 útihús til viðbótar þar sem ekki var nákvæmlega vitað hvaða hlutverki húsið gegndi. Eins og gefur að skilja voru flest útihúsin í heimatúni stórbýlisins Ness, alls en þar voru

þekkt 12 þekkt útihús og auk þess 12 önnur útihús í heimatúnum hjáleiga sem tilheyrðu Nesi, flestar í Knútsborgum. Af öðrum bæjum á nesinu var algengast að þekkt væru 1-3 útihús. Undantekningar frá þessu eru Hrólfsskáli þar sem þekkt voru fjögur hús og Bygggarður þar sem þekkt voru sex. Ekki fundust greinilegar tóftir af neinu útihúsi á Seltjarnarnesi en óljósar þústir fjögurra húsa fundust þó. Þrjár þústanna voru í Nestúni (224:011-013). Þar hefur hluti túna ekki verið sléttaður með jarðýtu og má því vel greina þústir í túninu. Auk þess er ennþá greinileg ólöguleg þúst í landi Bygggarðs (sjá 226:006) sem merkt er inn á túnakort frá 1916 en gæti reyndar vel fremur tengst sjósókn heldur en skepnuhirðingu eða landbúnaði.

| **Bær** | **Fjöldi útihúsa** | **Númer** |
|---|---|---|
| Lambastaðir | 1 | 221:002 |
| Melstaður | 2 | 221:021, 029 |
| Hrólfsskáli | 4 | 222:003-004, 011, 020 |
| Bakki | 2 | 223:003 og 015 |
| Nes | 12 | 224:011-013, 084, 088, 127-133 |
| Bollagarður | 2 | 224:089-090 |
| Ráðagerði | 1 | 224:102 |
| Nýibær | 3 | 224:109-111 |
| Knútsborgum | 6 | 224:114, 116, 119, 120, 123-124 |
| Grótta | 2 | 225:003, 013 |
| Bygggarður | 6 | 226:002-006, 015 |
| Mýrarhús | 2 | 227:002-003 |
| Pálsbær | 2 | 227:010-011 |
| **SAMTALS** | **45 útihús** | |

Ljóst er að víða á Seltjarnarnesi geta leynst leifar útihúsa undir sverði innan túna eldri bæja. Þar sem nesið varð snemma þéttbýlt var eldri húsum víða rutt út og öll vitneskja um þau hefur í sumum tilfellum týnst niður á skömmum tíma. Vel er hugsanlegt að slíkar leifar hafi

þegar verið alveg eyðilagðar við byggingu íbúðarhúsa og annarra þéttbýlismannvirkja en rétt er að ítreka að varlega skal fara í allt umrót á nesinu, sérstaklega innan heimatúna eldri bæja.

### *Tún og túngarðar*

Eins og gefur að skilja, þegar haft er í huga að á Seltjarnarnesi er nú risið þéttbýli, er lítið sem ekkert af ósnortnum túnum á nesinu. Þó má minna á að í túninu innan túngarðs í Nesi hefur ótrúlega lítið verið raskað. Búið var að slétta allt túnið í Nesi árið 1916 þegar túnakort var gert og hefur það verið gert með hand- eða hestaverkfærum. Af þessu gamla túni er nú aðeins um þriðjungur óspilltur og er brýnt að ekki verði hróflað við því frekar. Þetta er svæðið vestan við Nesstofu og í því má enn sjá móta fyrir talsverðum rústum þótt yfir þær hafi verið sléttað. Ljóst er að öðrum túnum á skráningarsvæðinu hafi verið raskað, ýmist vegna sléttunar með stórtækum vinnuvélum eða vegna bygginga.

Ekki er ólíklegt að túngarður hafi á einhverjum tíma verið umhverfis heimatún flestra bæja og býla á Seltjarnarnesi, í það minnsta þeirra sem áttu einhverja túnskika umhverfis bæina. Leifar túngarða hafa varðveist á nokkrum stöðum á vestanverðu Seltjarnarnesi þar sem byggðinni sleppir en engar leifar túngarða hafa varðveist austan Þvergarðs.

Myndarlegasti túngarðurinn á svæðinu er túngarðurinn í Nesi (224:006). Hann hefur án efa áður legið umhverfis allt heimatúnið en hefur nú horfið í íbúðahúsabyggð að austan og verið sléttaður að norðan. Hann er greinilegastur sunnan túna en hann má þó einnig greina sem hrygg meðfram öllu túninu vestanverðu. Garðurinn er samtals um 480 m langur. Í hann var grafinn skurður árið 1996 til að reyna að aldursgreina hann. Merki um hleðslu reyndust hins vegar ógreinileg og engin gjóskulög voru yfir eða undir garðinum gáfu hugmynd um aldur hans. Þó var talið að hann væri mjög forn sökum þess hve mikil jarðvegsþykknun hafði orðið frá því hann var byggður. Í Riti hins konunglega íslenska lærdómsfélags kemur fram að árið 1781 veitti danska landbústjórnarfélagið Birni Jónssyni apótekara í Nesi „Felagsins minna verdlaunapening (Medaille) af silfri fyri 60 fadma af prydiligum og stekum griotgardi, og 200 fadma torfgards“[30] Líklegt er að þetta hafi verið túngarðurinn sem enn sést í Nesi hvort sem Björn vann að endurbótum eða stækkun garðsins.

Frá túngarðinum um heimatúnin á Nesi lágu tveir minni túngarðar, annars vegar garður umhverfis túnið á Litlabæ (sjá 224:118) og hins vegar garður umhverfis Knútsborgir (sjá 224:106). Hvorugar þessara garðleifa eru stæðilegar en þær má þó greina að mestum hluta umhverfis tún býlanna. Tún Ráðagerðis hafa einnig verið mörkuð túngarði (224:034).

[30] sbr. *Rit þess konunglega íslenzka lærdómslistafélags.* II, 278

Túngarðurinn er nú að stærstum hluta horfinn í tún en hann má þó greina að hluta sunnan og vestan túnsins.

Auk þeirra túngarða sem hér er getið er rétt að minnast á garð sem var hlaðinn utan um túnin í Gróttu og sést enn vel. Meginhlutverk garðsins var hins vegar að hefta sjóbrot og því verður fjallað um hann í kafla um önnur garðlög.

*Önnur garðlög og gerði*

Auk túngarða voru skráð 11 garðlög á Seltjarnarnesi. Flest þessara garðlaga (eða sjö) voru sjóvarnargarðar en slíkir garðar hafa verið hlaðnir við sjó á stóru svæði á Seltjarnarnesi. Flestir voru þeir meðfram ströndinni að norðan en að Gróttu meðtalinni voru sex af görðunum sjö sem skráðir voru við norðurströndina. Greinilegar leifar flestra sjóvarnargarðanna sáust og er líklegt að margir þeirra hafi verið endurhlaðnir og þeim viðhaldið allt fram á allra síðustu áratugi. Leifar sjóvarnargarða sjást á þremur stöðum í námunda við Bollagarða (224:041,050 og 083), norðvestan við Ráðagerði (224:047) og umhverfis Gróttu (225:012). Heimildir eru auk þess þekktar um sjóvarnargarð fram af Bakka (223:011) og Eiði (228:008) en báðir þeirra eru nú horfnir í framkvæmdir og/eða landbrot.

Ekki er ólíklegt að Seltirningar hafi víða hlaðið garða á merkjum, a.m.k milli stærri/eldri býla. Ef sú var raunin hafa fáir þeirra þó varðveist því nú er aðeins vitað um tvo garða sem gegndu slíku hlutverki. Annar er stutt garðlag, sem ekki virðist mjög fornt, á merkjum Bollagarða og Ness (224:098). Garðurinn er grjóthlaðinn en siginn og má greina hann á stuttum kafla milli sjávar og götunnar Norðurstrandar. Samkvæmt túnakorti frá 1916 áttu Bollagarðar þá einnig land vestan þessa garðs þar sem Bollagarðskot stóð áður. Því er hugsanlegt að garðurinn sé eldri en Bollagarðskot sem hafi þá, um miðja 19. öld, byggst út úr landi Ness, en runnið til Bollagarða eftir að kotið fer í eyði rétt fyrir 1900. Hinn landamerkjagarðurinn sem varðveist hefur á Seltjarnanesi er s.k. Þvergarður (224:045) sem skipti nesinu í tvennt, stranda á milli, um Valhúsahæð. Áætlað hefur verið að hann hafi upphaflega verið meira en 1 km á lengd en nú má greina hann á um 250 m kafla, þótt talsverðar eyður séu í hann hér og þar. Þegar grafið var fyrir grunni húss við Valhúsabraut 18 árið 1992 var garðurinn rofinn og sást hann þá allvel í sniði. Við það gafst tækifæri til að kanna hann og afstöðu gjóskulaga og voru fyrstu niðurstöður þær að hann hafi verið hlaðinn á bilinu frá 11. öld til miðrar 13. aldar.[31] Þvergarður því meðal elstu þekktu fornleifa á Seltjarnarnesi og ljóst að brýnt er að koma í veg fyrir frekari skemmdir á garðinum.

[31] Sjá nánar um garðinn í kafla um fyrri rannsóknir.

Auk þeirra garðlaga sem hér hafa verið talin upp voru tvö garðlög skráð með óþekkt hlutverk. Annað þessara garðlaga (224:046) gengur frá Þvergarði en fjarar fljótt út og því er lítið vitað um upprunalega legu þess eða líklegan tilgang. Hitt garðlagið (225:014) er í Gróttu og gægist undan sjóvarnargarði sem þar er greinilegur. Það er því eldra en varnargarðurinn en of lítið er þó greinilegt af þessum eldra garði til að hægt sé að setja fram tilgátur um líklegt hlutverk hans.

Talsvert ítarlegar heimildir eru um kálgarða á Seltjarnarnesi og kemur þar helst til að þeir eru gjarnan merktir inn á túnakort sem teiknuð voru af öllum túnum á nesinu árið 1916. Margir þessara kálgarða eru sjálfsagt ekki mjög fornir en þó má gera ráð fyrir að elstu garðarnir á nesinu geti jafnvel verið frá fyrstu árum kálræktar á Íslandi. Árið 1781 veitti danska landbústjórnarfélagið Birni Jónssyni apótekara í Nesi „Felagsins minna verdlaunapening (Medaille) af silfri fyri [garðhleðslur og] at hann auk þess hefir lagt mikla alúd á Alldinræktina" og bendir það til að töluverð kálrækt hafi verið í Nesi á þessum tíma. Í Ferðabók sinni getur Sveinn Pálsson þess einnig að stórir kálgarðar hafi verið komnir í Nes 1791.[32] Ekki er ólíklegt að á þessu skeiði hafi kálgarðar verið á fleiri stöðum á nesinu.

Samtals voru skráðir 35 kálgarðar á nesinu, flestir upp af áðurnefndum túnakortum og eru leifar þeirra allra, nema fjögurra, alveg horfnar. Leifar tveggja kálgarða, sem notaðir voru undir rófur og virðast fremur nýlegir, sjást í Neslandi. Annars vegar eru leifar garðs austan við Bollagarða (224:082) við malbikaðan göngustíg sem nú liggur um nesið. Aðeins er lítill hluti kálgarðsins (sem var hlaðinn utan um rófurækt) eftir. Hins vegar sjást leifar fremur stórs kálgarðs vestan við tún Knútsborga, alveg við sjó (sjá 224:085). Garðurinn er siginn og útflattur en merki hans eru þó greinileg. Leifar þriðja kálgarðsins, Sjávargarða (224:040), eru vel merkjanleg norðan götunnar Norðurstrandar. Gerðið er grjóthlaðið og samkvæmt örnefnaskrá voru þar ræktaðar kartöflur frá Nesbænum. Kristinn Einarsson, heimildamaður, man þó best eftir því þegar gerðið var notað sem naust og gert var að bátum í því. Hlutverk gerðisins hefur því breyst með tímanum en ólíkt mörgum öðrum fornleifum við norðurströnd Seltjarnarnes hefur því lítið verið raskað.

Samkvæmt heimildum frá 18. öld voru þá miklir kálgarðar í Nesi. Ekki lifir mikið af þeim nú en skammt austan við Nes, milli Nesstofu og lóðamarka við Neströð 7 má eru þó leifar af kálgarði, sem kann að stofni til að vera gamall (sjá 224:055).

Ýmsar fornleifar og örnefni á Seltjarnarnesi benda til að þar hafi einhvers konar rækt hafist snemma. Örnefnið Gerði er stundum talið benda til ræktunar og gætu því heitin

[32]*Rit þess konunglega íslenzka lærdómslistafélags.* II II, 278 og Ferðabók Sveins Pálssonar

*Ráðagerði* (224:034) og *Gerð*i (223:025) bent til að einhver ræktun hafi átt sér stað á umræddum slóðum. Sterkari vísbendingu gefa þó örnefnin *Bygggarður* og *Vælugerði* sem benda sterklega til kornræktar enda Væla talið dregið af fornnorræna orðinu Váll (Válir í ft.) sem merkir brenndar trjáleifar á sviðinni jörð og samkvæmt Sigurði Þórarinssyni er oftast notað í tengslum við e.k. akurrækt.[33] Engar leifar sjást nú um Vælugerði en samkvæmt örnefnalýsingu var þar áður hringlaga gerði í hlíð Valhúsahæðar.[34]

Skammt frá bæjarstæði Bygggarðs, við sjó, má greina sigið garðlag í jörðu (sjá 226:006-007) og sumarið 2004 tók fornleifafræðingurinn Margrét Hermanns Auðardóttir skurð í garðinn til að reyna að grennslast fyrir um hlutverk hans og aldur. Garðurinn reyndist byggður fast ofan á landnámslagið og telur Margrét hann vera frá fyrri hluta 10. aldar. Hún telur líklegt að garðurinn hafi verið „reistur utan um landskika þar sem bygg var ræktað” og þaðan sé nafnið Bygggarður komið þótt hún viðurkenni að erfitt sé að útiloka að garðurinn hafi getað gegnt öðru hlutverki.[35]

Síðla á 8. áratugnum veittu menn fyrst athygli hringlaga gerðum í heimatúni Ness. Síðan þá hafa gerðin verið mynduð úr lofti nokkrum sinnum, mæld upp og skurðir teknir í fjölmörg þeirra án þess að óyggjandi niðurstöður hafi fengist um hlutverk gerðanna. Samtals voru skráð 19 gerði eða þústir í heimatúni Ness. Af þeim teljast 14 til hinna dularfullu, hringlaga gerða. Af hinum fimm reyndust tvær þústir öskuhaugar eða rústahólar (224:015 og 017) og þrjár þústir til viðbótar voru túlkaðar sem útihús (sjá 224:011-013). Prufuskurðirnir leiddu í ljós að a.m.k. sex gerðanna virtust af sömu gerð og frá svipuðum tíma. Ljóst þótti að mannvirkin væru hvorki hýbýli manna né skepnuhús en ekki var hægt að gera upp á milli hvort líklegast væri að þau hefðu verið notuð til geymslu fyrir hey eða annan forða, verið notuð til kornræktunar eða e.t.v. þjónað hlutverki í ræktun og uppbyggingu túnsins.

### *Mannvirki tengd sauðfjárrækt (utan heimatúna)*

Lágt hlutfall skráðra fornleifa á Seltjarnarnesi tengdust sauðfjárbúskap. Þetta endurspeglast m.a. í því að aðeins ekkert fjárhús var þekkt á svæðinu þó ekki sé dregið í efa að þau hafa leynst víða. Í samræmi við það voru fáar minjar um fjárbúskap í úthögum og aðeins skráðar fimm slíkar minjar. Mjög misjafnt er hvað menn hafa kallað kvíar og hvað rétt eða stekk á svæðinu og virðast mismunandi mannvirki stundum ganga undir sömu nöfnum. Á svæðinu voru skráðar tvær kvíar, ein rétt, tveir stekkir og tvö sel sem þó reyndar falla utan

---

[33] Sjá Sigurður Þórarinsson. 1944 og Guðrún Einarsdóttir. 1979, 19-20.
[34] Ö-Seltjarnarnes AG, 3
[35] Sjá Margrét Hermanns Auðardóttir. 2005, 25 og víðar.

skráningarsvæðis og voru því ekki skoðuð á vettvangi.

Um 200 m suðaustur af Nesi var áður tvískipt tóft í túnjaðri (224:029) sem nú er horfin í íbúðarhúsabyggð. Í sjálfu sér er ekkert vitað um hlutverk tóftarinnar en fjarlægð frá bæ og staðsetning bendir til að hún gæti vel verið kvíar eða rétt, eins og hún var skráð í fornleifaskráningu frá 1980. Leifar af rétt eru miðju Suðurnesi (224: 075) við golfvöllinn sem þar er en framkvæmdir við malbikað bílastæði við golfskála hafa skemmt norðurhlið réttarinnar frá því fornleifaskráningin um 1980 var gerð. Stærstur hluti réttarinnar er þó enn sýnilegur og má sjá að henni hefur verið skipt í tvö hólf. Í örnefnaskrá kemur fram að réttin var notuð fram til 1930 en áður, eða fram til 1880 var þar „haft í kvíum" frá Hrólfsskála. Fjarlægð tóftarinnar frá Hrólfsskála er hins vegar svo mikil að samkvæmt hefðbundnum skilningi væri nær að ætla að þar hefði verið stekkur en kvíar sem oftast eru taldar í túnjaðri bæja. Í þessu samhengi má benda á að nokkur landshlutamunur er á hvernig heitin stekkur, rétt og kvíar eru notuð.

Kvíar frá Hrólfsskála (222:016) sáust lengi í hlíð Valhúsahæðar sunnanverðri, um 160 m norðan við bæinn. Tóftinni var lýst við fornleifaskráningu 1980 en síðan þá hefur hún orðið framkvæmdum við Valhúsaskóla að bráð og er nú alveg horfin.

Á Seltjarnarnesi voru skráðir 2 stekkir. Sá elsti sem vitað er um er Eiðisstekkur sem var um 550 m NNV við Eiði. Á honum byggðist bærinn Mýrarhús (227:001) upp um 1600 og því eru öll ummerki um stekkinn löngu horfin. Stekkur eða kvíar „lambastekkur" skv. heimild) frá Gróttu (225:008) var um 240 m frá bæ, þar sem nú er mitt sund milli Gróttu og lands.

Ekkert sel var skráð innan núverandi marka Seltjarnarnes en samkvæmt Jarðabók Árna og Páls áttu tveir bæir á nesinu selstöðu allfjarri heimahögunum. Þetta voru bæirnir Lambastaðir og Nes. Selstöðurnar voru utan þess svæðis sem rannsakað var veturinn 2005-2006 en samkvæmt upplýsingum á heimasíðu Ferlis hafa Ferlismenn heimsótt bæði selin og er þar að finna nokkrar upplýsingar um þau, þó sérstaklega Nessel (224:056).

Nessel hefur verið um 33 km ASA við Nes. Það er ofarlega í þverdal Seljadals norðanverðum. Samkvæmt uppdrætti frá Ómari Smára Ármannssyni, er þar ein þrískipt tóft og önnur óljósari en á milli þeirra rennur lækur. Tóftir Lambastaðasels (221:004) sjást einnig ennþá. Þær eru norðvestan undir Selfjalli, ofan Lækjarbotna, nærri læk sem þar rennur.[36] Staðsetning Nesssels endurspeglar þau ítök sem Nes hafi á fyrri öldum en það er athyglisvert að Lambastaðir eru eini bærinn utan sjálfs höfuðbýlisins sem virðist hafa átt selstöðu svo

[36] Sjá www.ferlir.is

fjarri heimahögunum. Staðreyndin er sérstakalega áhugaverð í ljósi þeirra vangavelta sem hafa verið settar fram um mögulegan aldur Lambastaða (sjá kafla um byggðasögu).

***Sjóminjar***

Minjar tengdar sjósókn voru einna algengastar minja á Seltjarnarnesi og þarf það e.t.v. ekki að koma á óvart þegar blómleg sjósókn Seltirninga í gegnum aldirnar er höfð í huga. Samtals voru skráðar 46 fornleifar tengdar sjósókn á Seltjarnarnesi. Af þessum fornleifum hefur þegar verið fjallað um sjö sjóvarnargarða en að neðan fylgir umfjöllun um aðrar minjar í þessum flokki.

Algengastar sjóminja á Seltjarnarnesi eru varir. Samtals voru skráðar 16 varir/lendingar, á öllum lögbýlunum átta og á mörgum af smærri býlunum. Um helmingur varanna er nú alveg horfinn í landfyllingu og umrót síðari tíma en hinar (221:003, 223:004, 224:037, 039 og 044, 225: 004, 226:008 og 228:009) má enn greina á fjöru. Varirnar á nesinu voru misgóðar en flestar þeirra þurfti að hreinsa reglulega þar sem stórgrýti vildi safnast í þær.

Þegar dreifing varanna er skoðuð má sjá að skörp skil eru í dreifingu milli norður- og suðurstrandar nessins og eru meira en tvöfalt fleiri varir norðanmegin á nesinu. Ástæður þessa munar kunna að vera margvíslegar en bent hefur verið á að líklega hafi þyngst vegið að styttra var á fiskimiðin frá norðanverðu nesinu. Hefur það að líkindum vegið þyngra heldur en hvort ryðja þurfti varirnar til að halda þeim hreinum.[37]

Heimildir eru þekktar um uppsátur á fjórum stöðum á Seltjarnarnesi (224:058, 224:071, 225:005 og 226:016) og sjást merki þeirra á einum stað (225:005).

Staðsetning fjögurra hjalla er þekkt á nesinu. Tveggja þeirra var getið í Jarðabók Árna og Páls frá 1703, annars vegar beint suður af Nesi (224:059) og hins vegar fram af verbúðum á Suðurnesi (224:142). Heimildir um hina hjallana tvo eru töluvert yngri. Annars vegar var hjallur þar sem enn stendur skúr við Bollagarðsvör (224:092) og hins vegar var hjallur í Gróttu (225:007) sem var skráður í fornleifaskráningu árið 1980 en er nú horfinn.

Þrjár sjóbúðir voru skráðar á Seltjarnarnesi. Um tvær þeirra, sjóbúð í Gróttu (225:015) og óstaðsetta sjóbúð í Neslandi (sjá 224:062), er getið í Jarðabók Árna og Páls frá 1703 en ummerki um hvoruga sjást nú á yfirborði. Sjóbúð var hins vegar byggð að nýju í Gróttu um 1930 (225:006) og stendur hún enn. Húsið er nú í eigu Rótaryklúbbs Seltjarnarness sem hefur látið gera húsið upp. Sjóbúðin er timburhús undir bárujárnsklæddu þaki og virðist vera í góðu ástandi.

[37] Sbr. t.d. Guðrún Einarsdóttir. 1979, 14-15.

Á Seltjarnarnesi voru þekktar heimildir um þrjár verbúðir. Reyndar eru heimildir um eina þeirra, verbúð í Hrólfsskála (222:009), óljósar. Í örnefnaskrá Ara Gíslasonar er getið um klett með grasi nálægt merkjum Bakka og Hrólfsskála og segir Ari „Þetta hefur trúlega fyrst verið verbúð“. Í örnefnaskrá Guðrúnar S. Magnúsdóttur segir hins vegar: „Kjartan (Einarsson) segir, að þarna hafi aldrei verið verbúð, eins og Ari Gíslason telur,“. Engar sannanir fyrir tilvíst verbúðarinnar hafa komið í ljós við umrót á þessum slóðum en þó er ekki hægt að fullyrða að þar hafi aldrei versjóbúð verið. Örnefnið Búðir var notað sem samheiti yfir þrjár verbúðir á Suðurnesi í landi Ness (sjá 224:025). Búðanna er getið í jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns frá 1703 og þar eru þær nefndar Stórabúð, Morastaðabúð og Hannesarbúð. Öll ummerki um verbúðirnar eru löngu horfin en staðsetning þeirra er þekkt, norðvestan við Búðatjörn/Fúlutjörn, á syðsta odda Suðurness.

Óljósar þústir verbúða eru í Bygggarði (sjá 226:007) og tók Margrét Hermanns Auðardóttir prufuskurði í þústina og nánasta umhverfi hennar árið 2004. Í henni fann hún þykkt gólflag sem hún taldi benda til mannvistar og taldi því líklegast að tóftin kynni að vera af verbúð þótt ekki væri  hægt að útiloka að hún væri sjóhús þar sem gert var að fiski og veiðarfæri voru geymd. Samkvæmt Margrét er verbúðin frá því á 16. öld.

Ýmsar fleiri minjar um sjósókn en þær sem hér hafa verið upptaldar er að finna á Seltjarnarnesi.

Í Suðurnesi var reist varða eða sundmerki um 1780. Varðan var reist til að auðvelda siglingu um Valhjúkasund og var endurreist mörgum sinnum áður en yfir lauk, síðast árið 1930 í atvinnubótavinnu. Sú varða var mikil og áberandi en skekktist slagviðri árið 1996 og var rifin eftir það.

Árið 1885 var reist ljósker fyrir sjófarendur á hæsta punkti Valhúsahæðar (sjá 227:020). Þar lýsti ljósið sjófarendum leið til 1895 en þá var farið að huga að Gróttuvita (225:009). Kveikt var á vitanum í Gróttu árið 1897 en öll ummerki um gamla vitann sem og ljóskerið á Valhúsahæð eru nú horfinn af yfirborði.

Mikil útgerð var stunduð frá Melhúsum á árunum 1914-1939. Þá stjórnaði Thor Jensen útgerðarfélaginu Kveldúlfi sem rak fiskverkun á hluta jarðarinnar. Í tengslum við hana voru lagðar sporbrautir, reist fiskþvottahús, blautfiskjarhús, miklir fiskreitir og verkafólkshús (sjá 224:024-025 og 028). Samkvæmt Seltirningabók voru öll þessi hús komin árið 1917. Í tengslum við útgerðina voru byggðar tvær bryggjur og sjást leifar þeirra beggja enn (sjá 221:023 og 026) en flest ummerki um önnur mannvirki eru horfin.

Þá eru upptaldar þær minjar um sjósókn sem skráðar voru á Seltjarnarnesi. Eins og með marga aðra minjaflokka má minna á að ekki er ólíklegt að fleiri minjar leynist undir

sverði, í þessu tilfelli við sjávarsíðuna. Meðfram mestallri strönd Seltjarnarness hefur verið lagður vegur og/eða malbikaður vegarslóði og rétt að ítreka að fara þarf varlega í frekari framkvæmdir við sjávarsíðuna.

***Leiðir***

Alls voru skráðar 27 leiðir á Seltjarnarnesi. Af þessum leiðum voru 16 heimreiðar/traðir, þ.e. slóðar sem lágu frá túnjaðri að bæjarstæðum. Flestar heimreiðanna voru skráðar upp af túnakortum frá 1916 en eru alveg horfnar (221:020, 022, 031, 222:012, 223:022, 224:056, 096, 105, 112, 115, 117,125 og 227:015) en leifar þriggja heimreiða sjást enn. Í Nesi eru greinilegar leifar af upphlaðinni heimreið (224:139) sem liggur frá suðurjaðri túna og til norðurs að Nesstofu. Líklega hefur þessi vegur verið í notkun langt fram eftir 20. öld þó að stofni til megi gera ráð fyrir að vegur hafi legið á þessum slóðum um aldir. Í Gróttu er enn slóði á svipuðum stað og gamla heimreiðin lá og upp frá Pálsbæ má einnig greina upphlaðinn veg til suðurs að lóðamörkum (sjá 227:012).

Gera má ráð fyrir því að frá flestum bæjum og býlum á Seltjarnarnesi hafi legið gata að sjó. Heimildir eru hins vegar aðeins þekktar um fimm slíkar leiðir.

Tjarnargata (224:051) lá frá suðurenda heimreiðar í Nesi og áfram suður til sjávar. Reyndar gekk götuslóði frá veginum og út á Suðurnes undir sama nafni. Enn má sjá móta fyrir hluta vegarins að Bakkatjörn en síðasti spölurinn niður að sjó er horfinn í framkvæmdir.

Sjávargata (224:108) hét slóði sem lá frá Nesi og til norðurs að Sjávargörðum og Norðurvör/Nesvör sem bærinn átti á norðanverðu nesinu. Engin merki sjást nú um götuna.

Gata (228:018) lá frá Eiði að sjó og önnur frá Nesvegi (226:017) norður að sjó á merkjum Bygggarðs og Mýrarhúsa. Slóði lá einnig frá Vesturvör í Bakkalandi að útihúsi (sjá 223:024) en ummerki um allar þessar götur eru nú horfin. Sömu sögu er að segja um ruddan vagnveg sem lagður var frá Bakka að Nesi þegar Nesstofa var byggð (sjá 224:054) og um Bollagarðsklif við Valhúsahæð (224:052) sem hefur líklega verið hluti af leið frá Bollagarði og yfir Valhúsahæð.

Alls voru skráðar fjórar götur á Seltjarnarnesi sem voru e.k. þjóðleiðir. Í fyrsta lagi er að nefna alfaraleið um sunnanvert nesið (221:008) sem lá um Lambagranda. Væntanlega hefur gatan legið áfram til vesturs meðfram suðurströnd nessins en engin ummerki sjást um hana nú. Önnur alfaraleið lá um norðanvert nesið, um Bráræði og eftir Eiðsgranda (228:023). Vestan við Eiði greindist gatan hins vegar í tvennt og hélt annar slóðinn áfram til vesturs aðeins sunnar, yfir norðanverða Valhúsahæð en hinn lá sunnan í Valhúsahæð (sjá 224:053) og var sá angi oft nefndur Læknisgata/Hreppstjóragata (reyndar er deilt um hvort það heiti sé

fremur réttnefni á þessum slóða eða þeim nyrðri).

Auk þeirra alfaraleiða um nesið sem hér hafa verið nefndar ber að nefna Nesveg (224:101) sem lá austur-vestur eftir miðju nesinu. Vægi hans jókst mikið á fyrri hluta 20. aldar en fram eftir öldinni var hann aðalvegurinn um nesið. Þar hefur eflaust vegið þungt uppbygging þéttbýlis og fiskverkunar í Lambastaðalandi.

Að samanlögðu má skipta gatnakerfi Seltjarnarness í þrennt. Frá Reykjavík hafa legið alfaraleiðir um allt nesið að norðan og sunnan og síðar eftir því miðju. Frá þessum götum hafa svo legið heimreiðar að flestum bæjum og býlum. Auk þeirra voru víða styttri slóðar innan landareigna, oftast t.d. frá bæ og að sjó.

***Vatnsból***

Eins og gefur að skilja hafa góð vatnsból skipt miklu máli á Seltjarnarnesi þar sem aðgangur að lækjum með ferskvatni var enginn. Á svæðinu voru samtals skráðir sjö brunnar en sjálfsagt hafa brunnar verið grafnir mun víðar þó staðsetning þeirra sé nú týnd.

Brunnur var í Hrólfsskála (222:017) og sjást merki hans ennþá. Brunnurinn var reyndar upphaflega um það bil 30 metrum norðar en þær brunnleifar sem nú sjást en þegar vegurinn Suðurströnd var lagður þurfti að færa hann. Efniviður úr eldri brunninum var notaður í þann yngri.

Leifar af þeim brunni sem mest var notaður í Nesi (224:003) eru enn greinilegar rétt utan við túngarð. Brunnurinn var hlaðinn en hefur nú verið byrgður með steinsteyptri plötu til að draga úr slysahættu.

Engin ummerki sjást nú um brunn við Litlabæ (224:027) en hann var greinilegur um 1980 þegar eldri fornleifaskráning var gerð.

Leifar annarra brunna á nesinu, við Ráðagerði (224:031), norðan við Nes (en hann tilheyrði Bygggarði 224:086), brunnur við Bollagarða (224:091) og brunnur við Pálshús (227:009) eru allir horfnir þó að flestir þeirra hafi verið í notkun fram eftir 20. öld og sést fram á 8.-9. áratuginn.

***Herminjar***

Í stríðsárunum voru umsvif hersins á Seltjarnarnesi mjög mikil. Samkvæmt Seltirningabók settist mikill fjöldi hermanna að á nesinu strax á fyrstu vikum hernámsins í maí 1940. Umfangsmest voru umsvif hersins á Valhúsahæð en þar var miðstöð strandvarna og eftirlit með skipaumferð á innanverðum Faxaflóa. Auk íbúðahverfis voru á hæðinni tvær sex

þumlunga strandvarnarbyssur sem verja áttu innsiglinguna til Reykjavíkur og þar reis einnig fyrsta ratsjárstöð Íslands sem tekin var í notkun haustið 1941. Byssurnar voru, ásamt sambærilegum byssum í Hvalfirði, stærstu skotvopn Breta hér á landi. Við stríðslok lentu þær undir uppfyllingu í Örfirisey. Hlutverk ratsjárstöðvarinnar á Valhúsahæð var að fylgjast með umferð í nágrenni Reykjavíkur og leiðsegja orrustuvélum að óvinavélum. Á Valhúsahæð voru einnig skotfærageymsla, skýli fyrir ljóskastara og rafal.[38] Í Suðurnesi var hlustunar- og miðlunarstöð fyrir fjarskipti, við Bollagarða eftirlitsstöð um skipaferðir og auk þess risu braggahverfi í Hæðarenda og við Sæból í Lambastaðahverfi.



*Strandvarnafallbyssur á Valhúsahæð. Úr bókinni Ísland í hers höndum (bls. 46).*

Ólíkt flestum öðrum þéttbýlisstöðum hér á landi þar sem umsvif hersins voru mikil urðu ekki til íslensk braggahverfi á Seltjarnarnesi eftir stríðslok, ef frá eru taldir nokkrir braggar í Hæðarenda (sem þá tilheyrði Reykjavík). Aðra bragga lét hreppsnefndin taka niður og flytja í burtu strax eftir stríðslok.[39]

Þrátt fyrir að braggabyggðin hafi fljótt horfið á Seltjarnarnesi leynast herminjar enn víða á nesinu og voru samtals skráðir 48 slíkar minjar. Lang umfangsmestar eru leifarnar á Valhúsahæð. Þar má greina fjöldamarga



*Víghreiður á Valhúsahæð. Úr bókinni Ísland í hers höndum.*

[38] Upplýsingar fengnar úr bók Friðþórs Eydals, Vígdrekar og Vopnagnýr, 40-43 og bók Þór Whiteheads Ísland í hers höndum, bls. 46.
[39] Heimir Þorleifsson. 1991, 39-42.



*Virkjagerðarmenn landgönguliðsins reisa miðunarstöð á Valhúsahæð. Úr bókinni*

grunna bragga, skotgryfjur, leifar varðhúss o.s.frv. Samtals voru skráðar 35 herminjar á Valhúsahæð, þar af voru 23 staðir á Valhúsahæð suðaustanverðri (sjá 227:013, 016-018, 021-035, 037-038 og 222:021) en 12 staðir á Valhúsahæð norðvestanverðri (sjá 223:012 og 026-028, 224:076-080, 227:039-041). Í flestum tilfellum voru einhverjar leifar mannvirkjanna sjáanlegar.



*Nisse-braggi rís á Valhúsahæð. Úr bókinni Ísland í hers höndum (bls.68).*

Auk minjananna á Valhúsahæð voru herminjar víðar á nesinu en öll ummerki um þær eru víða horfnar. Hætt er við að staðsetning slíkra minjastaða, sem alveg eru horfnir af yfirborði og sáust e.t.v. aðeins um stutt skeið, týnist fljótt niður þéttbýli. Þó var hægt að staðsetja margar af þeim horfnu herminjum sem þekktar voru, með aðstoð heimildamanna og upp úr útgefnum ritheimildum um svæðið. Þetta voru eftirfarandi staðir: 221:009 og 032, 223:029, 224:065, 107 og 144, 227:014 og 042 (sem reyndar tókst ekki að staðsetja nákvæmlega), 228:010 og 022. Greinilegar herminjar sáust á nokkrum stöðum utan Valhúsahæðar. Leifar tveggja ljóskastarastæða eru greinilegar nálægt Bollagörðum (sjá 224:099-100), leifar steinsteypts skotbyssuvígis í landi Hrólfsskála (222:018) og sömu sögu er að segja um ljóskastarahús á Suðurnesi (224:081).



*"Bandarískur landvarnarmaður í strandvígi vestast á Seltjarnarnesi." Úr bókinni Ísland í hers höndum (bls. 245).*

Ljóst er að umfang og staðsetning herminja á Seltjarnarnesi býður vel uppá að kynna þennan hluta sögu nessins fyrir almenningi og gera minjarnar aðgengilegar.

# 7. Verndun og kynning minja á skráningarsvæðinu

Eins og kemur fram í kafla um fornleifaskráningu þá teljast minjar í heimatúnum bæja sem eru enn í byggð sem og minjar innan bæjarmarka þéttbýlis að jafnaði í hættu. Því töldust flestar þær fornleifar sem skráðar voru á Seltjarnarnesi í hættu vegna ábúðar, þ.e. vegna nábýlis við þéttbýli enda hafa ýmsar framkvæmdir við vegi, byggingar og annað það umrót sem fylgir þéttbýli skemmt fjölmargar fornleifar á nesinu síðustu áratugi.

Þrátt fyrir að á Seltjarnarnesi hafi flestir minjastaðir verið taldir í hættu vegna ábúðar á svæðinu má benda á að bæjaryfirvöld hafa á síðustu árum sýnt talsverðan áhuga á fornleifum á svæðinu og hafa stuðlað að verndun valinna minjastaða. Þrátt fyrir góðan vilja hafa talsvert margir minjastaðir horfið af yfirborði á Seltjarnarnesi, jafnvel á þeim 25 árum sem liðin eru síðan fornleifaskráning var fyrst gerð á nesinu. Í eldri skráningu er því getið um fjölda minjastaða sem þá sást á yfirborði en hefur síðan verið skemmdur. Það er því rétt að ítreka að til að gagn sé í fornleifaskráningu sem þessari þarf hún að vera nýtt í skipulagsgerð og ef vel á að vera, kynnt framkvæmdaaðilum, bæjarstarfsmönnum og almenningi. Seltjarnarnesbær hefur unnið að því gera útivistarsvæði á nesinu aðgengileg og að kynna náttúrufegurð og minjar fyrir almenningi, en betur má ef duga skal. Ljóst er að enn má lífga upp á skemmtilegar gönguleiðir um nesið með fræðslu og skiltum. Til stendur til að reisa gagnvirka skjái á nokkrum stöðum á nesinu sem vel mætti nýta til að kynna sögu nessins og fornleifar fyrir gestum og heimamönnum.

Þrátt fyrir að landrými á Seltjarnarnesi sé takmarkað og þar hafi verið þéttbýlt um áratugi er þar enn að finna talsvert af fornleifum. Einhverjar leifar sjást enn af um þriðjungi minjastaða sem þar eru þekktir. Allar þær fornleifar sem skráðar voru á Seltjarnarnesi hafa varðveislu- og minjagildi en þær sem eru yngri en 100 ára[40] hafa ekki jafna stöðu á við hinar samkvæmt ramma laganna. Þessar fornleifar eru þó engu síður mikilvægt að varðveita og má í því samhengi minna á skemmtilegar herminjar sem er víða að finna á nesinu.

Engar friðlýstar fornleifar er að finna á Seltjarnarnesi en þar er þó fjöldi athyglisverðra minjastaða og minjaflokka. Hér verða nefndir nokkrir minjastaðir og minjaflokkar sem teljast, fyrir einhverra hluta sakir sérstaklega áhugaverðir.

1. *Brunnur í Hrólfsskála (222:017)*. Aðgengi að ferskvatni er eitt að þeim höfuðatriðum sem landnámsmenn þurftu að hafa í huga þegar þeir settu niður bæjarstæði. Oftast reyndu menn að setja bæi niður við lækjarsprænur eða ferskvötn en þar sem slíku var

[40] Þetta eru aðallega eru herminjar.

ekki að dreifa, eins og á Seltjarnarnesi, skiptu brunnar höfuðmáli. Á Seltjarnarnesi voru þeir víða en á flestum stöðum hafa öll ummerki um þá verið jöfnuð út. Brunnurinn í Hrólfsskála er hins vegar vel greinilegur og þó að hann hafi verið endurbyggður á fyrri hluta 20. aldar telst hann gott dæmi um hvernig Seltirningar öfluðu sér vatns á fyrri öldum. Sem slíkur hefur hann hefur gott varðveislu- og kynningargildi.

2. *Gerði í Bakkalandi, á Valhúsahæð (223:025).* Afar fáar minjar um hefðbundinn skepnubúskap hafa varðveist á Seltjarnarnesi. Gerðið á Valhúsahæð hefur líklegast verið e.k. aðhald fyrir búfénað (þó ekki sé útilokað að það geti hafa tengst ræktun). Leifar þess hafa að hluta verið skemmdar en mikilvægt að reyna að varðveita það sem eftir er. Gerðið hefur varðveislugildi.

3. *Bæjarhóll Ness, kirkjustæði og kirkjugarður (224:001-002)* eru án efa einar af mikilvægustu fornleifum Seltjarnarness. Bæjarhóllinn er gríðarstór (100 X 105-125 m) og rannsóknir sem gerðar voru á honum árið 1989 benda til að hann sé að mestu uppsafnaðar mannvistarleifar, allt niður á 2,55 m frá yfirborði. Líkur benda til að í hólnum séu minjar um mannvist allt frá fyrstu byggð í Nesi eða um 900. Hóllinn hefur gríðarlegt varðveislu- og rannsóknargildi. Kirkjan í Nesi hefur staðið austan við bæinn og hafa rannsóknir á svæðinu leitt í ljós líklega staðsetningu hennar. Við framkvæmdir við Nes hefur nokkrum sinnum verið komið niður á mannabein í gamla kirkjugarðinum og er ljóst að þeirra er að vænta á nokkuð stóru svæði. Á þessum slóðum má reikna með að séu talsverðar kirkjurústir auk leifa af kirkjugarði og grafa sem sjálfsagt ná aftur um margar aldir. Í raun er engin ástæða til að efast um að kirkjan í Nesi hafi, allt frá upphafi, staðið á svipuðum slóðum. Svæðið hefur mikið varðveislu- og rannsóknargildi.

4. *Túnið í Nesi og hringlaga mannvirki í því (224:005, 007-010, 014, 016, 019-021, 072 og 136-138).* Þegar túnakort fyrir Nes var gert árið 1916 var búið að slétta allt túnið og hefur það verið gert með handverkfærum. Aðeins er nú um þriðjungur af þessu gamla túni óspilltur. Þó að tún sé ekki mannvirki í eiginlegum skilningi þá má líta á gömul tún, líkt og það sem varðveist hefur í Nesi, sem menningarminjar. Brýnt er að ekki verið hróflað við Nestúni frekar og kemur þar bæði til að sjálft túnið hefur varðveislugildi en einnig hinar fjölmörgu þústir sem enn má greina í túninu þrátt fyrir sléttun. Þústunum var fyrst veitt athygli síðla á 8. áratugnum en síðan þá hafa gerðin verið mynduð úr lofti nokkrum sinnum, mæld upp og skurðir teknir í fjölmörg þeirra án þess að óyggjandi niðurstöður hafi fengist um hlutverk gerðanna. Af þústunum 19

teljast 14 til hinna s.k. gerða, þ.e. stórra sporöskju- og hringlaga garðlaga með órætt hlutverk. Ljóst þótti að mannvirkin væru hvorki hýbýli manna né skepnuhús og talið var líklegast að þau hefðu verið notuð til geymslu fyrir hey eða annan forða, verið notuð til kornræktunar eða e.t.v. þjónað hlutverki í ræktun og uppbyggingu túnsins. Hinar þústirnar töldust af útihúsum, öskuhaugum eða óræðir rústahólar (sjá 224:011-013, 015 og 017). Allar hafa rústirnar varðveislu- og kynningargildi.

5. *Túngarður um Nes og hjáleigur þess (224:006, 106 og 118)*. Túngarður hefur án efa girt af heimtún flestra lögbýlanna á Seltjarnarnesi og sumra hjáleignanna á einhverjum tímapunkti. Ummerki um slíka garða sjást þó óvíða. Túngarður um tún í Nesi og hjáleigur þess er stæðilegasti túngarður Seltjarnarness. Hann sést enn á stórum kafla, norðan og vestan við tún. Frá túngarðinum ganga svo garðlög sem hafa girt af bæði Litlabæ og Knútsborgir og má sjá móta fyrir þeim að stærstum hluta. Skurður var tekinn í túngarð Ness á 10. áratug 20. aldar en hann leiddi ekki í ljós upplýsingar um nákvæman aldur hans. Þó má ætla að garðurinn sé að stofni til gamall. Garðlögin í og við Nestún hafa varðveislu- og kynningargildi.
6. *Bæjarhóll Móakots (224:004)* er 100-120 m norðan við Nesstofu. Þar stóð eyðihjáleigan Móakot sem var í byggð frá a.m.k. 1703 en sjálfsagt hefur þar verið búið mun lengur. Bærinn var nýlega farinn í eyði 1779. Í Móakoti er reisulegur bæjarhóllinn (um 25 X 30 m stór og mest um 1 m á hæð). Erfitt er að sjá mikið lag á yfirborði hólsins, enda hefur hann verið sléttaður. Gera má ráð fyrir að hóllinn sé að mestu uppsafnaðar mannvistarleifar. Undir sverði á bæjarhól Móakots má án efa finna umtalsverðar leifar smábýlis frá síðmiðöldum og hefur hóllinn því mikið varðveislu- og rannsóknargildi.
7. Bæjarhóll Knútsborga syðri (224:023) er norðan við túnin í Nesi. Samkvæmt Seltirningabók byggði Thomas Knopf hús timburhús í Knútsborg 1730-1734. Af frásögninni að dæma mætti allt eins ætla að hús Thomasar hefði verið fyrsta íbúðarhúsið á þessum slóðum. Umfang bæjarhólsins bendir þó til að þar kunni búsetusaga að vera lengri og kot og eða þurrabúðir hafi getað verið byggðar á sama/svipuðum stað áður en Knopf byggði á hólnum. Af útliti bæjarhólsins á Knútsborgum að dæma má ætla að talsverðar mannvistarleifar reynist þar undir sverði. Sjálfur bærinn hefur staðið á háhólnum en á honum hefur einnig verið fjöldi kálgarða og útihúsa (sjá 119-124). Hóllinn hefur verið sléttaður en þar er nú talsverð órækt. Bæjarhóllinn hefur varðveislu- og rannsóknargildi.
8. *Norðurvör og Sjávargarðar (224:037 og 040)*. Nesbærinn átti varir bæði norðan og

sunnan við Nes. Sjávargata lá frá Nesi að Sjávargörðum 040 á norðurströndinni þar sem en sjást talsverðar leifar af gerði. Þar voru ræktaðar kartöflur en gerðið var einnig notað sem naust, enda var Norðurvör 037, vör Nesmanna, beint fram undan gerðinu. Á Seltjarnarnesi voru fjölmargar varir, sérstaklega meðfram nesinu norðanverðu og bera þær vott um umfangsmikla sjósókn Seltirninga. Vörin og gerðið hafa varðveislu- og kynningargildi.

9. *Bollagarðsvör og garður við hana (224:041 og 044)* voru í notkun fram eftir 20. öldinni og var þessum mannvirkjum því lengi haldið við. Vörin var flutt örlítið norðar þegar gatan Norðurströnd var lögð en merki yngri og eldri varar sjást enn. Staðurinn er fast við malbikaðan göngustíg um nesið og hann hefur gott varðveislu- og kynningargildi.

10. *Þvergarður (224:045)* skipti Seltjarnarnesi áður í tvennt. Garðurinn lá stranda á milli og er áætlað að upphaflega hafi hann verið meira en 1 km lá lengd en stór hluti hans hefur nú horfið í íbúðarhúsabyggð. Garðinn má þó enn greina á Valhúsahæð á um 250 m kafla. Snið í garðinn var rannsakað á 10. áratug 20. aldar og bentu þær rannsóknir til að elsti hluti garðsins væri hlaðinn talsvert fyrir 1226/1227 (Miðaldalagið) og taldi dr. Jóhann Helgason, sem skoðaði gjóskulög úr sniði, að elsti hluti garðsins hafi ekki verið byggður síðar en á en á 11. öld. Garðurinn er á meðal elstu þekktra fornleifa á Seltjarnarnesi og er mikilvægur til að skilja þróun byggðar á nesinu. Hann hefur varðveislu- og kynningargildi.

11. *Réttin á Suðurnesi (224:075)* er ein af afar fáum greinilegum leifum um fjárbúskap fyrri alda á Seltjarnarnesi. Samkvæmt örnefnaskrá var þar stekkur/kvíar frá Hrólfsskála fram til 1880 en fram til 1930 var réttin svo notuð sem fjárrétt. Stærstur hluti tóftarinnar er greinilegur fast sunnan við malbikað bílastæði við golfskálann í Suðurnesi. Framkvæmdir hafa skemmt norðurhluta réttarinnar og er rétt að ítreka að varlega sé farið í allar framkvæmdir sem ógnað geta réttinni. Hún hefur tvímælalaust varðveislu- og kynningargildi.

12. *Landamerkjasteinn (224:140)* á Valhúsahæð. Steinninn er við Þvergarð á Valhúsahæð miðri en í hann er klappað "LANDAMERKI". Ekkert er vitað um aldur áletrunarinnar og ekki er öruggt hvaða landamerki hann markaði. Steinninn er áberandi og áletrunin er enn skýr og greinileg. Steinninn hefur varðveislu- og kynningargildi.

13. *Beinafundur (224:141).* Árið 1983 kom í ljós talsvert af beinum á um 1 metra dýpi í norðvesturhorni lóðarinnar Nesbala 68, um 160 m sunnan við Nesstofu og rétt innan (norðan) við túngarðinn eins og hann hefur legið áður en byggt var á svæðinu. Ekki

var um að ræða heilar beinagrindur en finnandi taldi helst að um mannabein væri að ræða. Beinin voru aldrei rannsökuð og því var aldrei endanlega úr því skorið hvort þau væru í raun mannabein. Þess í stað voru þau grafin aftur þar sem þau höfðu komið í ljós. Beinafundurinn er fyrir margra hluta sakir athyglisverður. Ef um mannabein er að ræða er ljóst að þar er vel hugsanlegt að komið hafi verið niður á kuml þar sem fundurinn er talsvert langt frá kirkjugarðsleifum í Nesi en algengt var að setja kuml niður í túnjaðri. Staðurinn hefur því talsvert rannsóknargildi.

14. *Bæjarhóll Gróttu (225:001)* er einn af fáum reisulegum bæjarhólum Seltjarnarness. Hann hefur verið sléttaður og ekki er unnt að greina sérstakar tóftir eða hólf í honum þótt hann sé mishæðóttur og ójafn. Líklegt er að talsverðar mannvistarleifar leynist undir sverði í hólnum og hefur hann því mikið varðveislu- og rannsóknargildi.
15. *Lending o.fl. leifar um sjósókn í Gróttu (225:004-006).* Í Jarðabók Árna og Páls frá 1703 er getið um lendingu í Gróttu og hefur hún líklega verið á svipuðum stað og vör, uppsátur og sjóbúð voru fram eftir síðustu öld. Við lendinguna í Gróttu eru leifar 20. aldar útgerðar. Síðustu leifar sjósóknar á þessum slóðum eru leifar af bryggju og dráttarbraut, fyrir sunnan uppgerða sjóbúð. Þessar minjar hafa gott kynningargildi.
16. *Varnargarður umhverfis Gróttu (225:012).* Sjóvarnargarðar hafa víða verið hlaðnir meðfram sjávarsíðunni á Seltjarnarnesi. Varnargarðurinn umhverfis Gróttu er þó sá heillegasti enda nær hann langleiðina í kringum eyjuna. Greinilegt er að garðurinn er misgamall og hefur honum sjálfsagt verið haldið við fram eftir síðustu öld. Garðurinn er skemmtilegur minnisvarði um eina af þeim fjölmörgu tegundum mannvirkja sem Seltirningar komu sér upp í sambúð sinni við sjóinn og hefur mikið varðveislu- og kynningargildi sem slíkur.
17. *Herminjar á Valhúsahæð og víðar.* Eins og fram kemur í kaflanum um herminjar á Seltjarnarnesi leynast þær víða. Ástand herminja á Seltjarnarnesi er fremur gott. Herminjarnar hafa varðveislugildi og jafnframt gott kynningargildi. Sem dæmi um svæði sem mætti kynna almenningi eru víðtækar herminjar á Valhúsahæð norðaustan- og suðvestanverðri sem og stakstæðar leifar í góðu ástandi annars staðar á nesinu s.s. leifar tveggja ljóskastarastæða sem eru greinileg nálægt Bollagörðum (224:099-100), leifar uppistandandi, steinsteypts vélbyssuvígis í landi Hrólfsskála (222:018) og sömu sögu er að segja um ljóskastarahús á Suðurnesi (224:081).
18. *Í Bygggarðsvör (226:006-008)* eru leifar af byggingu tengdri sjósókn, fornu garðlagi og vör frá Bygggarði. Rannsóknir á þessum minjum hafa leitt í ljós að á þessu svæði er að finna minjar um sjósókn frá 16. öld og leifar garðlags sem byggt var skömmu

eftir að landnámslagið féll. Hlutverk garðlagsins er óþekkt en hugsanlegt er að það tengist ræktun og sé tengt örnefninu Bygggarði. Fleira kemur til greina s.s. að garðurinn hafi verið merkjagarður eða markað af heimatún, en ekki verður skorið úr um það að svo stöddu. Uppi eru hugmyndir um að endurgera bátavör við Bygggarð. Hugmyndirnar miða að því að hlaða upp sjóvarnargarð, naust, leiðavörðu, sjóbúð, smiðju, stakkstæði, fiskbyrgi og smíða spil og koma fyrir. Auk þess er áætlað að setja upp fræðsluskilti á svæðinu. Fyrstu áætlanir um verkið gerðu ráð fyrir gagngerum jarðvegsskiptum í vörinni en Margrét Hermanns Auðardóttir, sem fengin var til að rannsaka minjar við vörina, lagðist eindregið gegn slíkum framkvæmdum, enda myndu þær bæði skemma þær leifar sem enn sjást á yfirborði sem og þær mannvistarleifar sem reyndust undir sverði. Framhald uppbyggingar Bygggarðsvarar er því óljóst en staðurinn hefur varðveislu-, rannsóknar- og kynningargildi. Má mæla með að staðurinn verði kynntur almenningi, þótt markmiðið hljóti að vera að forðast aðgerðir sem miðast við uppbyggingu vararinnar á kostnað fornminja.

19. *Pálsbær (227:004)* er elsta hús Seltjarnarness að undanskilinni Nesstofu. Húsið, sem er steinhús, var sennilega fyrst reist á árunum 1852-58. Af túnakorti fyrir Pálsbæ frá 1916 má sjá að þá hefur heimreið legið að bænum úr suðri og austri og við bæinn voru þá þrjú útihús, eitt þeirra brunnhús, byggt yfir brunn skammt vestan við bæinn. Húsið er dæmi um lítið býli sem byggði á sjósókn í bland við búfjárrækt en hefur aðlagast breyttu byggðarmynstri og fallið inn í bæjarmyndina. Pálsbær er nú Víkurströnd 2 og hefur varðveislu- og kynningargildi. Húsið er á Húsafriðunarskrá ásamt fleiri húsum á Seltjarnarnesi.

Auk þeirra minjastaða sem hér hafa verið nefndir leynast skemmtilegir minjastaðir víðar á Seltjarnarnesi. Einnig má minna á að minjastaðir sem takmarkað gildi hafa einir og sér, geta gegnt mikilvægu hlutverki í tengslum við aðra minjastaði, t.d. til að miðla upplýsingum til almennings. Í þessu samhengi má t.d. nefna að minjar um sjósókn eru víða á Seltjarnarnesi og með því að tengja þessa minjastaði saman mætti flétta saman mikinn fróðleik um sögu nessins og fiskveiða sem fram eftir 20. öld var aðalífsviðurværi Seltirninga. Sömu sögu er að segja um minjar um kotbýli á nesinu o.s.frv.

Eins og kemur fram víða í þessari skýrslu hafa þegar verið gerðar talsverðar fornleifarannsóknir á Seltjarnarnesi, þó að flestar í séu í smáum stíl. Gera má ráð fyrir að spennandi fornleifar séu víða á nesinu undir sverði og eru möguleikar á frekari fornleifarannsóknum nokkrir, t.d. í bæjarhóla Móakot og/eða Knútsborga, í Búðir á Suðurnesi

og í heimatúni Ness. Einnig má benda á að áhugavert gæti reynst að reyna að skera úr um hvort beinafundur í túnfæti Ness, við Nesbala 68 sé í raun leifar mannabeina og þá hvort legstaðurinn sé hugsanlega kuml.

Eins og oft er raunin í þéttbýli hafa margir þeirra minjastaða sem þekktir eru á nesinu horfið í þéttbýli en víða má þó gera ráð fyrir að einhverjar leifar þeirra kunni að leynast undir sverði. Sökum hversu takmarkað landsvæði Seltjarnarnesbær á og hversu þétt byggðin á nesinu varð snemma (en um 1700 eru þekktir 37 bústaðir þar) er Seltjarnarnes afar þéttofið minjasvæði. Þetta ber að hafa í huga við framkvæmdir, enda líkur á því að koma niður á minjar undir sverði víða æði miklar. Ef Seltirningar hafa áhuga á að rannsaka og kynna frekar þær fjölmörgu fornleifar sem á svæðinu er að finna þarf að efla minjavernd á svæðinu. Of margar fornleifar hafa á undanförnum árum orðið framkvæmdum að bráð án þess að nokkrar rannsóknir færu fram á þeim. Gildi fornleifaskráningar felst m.a. í því að niðurstöður hennar séu kynntar fyrir framkvæmdaraðilum og bæjarstarfsmönnum og að skráin sé notuð til að koma í veg fyrir , eins framarlega og hægt er, að fornleifar séu skemmdar af vangá.

Forsvarsmenn Seltjarnarnesbæjar hafa á síðustu áratugum sýnt fornleifum á nesinu mikinn áhuga. Ýmsar hugmyndir hafa komið fram um fornleifarannsóknir á svæðinu og nú þegar hafa nokkrir staðir við göngustíga um nesið verið merktir með skiltum sem veita upplýsingar um sögu og náttúrufar. Uppi eru hugmyndir um að auka upplýsingar um náttúrufar og fornleifar á nesinu og af nógu er að taka þegar kemur að fornleifum. Að mörgu leyti má segja að Seltjarnarnes sé upplagt svæði til að kynna fornleifar fyrir almenningi. Þar eru góð útivistar- og göngusvæði og þegar liggja góðir, malbikaðir göngustígar um allt nesið. Við stíganna er víða talsvert af fornleifum og auk þess eru allar vegalengdir innnan nessins fremur stuttar. Auk stíga um strönd Seltjarnarness eru göngustígar á Valhúsahæð en þar mætti vel bæta við skiltum, t.d. um herminjar, landamerkjagarð og –stein. Að auki mætti vel tengja Nes og Nestún betur inn í gönguleiðir um nesið enda er þar að finna mikið af áhugaverðum minjastöðum.

Við kynningu á fornleifum á Seltjarnarnesi væri tilvalið að setja minjastaðina í víðara samhengi og fræða gesti og gangandi almennt um horfna búskaparhætti, sjósókn og menningarlandslag í sjávarbyggðum á Íslandi, enda má þar sjá margar gerðir fornleifa í góðu ástandi. Kynning minjastaðanna fyrir almenningi gæti auðveldlega aukið á gildi útivistar á Seltjarnarnesi en nesið, og þá sérstaklega vesturhluti þess, er þegar vinsælt útivistarsvæði.

# HEIMILDASKRÁ

Adolf Friðriksson og Orri Vésteinsson. 1995. *Fornleifarannsóknir í Nesi við Seltjörn III: Skýrsla um uppmælingar á minjum við Nesstofu.* Fornleifastofnun Íslands. Fjölrit nr. FS007-95013. Reykjavík.

Amarosi, Thomas, Thomas H. McGovern. 1990. *Zooarchaeological Investigations at Nesstofa, Seltjarnarnes, Iceland: A preliminary report to The Seltjarnarnes Museum, The National Museum of Iceland and The Icelandic Museum of Natural History.* Hunter College CUNY. New York.

Amorosi, Thomas, P. C. Magnússon, K. McGovern, T. H. Sadler, J. P. 1994. "An Archaeological Examination of the Midden at Nesstofa, Reykjavík, Iceland". Í NR. a. R. –C. Luff, P. (ritstj.). *Whither Environmental Archaeology?.* Oxbow Monographes 38. Oxbow, Oxford, 69-79.

Ax, Christina Folke. 2002. „Menningarmunur á Íslandi í lok 18. aldar" *Saga: tímarit sögufélags XL: I* 2002: 63-90.

Ágúst Ó. Georgsson. 1995. *Fornleifaskráning á Seltjarnarnesi.* Rannsóknaskýrslur fornleifadeildar. 1980: I. Birna Gunnarsdóttir gekk frá skýrslunni fyrir Umhverfisnefnd Seltjarnarness og Fornleifadeild Þjóðminjasafns Íslands.

Birna Gunnarsdóttir. 1996. *Fornleifarannsóknir í Nesi við Seltjörn VII: Viðnámsmælingar í túni við Nesstofu.* Fornleifastofnun Íslands. Fjölrit nr. FS029-95017. Reykjavík.

Björn Teitsson. 1974. *Safn til sögu Reykjavíkur.* „Byggð í Seltjarnarneshreppi hinum forna". Sögufélagið. Reykjavík.

*Bygggarðsvör á Seltjarnarnesi: Tillögur verkefnishóps um uppbyggingu á verstöð.* 15. október 2003. Skýrsla unnin fyrir Seltjarnarnesbæ.

**DI:** *Diplomatarium Islandicum eða Íslenskt fornbréfasafn* I-XVI. 1857-1972. Kaupmannahöfn/Reykjavík.

Friðþór Eydal. 1998. *Vígdrekar og vopnagnýr: Hvalfjörður og hlutur Íslands í orrustunni um Atlandshafið.* Bláskeggur. Reykjavík.

Garðar Guðmundsson. 1995. *Fornleifarannsóknir í Nesi við Seltjörn II: Athugun á ástandi jarðvegs og varðveisluskilyrðum jurta og dýraleifa í Nesi við Seltjörn 1995.* Fornleifastofnun Íslands. Fjölrit nr. FS006:95012. Reykjavík.

Guðmundur Ólafsson. 1981. *Öskuhaugur á Seltjarnarnesi*. Rannsóknaskýrslur Þjóðminjasafns 1981: VI. Þjóðminjasafn Íslands. Reykjavík.

Guðmundur Ólafsson og Kristinn Magnússon. 1992. *Þvergarður, forn landamerkjagarður á Seltjarnarnesi*. Rannsókn 11. september og 4. desember 1992 . Rannsóknaskýrslur fornleifadeildar 1992:XIII. Þjóðminjasafn Íslands. Reykjavík.

Guðmundur Ólafsson. 1997. *Nes við Seltjörn: Rannsókn í túni og vegarstæði vegna skipulags*. Rannsóknaskýrslur fornleifadeildar 1997:XVII. Þjóðminjasafn Íslands. Reykjavík.

Guðmundur Ólafsson. 2000. *Minnismerki við Nesstofu á Seltjarnarnesi*. Rannsóknaskýrslur 2000:1. Þjóðminjasafn Íslands. Reykjavík.

Haraldur Sigurðsson. 1978. *Kortasaga Íslands, frá lokum 16. aldar til 1848*. Reykjavík, Bókaútgáfa Menningarsjóðs og Þjóðminafélagsins.

Heimir Þorleifsson. 1991. *Seltirningabók.* Valhúsaútgáfan. Seltjarnarnes.

Hildur Gestsdóttir og Orri Vésteinsson. 1996. *Fornleifarannsóknir í Nesi við Seltjörn V: Skýrsla um fornleifauppgröft í túni við Nesstofu 1996.* Fornleifastofnun Íslands. Fjölrit nr. FS027:95015. Reykjavík.

Horsley, T. J. 2004. *The potential of Geophysical Propection Techniques for Archaeological Field Evalutation in Iceland.* Department of Archaeological Science. University of Bradford.

**ÍF I**: *Íslendingabók. Landnámabók.* 1968. Jakob Benediktsson gaf út. Hið íslenzka fornritafélag. Reykjavík.

**ÍF XVII:** *Biskupasögur I-III.* 1998. Guðrún Ása Grímsdóttir gaf út. Hið íslenzka fornritafélag. Reykjavík.

*Íslenska alfræðiorðabókin II: H-O.* 1990. Dóra Hafsteinsdóttir o.fl. ritstýrðu. Örn og Örlygur. Reykjavík.

**JÁM III:** *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns.* III. bindi. Kaupmannahöfn, 1943.

Jóhann Helgason. 1995 „Fornminjar á Seltjarnarnesi: Þvergarður á Valhúsahæð“ *í Eldhafi: Safn greina um náttúrufræði.* Afmælisrit til heiðurs Jóni Jónssyni fil. lic. jarðfræðingi 85 ára þann 3. október 1995. Reykjavík: Gott mál. 1995, bls. 151-158.

Kristinn Einarsson. „Efst við Vesturströnd.” *Heima er bezt*, 3. tbl. 46. árgangur.

Kristinn Magnússon. 1993. *Bráðabirgðaskýrsla um fornleifarnnsókn á Seltjarnarnesi.*

Kristinn Magnússon. 1995. *Fornleifarannsókn á Seltjarnarnesi 1993*. Rannsóknarskýrsla. Þjóðminjasafn Íslands. Reykjavík.

Orri Vésteinsson. 1995a. *Fornleifarannsóknir í Nesi við Seltjörn I: Skýrsla um uppgröft 1995.* Fornleifastofnun Íslands. Fjölrit nr. FS005:95011. Reykjavík.

Orri Vésteinsson. 1995b. *Fornleifarannsóknir í Nesi við Seltjörn IV: Tillögur um rannsóknir og kynningu á menningarminjum í Nesi.* Fornleifastofnun Íslands. Fjölrit nr. FS008-95014. Reykjavík.

Orri Vésteinsson. 1995c. „Kirkja og kirkjugarður í Nesi við Seltjörn.“. *Árbók hins íslenzka fornleifafélags 1995.* Reykjavík. 1997, bls. 99-122.

Orri Vésteinsson. 1997. „Íslenska sóknarskipulagið og samband heimila á miðöldum.“. Í *Íslenska söguþingið: Ráðstefnurit I.* Guðmundur J. Guðmundsson og Eiríkur K. Björnsson (ritstj.). Sagnfræðistofnun Háskóla Íslands. Reykjavík.

Ólafur Lárusson. 1936. „Hversu Seltjarnarnes byggðist.“. *Landnám Ingólfs II.* Reykjavík.

Ólafur Lárusson. 1944. *Byggð og saga.* Ísafoldarprentsmiðja, Reykjavík.

Margrét Hermanns Auðardóttir. 2004a. *Varðveisla, rannsóknir og kynning á fornminjum og fleiru sem varða sögu og náttúrufar Seltjarnarness.* Seltjarnarnesi, 6. október 2004.

Margrét Hermanns Auðardóttir. 2004b. *Vegna jarðvegskönnunar Seltjarnarnesbæjar við suðurenda Nesstofu 28.06.2004.* Seltjarnarnesi, 8. ágúst 2004.

Margrét Hermanns Auðardóttir. 2005. *Fornleifarannsóknir við Bygggarðsvör á Seltjarnarnesi 2004.* Skýrsla fyrir Seltjarnarnesbæ.

Matthildur Birna Stefánsdóttir. 1996. *Fornleifarannsóknir í Nesi við Seltjörn V: Efnasambönd fosfórs í jarðvegi við Nesstofu á Seltjarnarnesi.* Fornleifastofnun Íslands. Fjölrit nr. FS028:9516. Reykjavík.

*Náttúrufar á Seltjarnarnesi: Skýrsla unnin fyrir Seltjarnarnesbæ 1987-1997.* Náttúrufræðistofnun Íslands og Líffræðistofnun Háskólans. 1997. Höfundar efnis Kristbjörn Egilsson, Sveinn Jakobsson, Ævar Peteresen, Jóhann Óli Hilmarsson, Agnar Ingólfsson og María Björk Steinarsdóttir. Seltjarnarnesbær.

*Tillögur verkefnishóps um uppbyggingu á verstöð við Bygggarðsvör á Seltjarnarnesi.* 2003. Seltjarnarnesi, 15. október 2003.

*Rit þess konunglega íslenzka lærdómslistafélags.* 1781-1798. Kaupmannahöfn.

Sigurður Þórarinsson. 1944. *Tefrokronologiska studier på Island: Þjórsárdalur och förödelse.* Ejnar Munksgaard. Kaupmannahöfn.

Sigurjón Páll Ísaksson og Þorgeir S. Helgason. 1994. *Kirkjan í Nesi við Seltjörn: Jarðsjármælingar austan Nesstofu og yfir hringa í túni.* Skýrsla unnin fyrir Rótarýklúbb Seltjarnarness, Læknafélag Íslands og Seltjarnarnesbæ. Línuhönnun hf.

Sigurjón Páll Ísaksson og Þorgeir S. Helgason.1995a. “Vetrarmyndir frá Nesi við Seltjörn og

Laugarnesi.” *Árbók hins íslenzka fornleifafélags 1994: 149-161.* Reykjavík.

Sigurjón Páll Ísaksson og Þorgeir S. Helgason. 1995b. *Nes við Seltjörn: Samanburður á jarðsjár-mælingu og uppgrefti.* Línuhönnun hf.

*Sturlunga Saga I-II.* 1988. Örnólfur Thorsson ritstj. Svart á hvítu. Reykjavík.

Sveinn Pálsson. 1983. *Ferðabók Sveins Pálssonar : dagbækur og ritgerðir 1791-1797.* Örn og Örlygur. Reykjavík.

Vilhjálmur Örn Vilhjálmsson. 1990. *Fornleifarannsókn við Nesstofu 1989.* Rannsóknarskýrsla. Þjóðminjasafn Íslands. Reykjavík.

Vilmundur Jónsson. 1969. *Lækningar og saga I og II.* Bókaútgáfa menningarsjóðs. Reykjavík.

Þór Whitehead. 2002. *Ísland í hers höndum.* Vaka-Helgafell. Reykjavík.

*Örnefnaloftmynd fyrir Seltjarnarnesi.* 1979. Mælikvarði 1:4000. Kortið er hluti af B.S. verkefni í landafræði við Háskóla Íslands, unnið af Guðrúnu Einarsdóttur. Gerð og útgáfa kortsins er kostuð af Rótarýklúbbi Seltjarnarness. Kortgrunnur er loftljósmynd frá Landmælingum Íslands, tekin 9. september 1978.

**Óútgefið efni**

**Þjóðskjalasafn Íslands**

**Túnakort**: Uppdrættir af túnum á Seltjarnarnesi 1916. Þjóðskjalasafn Íslands.

**Örnefnastofnun Íslands**

Ö-Seltjarnarnes (afréttur): Ari Gíslason skráði. Jónína Hafsteinsdóttir gekk frá handriti. *Afréttur Seltirninga.*

Ö-Seltjarnarnes. Ari Gíslason skráði. Samlesið G.Þ.G. *Reykjavík og Seltjarnarnes.*

Ö-Seltjarnarnes GSM. Guðrún S. Magnúsdóttir skráði. 1976. *Örnefnaskrá fyrir Seltjarnarnes.* Heimildamenn voru Kjartan Einarsson og kona hans Unnur Óladóttir. Örnefnin voru skráð eftir Kjartani í október 1975.

**Annað**

Guðmundur Ólafsson. 1979. *Beinafundur hjá Nesstofu við Seltjörn 20. desember 1979:*

*Afstöðumynd.* Þjóðminjasafn Íslands.

Guðrún Einarsdóttir. 1979. *Örnefni á Seltjarnarnesi*. B.S. verkefni í landafræði við Háskóla Íslands. Júní 1979.

*Kort verkfræðistofunnar Hnits af túni Ness frá um 1950.*

Kristinn Magnússon. 1994. Bréf til Þjóðminjasafns um beinafund við Neströð, dags. 22.02.1994. Þjóðminjasafn Íslands.

Kristinn Magnússon. 2003. *Verstöð við Bygggarðavör á Seltjarnarnesi: Hugleiðing um útfærslu*. Skýrsla unnin fyrir Seltjarnarnesbæ.

Ómar Smári Ármannsson. Bréf til Elínar Óskar Hreiðarsdóttur, dagsett 16. mars 2006.

Þór Whitehead. Bréf til Elínar Óskar Hreiðarsdóttur, dagsett 3. apríl 2006.

www.ferlir.is

Heimildamenn:

Birgir Þórarinsson fæddur 1954.

Guðmundur Halldórsson

Heimir Þorleifsson fæddur 1936.

Jón Pálsson

Jónína K. Helgadóttir fædd 1945.

Kristinn Einarsson fæddur 1926.

Margrét Pálsdóttir fædd 1943.

Ólafur Pétursson fæddur 1939.

Sigurður Pétursson fæddur 1944.

# Hnit í landshnitakerfi (ISN 93)

| Númer minjastaðar | X-hnit | Y-hnit |
|---|---|---|
| 221001 | 354785.77 | 408309.75 |
| 221002 | 354771.77 | 408281.35 |
| 221003 | 354754.21 | 408256.89 |
| 221005 | 354750.86 | 408252.16 |
| 221006 | 354946.71 | 408193.58 |
| 221007 | 354634.29 | 408477.4 |
| 221008 | 355005.88 | 408192.4 |
| 221009 | 354884.39 | 408502.84 |
| 221010 | 354810.62 | 408486.47 |
| 221011 | 355100.95 | 408144.67 |
| 221012 | 354706.28 | 408547.81 |
| 221013 | 355149.47 | 408252.55 |
| 221015 | 354773.74 | 408319.61 |
| 221016 | 354804.7 | 408307.38 |
| 221017 | 354764.07 | 408287.86 |
| 221018 | 354763.68 | 408269.12 |
| 221019 | 354835.87 | 408225.93 |
| 221020 | 354846.71 | 408357.28 |
| 221021 | 354702.34 | 408546.24 |
| 221022 | 354690.11 | 408502.06 |
| 221023 | 354467.43 | 408519.02 |
| 221024 | 354477.49 | 408520.99 |
| 221025 | 354506.48 | 408523.75 |
| 221026 | 354624.63 | 408325.33 |
| 221027 | 355087.34 | 408139.34 |
| 221028 | 354528.57 | 408496.14 |
| 221029 | 354629.95 | 408480.75 |
| 221030 | 355142.76 | 408264.19 |
| 221031 | 354758.16 | 408523.95 |
| 221032 | 355021.66 | 408266.95 |
| 222001 | 354266.25 | 408651.76 |
| 222001 torfb | 354260.93 | 408627.5 |
| 222002 | 354355.4 | 408621.58 |
| 222003 | 354269.41 | 408666.55 |
| 222004 | 354260.33 | 408664.58 |
| 222005 | 354255.4 | 408649.19 |
| 222006 | 354271.97 | 408545.45 |
| 222007 | 354206.09 | 408556.3 |
| 222008 | 354104.91 | 408584.5 |
| 222009 | 354195.84 | 408983.11 |
| 222010 | 354222.86 | 408815.26 |
| 222011 | 354104.91 | 408564.18 |
| 222012a | 354297.41 | 408651.95 |
| 222012b | 354157.57 | 408678.38 |
| 222012c | 353966.06 | 408813.88 |
| 222013 | 354233.51 | 408655.11 |
| 222014 | 354233.9 | 408639.53 |
| 222015 | 354252.25 | 408603.24 |
| 222015b | 354260.53 | 408619.02 |
| 222015c | 354264.67 | 408615.27 |

| Númer minjastaðar | X-hnit | Y-hnit |
|---|---|---|
| 222015d | 354254.02 | 408622.96 |
| 222016 | 354206.09 | 408556.1 |
| 222017 | 354202.94 | 408622.96 |
| 222018 | 354144.56 | 408593.38 |
| 222019 | 354141.6 | 408606.2 |
| 222020 | 354273.35 | 408638.94 |
| 222021 | 354388.93 | 409023.15 |
| 223001 | 353993.28 | 408831.04 |
| 223001 eldra | 353930.56 | 408808.95 |
| 223002 | 353308.48 | 409339.12 |
| 223003 | 353941.6 | 408799.49 |
| 223004 | 353893.48 | 408810.14 |
| 223005 | 353954.23 | 408722.56 |
| 223006 | 353898.41 | 409000.86 |
| 223007 | 354013.79 | 408962.4 |
| 223008 | 353860.93 | 409063.19 |
| 223009 | 353931.35 | 408894.55 |
| 223010 | 353954.42 | 408721.58 |
| 223005 | 353954.23 | 408722.56 |
| 223012 | 354242.98 | 409162.99 |
| 223013 | 353898.41 | 409000.47 |
| 223014 | 353938.45 | 408792.98 |
| 223015 | 353918.72 | 408983.11 |
| 223016 | 353896.24 | 408987.25 |
| 223017 | 353919.12 | 409021.38 |
| 223018 | 353886.38 | 409028.28 |
| 223019 | 353865.86 | 409010.72 |
| 223020 | 353840.82 | 409074.83 |
| 223021 | 353845.35 | 409049.58 |
| 223022a | 353856.2 | 409067.53 |
| 223022b | 353822.47 | 409046.42 |
| 223023 | 354034.3 | 408969.5 |
| 223024a | 353900.38 | 408834.4 |
| 223024b | 353925.23 | 408982.13 |
| 223025a | 354234.3 | 409171.67 |
| 223025b | 354208.86 | 409185.48 |
| 223025c | 354189.53 | 409148.59 |
| 223025d | 354194.26 | 409143.66 |
| 223026 | 354256.19 | 409204.21 |
| 223027 | 354209.64 | 409158.45 |
| 223028 | 354258.36 | 409189.22 |
| 224001 | 353729.57 | 409584.29 |
| 224002 | 353778.88 | 409567.32 |
| 224003 | 353651.47 | 409410.72 |
| 224004 | 353754.43 | 409712.49 |
| 224005 | 353682.04 | 409748.19 |
| 224006A | 353713.01 | 409413.87 |
| 224006B | 353688.35 | 409398.29 |
| 224006C | 353656.79 | 409418.21 |
| 224006D | 353652.85 | 409421.96 |

| Númer minjastaðar | X-hnit | Y-hnit |
|---|---|---|
| 224006E | 353632.14 | 409429.06 |
| 224006F | 353603.15 | 409442.47 |
| 224006G | 353548.32 | 409516.83 |
| 224006H | 353524.25 | 409561.21 |
| 224006I | 353514.98 | 409592.77 |
| 224006J | 353506.9 | 409615.25 |
| 224006K | 353519.12 | 409667.32 |
| 224006L | 353549.5 | 409708.94 |
| 224006M | 353585.2 | 409743.26 |
| 224007 | 353621.49 | 409577.97 |
| 224008 | 353557.98 | 409579.35 |
| 224009 | 353658.18 | 409647.6 |
| 224010 | 353695.06 | 409662 |
| 224011 | 353620.9 | 409718.8 |
| 224012 | 353695.45 | 409448.78 |
| 224013 | 353591.31 | 409504.01 |
| 224014 | 353573.56 | 409528.27 |
| 224015 | 353577.51 | 409696.31 |
| 224016 | 353572.58 | 409616.24 |
| 224017 | 353653.64 | 409629.25 |
| 224018 | 353499.01 | 409772.05 |
| 224019 | 353543.38 | 409740.5 |
| 224020 | 353496.44 | 409654.7 |
| 224021 | 353491.31 | 409703.42 |
| 224022 | 353448.51 | 409752.33 |
| 224023 | 353430.17 | 409728.07 |
| 224025 | 352617.96 | 408779.96 |
| 224026 | 352633.93 | 408733.22 |
| 224027 | 353410.25 | 409807.36 |
| 224028 | 353905.9 | 409528.66 |
| 224029 | 353849.1 | 409419.4 |
| 224030 | 353406.7 | 409622.94 |
| 224031 | 353569.42 | 410070.27 |
| 224032 | 353612.22 | 410130.03 |
| 224033 | 353681.45 | 409971.26 |
| 224034A | 353671.78 | 409894.73 |
| 224034B | 353647.92 | 409909.72 |
| 224034C | 353618.14 | 409930.24 |
| 224034D | 353615.18 | 409941.87 |
| 224035 | 353771.39 | 409788.82 |
| 224035A | 353753.24 | 409768.11 |
| 224036 | 353929.37 | 409863.18 |
| 224037 | 354034.3 | 409824.32 |
| 224038 | 353969.02 | 409522.55 |
| 224039 | 354106.1 | 409786.06 |
| 224040A | 354000.18 | 409811.5 |
| 224040B | 354014.58 | 409805.98 |
| 224040C | 354017.54 | 409804.79 |
| 224040D | 354011.62 | 409792.37 |
| 224040E | 354020.69 | 409803.81 |
| 224040F | 354047.71 | 409790.59 |
| 224041 | 354257.97 | 409699.47 |
| 224042 | 354244.95 | 409674.42 |

| Númer minjastaðar | X-hnit | Y-hnit |
|---|---|---|
| 224043 | 354214.97 | 409676.39 |
| 224044 | 354277.49 | 409692.76 |
| 224045 | 354221.28 | 409125.52 |
| 224045A | 354222.27 | 409123.15 |
| 224045B | 354240.81 | 409164.96 |
| 224045C | 354250.08 | 409174.63 |
| 224045D | 354267.83 | 409212.1 |
| 224045E | 354270.99 | 409217.82 |
| 224045F | 354297.22 | 409277.78 |
| 224045G | 354302.94 | 409287.05 |
| 224045H | 354319.11 | 409318.02 |
| 224045I | 354327.2 | 409336.16 |
| 224046 | 354273.15 | 409236.95 |
| 224047 | 353611.63 | 410131.61 |
| 224047A | 353460.94 | 410124.51 |
| 224047B | 353485.59 | 410121.55 |
| 224047C | 353492.5 | 410118.79 |
| 224047D | 353523.27 | 410114.26 |
| 224047E | 353572.97 | 410102.62 |
| 224047F | 353575.53 | 410080.73 |
| 224047G | 353590.13 | 410105.77 |
| 224048 | 353825.43 | 409805.78 |
| 224049 | 353502.56 | 409273.64 |
| 224050A | 354210.83 | 409734.58 |
| 224050B | 354196.04 | 409738.72 |
| 224051 | 353636.28 | 409375.02 |
| 224052 | 354340.21 | 409364.76 |
| 224053A | 354178.48 | 409144.84 |
| 224053B | 354242.39 | 409148.59 |
| 224054 | 353945.35 | 409454.31 |
| 224055 | 353757.58 | 409566.14 |
| 224056 | 353774.74 | 409594.94 |
| 224057 | 385868.26 | 399746.19 |
| 224058 | 353584.21 | 409196.13 |
| 224059 | 353594.67 | 409229.46 |
| 224065 | 354359.35 | 409504.6 |
| 224071 | 353191.71 | 409598.49 |
| 224072 | 353578.1 | 409670.48 |
| 224073 | 353756 | 409584.29 |
| 224074 | 352328.22 | 409171.67 |
| 224075 | 352646.36 | 409040.31 |
| 224076 | 354289.92 | 409315.26 |
| 224077 | 354283.61 | 409334.59 |
| 224078 | 354259.15 | 409244.84 |
| 224079 | 354259.15 | 409243.86 |
| 224080 | 354266.84 | 409223.54 |
| 224081 | 352368.06 | 409291.39 |
| 224082 | 354395.05 | 409584.88 |
| 224083 | 354312.21 | 409666.73 |
| 224084 | 353711.63 | 409535.77 |
| 224085 | 353348.32 | 409799.47 |
| 224086 | 353836.87 | 409607.36 |
| 224088 | 353756.4 | 409624.92 |

| Númer minjastaðar | X-hnit | Y-hnit |
|---|---|---|
| 224089 | 354242.39 | 409664.76 |
| 224090 | 354264.08 | 409661.8 |
| 224091 | 354219.11 | 409674.62 |
| 224092 | 354209.64 | 409677.38 |
| 224093 | 354238.44 | 409651.74 |
| 224094 | 354359.15 | 409599.67 |
| 224095 | 354194.46 | 409678.37 |
| 224096 | 354229.96 | 409658.45 |
| 224097 | 354220.69 | 409727.28 |
| 224098 | 354217.53 | 409731.23 |
| 224099 | 354212.21 | 409730.83 |
| 224100 | 354308.46 | 409660.42 |
| 224101A | 354306.49 | 409438.92 |
| 224101B | 353758.96 | 409812.29 |
| 224102 | 353598.41 | 410060.41 |
| 224103 | 353639.04 | 410033.39 |
| 224104 | 353634.31 | 410001.04 |
| 224105 | 353599.79 | 410052.13 |
| 224106A | 353387.37 | 409807.75 |
| 224106B | 353376.72 | 409798.68 |
| 224106C | 353359.96 | 409776.79 |
| 224106D | 353349.7 | 409757.46 |
| 224106E | 353349.3 | 409727.48 |
| 224107 | 354398.4 | 409542.08 |
| 224108 | 354002.55 | 409776.98 |
| 224109 | 353779.87 | 409804.01 |
| 224110A | 353890.32 | 409864.75 |
| 224110B | 353892.29 | 409851.93 |
| 224111 | 353917.54 | 409821.95 |
| 224112 | 353786.77 | 409776.19 |
| 224113 | 353921.68 | 409830.24 |
| 224114 | 353440.23 | 409762.98 |
| 224115 | 353406.7 | 409760.81 |
| 224116 | 353447.13 | 409770.87 |
| 224117 | 353425.44 | 409793.35 |
| 224118A | 353563.9 | 409718.01 |
| 224118B | 353457.39 | 409769.09 |
| 224119 | 353427.61 | 409720.77 |
| 224120 | 353427.21 | 409715.45 |
| 224121 | 353417.35 | 409717.02 |
| 224122 | 353422.87 | 409731.23 |
| 224123 | 353423.47 | 409740.3 |
| 224124 | 353432.54 | 409737.54 |
| 224125 | 353418.14 | 409777.97 |
| 224126 | 353983.02 | 409525.31 |
| 224127 | 353677.5 | 409521.76 |
| 224128 | 353682.24 | 409538.72 |
| 224129 | 353709.26 | 409558.64 |
| 224130 | 353707.88 | 409607.76 |
| 224131 | 353717.35 | 409612.49 |
| 224132 | 353736.28 | 409578.57 |
| 224133 | 353735.1 | 409572.85 |
| 224134 | 353720.3 | 409570.48 |

| Númer minjastaðar | X-hnit | Y-hnit |
|---|---|---|
| 224135 | 353004.93 | 409359.63 |
| 224136 | 353625.24 | 409668.9 |
| 224137 | 353639.44 | 409490.8 |
| 224138 | 353607.88 | 409536.16 |
| 224139 | 353685.59 | 409510.52 |
| 224140 | 354268.62 | 409216.44 |
| 224141 | 353734.31 | 409419.99 |
| 224142 | 352625.65 | 408717.63 |
| 224144 | 352608.29 | 408793.57 |
| 22435B | 353760.34 | 409783.3 |
| 22441A | 354263.88 | 409703.22 |
| 22441B | 354257.97 | 409698.68 |
| 22441C | 354222.07 | 409733.2 |
| 22441D | 354241.99 | 409721.56 |
| 225001 | 353082.25 | 410425.3 |
| 225002 | 353083.63 | 410386.05 |
| 225003 | 353059.37 | 410424.31 |
| 225004 | 353083.63 | 410268.89 |
| 225005 | 353075.15 | 410278.55 |
| 225006 | 353083.83 | 410289.2 |
| 225006 | 353083.83 | 410289.2 |
| 225008 | 353250.88 | 410253.5 |
| 225009 | 352996.65 | 410280.53 |
| 225010 | 353131.95 | 410336.34 |
| 225011 | 353127.42 | 410332.4 |
| 225012 | 353132.15 | 410383.68 |
| 225013 | 353121.5 | 410403.99 |
| 225014 | 353130.57 | 410385.65 |
| 226001 | 353779.87 | 410034.57 |
| 226002 | 353790.91 | 410030.63 |
| 226003 | 353785 | 410017.61 |
| 226004 | 353798.61 | 410026.09 |
| 226005 | 353800.58 | 410021.95 |
| 226006 | 353710.25 | 410070.08 |
| 226007 | 353723.46 | 410067.12 |
| 226008 | 353751.07 | 410096.7 |
| 226013 | 353799.59 | 410013.47 |
| 226014 | 353791.51 | 410041.67 |
| 226015 | 353683.42 | 410098.28 |
| 226017 | 353865.67 | 409857.65 |
| 227001 | 354656.97 | 409302.63 |
| 227002 | 354604.31 | 409243.27 |
| 227003 | 354651.45 | 409276.6 |
| 227004 | 354691.69 | 409179.76 |
| 227005 | 354656.78 | 409313.68 |
| 227006 | 354541 | 409145.83 |
| 227007 | 354591.49 | 409233.6 |
| 227009 | 354673.34 | 409205.99 |
| 227010 | 354704.31 | 409178.77 |
| 227011 | 354701.55 | 409188.63 |
| 227012 | 354675.51 | 409190.41 |
| 227013 | 354539.03 | 409018.22 |
| 227014 | 354594.85 | 408972.07 |

| Númer minjastaðar | X-hnit | Y-hnit |
|---|---|---|
| 227015 | 354693.27 | 409168.12 |
| 227016 | 354482.62 | 408882.13 |
| 227017 | 354450.47 | 409020.19 |
| 227018 | 354468.02 | 409084.49 |
| 227019 | 354497.21 | 408977.79 |
| 227020 | 354396.03 | 409034.79 |
| 227021 | 354539.82 | 409071.28 |
| 227022 | 354528.77 | 409062.6 |
| 227023 | 354541.99 | 409057.27 |
| 227024 | 354523.45 | 409070.68 |
| 227025 | 354479.27 | 409008.75 |
| 227026 | 354466.84 | 409014.67 |
| 227027 | 354470.39 | 408999.48 |
| 227028 | 354469.6 | 409024.14 |
| 227029 | 354469.21 | 409034.2 |
| 227030 | 354402.94 | 409029.46 |
| 227031 | 354414.57 | 409021.97 |
| 227032 | 354424.43 | 409014.47 |
| 227033 | 354460.13 | 409079.56 |
| 227034 | 354479.46 | 409083.5 |
| 227035 | 354488.14 | 409030.84 |
| 227036 | 354489.92 | 408979.36 |
| 227037 | 354438.83 | 408989.03 |
| 227038 | 354428.77 | 409002.64 |
| 227039 | 354307.67 | 409290.4 |
| 227040 | 354336.07 | 409268.71 |
| 227:041 | 354301.36 | 409258.26 |

| Númer minjastaðar | X-hnit | Y-hnit |
|---|---|---|
| 228001 | 354853.03 | 408784.5 |
| 228002 | 354926.79 | 408803.04 |
| 228003 | 354840.6 | 408795.94 |
| 228004 | 354798.19 | 408762.41 |
| 228005 | 354650.27 | 408920.39 |
| 228006 | 354735.87 | 408958.26 |
| 228007 | 354926.4 | 408803.04 |
| 228008a | 354915.35 | 408803.63 |
| 228008b | 354770.78 | 408949.98 |
| 228009 | 354758.16 | 409075.62 |
| 228010 | 354628.97 | 408996.72 |
| 228011 | 354739.22 | 408794.56 |
| 228012 | 354705.3 | 408728.88 |
| 228013 | 354669.01 | 408904.61 |
| 228014 | 354700.17 | 408880.16 |
| 228002 | 354926.79 | 408803.04 |
| 228016 | 354739.81 | 408809.15 |
| 228017 | 355015.35 | 408723.35 |
| 228018 A | 354735.67 | 408716.84 |
| 228018 B | 354865.65 | 408778.97 |
| 228018 C | 354933.5 | 408760.24 |
| 228019 | 354837.84 | 408782.72 |
| 228020 | 354698 | 408726.9 |
| 228021 | 354697.01 | 408734.79 |
| 228022 | 354646.32 | 408727.69 |
| 228023 | 354967.03 | 408723.94 |

## Minjakort fyrir Seltjarnarnes

*Minjastaðir eru merktir með svörtum punkti*

*Áætluð mörk túna í upphafi aldar (af túnakortum frá 1916) er sýnd með gulri línu á minjakortunum.*

*Helstu vegir og garðlög/gerði eru sýnd með svartri línu.*


Kort 1 - Yfirlitskort
N
Kort 9: Grótta
Kort 8: Ráðagerði og Bygggarður
Kort 6: Nes (Bollagarðar og nágrenni)
Kort 10: Mýrarhús og Pálshús
Kort 12:Minjar á Valhúsahæð
Kort 5: Nes (heimatún)
Kort 4: Bakki
Kort 11:Eiði
Kort 7: Nes (Suðurnes og nágrenni)
Kort 3: Hrólfsskáli
Kort 2: Lambastaðir
0
400
800
metres



Kort 2 - Lambastaðir
N
221021
221012
221025
221031
221023
221024
221028
221022
221009
221010
221029
221007
221020
221026
221015
221001
221016
221017
221002
221018
221005
221019
221032
221030
221013
221006
221008
221027
221011
0
100
200
metrar


Kort 3 - Hrólfsskáli
N
222009
222010
222012b
222004
222003
222013
222005
222001
222012a
222014
222020
222001 torfb
222015
222017
222002
222015
222019
222018
222008
222011
222007
222006
0
50
100
metrar


Kort 4 - Bakki
N
223026
223025
223028
223027
223012
223020
223008
223022
223021
223018
223017
223019
223006
223016
223015
223024b
223023
223007
223009
223024a
223001
223004
223001 eldra
222012c
223003
223014
223005
0
50
100
metrar


Kort 5 - Nes
N
224027
224085
224117
224125
224116
224018
224114
224115
224022
224123
224124
224122
224023
224106
224121
224119
224120
224019
224005
224011
224004
224021
224015
224072
224136
224006
224010
224020
224009
224017
224088
224030
224016
224131
224130
224086
224071
224056
224001
224073
224132
224008
224007
224134
224133
224055
224002
224129
224138
224128
224084
224014
224127
224028
224038
224126
224139
224013
224137
224012
224029
224006A
224003
224051
224049
224059
224058
224037
224040C
224108
0
100
200
metrar


Kort 6 - Nes (Bollagarðar og nágrenni)
N
224037
224040C
224039
224108
224050B
224099
224098
224097
224041
224044
224092
224043
224095
224091
224042
224089
224090
224100
224083
224096
224093
224094
224082
224107
224065
224101A
0
50
100
metrar


N
Kort 7 - Nes (Suðurnes og nágrenni)
224071
224003
224051
224135
224081
224049
224059
224058
224074
224075
224144
224025
224026
224142
0
150
300
metres


Kort 8 - Ráðagerði og Bygggarður
N
224047
226015
226008
224031
226006
226007
224102
224105
224103
226014
226001
226002
226004
226005
226003
226013
224104
224033
224034D
224034C
224034A
224110
224036
226017
224113
224111
224048
224109
224035
224112
224005
0
50
100
metres



Kort 9 - Grótta
N
225003
225001
225013
225014
225002
225012
225010
225011
225006
225009
225005
225004
225008
0
50
100
metrar


Kort 10 - Mýrarhús og Pálsbær
N
227005
227001
227003
227002
227007
227009
227012
227011
227004
227010
227015
227006
227039
227040
227:041
227018
227033
227034
227024
227021
227022
227023
227020
227030
222021
227029
227035
227028
0
50
100
metrar


Kort 11 - Eiði
N
228010
228006
228008b
228005
228013
228014
228016
228011
228003
228008a
228002
228019
228001
228004
228018 C
228021
228020
228012
228022
228018 A
228023
228017
0
50
100
metrar


Kort 12 - Valhúsahæð
N
224052
224077
224076
227039
227040
227:041
224079
224046
224080
224140
224045
223026
223025b
223028
223025a
223012
223027
223025c
224053A
223025d
224053
227006
227018
227034
227033
227024
227021
227022
227023
227020
227030
227029
227035
222021
227031
227017
227028
227032
227026
227013
227025
227038
227027
228010
227037
227036
227019
227014
222009
227016
0
50
100
metrar